

# **Ævisaga William Marrion Branham**



2. Hefti

Örvænting ungs manns  
(1933 – 1946)

Höfundur: Owen Jorgensen

**Þýðandi: Birna Einarsdóttir**

## Formáli höfundar.

Mótlæti er ekki ætíð að ófyrirsynju. Postulinn Páll skrifaði: “Vér vitum, að þeim, sem Guð elska, samverkar allt til góðs, þeim sem kallaðir eru samkvæmt ákvörðun Guðs.” Stundum leyfir Guð að við göngum í gegnum þungbæra reynslu til að leiða okkur inn í stóra köllun, sem hann hefur ætlað okkur. Þannig var það í lífi William Branham og þannig hefur það verið í mínu eigin lífi.

Árið 1970 heyrði ég í fyrsta skipti um William Branham, fimm árum eftir dauða hans. Ég var undrandi á því sem ég heyrði. Hér var ekki um að ræða frásögn af neinum venjulegum prédikara. Þetta hljómaði líkt og Guð hefði enn einu sinni, með beinum hætti, snert við máefnum mannanna. Með kænsku tókst mér strax að komast yfir og lesa tvær stuttar frásagnir af ævi hans. Bók Gordon Lindsay útgefin 1950, *William Branham, A man Sent from God* og bók Peary Green útgefin 1969, *The Acts of the Prophet*. Þar sem ég var ákafur að vita meira um þennan undraverða mann, leitaði ég að hverju því sem gefið gæti mér meiri fróðleik um William Branham. Ég komst yfir býsnið öll af upplýsingum. En mest af smáatriðunum um óvenjulega reynslu hans, lágu dreifð í ræðum hans sem voru til á segulbandsupptökum. Það hvarflaði þá að mér hversu uppörvandi það gæti orðið ef öllum þessum smáatriðum væri safnað saman og raðað í sögulegt samhengi. Það var þá sem mig fór að dreyma um að skrifa sjálfur ævisögu William Branham.

Sá sem ætlar sér að skrifa langa ævisögu verður að hafa til þess þroska og vilja til að gefast verkefninu heilshugar. Þetta hafði ég hvorugt til að bera rúmlega tvítugur að aldri. Svo að í staðinn fyrir nákvæma ævisögu, ritaði ég árið 1973, stóran bækling um William Branham. Ég gaf bæklinginn út sjálfur og sendi hann til nokkurra presta og kunningja sem ég áleit að gætu verið áhugasamir. Viðbrögð þeirra voru stórfengleg. Menn tóku að panta þúsundir eintaka og mér tóku að berast bréf víðsvegar að úr heiminum með beiðni um meiri upplýsingar varðandi líf og þjónustu William Branham. En þar sem mig skorti tíma og þekkingu til að svara öllum þessum spurningum, þá lét ég ýmsa kristna trúboðshópa yfirtaka útgáfuna og afgreiðslu á sendingum á bæklingnum. Síðan, á þriðja áratug, hefur hundruð þúsunda eintaka verið dreift á tugum tungumála víðsvegar um heiminn.

Hin mikla eftirspurn eftir bæklingnum sýndi mér svo að ekki var um villst hversu mikil þörf var á yfirgripsmikilli og nákvæmri ævisögu um William Branham. En þetta verk virtist mér ofraun. Til að skrifa slíka ævisögu þurfti að rannsaka, tímasetja og staðfæra fjall nauðsynlegra upplýsinga, sem fyrir lágu. Ég vann fullt starf á fjölskyldubúgarði mínum, þar sem eru hveitiakrar, sem ná yfir 6.500 ekrur. Í hlutastarfi var ég forstöðumaður lítils safnaðar og að því ógleymdu var ég að ala upp fjögur börn. Hvernig átti ég að hafa tíma til að skrifa? Það virtist óhugsandi.

En ef Guð vill að við framkvæmum eitthvað, kemur hann okkur í þá aðstöðu að við gerum það. Í mars 1986 dundi yfir fjölskyldu mína hver ógæfan á fætur annarri. Í fyrsta lagi þurfti konan mín að gangast undir áhættusama aðgerð á baki. Í öðru lagi meiddist ég alvarlega í slysi á skíðum. Í þriðja lagi missti ég hlutastarf mitt. Í fjórða lagi, vegna deilna út af samningum við ríkisstjórnina, átti fjölskylda mín það á hættu að missa alla jörðina. Þetta voru einum of mörg áföll í einu. Þannig var líf mitt allt í uppnámi þegar ég hóf að endurskoða stefnu mína og biðja á nýjan hátt fyrir framtíð minni. Ein hugsun lét mig ekki í friði, en það var gamall draumur minn um að skrifa nákvæma ævisögu William Branham. Loks í ótta og angist helgaði ég sjálfan mig verkefninu.

Fyrir náð Guðs náðum við hjónin bæði heilsu og um síðir náðust samningar í deilu okkar við ríkisvaldið, án þess að við misstum býlið. Í gegnum allar þessar sviptingar stóð fyrirheit mitt um að skrifa ævisögu William Branham. Í tvö ár eyddi ég tólf klukkustundum á viku í rannsóknir vegna þessa verkefnis. Ég las blaða- og tímaritagreinar um hann, skoðaði ljósmyndir og horfði á kvikmyndir sem teknar voru af kraftaverkunum sem gerðust á lækningasamkomunum. Ég ferðaðist líka til sumra af þeim stöðum þar sem yfirnáttúrulegir atburðir höfðu gerst í lífi hans og talaði við sjónarvotta að þeim. En mest af tíma mínum, fór í að hlusta á hinar mörg hundruð upptökur af ræðum William Branham. Þegar ég loks tók að skrifa árið 1988, hafði ég þegar safnað saman mörg hundruð blaðsíðum af minnispunktum.

Ef eitthvað sannar að mótlæti geti haft sinn tilgang, þá er það þessi hluti af lífi William Branham. Erfiðleikarnir og prófraunirnar, sem hann gekk í gegnum milli árána 1933 og 1946 voru það sem varð til að móta persónuleika hans og fengu hann til að gera það sem Guð sagði honum að gera. Og Guð ætlaði sér að segja honum að gera mikla hluti. Mörgum árum seinna sagði William Branham: “Persónuleiki er sigur, ekki gjöf.” Ég vonast til að þessi frásaga af sigri William Branham verði þér innblástur til að vinna eigin sigra. Bæn mín er að við lestur þessarar bókar verðir þú meðvitaður um kraft og nærveru Jesú Krists og öðlist nýjan skilning á kærleika Guðs og umhyggju Hans fyrir börnum sínum.

## **Formáli þýðanda.**

Kæru vinir.

Hér kemur loksins þýðingin á Öðru heftinu af ævisögu William Branham.

Bæn mín er sú að hún megi verða þér til blessunar.

Sjálf get ég að mörgu leyti samsamað mig með William Branham, á þeim erfiðu tímum í hans lífi, sem hér er verið að lýsa.

Ég get því hvatt þig sem lest þetta, til að gefast aldrei upp, þótt á móti blási, heldur horfa til Hans, sem elskaði þig svo mikið að Hann lagði líf sitt í sölurnar fyrir þig, til að þú gætir eignast samfélag við Guð. Það bíða okkar dýrðleg verðlaun á himnum.

Megi Drottinn okkar og Frelsari blessa þig ríkulega er þú lest þessa bók og umvefja þig kærleika sínum og elsku.

Birna Einarsdóttir.

Júní 2000.

## **Tileinkun höfundar.**

Einhvers staðar í veröldinni er einlægur unglingur  
að leita eftir svörum við spurningum eins og:

Er Guð raunverulega til?

Ef svo er, hver er Hann þá, hvar er Hann  
og hefur Guð áhuga á mínu lífi?

Þessi bók er tileinkuð þér ungi leitandi,  
því þannig var ég eitt sinn sjálfur.

## 12. kafli.

### Skýjum ofar. 1933

**Hin nýfundna** trú William Branham var ekki útúrdúr hjá honum, ekki eitthvað aukreitis, eins og smjör og sulta á brauð. Hún var sjálft brauðið hans. Í 24 ár hafði hann reikað um andlega eyðimörk, hungraður, já sveltandi og í andlegum skilningi hafði hann etið börk, lauf og gras til að halda sér á lífi. Og núna borðaði hann í fyrsta skipti, alvöru mat fullan af andlegri næringu, nærðist á Jesú Kristi, brauði lífsins, sem steig niður af himni til að gefa deyjandi mannkyni eilíft líf. Billy fann andlegan kraft sinn fara vaxandi frá einni viku til annarrar. Allt í einu var einhver tilgangur í heiminum annar en skrámur og sviti, ruglingur og höfnun. Nú átti Billy von og kærleika og markmið sem var eilíft. Trú hans á Jesú Krist varð fljótlega miðpunktur tilveru hans, sem allar hans athafnir og hugsanir snerust um.

Billy heyrði forstöðumanninn sinn halda því fram í prédikun, að ástæða þess að almáttugur Guð lét hugsanir sínar á prent í Biblíunni væri sú að þannig gæti hver kristinn maður komist að vilja Guðs fyrir sitt eigið líf. Allt sem gera þurfti var að lesa Biblíuna og biðja. Billy fannst vit í þessu og hann gleypiti Biblíuna í sig, ákafur eftir að öðlast aukinn skilning á orðinu til að hann gæti nýtt sér það daglega. Fyrir hann var Biblían eins og hús fullt af fjársjóði, sem hann hafði allt í einu erfitt. Hann langaði til að fara inn í hvert herbergi, draga út skúffurnar, opna skápana og leita í öllum hirslum til að sjá nákvæmlega hvað það var sem hann nú hafði eignast.

Hann hafði ekki lesið margar bækur síðan hann lauk sjöunda bekk fyrir tíu árum, svo að lestrarfærni hans var ryðguð og hæg. Hann skildi hina almennu þýðingu orðanna nokkuð vel, en hann gat ekki borið fram hin erfiðu nöfn Gamla testamentisins, eins og Artaxerxes, Nebúkadnesar, Zerubbabel og Beniah. Hann átti oft í erfiðleikum með undarlegt málfæri King James enskunnar, svo frábrugðin sem hún var hans eigin Kentucky mállýsku.

Þegar hann hélt sína fyrstu prédikun í byrjun árs 1933, treysti Billy sér ekki til að lesa upphátt úr Biblíunni. Í staðinn fékk hann Hope til að standa bak við sig og lesa textann þegar hann gaf merki. Umræðuefni hans var náð og umhyggja Guðs í hinu róstursama lífi Samsonar. Hope las texta úr Dómarabókinni og Billy hóf útlistun sína. Fljótlega langaði hann að lesa fyrir söfnuðinn það sem Jesús segir í Jóhannesi 14. kafla. Hann kinkaði kalli til Hope: “*Hjarta yðar skelfist ekki.*“ Billy tók fram í: “Þið heyrðuð hvað var sagt, hjarta yðar skelfist ekki.” Hann kinkaði aftur kalli til Hope og hún hélt áfram að lesa: “*Trúið á Guð og trúið á mig.*” Aftur greip Billy fram í: “Gerið þið það? Trúið þið virkilega?” Og þannig hélt þessi fyrsta tilraun hans til að prédika áfram, skrýtin og sundurskorin – já, en á bak við var mikil einlægni, sem gerði hann mælskan.

Þar sem hún sat í áheyrendahópnum og hlustaði, íhugaði Ella Branham vandlega orð sonar síns. Umbreytingin í lífi Billy, sem og hin undursamlega lækning hans, hafði vakið upp eitthvað andlegt, djúpt í sálarfylgsnum hennar. Hún svaraði með því að gefa Jesú líf sitt 39 ára að aldri. Fullur gleði skírði Billy móður sína í nafni Drottins Jesú Krists.

Innblásinn af viðbrögðum móður sinnar, fór Billy að ýta á föður sinn að koma til kirkju. Charles Branham neitaði og þrátt fyrir allar tilraunir Billy, varð honum ekki þokað frá þeirri ákvörðun. Þetta angraði Billy. Hann gat ekki hrist af sér umhyggju

sína fyrir týndum sálum, byggðri á reynslu hans meðan á aðgerðinni stóð, þegar hann var fjórtán ára. Þá sökk hann að því er virtist niður í svæði týndra og reikandi sálna. Núna bað Billy oft: “Góði Guð, láttu föður minn ekki fara á slíkan stað, vertu svo vænn að sýna honum náð þína svo að hann megi taka á móti fyrirgefningu þinni.”

Nótt eina, þegar flestir í fjölskyldunni voru sofnaðir, lá Billy á hálmdýnu í framherberginu og var að biðja fyrir föður sínum, sem var að drekka, á barnum í nágrenninu. Meðan Billy var að biðja, fékk hann á tilfinninguna að einhver segði við hann: “Rístu upp.” Hann stóð upp og gekk út um dyrnar, hann vissi ekki af hverju, en hann fann að eitthvað dró hann til sín.

Bak við húsið, var stígur sem hlykkjaðist yfir tómt svæði, gróið gullsóp, sem er rauðleitt, hnéhátt gras, sem er algengt á þessum slóðum. Þegar hann var kominn inn á mitt svæðið, kraup hann niður, beygði höfuð sitt, spennti greipar og hélt áfram að biðja fyrir föður sínum. Allt í einu opnaði hann augun og hrökk við að sjá mann sem stóð tíu fet fyrir framan hann, mjög óvenjulegur maður, lágvaxinn og fínbyggður, með hár niður á herðar, stutt skegg og hvítan kyrtil, sem sást greinilega í stjörnuþjatri nóttinni. Maðurinn stóð við hliðina á Billy og horfði til austurs. Friður var yfir honum. Hendur hans voru krosslagðar og hann stóð svolítið gleiður, annar fóturinn aðeins framan við hinn. Billy horfði aftur á fætur hans. Þótt ótrúlegt mætti virðast þá snertu þeir ekki jörðina!

“Bíddu nú hægur”, hugsaði Billy, meðan hann beit sig svo fast í handarbakið að hann kenndi til. “Ég er ekki sofandi. Nei, ég var inni að biðja fyrir pabba og eitthvað sagði mér að koma hingað...og þarna stendur þessi maður.”

Þetta virtist allt mjög raunverulegt. Sami vindur og bærðist í grasinu, feykta til hvítum kyrtli mannsins. Billy sleit upp strá og stakk því upp í sig eins og tannstöngli. Hann hugsaði með sér: “Þetta lítur út fyrir að vera Jesús. Skyldi það vera hann?” Hann ræktaði sig, “uh hum”... Maðurinn hreyfði sig ekki. Billy hugsaði: “Ég er að hugsa um að kalla á hann.” Upphátt sagði hann: “Jesús?”

Maðurinn sneri sér við og rétti fram hendurnar.

Þetta var það síðasta sem Billy mundi eftir. Hann missti meðvitund og datt fram fyrir sig, en ekki fyrr en andlitið hafði brennt sig inn í meðvitund hans að eilífu, andlit svo ríkt af persónuleika að enginn listamaður í heiminum gæti nokkru sinni málað það. Það var andlit sem var alvarlegt og valdsmannslegt. Svo virtist að ef hann tæki til máls myndi heimurinn líða undir lok og samt lýstu augu hans af gæsku, samúð og kærleika.

Þegar dagaði kom Billy til sjálfs sín, enn á gullsópsakrinum, skjálfandi í köldu næturloftinu vegna blautrar náttskyrtunnar, sem var vot af hans eigin tárur. Hann gekk heim, klæddi sig og hélt síðan, brennandi af spenningsi, heim til forstöðumanns síns til að fá skoðun hans.

Dr. Davis var langt frá því að vera upprifinn yfir atvikinu. “Billy, þetta mun gera þig brjáláðan. Þetta er djöfullinn. Ekki eiga við neitt svona.”

Þetta voru niðurdrepanði orð, þar sem þau komu frá manni sem Billy virti mikils. Hann yfirgaf bústað forstöðumannsins, hræddur og ruglaður og vildi fá skoðun fleiri. Svo að næst heimsótti Billy gamlan vin sinn, séra McKinney og sagði þessum aldraða Guðsþjóni allt af léttu. “Nú, bróðir McKinney, hvað virðist þér?”

Séra McKinney neri sér hugsandi um vanga. “Nú, nú, Billy, ég skal segja þér, ég trúi því að ef þú heldur lífi þínu hreinu og prédikar bara það sem er í Biblíunni um náð Guðs og svo framvegis, þá muni þér vegna betur. Ég myndi ekki hlaupa eftir einhverjum fjarstæðukenndum hlut, ef ég væri þú.”

“En, ég ætla ekki að hlaupa eftir einhverjum fjarstæðukenndum hlut. Ég er aðeins að reyna að komast að því hvað þetta er.”

Séra McKinney kinkaði kolli. “Billy, það eru mörg ár síðan menn upplifðu slíka hluti í kirkjunni. Þegar postularnir hurfu af sjónarsviðinu, liðu þessir hlutir með þeim. Núna eru svona hlutir komnir frá djöflum og andatrúarmönnum.”

“Ó, bróðir McKinney meinarðu þetta í alvöru?”

“Já, það geri ég.”

Billy skalf við tilhugsunina. “Ó, Guð vertu mér miskunnsamur! Bróðir McKinney, viltu sameinast mér í bæn, að Guð láti þetta aldrei koma fyrir mig aftur. Þú veist að ég elska Hann og vil ekki gera neitt rangt í þessu.”

“Já, það skal ég gera bróðir Billy.”

Þeir tveir krupu saman á gólfinu. Séra McKinney bað: “Himneski Faðir. Mig langar að biðja þig að varna þessum djöfulegu atburðum frá því að þjaka líf þessa unga trúaða manns.”

Billy samsinnti í bæn: “Já, himneski Faðir. Vertu svo vænn og láttu þessa hluti ekki koma fyrir mig aftur.”

En þeir héldu samt áfram að gerast og það reglulega. Stundum fann hann fyrir undarlegum þrýstingi sem snerti húð hans eins og eitthvað, eða einhver óséður staði hjá honum og blési á hann. Hann fékk gæsaþé. Þetta var draugalegt. Í önnur skipti var hann að vinna og þá fann hann sig allt í einu vera á allt öðrum stað í nokkrar mínútur og horfði á eitthvað gerast eins greinilega og hann sæti á fremsta bekk í leikhúsi. Síðan var hann kominn til baka, var aftur með sjálfum sér og lífið hélt áfram eins og ekkert hefði í skorist. En myndin varð eftir í huga hans. Hann hafði verið þarna. Hann hafði séð eitthvað og gat ekki gleymt því eða hrint því frá sér, jafnvel þótt hann skildi ekki þýðingu þess.

Hann hugsaði aftur um orð prestsins: “Ef þú vilt vita vilja Guðs fyrir líf þitt, þá skaltu lesa Biblíuna og biðja.” Billy fann stað undir gömlu eikartré og bað fyrir vandamálinu langt fram á nótt. Einhverntíma eftir miðnætti dustaði hann af sér rykið og hélt heimleiðis. Móðir hans kallaði til hans og sagði honum að systir hans, Delores, væri veik. Billy stansaði við herbergið þar sem Delores var sofandi, kraup niður og bað fyrir þriggja ára systur sinni, fór síðan upp í sitt eigið herbergi. Um leið og hann lokaði hurðinni heyrði hann brest eins og neistaði milli tveggja rafmagnsvíra. “Gat verið skammhlaup einhversstaðar í herberginu?”

Augu hans voru að rannsaka veggina þegar herbergið fylltist af gulgrænni birtu. Augnabliki síðar hvarf herbergið alveg.

Billy fannst sem hann svifi. Ótti greip um sig í hjarta hans. Hvað var um að vera? Var hann að deyja? Eða var hann þegar dáinn? Þetta ljós, sem enn skein í kring um hann, leiftraði niður til hans frá óþekktri uppsprettu. Hann leit upp og gapti, með opin augu, meðan titrandi stjarna kom fljúgandi niður að honum. Hjarta Billy barðist um í brjósti hans. Honum þyngdi fyrir brjósti og hann gat ekki andað. Hann reyndi að öskra, en gat ekki komið neinu lofti frá lungunum. Þótt merkilegt megi virðast þá minnkaði hinn logandi bolti þar til hann var orðinn svipaður á stærð og lófi hans. Hann lenti á rifjum hans og boraði sér leið inn að hjarta hans.

Á þeirri stundu breyttist sviðið. Billy fann sig vera staddan á grösugri hæð. Á jörðinni fyrir framan hann var gamaldags glerkrukka fyrir sætindi, krukka sem var með ferhyrnum botni og kringlóttu loki. En í stað þess að innihaldið væri piparmyntubrjóstsykur, var tóbaksmöfluga fangi í henni, sem í örvæntingu hamaðist á glerinu til að reyna að losna. Billy langaði að horfa á landslagið og sneri höfði sínu til hægri. Þar stóð engill, alvarlegur ásýndum og virðulegur, klæddur í hvítan kyrtill sem virtist varpa frá sér eigin ljósi. Billy teygði sig, meðan hann reyndi að sjá framan

í engilinn, en hann gat ekki gert sér andlit hans í hugarlund. Engillinn virtist gerður úr skínandi ljósi.

Engillinn sagði: “Vertu varkár. Sjá, hvað ég hef að sýna þér,” og hann benti á krukkuna.

Billy leit á krukkuna rétt tímanlega til að sjá handlegg kasta steini sem hitti glerið og braut fangelsi flugunnar. Feita tóbaksmölflugan reyndi að fljúga burt, en hún gat ekki lyft sér frá jörðu, líkami hennar var of feitur fyrir stutta vængina. Mölflugan opnaði munninn og heill hópur af flugum sveimaði út og fyllti loftið reiðilegu suði. Flugnagerið breiddist út í allar áttir. Ein af þeim flaug inn í eyra Billy. Billy kipptist við.

Engillinn sagði: “Vertu varkár. Flugurnar tákna illa anda, svo sem spádómsanda og anda sjáanda. Vertu varkár.”

Billy vissi ekki hvernig hann komst aftur heim. Eina mínútuna var hann staddur á grösugu engi og þá næstu var hann aftur staddur í myrkrinu í herbergi sínu. Hann hafði ekki einu sinni deplað auga þess á milli. Hvar hafði hann verið? Hvernig komst hann þangað? Og hvernig komst hann heim? Þessi reynsla hafði reynt það mikið á hann, að hann skreið upp í rúm. En svefninn brást honum þessa nótt. Hann velti stöðugt fyrir sér viðvörun engilsins. Aftur og aftur reyndi hann að ímynda sér hvað hún þýddi.

Næsta dag í vinnunni var Billy sérlega varkár. Hann hrökk jafnvel við af minnsta tilefni. Hann bjóst stöðugt við því að eitthvað afgerandi myndi gerast.

Í hádegishléinu kom hann við í matvörubúðinni þar sem bæði George DeArk og bróðir hans Ed, unnu. Billy var bak við, að segja George frá sýninni, þegar kona kom inn um framdyrnar. Billy fann til sérkennilegs þrýstings. Þetta var sama tilfinning og þegar hann hafði stigið upp í rútuna og stjörnuspákonan hafði abbast upp á hann. Hann minntist á þetta við George. “George, það er eitthvað skrítið við þessa konu.”

Konan staðnæmduð við búðarborðið og sagði við George DeArk: “Ég er að leita að manni sem heitir Branham. Mér er tjáð að hann sé Guðsmaður.”

“Nú, heppnin er með þér. Hann er staddur hér í búðinni.” Ed kallaði bakvið: “Billy, það er einhver hér sem vill hitta þig.”

Þegar Billy gekk til þeirra, spurði konan: “Ert þú William Branham, spámaður Guðs?”

“Ég er William Branham.”

“Ert þú sá sem gerði kraftaverk á Hr. William Merrill á spítalanum og læknaðir einnig Mary Der Ohanion eftir að hún hafði verið örkumla í 17 ár?”

Billy hristi höfuðið. “Kona, þú hefur rangt fyrir þér. Ég er William Branham. Og ég var viðstaddur þegar báðir þessir atburðir urðu. En ég læknaði þau ekki. Jesús Kristur gerði þessi kraftaverk.”

Þetta nægði henni. “Ég hef tapað fjármunum og vil að þú finnur þá fyrir mig.”

Billy skildi ekki hvað hún átti við með þessari yfirlýsingu, en hann vissi að það var þetta sem engillinn hafði varað hann við í sýninni nóttina áður. Hann sagði: “Frú, þú hefur leitað til rangs aðila, þú hlýtur að hafa ætlað að finna sjáanda eða miðil.”

Hún virtist hissa: “Ert þú ekki miðill?”

“Það er ég ekki. Miðlar eru af djöflinum. Ég er kristinn og hef Anda Guðs.”

Svipur hennar fraus. Allt í einu áttaði Billy sig á því, að sjálf væri hún miðill. Hann sagði: “Í gærkvöldi í sýn, sendi Drottinn engil sinn til mín, til að vara mig við komu þinni og segja mér að vera varkár. Það starf sem þú vinnur er af Djöflinum og hryggir anda Guðs.”

Konan tók um hjarta sér. “Ég, ég þarf meðalið mitt.”

Frú, hættu að gera þessa hluti og þá verður allt í lagi með hjarta þitt.”

Hún snerist á hæl og hentist út úr búðinni. Meðan hún var enn í augsýn, stoppaði hún og tók aftur um hjartastað. Með háu ópi, féll hún á gangstéttina. Þegar Ed og Billy komust til hennar var hún þegar látin.

Önnur skilaboð komu einnig gegnum sýn, samt ekki alltaf jafn skýr. Í einni slíkri sýn, fannst Billy hann vera að renna niður veg umlukinn rökkri. Honum var létt fyrir brjósti og hamingjusamur, eins og hann hafði verið daginn sem hann fyrst gaf Jesú Kristi hjarta sitt og í sýninni var hann hoppandi og sló út í loftið í gleði sinni. Allt í einu kom svartur skuggi á móti honum, eins og hundur sem ætlaði að bíta hann. Billy brá og sparkaði til hundsins og hrópaði: “Farðu burt, hundur.”

Skuggamyndin reis upp. Sér til mikillar undrunar sá Billy að þetta var alls ekki hundur heldur svartklæddur maður. Maðurinn rumdi: “Þú kallaðir mig hund.”

“Fyrirgefðu”, afsakaði Billy sig. “Ég hélt þú værir hundur, vegna þess að þú skreiðst á höndum og fótum.”

Maðurinn urraði: “Kallaðir mig hund, ha? Fyrir það ætla ég að drepa þig.” Úr belti sínu dró maðurinn langan hníf og nálgadist Billy hægum, ákveðnum skrefum, með morð í augum.

“Hlustaðu á mig”, bað Billy meðan hann bakkaði. “Vertu svo vænn að skilja mig. Ég vissi ekki að þú værir maður. Ég var viss um að þú værir hundur.”

Brjálaði maðurinn gaf sig hvergi, með hverju skrefi líktist hann meira djöfli. “Ég skal kenna þér að kalla mig ekki hund. Ég ætla að drepa þig.”

Skyndilega nam bak Billy við ræsisstokk. Hann var í gildru. “Herra, ég er ekki hræddur við að deyja, vegna þess að ég á Jesú í mínu hjarta. Ég vil aðeins að þú skiljir að það voru mistök að ég skyldi kalla þig hund.”

Svarta veran rumdi bara hugsunarlaust: “Ég ætla að drepa þig.” Hann lyfti kutanum á loft, reiðubúinn að reka hann í Billy.

Billy hrópaði upp yfir sig. Á þeirri stundu heyrði hann hljóð að ofan, sem fékk hann til að líta upp. Niður af himni steig maður, klæddur hvítum kyrtli. Hann lenti örugglega til hægri handar Billy og sneri sér að árársarmanni hans með alvarlegum, óbilgjörnum svip. Árásarmaðurinn hörfaði. Hnífurinn, sem enn var reiddur í loft upp, titraði og féll síðan úr hendi hans. Svarta veran snerist á hæli og flýði síðan eins hratt og fætur toguðu.

Hvítklæddi maðurinn sneri sér að Billy og brosti, að minnsta kosti tók Billy það fyrir bros. Billy reyndi eins og hann gat að sjá andlitið skýrt, en útlínur þess voru þokukenndar og ógreinilegar. Maðurinn hvítklæddi sveipaði kyrtlinum þétt að sér og sigldi síðan aftur til himna. Síðan endaði sýnin.

Hvað gat þetta þýtt? Billy var ekki viss, en þar til eitthvað annað kæmi í ljós, tók hann það sem svo að Guð myndi senda engil sinn til að vernda hann fyrir hverri gildru, sem Djöfullinn ætti eftir að egna fyrir hann.

**William Branham** tók hina nýju þjónustu sína alvarlega. Trúr lofordi sínu prédikaði hann fagnaðarerindið við hvert tækifæri. Deildi trú sinni á kærleika og gæsku Jesú með gömlum vinum, kunningjum og ókunnugum. Einn af þeim fyrstu sem hann leiddi til Guðs var Hr. Short, lögregluforinginn, sem hafði eittrað fyrir hundi Billy, Fritz. Margir aðrir fylgdu í kjölfarið. Billy vitnaði stanslaust um Jesú. Hann var einnig hvergi smeykur við að tala undir óvenjulegum kringumstæðum, eins og strætisvagnskýlum, götuhornum, verkstæðum og lystigörðum, alls staðar þar sem hann gat fundið fólk sem stansaði nógu lengi til að hlusta á hann. Af þessu leiddi að trú hans var stöðugt reynd.

Laugardag einn var Billy að prédika í lystigarði, fyrir lítinn hóp af fólki, þegar maður sem átti heima í nágrenninu gekk hjá og hélt á matvörupoka í höndunum. Billy



þekkti hann. Eitt sinn hafði þessi maður lært til kaþólsks prests, en hafði snúið baki við trúnni og var núna ringlaður trúleysingi. Náunginn stansaði til að hlýða á skamma stund og saug á munntóbaki sem hann geymdi upp í sér. Loks sagði hann: “Prédikari, þú heldur áfram að tala um Biblíuna, eins og hún væri eitthvað gott. Þessi Biblía er ómögulegasta bók sem nokkurn tíman hefur verið skrifuð. Hún er svo lygin, að það ætti að banna hana meðal almennra bókamenntaverka.”

Billy sagði: “Nú, þetta er frjálst land. Þér er leyfilegt að hafa þína skoðun.”

Fyrrverandi presturinn skyrpti tóbaksslummu og hitti rétt hjá fótum Billy. “Prédikari, trúir þú virkilega að Guð sé til?”

“Já. Það geri ég.”

“Trúir þú að þessi Jesús náungi hafi verið mannlegur guð?”

“Já. Ég trúi því að Jesús Kristur hafi verið maður og einnig að hann hafi verið Guð.”

“Trúir þú því að hann hafi risið upp frá dauðum í þessum mannlega líkama?”

“Já herra, það geri ég.”

Maðurinn tók tóbakshlunk og setti upp í sig. “Ef ég get sannað fyrir þér að það sé ekkert til sem sé mannlegur Guð, viltu þá viðurkenna það?”

“Já, ég skal gera það.”

Maðurinn tók að brosa slægu brosi. “Allt í lagi prédikari. Segðu mér, hvað höfum við mörg skynfæri?”

“Ó, þú veist hvað þau eru mörg.”

“Já, en ég vil að þú nefnir þau.”

Billy tók að telja upp: “Sjón, bragð, lykt, snertiskyn og heyrn.”

Allt í lagi, ef Jesús var mannlegur Guð, eins og þú segir að hann sé, þá ætti að vera hægt að skynja hann með einhverjum af þessum skynfærum. Er það ekki rétt?”

Hópurinn í kringum þá hlustaði með eftirtekt. Billy svaraði varfærnislega. “Það hljómar nógu skynsamlega. Af hverju?”

“Hefur þú einhvern tíma séð Guð þinn?”

“Nú, já. Nótt eina fyrir löngu síðan þá...”

“Sýndu mér hann þá”, greip maðurinn frammi fyrir honum. “Ég er ekki að tala um trú. Sjónskyn mitt er alveg eins og þitt.”

Billy sagði: “Ég sá hann í sýn.”

“Láttu mig þá sjá sýnina.”

“Ég get það ekki. Aðeins Guð getur...”

“Sannleikurinn er sá, að þú hefur aldrei haft samband við hann gegnum neitt af hinum 5 skynfærum þínum.”

“Ég finn fyrir honum.”

“Nú, ef þú finnur fyrir honum, þá láttu mig finna hann. Snertiskyn mitt er alveg jafngott og þitt. Komdu með Jesús hingað svo að ég geti þreifast á honum, þá mun ég trúa á Hann.”

Það kom fát á Billy. “Ég finn Hann í hjarta mínu.”

“Látti mig þá finna Hann í mínu hjarta.”

“Ef þú vilt trúa...”

“Nú, ekki þessa sálfræði. Ég vil vita sannleikann.” Maðurinn spýtti annari slummu af tóbaki rétt við fætur Billy.

Billy sagði: “Vertu svo vænn að spýta ekki á fót minn, herra.”

Fyrrverandi presturinn glotti. “Nú, prédikari. Þú ert í vanda, er það ekki? Þú hefur aldrei séð Hann, snert Hann, bragðað á Honum eða heyrt Hann. Þar af leiðandi, ef skynfærin fimm staðfesta Hann ekki, þá er ekkert til sem heitir Guð og þú ættir að hætta að plata þetta fólk með vitleysunni í þér.”

Maðurinn hafði sterk rök fram að færa. Billy bað Guð í hjarta sínu um að gefa sér vísu. “Herra, ég held að þú hafir nokkuð til þíns máls”

Maðurinn brosti drýgindislega. “Þú ert að vitkast, er það ekki?”

“Kannski það,” sagði Billy. “Þú ert klár náungi. Hugur þinn er skýr.”

Náunginn spýtti á jörðina. “Auðvitað er hugsun mín skýr. Móðir mín ól ekki upp neina heimskingja.”

“Bíddu aðeins, sagðir þú að þú hefðir huga?”

“Auðvitað hef ég huga. Hafa það ekki allir?”

“Er það mannlegur hugur?”, spurði Billy.

Maðurinn virtist furða sig á þessu. “Hvað er að þér drengur? Hefur þú tapað þínum? Auðvitað er það mannlegur hugur.”

Billy sagði: “Ef þetta er mannlegur hugur, þá ætti eitthvert af hinum fimm skilningarvitum að sanna hann. Er ekki svo?”

“Jú, ég býst við...”

“Hefur þú einhvern tíman séð huga þinn?”

Nú var komið að trúleysingjanum að verða vandræðalegur. “Eh, læknar gætu ef til vill.”

“Ekki heilinn,” tók Billy fram í fyrir honum. “Hugurinn. Það er munur á heilanum og hugarum. Heilinn er sá hluti sem þú getur séð ef þú skoðar inn fyrir hauskipunna. Hugurinn er það sem heilinn hugsar. Og þú hefur aldrei séð hugann, er það?”

“Nei, ég býst ekki við að ég hafi það.”

“Hefur þú einhvern tíman lyktað af huga þínum, þreifað á honum, bragðað á honum eða heyrt til hans? Það hefur þú ekki gert er það? Svo að samkvæmt þínum rökum, þá hefur þú alls engan huga.”

“Ég veit að ég hef huga”, sagði maðurinn reiðilega.

“Og ég veit að Guð er til,” sagði Billy, sannfærður um að hann hefði komið þessu vel til skila. Síðan hugsaði hann upp viturlegan endahnút. Í hópnum stóð ungur drengur sem var með rós festa við jakka sinn með prjóni. Billy fékk prjóninn lánaðan og sagði: “Sérðu núna hvað ég á við?” Um leið og hann stakk prestinn fyrrverandi í handlegginn.

“Heyrðu mig...”

“Fannstu þetta?”

“Auðvitað”, hreytti hinn út úr sér og neri handlegg sinn og gretti sig.

Billy flissaði. “Skrýtið, ég fann ekki fyrir neinu.”

Fólkið í kring hló líka.

“Leyfðu mér að stinga þig með prjóninum og þá munt þú finna það líka.”

Núna hafði Billy hann nákvæmlega þar sem hann vildi. “Það er einmitt meinið. Ef þú viðurkennir hinn sama Krist og ég viðurkenni, þá munt þú finna Hann, á alveg sama hátt og ég finn Hann.”

Trúleysinginn rauk í burtu, reiður og ósannfærður. Það kom Billy ekki á óvart. Þótt hann hefði ekki verið kristinn nema í nokkra mánuði, þá hafði hann vitnað fyrir nógu mörgum til þess að hann vissi að hann gat ekki breytt huga fólks með röksemdafærslu. Trúin var opinberun sem kom frá Guði.

## 13. kafli.

### Stjarnan dularfulla snýr aftur. 1933

**William Branham** prédikaði í Trúboðskirkju Baptista í tæplega þrjá mánuði. Þá varð honum og Dr. Davis sundurorða. Dr. Davis vildi að ráðnar yrðu konur sem prédikarar í nágrannabyggðinni. Billy harðneitaði.

“Hvað er þetta?,” þrugaði Dr. Davis, hneykslaður á djörfung undirmanns síns. “Þú ert öldungur í þessum söfnuði,” minnti forstöðumaðurinn hann á. “Það er skylda þín að halda uppi lögum þessarar kirkju.”

“Dr. Davis, með allri virðingu fyrir baptistatrúnni og öllu því sem mér hefur verið falið, þá vissi ég ekki til þess að það væri samkvæmt tilskipun kirkjunnar að skipa konur sem prédikara.”

“Samt sem áður gildir það í þessari kirkju.”

Billy spurði: “Herra, get ég verið afsakaður, bara í kvöld?”

“Nei, það er skylda þín að vera hér.”

Á vissan hátt fannst Billy að Dr. Davis hefði rétt fyrir sér: Sem öldungur var það skylda hans að styðja allt það sem svæðiskirkjan gerði. Billy fékk það óþægilega á tilfinninguna að vera fastur í einhverju, sem hans eigin sannfæring sagði honum að væri rangt.

“Getur þú að minnsta kosti svarað nokkrum spurningum fyrir mig?”

“Það skal ég gera.”

“Getur þú útskýrt, af hverju Páll segir í 1. Korintubrési 14. kafla: *“Konur skulu þegja á safnaðarsamkomum, því að ekki er þeim leyft að tala?”*”

“Vissulega.” Doktorinn var fullviss um þetta. “Á þessum dögum sátu allar konurnar baka til og hvískruðu og blöðruðu, þannig að Páll sagði: *“Ekki leyfa þeim það.”*” “Skilurðu?”

Fyrir Billy samræmdu þetta ekki annarri ritningargrein sem hann las, “Útskýrðu þá fyrir mér 1. Tímóteusarbréf. 2. kafla.” Billy fletti í Biblíunni sinni þar til hann hafði fundið versið þar sem Páll segir: *“Ekki leyfi ég konu að kenna eða taka sér vald yfir mannum, heldur á hún að vera kyrrlát. Því að Adam var fyrst myndaður, síðan Eva. Adam lét ekki tælast, heldur lét konan tælast og gjörðist brotleg. En hún mun hólpin verða sakir barnsburðarins, ef hún stendur stöðug í trú, kærleika og helgun samfara hóglæti.”* “Nú, Dr. Davis, ég segi ekki að það sé ætlun hennar að gera neitt rangt, en hún er tæld. Þar af leiðandi vill Guð ekki að hún prédiki.”

Dr. Davis gretti sig. “Er þetta þín persónulega skoðun?”

“Þetta er skoðun Ritningarinnar, samkvæmt mínum skilningi.”

“Ungi maður, fyrir þetta getur Baptistakirkjan tekið leyfi þitt frá þér.”

Billy dró veskið sitt upp úr rassvasanum. “Ég skal bara spara þeim ómakið og skila því núna. Það er best fyrir mig að losa mig við það, vegna þess að ég sé að það á eftir að verða mér byrði.”

“Nei, nei bróðir Billy, verum ekki of fljótir á okkur með þetta allt saman.”

Á þeim veiku forsendum sáttagerðar endaði sennan. Þar sem hvorugur vildi víkja frá afstöðu sinni, samþykktu þeir báðir að Billy skyldi fara og hefja sína eigin þjónustu fyrir Drottni. Þétt handtak innsiglaði ákvörðun þeirra og mennirnir tveir skildu sem vinir.

Að springa af draumum og eldmóði, leigði Billy gamla frímúrarasalinn í Jeffersonville og fór að halda sunnudagasamkomur. Fyrsta sunnudaginn mættu aðeins

örfáir til að hlýða á prédikun hans, en síðan fjölgaði sálunum um eina eða tvær í hverri viku. Billy deildi trú sinni stöðugt og vitnaði fyrir nýjum andlitum sem hann hitti í vinnunni og gömlum andlitum sem hann hafði þekkt allt sitt líf. Vegna þess hve hann bauð mörgum í kirkju, voru alltaf einhverjir nýir á sunnudagasamkomum hans. Af þessum gestum voru nokkrir sem tóku á móti Kristi sem frelsara sínum og fóru að koma reglulega á samkomur Billy. Hægt og sígandi stækkaði söfnuðurinn.

Hver nýr trúaður krafðist meira af tíma hans, en Billy var alveg sama um það. Staðreyndin var að honum féll það vel. Eftir svona mörg ár höfnunar, hafði hann loks fundið kærleika og viðurkenningu, bæði frá Jesú Kristi og litla hópnum sem leit á hann sem forstöðumann sinn. Loks hafði hann fundið sinn sess í lífinu, ástæðu til að lifa og hann ætlaði sér að gefast málstað Krists af öllu hjarta.

Í júní 1933, leigði Billy stórt sirkustjald sem var reist á auðu svæði í Jeffersonville og ætlaði að halda tveggja vikna vakningasamkomur. Sunnudaginn áður en samkomurnar áttu að hefjast, meðan hann var að undirbúa sig fyrir sunnudagaskólann í frímúrarasalnum, féll hann í dá sem var ólíkt því sem hann hafði áður upplifað. Hann sá heiminn útbreiddan eins og dúk fyrir framan sig og hann var á einhvern hátt tengdur flæði tímans. Hann sá hermenn, ljósbrúna á hörund marséra í einum hóp. Það skein á riffla þeirra. Síðan sá hann þessa hermenn ráðast á hóp fólks sem var dökkt á hörund og barðist á móti með spjótum, göfflum og ljám.

Rödd talaði í bakgrunnum til hliðar við Billy, úr auglýsni. Þetta var sama röddin og hafði talað til hans úr öspinni þegar hann var sjö ára drengur. Djúp, hljómmikil rödd sem sagði: *“Benito Mússólíní mun ráðast inn í Eþíópíu og taka hana herfangi. Fátækari þjóðin mun falla í hendur þeirra. Síðan mun Ítalía reyna að ráðast inn í önnur ríki, en mistakast og Mússólíní sjálfs biða smánarleg endalok.”*

Sviðið breyttist. Billy sá her manna klæddan grænum búningum berjast við dáta í gráu. Billy sá skriðdreka, sprengingar og mikið net af steinsteypubyrgjum. Einnig fallbyssur, vélbyssuhreiður og gaddavír. Röddin bak við hann útskýrði: *“Frá Þýskalandi, mun hinn ungi austurríkismaður, Adolf Hitler, leiða heiminn í stríð. Ameríka fer líka í stríð og meðan á því stendur mun Franklin Roosevelt verða kjörinn forseti fjórða kjörtímabilið í röð. Þýskalandi mun vaxa ásmegin að baki öflugrar víggirðingar og Ameríka mun greiða hátt verð í mannlífum þegar hún brýst í gegnum víggirðinguna. En Þýskaland verður sigrað og Hitler hlýtur dularfull endalok.”*

Aftur breyttist myndin. Hann sá Evrópu útbreidda fyrir framan sig eins og landakort og hann sá landamæri breytast og umbreytast í ný pólitísk svæði. Röddin sagði: *“Það eru þrennar stjórnmalalegar stefnur sem berjast um völdin í heiminum í dag: Fasismi, nasismi og kommúnismi. Fyrstu tvær munu verða að engu, en kommúnisminn mun blómstra. Fylgist með Rússlandi, konungi norðursins.”*

Í fjórða sinn breyttist sviðið. Stríðið í Evrópu varð blátt á lit og var orðið mannkynssaga. Í stað þess sá Billy ótrúlegar framfarir í tækni breiðast út um heiminn. Meðal annarra undra sá hann straumlínulagaðar bifreiðar, ferðast um hraðbrautir. Hann sá jafnvel bíl án bílstjóra. Fólkið í bílnum var að fylgjast með skemmtispili, meðan bifreiðin rann rafrænt eftir veginum. Röddin sagði ekkert um þetta og sviðið breyttist í fimmta skipti.

Núna sá Billy konur með sítt hár og í síðum pilsnum, fara í kröfugöngu með spjöld og krefjast kosningaréttar. Þegar þær höfðu fengið hann, sá hann þær kjósa ungan mann sem forseta Bandaríkjanna. Síðan fylgdist Billy með konunum klippa hár sitt. Sumar konurnar klæddust buxum, meðan aðrar stytta pils sín og bolirnir minnkuðu þar til þeir voru eins og fíkjublöð.

Í sjötta skipti breyttist sýnin. Billy fylgdist með, meðan upp reis fögur kona í Bandaríkjunum, glæsilega klædd. En þrátt fyrir glæsileik hennar var eitthvað

hörkulegt við hana. Mikið vald var henni gefið og hún stjórnaði landinu með þessu valdi.

Röddin við hlið Billy sagði: “*Sjá, eitt enn.*” Billy sneri sér aðeins til hliðar til að líta lokasýnina, Bandaríkin í óstjórnlægri auðn. Holur voru í jörðu og reykur frá hrundum byggingum sverti loftið. Eins langt og augað eygði var enga mannlega veru að sjá. Síðan hvarf sýnin í fjarska.

Billy sat langa stund, lamaður og dasaður. Þegar hann gat aftur hreyft sig, tók hann penna og fór að skrifa sýnirnar sjö niður og velti fyrir sér þýðingu þeirra meðan hann skrifaði.

“*Mússólíní mun ráðst inn í Eþíópíu.*” Það myndi verða óvæntur viðburður í hringrás sögunnar. Billy vissi svolítið um Mússólíní, mann sem oft var í fréttum. Mússólíní hafði verið einræðisherra Ítalíu síðan 1922 og var víða álitinn bjargvættur Ítalíu. Hann hafði komið á skipulagi úr ringulreið, í ríki sem var fátækt eftir heimsstyrjöldina. Hann kom lagi á fjármál Ítalíu og endurreisti virðingu hennar. Félagslegar umbætur hans höfðu komist í framkvæmd án þess að hann missti stuðning iðnrekenda og landeigenda. Frægt fólk um allan heim lofaði Mússólíní og bar hann stundum saman við Sesar eða Napóleón og Cromwell vegna mikillar hæfni hans við að endurreisa og stjórna ríki sínu. Hvers vegna ætti Mússólíní að setja sitt góða nafn í hættu við að ráðast inn í Eþíópíu?

Hvað Adolf Hitler varðaði, þá hafði forsetinn, Paul von Hindenburg, sett hann kanslara, núna í janúarmánuði, sem olli því að Nasistaflokkur Hitlers varð fremstur í þýskum stjórnámálum. En hvernig gæti hann dregið evrópskar þjóðir aftur inn í styrjöld, eftir að síðasta stríð hafði verið jafn eyðileggjandi og siðspillandi og raun bar vitni? Enginn í heiminum vildi annað stríð. Samt sem áður höfðu sýnirnar aldrei reynst rangar hingað til.

Billy skildi ekki stjórn málaöfl heimsins, en hann las blöðin og vissi þannig að fasismi Mússólíní var að auka fylgi sitt í Asíu og Suður-Ameríku. Fasismi afneitaði hugmyndinni um einstaklingsfrelsi og trúði því í staðinn að ríkið ætti að stjórna þjóðlífinu og hélt fram þeirri hugmynd að ríkinu skyldi stjórnað af einum sterkum persónuleika, sem myndi stjórna með algjöru einræði. Billy vissi næstum því ekkert um nasisma Hitlers, sem hafði ekki verið mikið í fréttum þar til alveg nýverið. Hann þekkti aðeins til kommúnisma Rússlands, sem lofaði þjónustu við verkalýðinn með vörunum en miðstjórn útvalinna flokksmanna stjórnaði öllu. Af öllum öflunum sem börðust um völdin virtist kommúnismi ólíklegastur til að ná völdum. En, enn á ný, sýnirnar höfðu aldrei verið rangar hingað til.

Og þessar bifreiðar sem hann sá! Svo glansandi og straumlínulagaðar. Hve ólíkar voru þær ekki kassalöguðu bifreiðunum sem óku um vegina árið 1933. Þvílík undur voru ekki framundan, ef tækni og vísindi gátu fundið upp slíkar afburða vélar! En í kjölfar þessara framfara myndi fylgja afbakið gildismat, best kom það fram í siðferðishnignum kvenna. Og hvað með þessa kuldalegu fegurðardís sem einhvern tíman myndi ráða í Bandaríkjunum? Myndi hún vera raunveruleg kona, eða táknaði hún vald? Ef til vill stjórn málalega kvennahreyfingu, eða andlega hreyfingu. Billy skrifaði til útskýringar: “Ef til vill kaþólska kirkjan?” Og að lokum var það þessi hrikalega eyðilegging. Það leit út fyrir að dagar Ameríku væru taldir.

Billy las spádóminn upp fyrir söfnuð sinn og gaf útlistanir inn á milli. Þegar kom að útlistun á því hvernig hinir þrír “ismar” yrðu gleypir af kommúnismanum, lét hann fólkið standa upp og endurtaka aftur og aftur: “Fylgist með Rússlandi, konungi norðursins.” Eftir að hafa lýst sjöundu og síðustu sýninni lét hann persónulega skoðun sína í ljós: “Gott fólk, Drottinn hefur ekki sagt mér þetta, þetta er mín persónulega

skoðun. En eftir gangi heimsins að dæma, þá trúi ég að þetta muni allt hafa átt sér stað fyrir árið 1977.”

Innblásinn af þessum sýnum, prédikaði Billy af öllu hjarta fyrsta kvöldið, sem vakningasamkomurnar voru haldnar í leigutjaldinu. Þrátt fyrir það að hann þyrfti ennþá á hjálp Hope að halda við að lesa Biblíutextana, þá truflaði það ekki ræðu hans meðan hann skoraði af krafti á fólkið að taka við náð Drottins Jesú Krists. Næsta kvöld og næstu kvöld, jókst mannfjöldinn í tjaldinu smám saman, allt þar til Billy Branham prédikaði á sunnudagsmorgni, tveim vikum síðar, fyrir 1000 sálir. Hann spurði hve margir vildu láta skírast til nafns Jesú Krists og meira en 200 gengu fram. Hann flutti samkomuna til Ohioárinnar.

Þetta var 11. júní 1933. Um klukkan tvö síðdegis höfðu nálægt 1000 manns safnast saman á bökkum Ohioárinnar við enda Springstrætis, til að fylgjast með skírinni. Himininn var heiðskír og sólin steikjandi. Það bærðist ekki minnsti gustur til að kæla mannfjöldann, meðan hann söng: “Á bökkum Jórdan nú ég stend og vonaraugum lít, til Kananslandsins fagra og glaða, þar sem eign mín er, ég er á leið inn í hið fyrirheitna land...”

Þegar Billy kom að bakka árinna sá hann Margie W., stúlku á hans aldri, sitja í árabát nærri þeim stað sem hann ætlaði að fara að skíra. Honum fannst sundföt Margie óviðeigandi og ósiðsöm og spurði hana því kurteislega hvort hún gæti farið eitthvað burt frá svæðinu.

Hún svaraði móðguð: “Ég þarf ekkert að fara burt.”

“Það er alveg rétt Margie, þú þarft það ekki. En ef ég væri þú, þá myndi ég bera nógu mikla virðingu fyrir fagnaðarerindinu, til að víkja burt þaðan sem ég er að skíra.”

“EKKI tala við mig um virðingu fyrir fagnaðarerindinu. Ég er sunnudagaskólakennari. En ég trúi ekki á niðurdýfingarskír og ég þarf ekki að víkja burt.”

Margie flissaði þegar Billy sneri sér frá henni.

Billy óð út í ána með fyrsta skírnaþegann. Þeir stóðu í ánni upp að mitti meðan öldurnar bærðust í kringum þá. Yfirborð árinna var svo tært að það leit út eins og glerplata undir glampanði sólinni. Af því að það var hitabylgja, þá umvafði móða nálæg tré.

Billy spurði: “Trúir þú því, að þú hafir mætt Jesú Kristi á þessari vakningasamkomu?”

Maðurinn svaraði. “Já.”

“Hefur þú iðrast synda þinna?”

“Já.”

“Trúir þú að Jesú Kristur hafi fyrirgefið þér og að þú sért frelsaður frá syndum þínum?”

“Já.”

“Þá skulum við biðja.” Þeir lutu höfði saman. Billy bað: “Himneski faðir. Við erum hér vegna þess að þú hefur gefið okkur skipun um að gera allar þjóðir að lærisveinum og skíra þær til nafns Föður, Sonar og Heilags Anda, Amen.” Síðan leit Billy upp, leit á skírnaþegann og sagði: “Fyrir játningu synda þinna skíri ég þig, elsku bróðir, til nafns Jesú Krists.” Skírnaþeginn hélt fyrir nefið meðan Billy dýfði honum ofan í vatnið.

Meðan fyrsti einstaklingurinn óð til lands uppfræddi og áminnti Billy fólkið: “Af hverju sagði Jesús okkur að láta skírast? Nú, í fyrsta lagi, þá er það táknmynd upp á dauða, að deyja heiminum. Á táknrænan hátt þá gröfum við gamla manninn svo að nýi maðurinn geti stigið fram og lifað nýju lífi í Jesú Kristi. En munið að skírinn getur

ekki umbreytt ykkur, hún er aðeins ytra tákn um innra starf. Hinn trúaði er að vitna um það fyrir heiminum að Jesús Kristur hefur þegar umbreytt honum hið innra.”

Billy skírði umsækjendurna á sama hátt, hvern á fætur öðrum. Sautjándi einstaklingurinn sem óð út í vatnið var Edward Colvin, piltur ekki mikið yngri en Billy sjálfur. Þar sem þeir tveir stóðu í straumnum upp að mitti, spurði Billy hann: “Edward, trúir þú því að þú hafir endurfæðst á vakningasamkomunum?”

“Já”, sagði pilturinn.

Billy hækkaði róminn, til þess að fólkið á ströndinni gæti heyrt til hans, “Hneygið höfuð ykkar öll sömul.” Þegar þau hlýddu, lokaði Billy augum sínum, hneygði höfuð sitt og tók að biðja: “Himneski Faðir ...”

Einmitt þá heyrði hann rödd sem sagði: “Líttu upp.” Hann opnaði augun og leit á Edward sem beið þolinmóður með lukt augu. Orðin höfðu ekki komið frá honum. Hann vissi ekki hvaðan þau höfðu borist. Undrandi, beygði hann aftur höfuð sitt, lokaði augunum og hélt áfram bæn sinni: “Himneski Faðir, þegar ég skíri þennan pilt með vatni, vilt þú þá skíra hann með Heilögum Anda.”

Aftur heyrði hann rödd segja: “Líttu upp.” Hann opnaði augun og leit í kringum sig. Edward opnaði líka augun, forvitinn vegna tafarinnar. “Nú, bróðir Billy?”

“Heyrðir þú þetta?”

“Heyrði ég hvað?”

Í þriðja skipti heyrði Billy röddina segja: “Lít upp!” Í þetta skipti leit hann til himins... og gapti! Frá himni féll eldhnöttur til jarðar! Úr fjarlægð líktist hann stjörnu, og liturinn sveiflaðist frá gulgrænu til gulbrúns. Eftir því sem hann nálgast líktist hann eldhnetti sem snerist, spann og sendi frá sér eldglæringar. Billy hélt óttasleginn niðri í sér andanum, þegar stjarnan tók stefnuna beint á hann, en hún stöðvaðist snögglega og staðnæmdist fyrir ofan höfuð hans. Vatnið kringum Billy bærðist og sendi upp fínt þokumistur sem varð að litlum regnboga fyrir ofan stjörnuna.

Skyndilega, heyrði Billy rödd tala til sín. Þetta var ekki hin syngjandi bassarödd sem svo oft talaði til hans í sýnum, þetta var tenórrödd, vel kunn. Hún sagði: “*Á sama hátt og Jóhannes skírari var sendur til að vera fyrirrennari fyrri komu Jesú Krists, þannig ert þú sendur með boðskap til að vera fyrirrennari seinni komu hans.*”

Á árbakkanum var fólkið enn með höfuð sín hneygd, í bæn. En Margie fylgdist með frá árabát sínum. Þegar hún sá ljósið tók hún að öskra brjálæðislega og síðan leið yfir hana og hún féll fram fyrir sig á botn árabátsins. Þetta öskur fékk fólk til að líta snöggt upp. Á örskammri stund, braust út ringulreið þegar fólkið horfði upp, til að líta augum eldhnöttinn, sem sveimaði fyrir ofan höfuð William Branham. Konur öskruðu, karlmenn gripu hver í annan, sumir fylltust skelfingu og hlupu burt, sumir féllu í yfirlið, flestir skulfu bara.

Það heyrðu ekki allir röddina, sem sáu stjörnuna. En ákveðin fjórtán ára stúlka heyrði hana. Hún hafði haft augun lokað og hneygt höfuð sitt, jafnvel meðan á uppþoti fólksins stóð, vegna þess að forstöðumaðurinn hennar hafði sagt henni að líta höfði og hún reyndi alltaf að gera það sem hann sagði. Þessi stúlka heyrði röddina. Hún heyrði hvert orð greinilega og vegna þess sem hún heyrði, þá gróf sig eitthvað djúpt í sálarfylgsni hennar. Eins og akkeri væri varpað, þá festist þetta sem reynsla í huga hennar. Hún hét Meda Broy og hún átti eftir að gegna mikilvægu hlutverki í lífi Billy.

Eldhnötturinn sveimaði fyrir ofan höfuð Billy í minna en mínútu, síðan skaust hann aftur til himins, þaðan sem hann kom. Áin varð aftur lygn, undir heiðskírum, lygnum himni. Billy talaði til fjöldans, þar til allir höfðu róast. Síðan hélt hann áfram að skíra, þar til hann lauk því að umvefja alla nafni Jesú Krists. Þegar hann óð í land,

umkringdi hann hópur af viðskiptajöfrum Jeffersonville og spurðu hann óttaslegnir: “Hvað þýðir þetta ljós?”

Billy svaraði heiðarlega: “Ég veit það ekki. Ég er trúður. Ef til vill er þetta tákn fyrir vantrúaða. Ég get ekki sagt til um það.”

**Næsta morgun** birtist grein um atburðinn í fréttablaði staðarins. Í fyrirsögninni stóð: “Dularfull stjarna birtist fyrir ofan höfuð prédikara, sem var að skíra.” Fyrir alla aðra var þetta aðeins spennandi saga, til að ræða um, þann dag sem fréttin birtist. En fyrir William Branham var þetta miklu meira. Hann hafði staðið undir þessu brúngræna ljósi og pírt augun í birtu þess. Hann hafði séð vatnið ókyrrast í kringum sig. Hann hafði greinilega heyrt yfirlýsingu raddarinnar: “*Á sama hátt og Jóhannes skírari var sendur til að vera fyrirrennari fyrri komu Jesú Krists, eins ert þú sendur með boðskap, til að vera fyrirrennari seinni komu hans.*” Nei, þetta var ekki eitthvað til að ýta frá sér, sem einhverju léttvægu, aðeins vegna þess að það hljómaði framandi og var illskýranlegt. Billy leit á þetta sem yfirnátúrulegt tákn, sem krefðist útskýringar. Og ef þetta tákn var frá Guði, þá trúði Billy því að orð Guðs hefði skýringu á því. Billy las af ákafa í Biblíunni sinni og leitaði að vísbendingum. Hann var með penna og blað við hendina til að hann gæti skrifað niður þær ritningargreinar sem við áttu. Honum til mikillar undrunar reyndust þær margar.

Fyrsti ritningarstaðurinn sem hann fann, þar sem Guð birtist sem yfirnátúrulegur eldur, er í fyrstu Mósebók 15:17, þegar Guð gerði sáttmála við Abraham. Móse heyrði Guð tala til sín úr brennandi runna, sem hlaut að brenna af yfirnátúrulegum orsökum, vegna þess að runninn eyddist ekki. (2. Mós. 3:2). Móse sá Drottin aftur, í mynd skýs, sem hjálpaði honum að leiða Ísraelsmenn út úr Egyptalandi. Seinna hitti hann þetta ljós á Sínaí fjalli þegar honum voru afhent boðorðin tíu. (2. Mós. 14:19-20 og 19:18-19). Móse sá oft þetta ljós, t.d. þegar hann helgaði tjaldbúðina í eyðimörkinni og hann ritaði: “Því Drottinn Guð þinn er eyðandi eldur.” (3. Mós. 9:24; 5. Mós. 4:24). Salómon sá hann þegar hann helgaði fyrst musterið í Jerúsalem. (2. Kron. 7:1). Manóa, faðir Samson, sá hann þegar engill Drottis vitraðist honum. (Dóm. 13:19-20) Elía sá hann á Karmelfjalli. (1. Kon. 18:38) Esekíel sá hann í sýn. (Esk. 1:4). Davíð lýsti honum í Sálmi átján. Sál frá Tarsus, var blindaður af “ljósi af himni”, þar sem hann var á leið til Damaskus til að ofsækja kristna menn. (Post. 9:1-5). Hann heyrði meira að segja rödd tala úr ljósinu sem sagði: “Ég er Jesús, sem þú ofsækir.” Að endingu þá sáu bæði Daníel og Jóhannes þetta ljós ummyndast í Drottin Jesú Krist. (Dan. 10:5-7, Opb. 1:14-15)

Þetta var ótrúlegur fjöldi ritningarversa, sem eftirlétu engan efa í huga Billy, að stjarnan sem hann sá skína fyrir ofan sig, ætti sér hliðstæðu í Ritningunni, allt frá Fyrstu Mósebók til Opínberunarbókarinnar. Hvaða sannana gat hann frekar óskað sér? Hann vissi að þetta hlaut að vera frá Guði.

Næst beindi Billy athygli sinni að þeirri staðreynd að vatnið, sem hafði verið tært sem gler, hafði tekið að bylgjast kringum hann þegar ljósið birtist. Eina hliðstæðan sem hann gat fundið í Biblíunni var í Jóhannesi 5:4. Var það möguleiki að sami engill og fékk vatnið til að hrærast í Betesdauginni, væri sá sem hafði birst sem ljós fyrir ofan hann? Hann velti þessari hugmynd lengi fyrir sér, en fann ekkert sem gat sannað þetta, eða afsannað, svo hann lét þeirri spurningu ósvarað.

Í þriðja lagi og það sem lá beinast við að draga ályktun út frá hvað þetta táknaði, var röddin: “*Á sama hátt og Jóhannes skírari var sendur til að vera fyrirrennari fyrri komu Jesú Krists, eins ert þú sendur með boðskap, til að vera fyrirrennari seinni komu hans.*” Billy velti þessu fyrir sér frá öllum hliðum og reyndi að ákveða hvað þetta þýddi eiginlega. Hann las um líf Jóhannesar skírara og var sérstaklega hrifinn af



þeirri samsvörun sem Guð dró milli Jóhannesar og spámannsins Elía: “Og hann mun ganga fyrir honum í anda og krafti Elía,” sagði engillinn við föður Jóhannesar. (Lúk. 1:17) “Og ef þér viljið við því taka, þá er hann Elía sá, sem koma skyldi.”(Matt. 11:14) Í þessu fólst heilmikið og Billy vissi að það myndi taka hann langan tíma að skilja það betur.

Að endingu var það þetta síðasta sem röddin hafði sagt: “Eins ert þú sendur með boðskap, til að vera fyrirrennari seinni komu hans.” Billy trúði á seinni komu Krists. Hann hafði heyrt Dr. Davis prédika um hana og hafði lesið um hana í Nýja Testamentinu. En hvað hafði hans litla, ómerkilega líf að gera, með þennan merkilegasta atburð allrar mannkynssögunnar? Gat verið að ljósið yfir ánni væri tákn? Var það á einhvern hátt tengt seinni komu Krists? Var tíminn nærri? Og hvað meinti röddin með því að hann væri, “sendur með boðskap?” Eini boðskapurinn sem hann þekkti var Biblían. Slíkar hugsanir fengu huga Billy til að sveima í hringi. Þetta virtist vera of djúpur leyndardómur til að hann gæti skilið. Samt sem áður fann hann hjarta sitt brenna af spenningi og eftirvæntingu.

## 14. kafli.

### Billy sér kirkjubyggingu í sýn. 1933

**Af þeim hundruðum manna,** sem tekið höfðu þátt í fyrstu trúboðsherferð William Branham í júní 1933, sneru flestir aftur til sinna heimakirkna þegar kvöldsamkomunum var lokið. En sumir voru nýir í trúnni og áttu sér ekki safnaðarheimili fyrir. Margt af þessu fólki hóf að koma reglulega á sunnudagssamkomur Billy. Hinn leigði frímúrarasalur varð bráðlega allt of lítill til að fjöldinn gæti komið þar saman á þægilegan máta. Þetta neyddi Billy til að hefja leit að annarri byggingu.

Á horni Áttundastrætis og Pennstrætis í Jeffersonville, ekki langt frá þeim stað þar sem hann bjó ásamt fjölskyldu sinni, beygði vegurinn umhverfis grunna tjörn, þar sem óx fjöldi vatnalilja. Þegar hann gekk heim frá frímúrarasalnum, kraup Billy í grasinu við tjörnina, til að biðja fyrir þessu ófyrirséða vandamáli. “Drottinn, hvað á ég að gera? Hvert viltu að ég fari með þessa kirkju?”

Hann starði á kringlótt, græn liljublöð, sem flutu eins og skálar á vatninu. Hve fögur voru ekki blóm þeirra, sum bleik, önnur hvít. Hann furðaði á vatnaliljunum, hvernig þær gátu átt upphaf sitt í því líkri leðju og slími og var á botninum og þrýst sér síðan upp í sólskinið og á endanum orðið svona hvítar og hreinar. Þetta minnti Billy á sitt eigið líf, sem fyrir svo skömmu hafði verið hafið upp úr syndaforaði, upp í sólarljós kærleika Jesú Krists. Hve undursamlegur var ekki Drottinn, sem gat gert slíkt kraftaverk. Síðan kom það til hans, sem opinberun, skotið með ör beint frá háseti Guðs: “Hér myndi kirkja hans rísa, einmitt hér, hjá þessari tjörn.” Billy stóð upp og stíkaði gegnum reyrinn við tjarnarbakkann. Hjarta hans sló hratt af eftirvæntingu. Já, þetta yrði fullkomið. Hann gæti byggt...

Efasemdirnar hrundu yfir hann eins og múrsteinar, jafnvel áður en steypa opinberunarinnar var þornuð. Hvernig gat hann keypt þetta land og byggt hér kirkju, þegar hann gat varla séð fyrir sjálfum sér, móður sinni, bræðrum og systur? Hann var fátækur maður sem prédikaði fyrir hóp af fátæku fólki, meðan ein af verstu kreppum, sem heimurinn hafði nokkurn tíma séð, gekk yfir. Margir karlmanna í söfnuði hans voru atvinnulausir. Að fjármagna kirkjubyggingu var alveg örugglega vonlaus

draumur. Og samt, ef þetta var raunverulega opinberun frá Guði, þá hlaut að vera einhver leið.

Billy talaði við meðlimi safnaðarins um þetta. Þótt merkilegt megi virðast, þá tókst þeim að skrapa saman, af sínum litlu efnum, nægilegt fé fyrir útborguninni. Teikningar voru gerðar, staðfesting fengin fyrir láni og fyllt upp í tjörnina, allt á nokkrum vikum. Grunnurinn var lagður í júlí og múrsteinarnir voru afhentir. En áður en farið yrði að hlaða bygginguna vildi Billy hafa stutta helgunarhátíð, þar sem hann sjálfur legði fyrsta hornsteininn í hina ferhyrnu byggingu.

Morguninn sem halda átti hátíðina, vaknaði Billy klukkan sex. Úti sungu fuglarnir sópransöngva, meðan býflugurnar suðuðu tenórundirsöng. Geitartoppblómin fyrir utan glugga hans fylltu herbergi hans af ilmi sumarsins. Billy lá í rúminu langa stund, með hendur undir höfði og drakk í sig fögnuð augnabliksins og hugsaði með sér: “Ó, mikli Jehóva, hve undursamlegur ert þú ekki. Fyrir augnabliki síðan var dimmt, nú hefur sólin komið upp og öll náttúran fagnar. Og bráðlega verður einnig fagnað í hinum andlega heimi, sem er svo kaldur og fullur af synd, vegna þess að sonur réttlætisins mun fljúga upp með græðslu undir vængjum sér.”

Þar sem hann lá þarna, skipaði innri rödd honum að rísa á fætur. Billy fór fram úr rúminu og stóð þannig að hann sneri að glugganum. Skyndilega fann hann fyrir óútskýranlegri nærveru í herberginu, eins og þrýstingi, en það sem nálægt var, var hvorki illt né hótandi. Þessi nærvera lýsti frá sér heilögum Guðsótta, eins og sjálfur Drottinn væri í nánd. Billy hafði alla þrjá veggina fyrir augliti sínu. Herbergið virtist tóm. Hann sneri sér við til að líta í kringum sig og var á sama augabragði hrifinn burt í sýn.

Honum fannst hann vera staddur á bökkum Jórdanárinnar, þar sem Jóhannes hafði skírt Jesú. Billy var að prédika fagnaðarerindið yfir hópi fólks, sem stóð fyrir framan hann, þegar óp og köll heyrðust að baki honum. Hann sneri sér við og sá svínastíu á bökkum árinna. Hún var full af svínum og lyktin var hræðileg. Billy sagði: “Þessi staður er hræðilegur. Þetta hefði aldrei átt að verða. Þetta er heilög jörð, sem Jesús sjálfur gekk á.”

Síðan birtist engill Guðs, hreif Billy burt frá þessum stað og setti hann niður við hornið á Áttundastræti og Pennstræti í Jeffersonville. Á svæðinu þar sem eitt sinn var liljutjörn, var nú stór steinbygging með stóru skilti sem á stóð: “Branhamtjaldbúðin” Engillinn bar hann inn. Billy trúði varla sínum eigin augum. Byggingin var troðfull af fólki. Ekki aðeins var hvert sæti skipað, heldur sat fólk í ganginum og stóð upp við veggina. Í fjarlægari enda herbergisins hengu þrjár krossar, einn framan við ræðupúltið og einn sitthvoru megin við. Í sýninni færði Billy sig bak við púltið og sagði: “Þetta er undursamlegt. Guð, hve góður þú ert að gefa mér þetta hús.”

Þá sagði engill Drottins: “*En þetta er ekki þitt hús.*”

“Vissulega er þetta mitt hús”, mótmælti Billy.

Engillinn endurtók: “*Nei. Komdu og sjáðu.*” Engillinn lyfti Billy upp og setti hann niður á nýjan leik, núna undir víðáttu hins bláa himins. Engillinn sagði: “*Þetta á að verða þitt Guðshús.*”

Billy leit í kringum sig og fann sig vera staddan í aldingarði. Ávaxtatré um 20 fet á hæð uxu í tveimur röðum, sem gerði gang á milli þeirra, með einu tré við hvern enda gangsins. Önnur trjáröðin virtist vera eplatré og hin plómutré. Þótt merkilegt mætti virðast voru rætur þeirra allra í stórum, grænum fötum. Bæði til hægri og vinstri handar var tómur pottur við hlið hvers trés.

Rödd þrumaði af himni: “*Uppskeran er mikil, en verkamennirnir fáir.*”

Billy spurði: “Drottinn, hvað get ég gert?” Fyrir augliti hans breyttust trén og fóru að líta út sem kirkjubekkirnir í sýninni af búðum hans og trén við endann tóku á sig

mynd þriggja krossa. Billy spurði: “Hvað þýðir þetta og hvað merkja tómu blómapottarnir?”

Engillinn svaraði: “*Þú átt að gróðursetja í þessa potta.*”

Billy, sem stóð milli raða trjáanna, braut grein af eplatré og stakk henni í pottinn sem var við hlið þess. Síðan braut hann grein af plómutré og plantaði henni í pottinn sem þeim megin var. Undireins uxu tré upp úr þessum tveimur pottum og þau hættu ekki að vaxa fyrir en þau voru orðin á stærð við hin trén í garðinum.

Þessu næst skók mikill vindur trén og rödd sagði: “*Þú hefur gert vel. Réttu fram hendur þínar og taktu við uppskerunni.*” Billy rétti fram báðar hendur. Í aðra hönd féll stórt gult epli, þroskað og þétt í sér og í hina féll stór gul plóma, mjúk og þroskuð. Röddin sagði: “*Et af ávöxtunum, þeir eru ljúffengir.*” Billy beit í annan og síðan í hinn. Báðir voru safaríkir og gómsætir. Röddin endurtók: “*Verkamennirnir eru fáir en uppskeran er mikil.*”

Nú tók Billy eftir því að stóra tréð við enda gangsins, sem enn var í krossmynd, bar bæði epli og perur á greinum sínum. Billy hljóp niður ganginn og henti sér niður framan við tréð og hrópaði upp: “Drottinn, hvað á ég að gera?”

Vindurinn skók greinarnar af því líku afli að eplin og plómurnar tóku að falla á Billy eins og regndropar. Röddin sagði þrisvar sinnum: “*Þegar þú kemur út úr þessari sýn, lestu þá síðara Tímóteusarbréf, 4. kafla.*”

Sólin hafði hækkað sig á morgunhimninum, sem sýndi það að hann hafði verið nokkurn tíma í sýninni. Billy greip Biblíuna sína og fletti upp á síðara Tímóteusarbréfi. Hann las fjórða kaflann hægt og velti fyrir sér hverju orði, meðan hann reyndi að tengja þetta sýninni.

*“ Prédika þú orðið, gef þig að því í tíma og ótíma. Vanda um, ávíta og áminn með öllu langlyndi og fræðslu. Því að þann tíma mun að bera, er menn þola ekki hina heilnæmu kenning, heldur sópa þeir að sér kenningum eftir eigin fýsnum sínum, til þess að heyra það, sem kitlar eyrun. Þeir munu snúa eyrum sínum burt frá sannleikanum og hverfa að ævintýrum. En ver þú algáður í öllu, þol illt, gjör verk trúboða, fullna þjónustu þína.”*

Billy reif þessa blaðsíðu úr Biblíunni sinni og tók hana með sér til helgunarathafnarinnar á horninu á Áttunda og Penn. Þar sem þetta var virkur dagur, gátu aðeins um fimmtíu manns úr söfnuðinum verið þarna, mest konur og börn. Á meðan Ulrey majór í lúðrasveitinni “Sjálfbóðaliðar Ameríku”, leiddi hljómsveit sína í hrífandi marsi, lagði Billy hornsteininn á öruggan stað í blautu sementinu. Þetta var táknræn athöfn. Þar sem Nýja testamentið lýsti Jesú Kristi sem hornsteini hinnar alþjóðlegu kirkju sinnar, þá lýsti Billy því yfir að Jesús væri hornsteinn sinnar eigin byggingar og að hún yrði helguð á grundvelli hins stóra hornsteins, Jesú Krists.

Þessu næst setti fólkið, bænarefni, myntir og minnisgripi í könnu og lagði könnuna inn í holan hornsteininn. Billy setti þar blaðsíðuna, sem hann hafði rífið úr Biblíunni þennan morgun, -blaðsíðuna sem innihélt þessi spádómsorð. “*En ver þú algáður í öllu, þol illt, gjör verk trúboða, fullna þjónustu þína.*”

## 15. kafli.

### Orðlaust bónorð. 1933

**Jafnvel þótt** William Branham væri nú prestur í eigin söfnuði og prédikaði hvern einasta sunnudagsmorgun í frímúrarasalnum í Jeffersonville, allt sumarið 1933, þá hélt hann áfram að sækja guðsþjónustu á sunnudagskvöldum og miðvikudagskvöldum. Hann viðurkenndi að þetta væri afsökun til að vera með kærustu sinni, Hope Brumbach, frekar en að hlýða á prédikun Dr. Davis. En nú, þegar hans eigin kirkjubygging yrði brátt tilbúin, myndi þetta breytast, þar sem hann myndi sjálfur halda samkomur í miðri viku. Hvernig gæti hann þá hitt vinkonu sína? Billy hafði alltaf verið feiminn og óöruggur í félagsskap kvenna. Tilhugsunin um að glata þessari tilbúnu afsökun til að hitta Hope fékk hann til að svitna af angist.

Billy elskaði hverja þá stund sem hann eyddi með Hope. Þegar hún brosti, brosti hann. Þegar hún hló, þá hló hann líka. Hún hafði töfrað hann á einhvern hátt, sem hann ekki skildi, en honum fannst það yndislegt. Fyrir hann var hún mynd alls þess sem gott var og fagurt í heiminum, loftið og regnið, sumarið og blómin, góðvild og þrá. Þeim mun meiri tíma sem hann varði með henni, því meir þráði hann að dvelja í návist hennar. Hvað myndi gerast í sambandi þeirra ef hann hefði ekki lengur afsökun fyrir að hitta hana á hverju miðvikudagskvöldi? Myndi hún fjarlægjast hann? Billy gat ekki afborið tilhugsunina. Hvernig gæti hann lifað? Nei, hann varð að finna upp á einhverri annarri afsökun til að hitta hana reglulega. Í eitthvert af þeim skiptum sem hann var að velta þessu fyrir sér, þá datt honum það í hug, að besta leiðin til að eyða meiri tíma með Hope Brumbach væri að fá hana til að breyta seinna nafni sínu í Branham.

Á sama tíma og hann ákvað að biðja Hope að giftast sér, kvaldist hann af efasemdum úr annarri átt. Faðir hennar þénaði fimm hundruð dollara á mánuði sem verkalýðsforingi hjá verkalýðsfélagi járnbrautastarfsmanna Pennsilvaníu. Billy, á hinn bóginn, vann sér inn 20 sent á tímann og þurfti að sjá fyrir móður sinni, föður, sjö bræðrum og einni systur með sínum lágu launum. Hvernig gæti hann séð fyrir eiginkonu? Allt sem hann hafði að bjóða henni var ást hans og hylli. Hver var hann að ætla að rífa Hope frá sínu vel búna heimili og leggja á hana fátæktaránaud? Hún átti svo miklu betra skilið en það. Eftir mikið sálarstríð, ákvað Billy að hann gæti ekki beðið Hope að giftast sér. Hann elskaði hana of mikið til að eyðileggja líf hennar.

En þessi ákvörðun batt ekki enda á þjáningar hans. Hún hleypti aðeins nýjum vangaveltum af stað. Ef hann nú ætlaði sér ekki að biðja Hope, hvernig gat hann þá réttlætt það að eyða svona miklu af tíma hennar? Væri það ekki betra, hennar vegna, að slíta algjörlega sambandinu? Því fyrr sem hann hætti að eiga stefnumót við hana, því fyrr gæti hún fundið einhvern annan mann sem gæti veitt henni gott líf. Já, þetta var það sem rétt var að gera. Og þetta var það sem hann varð að gera. En...

Þrátt fyrir það að Billy fyndist það þjóna best hagsmunum Hope að hann kveddi hana, þá gat hann ekki fengið sig til þess. Hann fór aftur yfir fjárhagsstöðu sína og möguleika. Sumir bræðra hans voru nú orðnir það stálpaðir, að þeir aðstoðuðu móður hans við að greiða reikninga fjölskyldunnar. Þetta var jákvætt. Og hinir bræðurnir stóðu ekki langt að baki. Eftir nokkur ár gætu þeir einnig hjálpað til. Annað var jákvætt. Ef til vill gæti Billy dregið smám saman úr stuðningi sínum, án þess að leggja erfiðleika á móður sína. Síðan, ef hann ynni af hörku, þá gæti hann ef til vill séð vel

fyrir Hope eftir allt saman. Spenningur hans jókst meðan hann velti þessu fyrir sér frá öllum sjónarhornum. Jú, það leit út fyrir að fjárhagslega gæti þetta allt gengið upp. Átti hann að gera þetta? Já, já, hann skildi láta verða af því. Hann ætlaði að biðja Hope Brumbach að verða konan sín!

En þessi ákvörðunartaka og það að koma henni í framkvæmd, var sitt hvað. Þegar ágústmánuði lauk og september mjakaðist áfram, reyndi Billy að safna hugrekki til að spyrja hinnar afdrifaríku spurningar. Hann horfði í dökk augun hennar og á geislandi brosið og hugsaði með sér: “Ó, en hve við yrðum hamingjusöm saman.” En í hvert skipti sem hann ætlaði að bera upp spurninguna, þá þornaði munnur hans, honum vafðist tunga um tönn og kökkur kom í háls hans, þannig að hann gat varla kyngt, hvað þá heldur komið frá sér skiljanlegri setningu. Hvert einasta kvöld sem hann var í félagsskap hennar reyndi hann aftur og aftur, en orðin neituðu að koma. Hann sagði við sjálfan sig: “Í kvöld mun ég gera þetta. Ég lét ekki líða meira en tíu mínútur og þá spyr ég hana.” Þetta gekk ekki upp. Tíminn leið bara og hann gat ekki fengið sig til að bera upp hina mikilvægu spurningu.

Billy velti sér þjáður upp úr þessu vandamáli. Stundum stöðvaði hann vinnu sína í skurðinum þar sem hann var að grafa, setti hönd undir kinn og starði á sjóndeildarhringinn, meðan hann gróf eftir lausn í hinum frjósama jarðvegi hugar síns. Hvernig átti hann að láta hana vita, að hann vildi giftast henni ef hann hefði ekki hugrekki til að segja frá því? Um tíma velti hann því fyrir sér hvort hann ætti að fá vin sinn, George DeArk, til að biðja hennar fyrir sig. Þetta virtist þó ekki vera rétta leiðin. Hope gæti jafnvel neitað honum, ef hann færi þannig að þessu. Hvernig átti hann þá að fara að? Allt í einu fékk hann hugljómun. Þetta var svarið! Hann ætlaði að skrifa bréf.

Næsta sunnudagskvöld vakti Billy lengi yfir penna og blaði, ígrundaði hverja setningu vandlega, skrifaði og strokaði út þar til þetta tveggja hliða blað lýsti tilfinningum hans eins og hann best gat skilað þeim frá sér. Þar með var þessi þraut að baki. Fyrst datt honum í hug að afhenda Hope bréfið í eigin persónu. Þá sá hann fyrir sér hvernig Hope myndi lesa bréfið meðan hann stæði og horði á, bítandi í varirnar og skjálfhentur og svo spenntur að það gæti jafnvel liðið yfir hann. Hann ákvað að senda það í pósti. Ef hann póstlegði það á mánudegi myndi Hope fá það á þriðjudegi og þá gæti hún svarað honum á miðvikudagskvöldinu þegar þau færu til kirkju. Þetta fannst honum þá, vera ágæt áætlun.

Á mánudagsmorgni sleikti Billy frímerki, límdi það á umslagið og setti það í póstkassa á leið sinni til vinnu.

Seinna þennan sama dag, þar sem hann var við vinnu sína að grafa skurð, þá datt honum svolítið ægilegt í hug. Hvað ef móðir Hope næði í bréfið? Enni Billy varð rennvott af svita og hann varð svo máttlaus í hnjúnum, að hann varð að halla sér upp að hlið skurðarins, til að fá stuðning. Hann hugsaði með sér. “Ef móðir hennar nær í þetta bréf, þá er ég glataður.”

Billy samdi ágætlega við föður Hope, Charlie, en um móður hennar gengdi öðru máli. Hún var alltaf fín og nákvæm og mjög stolt af hárrí stöðu sinni í samfélaginu. Hún bjó á fallegu heimili, gekk í dýrum fötum, var í stórum formlegum söfnuði á staðnum og tilheyrði mörgum áhrifamiklum félögum. Hún leit á Billy Branham sem hvern annan sveitastrák, alls ekki nógu virðulegan til að giftast dóttur sinni. Henni líkaði ekki heldur við það, sem henni fannst vera, þröngsýnar trúarskoðanir Billy. Ef hún sæi þetta bréf myndi hún sjálfsagt mótmæla harðlega. Hún gæti jafnvel gengið svo langt að fá Hope til að hætta að umgangast hann. Billy skalf allur við tilhugsunina.

Á miðvikudagskvöldið stöðvaði Billy bíl sinn bak við skínandi nýjan Buick bíl Brumbach fjölskyldunnar. Hann skildi hurðina á gamla Ford bílnum sínum eftir opna, ef verið gæti að frú Brumbach hefði lesið bréfið og hann þyrfti að flýta sér þaðan í skyndi.

Hope svaraði þegar hann knúði dyra. “Halló Billy. Viltu ekki koma inn fyrir?”

“Ó, nei” hugsaði Billy. “Þú færð mig ekki til að koma þar inn, sem móðir þín er og loka síðan hurðinni”. Hann brosti af veikum mætti og sagði: “Takk fyrir, Hope, en það er svo heitt í dag. Ég ætla bara að bíða hérna úti á veröndinni þangað til þú ert tilbúin.”

“Ó, komdu inn fyrir. Mamma og pabbi vilja hitta þig”.

“Ó, ó, það er búið að koma upp um allt,” hugsaði Billy. Hann gekk spenntur inn, tók hattinn ofan og stóð nærri dyrunum, þess albúinn að leggja á flóttu í skyndingu.

Hope sagði: “Farðu inn í eldhús þar sem mamma og pabbi eru. Ég verð tilbúin að fara til kirkju eftir örfáar mínútur.”

Billy gekk að eldhúsgættinni. Foreldrar Hope sátu við eldhúsborðið. “Góðan daginn, herra Brumbach. Góðan dag, frú Brumbach.”

Charlie Brumbach, sem alltaf var kumpánlegur, sagði: “Sæll Billy. Viltu ekki koma inn fyrir og fá íste?”

“Nei, takk. Ég er ekki þyrstur.”

“Nú, en af hverju kemurðu ekki samt og færð þér sæti?”

Samsærið virtist vera að umkringja hann. Hjarta Billy sló ákaft og hratt. “Nei, takk. Ég ætla bara að standa þar sem ég er, ef ykkur er það ekki á móti skapi. En hve veðrið er búið að vera gott.”

Frú Brumbach sagði: “Já, yndislegt veður.”

Þau þrjú ræddu um veðrið um stund og önnur dægurmál, þar til Hope kom niður. Billy andaði ekki léttar fyrr en hann og Hope stóðu úti á veröndinni og dyrnar höfðu lokast á eftir þeim.

“Billy, þetta er svo yndislegt kvöld, við skulum ganga til kirkjunnar.”

Billy fann kaldan svita spretta fram. Hann hugsaði: “Hér kemur það. Hún ætlar að segja mér að öllu sé lokið okkar á milli. Það er best að ég horfi vandlega framan í hana, vegna þess að þetta er að öllum líkindum síðasta skipti sem við sjáumst.”

En Hope minntist ekki á bréfið á leiðinni í kirkjuna. Þetta olli því að Billy kvaldist af angist alla guðsþjónustuna. Hann heyrði ekki orð af prédikun Dr. Davis. Þess í stað eyddi hann tímanum í að gefa Hope hornauga og hugsa um það hve afskaplegt það væri nú ef hann missti hana. Hún var svo almennileg og siðsöm stúlka. Í dag virtist útgeislun hennar enn meiri en áður. Hann vonaði að hún myndi fá einhvern sem yrði henni góður. Hún verðskuldaði það besta sem lífið hefði upp á að bjóða.

Það var orðið dimmt þegar Billy og Hope yfirgáfu kirkjuna og héldu heimleiðis. Hálfmáni hékk á himni eins og skínandi lampi á næturhimninum. Í hvert skipti sem þau stigu út úr skugga trjáanna, lýsti bjartur máninn á andstæðurnar í andliti Hope, dökkt hár hennar og augu og hvítan, mjúkan vanga. Billy titraði af þrá og löngun innra með sér.

“Jæja, Billy, hvernig fannst þér samkoman í kvöld?:” spurði Hope.

“Ó, hún var ágæt, býst ég við.” Billy fannst sem kjálkar sínir væru gerðir úr pappa. Þeir voru svo stífir og gagnslausir. Hann fylgdist með andliti Hope, hvort hann sæi einhver svipbrigði sem bent gætu til þess að hin örlogaríka stund væri komin. Í hvert skipti sem hún bærði varirnar til að segja eitthvað, var Billy þess fullviss að öllu væri lokið. En í stað þess kom bara tilviljanakennd athugasemd, eins og henni lægi ekkert á hjarta nema lystisemdir þessa heita sumardags.

Þar sem þau nálgudust óðum hús hennar og hún hafði enn ekki minnst á bréfið, tók Billy að gruna að hún hefði alls ekki fengið það. Ef til vill var það í vanskilum í póstkassanum eða hafði týnst á pósthúsinu. Eitthvað hlaut að hafa komið fyrir það. Ef Hope hefði þegar lesið það, myndi hún vissulega vera búin að minnast á það. Billy róaðist við þessa hugsun og hann fékk aftur málið. Hann tók um handlegg Hope. Honum leið vel.

Nú voru þau næstum komin heim til hennar. Þegar eðlilegt hlé varð á samræðunum sagði Hope: “Billy, ég fékk bréfið þitt.”

Kuldahrollur fór upp um bak Billy, hann fékk kökk í hálsinn og gat varla náð andanum. Hann kyngdi og tókst að stynja upp: “Er það?”

Hope sagði: “Ah, hah” og hélt áfram göngu sinni.

Álagið varð Billy óbærilegt. Hann hugsaði: “Kona, segðu eitthvað áður en það líður yfir mig!” En Hope virtist ánægð með að láta orð sín vera í lausu lofti, án frekari útleggunga. Billy hugsaði: “Jæja, ég verð að segja eitthvað, vegna þess að við erum alveg að koma heim að húsinu hennar.” Hann tók á öllu sínu og sagði: “Lastu það?”

Hún svaraði: “Ah hah.” Það var allt og sumt sem hún gaf út á það.

Billy fannst sem hann væri að verða örviða af spenningi, “Varstu hrifin af því?”

Varir hennar mynduðu lítið, stríðnislegt bros. “Ó, það var allt í lagi með það.”

Billy fann adrenalínið streyma fram í æðarnar. Hann stöðvaði göngu sína og sneri sér við til að líta framan í hana. “Hope.”

“Billy, ég vil mjög gjarnan giftast þér”, sagði hún. “Ég elska þig.”

Næsta dag óku Billy og Hope niður í bæ til að heimsækja skartgripabúð. Billy borgaði 8 dollara fyrir trúlofunarhringina. Hann festi þá með títuprjóni í vasa sinn til að tína þeim ekki fyrir slysi. Síðan hélt hann í þokkafulla hönd Hope og hóf að renna trúlofunarhringnum á fingur henni.

Hope stöðvaði hann. “Billy, heldurðu að það væri ekki herramannslegra ef þú spyrðir fyrst mömmu og pabba?”

Billy fannst sem hjarta sitt sleppti úr slagi. “Ó, ó, hugsaði hann. Komin aftur á upphafspunkt.” Hann var hræddur um að ef frú Brumbach væri mjög gegn þessu, þá gæti Hope hætt við allt saman. Hægt og gegn vilja sínum sagði hann: “Jú, ætli það ekki.” Síðan fékk hann hugmynd. Sjáðu til Hope, þegar við verðum gift, þá deilum við öllu jafnt. Er það ekki?”

“Það er rétt. Ég mun sjá um minn hluta.”

“Og ég um minn. Hvað segirðu um að við byrjum núna. Ég spyr föður þinn og þú móður þína?”

Hope yppti öxlum. “Mér lýst ágætlega á það.”

“Ef til vill ættirðu að láta mig spyrja föður þinn fyrst”, stakk Billy kænlega upp á. Hann vildi fá loforð Charlie fyrst, áður en frú Brumbach fengi neitt um þetta að vita. Það fannst honum að myndi gefa bestu möguleikana í stöðunni.

“Ætlarðu að spyrja hann fljótlega?”

“Ég skal gera það á sunnudagskvöldið.”

Næsta sunnudagskvöld, eftir að Billy hafði fylgt Hope heim úr kirkju, sátu þau á stofugólfinu og voru að hlusta á Victrolagrammófóninn. Charlie Brumbach var að vélrita við skrifborð sitt. Frú Brumbach sat í hægindastólnum sínum og var að hekla. Hope gaf Billy bendingu með svipbrigðum sínum og bentu til föður síns. Billy hristi höfuðið og gaf bendingu í átt að móður hennar. Hann gat ekki spurt föður hennar núna, ekki meðan móðir hennar sat í sama herbergi. Það væri sama og spyrja þau bæði. Móðir hennar gæti farið að skammast og Billy setið eftir með sárt ennið.

Billy stóð upp. “Klukkan er hálf tíu. Það er best að ég fari að koma mér heim.” Hope fylgdi honum til dyra og hélt í hönd hans. Hann sagði góða nótt og reyndi að ganga burt, en hún vildi ekki sleppa hendi hans.

Hún hvíslaði: “Ætlaðu ekki að spyrja hann?”

“Ég get ekki spurt hann, meðan móðir þín situr þarna.”

“Þá fer ég aftur inn í stofu og þú getur beðið hann að koma fram.”

Billy fannst þetta skrýtin aðferð, en honum datt ekkert betra í hug. “Allt í lagi.”

Hope gekk aftur inn í stofu.

Billy ræskti sig. “Herra Brumbach, má ég segja við þig örfá orð?”

Charlie hætti að vélrita og sneri sér við í stólnum. “Vissulega Billy. Hvað er það sem þú vilt?”

“Ég meina úti á veröndinni.”

Frú Bumbach leit upp frá heklinu og lyfti spyrjandi brúnum. Charlie sagði:

“Vissulega” og hann hélt á eftir Billy út á veröndina og lokaði hurðinni á eftir sér.

Billy starði á mánann, sem skein rétt fyrir ofan trjátoppa. “Fallegt kvöld, ekki satt?”

“Sannarlega”, samþykkti Charlie.

“Það hefur verið mjög heitt undanfarið.”

“Það hefur það vissulega verið.”

Billy stamaði, meðan hann reyndi að finna réttu orðin. “Þú veist ah..., ég var að ah..., velta því fyrir mér hvort...”

“Þú getur fengið hana, Billy.”

Billy létti stórlega. Hann langaði til að faðma herra Brumbach að sér, en lét sér nægja að taka þéttingsfast í hönd hans. “Charlie, þú veist að ég er fátæklingur. Ég get ekki hugsað eins vel um hana og þú. Ég þéna ekki nema 20 sent á tímann. En Charlie, hún gæti ekki fundið neinn sem elskar hana meira en ég. Og ég skal vinna mér til blóðs við framfærslu hennar. Ég mun vera henni trúr og ég mun gera það sem í mínu valdi stendur, til að hún verði hamingjusöm.”

Charlie lagði sína stóru hönd á öxl Billy. Billy, ég veit að þú elskar hana og ég vil frekar að þú eignist hana á þeim grundvelli en einhver sem færi illa með hana, alveg sama hve ríkur hann væri. Þar að auki, þá skiptir það ekki öllu máli hve mikið maður á í lífinu, heldur hve ánægður maður er með það sem maður hefur.”

“Þakka þér fyrir Charlie. Ég skal muna það.”

Billy spurði Hope aldrei að því, hvað móðir hennar hefði sagt þegar hún spurði hana, það var nóg að vita að frú Brumbach myndi ekki standa í vegi þeirra.

Brúðkaupsdagurinn var ákveðinn í júní á komandi ári.

## 16. kafli.

### Eins og skrattinn úr sauðarleggnum.

1933-1934

**Byggingunni á horni Áttundastrætis og Pennstrætis**, var lokið seint í september 1933. Af kærleika og virðingu fyrir forstöðumanninum, kaus söfnuðurinn að kalla bygginguna “Branhamtjaldbúðina.” Hún var ekki í laginu eins og venjuleg kirkja. Það var enginn kirkjuturn, enginn stórvaxinn kross, engin hvelfing. Þetta var einföld steinsteypubygging með tjörubornu þaki, einfaldri framhlið og einföldum ferhyrnum gluggum og hurðum. Sumir nágrannarnir gerðu grín að og sögðu hana frekar líkjast bílskúr eða geymslu en kirkju. En William Branham fannst hún fögur. Hann setti



púltið á nákvæmlega þann stað, þar sem hann hafði kropsið þegar Drottinn hafði gefið honum innblásturinn til að kaupa þetta land. Hann setti þrjá róðukrossa fyrir framan áheyrendurna, einn á púltið og tvo til sitt hvorrar hliðar, alveg eins og hann hafði séð þá staðsetta í sýninni.

Það kostaði alls 2000 dollara að fullgera þetta verkefni með láni frá bankanum til 20 ára. Það var mikil fjárhæð fyrir fátækan söfnuð, í miðri efnahagskreppu. Til að vera viss um að Branhamtjaldbúðin gæti staðið við mánaðarlegar skulbindingar sínar, neitaði Billy að taka af tíund fólksins eða fórnnum til sinna þarfa, heldur vildi hann að allir peningarnir færu til byggingarinnar.

Billy hélt starfi sínu hjá hinu opinbera, þótt hann færði sig yfir í aðra deild. Núna var hann línumaður, sem sá um að yfirfara háspennulínurnar sem lágu í gegnum skóglendið. Þetta samræmdist mjög vel skógarvarðarvinnu hans og oft gat hann sinnt þeim á sama tíma. Þetta var heppilegt, vegna þess að hann þénaði enn ekkert á skógarvarðarstarfinu.

Ein leið Billy, til að halda öllum kostnaði í lágmarki, var að láta gólfið vera moldargólf. Þegar jörð fraus úti, fraus gólfið einnig. Billy kom snemma, fyrir eina miðvikudagssamkomuna og kveikti upp í báðum kolaeldavélunum, til að hita upp áður en söfnuðurinn kæmi. Fólkið gekk til kirkju á frosinni jörð. En þegar samkomunni lauk, hafði gólfið þiðnað og var orðið að einni forarleðju. Jafnt ömmur sem barnabörn sukku upp að ökklum við að komast út. Þótt allir hlægju hjartanlega að þessu eftirá, þá huldu þau einnig gólfið með sagi, til þess að þetta kæmi ekki fyrir aftur.

Billy sinnti skyldum sínum sem forstöðumaður með þrótti æskumannsins og brennandi áhuga ungs manns, sem hefur loks fundið ástríðu sína. Fyrir utan venjuleg skyldustörf sem við var að búast eins og prédíkun, ráðgjöf og að biðja fyrir sjúkum, leiddi hann einnig lofgjörðina, borgaði skuldirnar og hreinsaði öskuna úr eldavélinni. Billy gaf tíma sinn til hvers starfs, sem þurfti að framkvæma.

Þar sem Billy var bæði nýlega orðinn kristinn og nýlega orðinn forstöðumaður safnaðar, þá varð hann fljótt fyrir margskonar nýrri lærdómsríkri reynslu. Og sumt var óvænt. Þegar hann kom heim eitt kvöldið á bíl sínum, þá lýstu framljósin á drykkjumann, sem slagaði eftir veginum. Þetta reyndist vera Wayne Bledsoe, ungur maður, sem hafði verið vinur Edwards, bróðir Billy. Enn var lögbann á áfengi, svo Billy tók drykkjumanninn upp í og fór með hann heim með sér, áður en armur laganna næði til hans. Hann hjálpaði Wayne inn í húsið, lét hann hátt í sitt eigið rúm og bjó sjálfum sér svefnstað á sófanum.

“Wayne, skammastu þín ekki fyrir sjálfan þig?,” skammaði Billy hann.

“Eggji seija detta, Billy.”

“Drykkja er ekkert svar. Hún mun drepa þig fyrir tímann. Þú ættir að gefa Jesú líf þitt. Þá mun tími þinn ná inn í eilífðina.”

“Æi, Billy.”

Billy lagði hendur sínar á enni Wayne. “Ég ætla að biðja fyrir þér, Wayne.”

Fyrir utan ók leigubíll upp að húsinu. Kona knúði hart dyra og kallaði: “Bróðir Billy, bróðir Billy!”

Billy hugsaði: “Almáttugur, einhver hlýtur að vera að deyja.” Hann kveikti ljósin, fór í fötin og hljóp til dyra.

Hin átján ára gamla Nellie Sanders stóð í dyragættinni, fól í framan, augun rauð og þrútin.

“Nellie, komdu inn.”

Nellie steig inn fyrir. “Ó, Billy, ég er glötuð, ég er glötuð.”

“Hvað er að, Nellie? Ertu að fá hjartaáfall?”

“Nei, bróðir Billy. Ég var á gangi niður Springstræti og ég ætlaði ekki að gera neitt af mér, alveg satt, bróðir Billy.”

Hugur Billy snerist eins og skopparakringla, meðan hann velti því fyrir sér hvernig hann ætti að eiga við þessa móðursjúku stúlku. “Róaðu þig niður systir. Segðu mér hvað gerðist.”

Nellie var sjálf ný í trúnni. Hún var ein af þeim, sem snúist höfðu til trúar á tjaldsamkomum hans í júní. Áður en hún gaf Jesú hjarta sitt, hafði hún verið ein af bestu dönsurum bæjarins og dansfélagi hennar, Lee Horn, átti enn verðlaunagripi þessu til staðfestingar.

Nellie andaði djúpt til að róa skjálfandi hendur sínar. Hún reyndi að tala hægt og skýrt, en orðin komu að lokum svo hratt, að vart var hægt að greina orðaskil. Ég var að ganga framhjá Redmansalnum og þá heyrði ég danstónlist. Ég stansaði í eina mínútu, til að hlusta á. Tónlistin varð fegurri með hverri sekúndunni sem leið. Ég sagði: “Drottinn, þú veist að ég elska þig, en ég man svo sannarlega eftir þeim tímum, þegar ég og Lee unnum alla bikarana og verðlaunin. Ef til vill get ég vitnað fyrir einhverjum, ef ég geng upp þrepin. Svo ég fór upp stigann og áður en ég vissi af, sveif ég um gólfið í faðmi einhvers pilts. Ó, Billy, er ég núna eilíflega glötuð? Ég vil ekki enda eins og Margie.”

Billy mundi eftir Margie W., stúlkunni í sundbolnum, sem hafði neitað að fara úr árabátnum sínum, þegar hann bað hana að fara, daginn sem hann var að skíra þá sem tekið höfðu trú, eftir vakningasamkomur hans í júní. Þegar stjarnan dularfulla hafði komið niður af himni, hafði liðið yfir Margie. Seinna fór hún að drekka. Í drykkjurifrildi var hún lamin með brotinni flösku, svo að hún skarst hræðilega í andliti. Síðast þegar Billy frétti af henni var hún á geðveikrahæli.

Nellie var svo æst að hún skalf öll. Billy reyndi að róa hana. “Nei, systir, þú ert ekki glötuð. En þú gerðir mistök, þegar þú stansaðir til að hlusta á rödd Djöfulsins, sem kallaði þig til baka til þess, sem þú varst áður en þú mættir Jesú. Ég hef ekki verið kristinn lengi, en ég veit þegar, að mestu orusturnar eru háðar í huga mannsins. Það er baráttan milli vonar og efa. Ætlar þú að trúa orði Guðs eða efast um það? Þú verður sjálf að velja um það.”

“Ó, Billy, ég vil velja það að trúa á Jesú.”

Það hafði runnið ofurlítið af Wayne Bledsoe og hann sat upp í rúminu og furðaði sig á öllum látunum.

“Ég veit ekki mikið um Biblíuna,” sagði Billy, “En ég trúi á Jesú og hann sagði þetta: *“Í mínu nafni munu þeir reka út illa anda.”*<sup>1</sup>” Hann setti hendi sína á enni Nellie og bað: “Djöfull, ég veit ekki hver þú ert, en þetta er systir mín og þú hefur ekkert með hana að gera. Farðu út úr henni, núna. Heyrirðu í mér?”

Hurðin byrjaði að opnast og lokast af sjálfu sér *“bang! ,bang!, bang!”*

Nellie varð stóreygð. “Billy, sjáðu þetta. Hvað er um að vera?”

Billy var alveg eins hissa. “Ég veit það ekki.” Hann leit aftur á Nellie og bað. “Vík frá henni Satan, í Jesú nafni, farðu út úr henni.”

Undireins og Billy nefndi nafn Jesú, reis skuggaleg vera upp, bak við Nellie Sanders. Hún leit út eins og risavaxin stöng með sítt hár niður um vængi og fætur. Þessi vera urraði: “Urrrr,” og réðist gegn Billy, sem hrópaði: “Blóð Jesú, verndaðu mig!” Illi andinn breytti um stefnu og flaug í áttina þangað sem Wayne sat. Hann flaug einn hring og hvarf síðan inn í rúmið. Wayne hrópaði upp, með villtu augnaráði og reif af sér ábreiðuna. Hann geystist allsgáður inn í næsta herbergi.

---

<sup>1</sup> Mark. 16:17

Billy keyrði Nellie heim. Þegar hann kom til baka, tóku hann og móðir hans rúmið í sundur og hristu rúmfötin. Þar var ekkert að finna.

Billy var áhyggjufullur yfir þessu og minntist á þetta við nokkra forstöðumenn. Allir höfðu þeir það sama að segja: “Billy Branham, þeir dagar, er menn ráku út djöfla, eru liðnir undir lok. Þar fyrir utan getur enginn séð djöfla. Þetta hlýtur að hafa verið ímyndun þín. Billy hefði mögulega getað vísað þessu á bug sem ímyndun sinni, ef ekki hefði verið fyrir það að Wayne og Nellie sáu bæði birtingu illa andans. Var þetta illi andinn sem stöðugt var að ásækja hann? Fylgdi hann honum eftir? Var hann stöðugt nálægur honum? Var það hann sem bar ábyrgð á öllum undarlegu hlutum sem gerðust í lífi hans, að sýnunum meðtöldum? Þessar og álíka hugsanir kvöldu hann stöðugt og hann velti því fyrir sér hvers vegna líf hans virtist svo frábrugðið lífi annarra forstöðumanna sem hann þekkti.

## 17. kafli.

### Vonarríkt hjónaband. 1934-1935

**William Marrion Branham** giftist Amelíu Hope Brumbach á föstudegi, 22. júní 1934. Billy var 25 ára gamall, Hope var næstum 21 árs. Þau leigðu lítið hús við Grahamstræti 434, ekki langt frá Branhamtjaldbúðinni. Íbúðin var aðeins tvö herbergi. Einn hluta herbergisins notuðu þau bæði fyrir setustofu og svefnherbergi, hitt var eldhús. Í húsinu var ekkert rennandi vatn. Hope varð að sækja vatn í vatnshana skammt frá. Yfir höfuð þá var þetta ekki mikið fyrir hús að sjá. En það kostaði þó fjóra dollara á mánuði, en meira réðu þau ekki við.

Hin nýgiftu hjón hófu búskap sinn með mjög fáum eigum. Billy átti úr sér genginn leðursófa og Fordbíl. Móðir Billy gaf þeim lítið járnrumstæði. Einhver annar gaf þeim flatsæng. Á stað, þar sem rusl var selt, keypti Billy gamla eldavél fyrir sjötíu sent. Síðan borgaði hann 1,25 dollara fyrir að láta setja í hana nýja rist.

Hope fór að vinna í Skyrтуverksmiðjunni Fine til að vinna sér inn peninga fyrir fleiri húsgögnum. Fljótlega höfðu þau næga peninga til að kaupa ómálað borð og stóla frá Sears á 3,98 dollara. Billy málaði settið gult og hafði grænan músasmára á borðinu og stólseturnar grænar, vegna þess að Hope var alltaf að stríða honum á því hve írskur hann væri. Þetta lífgaði verulega upp á heimili þeirra. Samt sem áður voru harðir tréstólarnir ekki til þess gerðir að slaka á í þeim. Billy varð oft svo þreyttur eftir að hafa verið í tveimur störfum á daginn og sinnt skyldum sínum sem forstöðumaður á kvöldin. Hann óskaði þess að hann gæti hallað sér út af í hægindastól á kvöldin, sett fæturna upp í loft og hvílt sig, á meðan hann læsi í Biblíunni sinni.

Þar sem Hope var í vinnu, hugsaði Billy með sér að ef til vill hefðu þau þrátt fyrir allt efni á þægilegu húsgagni. Þau óku saman til Louisville til að festa kaup á bólstruðum hægindastól. Þau fundu Morris stól sem aðeins kostaði 16,98 dollara. Það virtist ekki fjarri lagi. Fylltur af þeim spenningi sem fylgir því að gera nýja hluti afhenti Billy gjaldkeranum þrjá dollara í útborgun og ók heim með þennan líka yndislega fallega græna hægindastól. Þau staðsettu hann í einu horni svefnherbergisins. Billy hallaði sér aftur í mjúkum stólnum og fyllti lungu sín af ilmi hins nýja húsgagns. Honum datt ekki nema eitt orð í hug til að lýsa tilfinningunni: “Himneskt.”

Þessi stóll var mesti munaður sem Billy hafði enn eignast. Eftir að hafa verið á göngu allan daginn meðfram rafmagnslínunum og prédikað út um bæinn hálf kvöldið, bauð Morrisstóllinn hann velkominn, með sínum mjúku setum, svo góðum til hvíldar. Næsta mánuð sofnaði Billy oft í stólnum, með Biblíuna sína opna í kjöltu sinni. Hope vakti hann blíðlega, til að hún gæti hjálpað honum upp í rúm.

En þessi kaup sköpuðu fljótlega vandamál, sem Billy hafði ekki búist við. Samkvæmt samningnum var ætlast til þess að hann borgaði einn dollara á viku upp í skuldina. Þetta reyndust vera peningar sem hann þarfnaðist sárlega annars staðar. Eftir því sem vikurnar liðu hjó þessi vikulegi dollari fleiri skörð í hans knöppu fjárhagsáætlun. Sjöundu vikuna gat Billy ekki borgað. Hann átti ekki til einn dollara, sem hann mætti missa. Næstu viku gekk þetta engu betur. Þegar Billy missti af þriðju greiðslunni í röð hringdi fyrirtækið í hann. Billy afsakaði sig og stakk upp á því, með þyngsli fyrir brjósti, að þeir kæmu að ná í stólinn.

Nokkrum dögum seinna, þegar Billy kom heim úr vinnunni, var eldhúsið ilmandi af kirsuberjaböku, uppáhaldsmat hans. Eftir kvöldmatinn borðaði hann tvær sneiðar af kirsuberjaböku sem var þakin í sírópsþykkni. Hann stríddi Hope, “Af hverju ert þú svona góð við mig í kvöld?”

Hún brosti, eins og hún byggi yfir leyndarmáli. “Billy, ég fékk nágrannadrenginn til að grafa eftir ormum í dag. Hvað segir þú um að við förum niður að á og veiðum í svolitla stund?”

Þetta fannst Billy skrýtið vegna þess að Hope hafði ekkert mjög gaman af veiðum. “Förum fyrst inn í hitt herbergið og setjumst örlytla stund, til þess að ég geti melt kirsuberjabökuna ofurlítið.”

“Nei, Billy, förum strax að veiða.” Rödd hennar var allt að því biðjandi.

“Elskan, hvað kom fyrir í dag?”

Hope sagði: “Ekkert,” en augu hennar voru vot.

Billy grunaði hvar vandinn lægi, svo hann sagði aftur. “Förum fyrst inn í hitt herbergið.” Þegar hún missti andlitið, vissi hann að grunur hans var réttur. Hann tók utan um hana og saman gengu þau inn um dyrnar. Morris stóllinn var horfinn.

Hope lagði höfuð sitt upp að brjósti Billy og sagði snöktandi: “Ó, Billy, ég reyndi að halda honum fyrir þig. Ég reyndi það svo mikið.”

Billy þrýsti henni upp að sér. “Ég veit það elskan mín. Þetta er ekki þér að kenna. Við gátum ekkert að þessu gert. Einhvern daginn verður þetta öðruvísi. Guð mun einhvern tíma opna dyr og við getum eignast góðan stól.”

Hún leit upp svo hún gæti horft í augu eiginmanns síns. “Ég vona það, Billy.”

**Þrátt fyrir** hin óhjákvæmilegu óþægindi fátæktarinnar voru Billy og Hope Branham mjög hamingjusöm saman. Þau mátu hvort annað mikils og óendanlegur kærleikur þeirra breiddi yfir sérhverja misfelli sem á vegi þeirra varð. Í desember 1934 varð Hope ófrísk. Þau voru bæði himinlifandi yfir því að vera að eignast barn. Vegna þess að forfeður Billy voru írskir og forfeður Hope voru þýskir, þá stríddi hann henni með því að segja: “Ef það er drengur þá köllum við hann Heinrich Michael.”

Hope greip andann á lofti: “Ó Billy, það hljómar hræðilega.”

13. september 1935 fékk Hope hríðir. Þetta gekk erfiðlega og hún var næstum dáið við að fæða barnið. Billy gekk fleiri kílómetra fram og aftur í biðstofu sjúkrahússins. Klukkan þrjú um eftirmiðdaginn, heyrðist barnsgrátur. Á þeirri sömu stundu hrópaði Billy: “Þakka þér Drottinn! Það er drengur og nafn hans mun verða Billy Paul.”

Eftir nokkrar mínútur, kom læknirinn út úr fæðingarstofunni. Brosandi sagði hann: “Herra Branham, ég gæti víst kafið þig borgunar fyrir gólfdukkinn sem þú ert búinn að ganga til húðar. En þetta var vel þess virði. Þú hefur eignast dreng.”

Eftir að Billy hafði sannfært sig um að allt væri í lagi með konu sína, gat hann ekki staðist þá freistingu að grínast. “Elskan, ég er búinn að breyta um skoðun. Ég held við eigum ekki að kalla hann Heinrich Michael. Fyrst hann fæddist föstudaginn þrettánda, finnst mér að við ættum að kalla hann óheillakráku.”

Hún hló. “En Billy, mig langaði til að nefna hann eftir föður sínum.”

“Þá skulum við nefna hann eftir föður sínum og einnig eftir postulanum mikla, Páli. Við skulum kalla hann Billy Paul.”

Í október 1935 tilkynntu blöðin innrás Mússólíní í Eþíópíu. Ítalía hafði ráðist inn í þetta vanþróaða ríki með nútímastríðsvélum sínum og fljótlega barið niður alla mótspyrnu Eþíópíumanna. Evrópa lýsti yfir vanþóknun sinni og reiði vegna þessarar óvæntu innrásar með því að lýsa yfir viðskiptaþvingunum á hendur Ítalíu.

Billy las fréttirnar af miklum áhuga. Hann skildi ekki hvaða merkilega afl leyfði honum að skyggjast inn í framtíðina. En hvað sem það var, þá rættust alltaf þeir

atburðir sem hann sá. Hann velti því fyrir sér hvort þetta gæti verið frá djöflinum komið, eins og vinir hans, forstöðumennirnir, héldu fram. Hann var mjög ringlaður yfir þessu.

Einn sunnudag eftir guðsþjónustuna heyrði Billy Walt Johnson segja: “Þið hefðuð átt að heyra í þessum heilagsandahoppurum í gærkvöldi.”

Billy blandaði sér í samræðurnar. “Hvað er það, bróðir Walt?”

Walt var að tyggja appelsínubörk, fyrir meltinguna. “Hvítasunnnumenn, Billy. Það sést ekkert því líkt, þeir hoppuðu upp og niður og veltu sér í gólfinu. Og þeir sögðu, að ef þú blaðrir ekki á einhverju óskiljanlegu máli, sértu ekki frelsaður.”

“Hvar átti þetta sér stað?”

“Á tjaldsamkomu hinu megin við Louisville. Hópurinn kallar sig ‘Hús Davíðs’. Og þeir kalla samkomurnar ‘Skóla spámannanna.’ Litað fólk, auðvitað.”

“Ó, það skýrir þetta,” sagði Billy, sem vissi á hve sterkan hátt litað fólk tjáir trú sína.

“Það var fullt af hvítu fólki þarna líka.”

“Í alvöru? Gerði það þetta líka?”

“Jú, það gerði þetta líka.”

“Það er furðulegt. Og fólk vill láta bendla sig við eitthvað þessu líkt?” Billy hrsti höfuðið. “Jæja, ég býst við að hjá svona löguðu verði ekki komist.”

En þessi lýsing hafði vakið forvitni Billy og mánudagskvöldið ók hann yfir ána til Louisville til að rannsaka þetta. Þótt hann sæi engan velta sér í gólfinu, þá var hópurinn vissulega spenntur yfir einhverju og þeir virtust boða merkilegar kenningar.

Meðan á samkomunni stóð, stóð upp óvenjulegur miðaldra maður til að vitna. Hann minnti Billy á spámann úr Gamla testamentinu, með grátt hár niður á herðar og krullað skegg sem liðaðist niður brjóst hans. Vitnisburður hans var jafn sláandi og útlit hans. Hann kynnti sig sem John Ryan frá Dowagiac í Michigan. Hann sagði að Drottinn hefði sagt honum að fara til Louisville í Kentucky til að vitna á þessari samkomu. Hann talaði um kraft Guðs, eld hvítasunnunnar og skírni Heilags Anda. Vitnisburður hans var svo sannfærandi, að Billy ákvað að hann vildi hitta þennan mann.

Þeir töluðu lengi saman eftir samkomuna. John Ryan sagðist hafa verið fimleikamaður í fjölleikahúsi. Í mörg ár tilheyrði hann kaþólsku kirkjunni, en eftir að hann gaf Jesú hjarta sitt varð hann hvítasunnumaður og ferðaðist nú þangað sem Drottinn leiddi hann og vitnaði um kraft Guðs hvar sem hann kom.

Billy sagði honum frá hinni sjöföldu sýn sem hann hafði fengið í júní 1933. Þegar John Ryan heyrði að einn hluti sýnarinnar hefði sagt frá innrás Mússólíní í Eþíópíu, réði hann sér varla af spenningi og spurði hvort þeir gætu rætt þetta seinna. Það var í lagi Billy vegna, svo hann bauð gamla mannum heim með sér og gistingu um nóttina.

Næsta morgun sátu þeir lengi við eldhúsborðið, meðan Billy greindi frá ýmsum af sínum óþægilegu upplifunum. Billy fannst hann frjálssari í samræðum við þennan ókunnuga mann, en prédikara sem hann hafði þekkt í mörg ár.

John Ryan hvatti Billy til að taka vel eftir sýnunum og kom með þá tillögu að þetta væri rödd Guðs sem talaði til hans. Síðan fór hann að tala um eitthvað sem hann kallaði “hvítasunnureynsluna”, sem hann sagði að væri kraftur Guðs, sem lifandi, kröftugt afl í lífi sérhvers kristins manns. Billy náði þessu ekki alveg. Maðurinn notaði hugtök sem honum voru ókunnugleg, eins og: “Skírni í Heilögum Anda”, “tungutal” og “útlekking á tungum”. En eitt var augljóst: John Ryan trúði svo sannarlega því sem hann sagði. Hann fylltist andagift meðan hann talaði. Allt í einu lyfti hann höndum og byrjaði að tala á undarlegu máli. Eftir stutta stund hætti hann.

Hann gekk kringum borðið og sagði: “Bróðir Billy, þetta er útlekkingin. Þú ert aðeins piltur enn sem komið er. Það er mikið af ungdómi í þér ennþá. En einhvern tíman mun Guð nota þig til að vekja upp þjóðirnar.”

## 18. kafli.

### Mistök eftir Mishawaka.

1936

Á næstu mánuðum bauð William Branham John Ryan nokkrum sinnum að dvelja á heimili sínu og kynntist honum þar með betur. Þrátt fyrir að Billy félli illa sú venja John að tala í tungum, þá virti Billy kristilega göngu mannsins. John Ryan var mjög auðmjúkur og gefinn fyrir bænir og að fylgja leiðsögn Drottins.

John Ryan bjó í Dowgiac í Michigan, lítilli borg um 507 kílómetra norður af Jeffersonville, hinu megin við landamæri Indíana. Hann bauð Billy að koma og dveljast hjá sér og gerði hann uppvægan með frásögum af frábærri veiði í Papaw vatninu.

Þetta freistaði Billy. Þrátt fyrir að hann hefði ekki farið í frí í mörg ár, þá hafði hann samt áhyggjur af kostnaði við að fara í slíka ferð. Hope hafði sparað 8 dollara af launum sínum í skyrtuverksmiðjunni. Hvernig gat hann réttlætt það að eyða af þessu sparifé konunnar sinnar, sem hún hafði erfiðað fyrir vegna ferðalags, þegar þau vanhagaði um svo margt. Hope hafði annað álit á málinu. Þar sem hún hafði unnið fyrir fénu, fannst henni að hún ætti að hafa eitthvað að segja um það, í hvað þeir færu. Og hún vildi að maðurinn sinn notaði þá til að taka sér hlé frá störfum. Billy sagðist myndu gera það og hann vildi að hún færi með sér. Því neitaði Hope og sagðist frekar vilja vera heima og hugsa um hinn níu mánaða gamla Billy Paul. Þar að auki var hún komin þrjá mánuði á leið með annað barn þeirra. Marga morgna var hún þreytt og dauf, þannig að hún hélt að hún myndi hvort sem er ekki geta notið ferðarinnar.

Þannig að í júní 1936 setti Billy bensín á Fordinn sinn og hélt í frí norður á leið. Þegar hann kom til Dowgiac í Michigan, bauð frú Ryan hann velkominn. Billy til mikillar undrunar var John Ryan ekki heima. Frú Ryan útskýrði málið: “Drottinn kallaði hann til að fara eitthvað inn í Indíanapólís.”

Billy leit í kringum sig í litla tveggja herbergja hreysinu. Skáparnir voru hurðalausir og hann gat séð að þeir voru tómir. “Meinarðu að þú leyfir manninum að stinga svona af og skilja þig eftir matarlausu í húsinu?”

“Ó, en bróðir Billy, hann er þjónn Guðs”, sagði hún. “Guð blessi þig, systir. Ef þú lítur þannig á manninn þinn, þá mun ég ekki heldur gagnrýna hann.”

Eftir að hafa verið allan daginn við veiðar í Papawvatninu, fór Billy heim með veiði sína til frú Ryan. Hún átti ekki einu sinni olú til að steikja fiskinn, þannig að Billy ók niður í bæ og keypti matvörur handa henni.

Á föstudagsmorgni hélt Billy áleiðis heim. Þegar hann var að aka í gegnum bæinn Mishawaka í Indíana, kom hann auga á bíl með skilti sem á stóð: “Aðeins Jesús”. Billy hugsaði með sér: “Hvað þýðir þetta eiginlega?” Síðan sá hann annan bíl með skiltinu: “Aðeins Jesús” og annan og einn enn. Skiltið virtist vera alls staðar, límt á Forda, Buickbíla, kádiljaka og jafnvel á hjól. Fyrir forvitni sakir elti Billy einn bílinn og kom þá að stórri kirkjubyggingu í hinum enda bæjarins. Hliðargötturnar og strætín voru full af ökutækjum, sem flest höfðu skilti í glugganum með: “Aðeins Jesús” áletruninni. Þegar Billy ók framhjá kirkjunni barst honum söngur til eyrna í gegnum opna gluggana. Söngur safnaðarins heyrðist, jafnhliða hrópum og köllum einstaklinga. Þetta virtist vera svipuð samkoma og Billy hafði farið á í Louisville, þar sem hann



hitti hópinn sem kallaði sig “Hús Davíðs”. Hann hugsaði: “Nú, hér get ég séð hvernig þetta ‘heilagsandalið’ er.”

Hann lagði bílnum og gekk inn. Helgidómurinn var troðfullur. Hér voru að minnsta kosti 2000 manns, bæði hvítir og svartir. Billy þurfti að standa uppréttur bakatil og horfa yfir höfuð fólksins, til að sjá það sem fram fór. Einhvers staðar heyrðist í píanói fremst í byggingunni. Fólkið klappaði höndunum og söng af krafti: “Einn af þeim, einn af þeim, ég svo glaður er, ég er einn af þeim.” Konur kölluðu og það fór hrollur um Billy. Síðan fór einhver að dansa, dansa af miklum krafti. Fljótlega slógust aðrir í hópinn. Allur skarinn virtist dansa og hreyfa sig í takt við tónlistina.

Í fyrstu hugsaði Billy: “Úff, hvílíkir kirkjusiðir. Hvað er eiginlega að þessu fólki?” En því lengur sem hann stóð þarna, því betur leið honum. Hugsanir hans breyttu um stefnu. “Það er ekkert að þeim. Þau eru ekki biluð. Þau eru bara spennt.”

Þegar prédikunin hófst, komst Billy að því að þetta var landsfundur Hvítasunnnumanna. Þau urðu að halda hann í Norðurríkjunum, vegna þess að kynþáttafordómar þjökuðu enn Suðurríkin. Ungur prédikari talaði um skírnl Heilags Anda og pataði út í loftið meðan hann prédikaði. Billy fannst prédikarinn sífellt benda á sig. Þessi prédikari vitnaði sífellt í ritningagreinar eins og Postulasöguna 2:4: *“Þeir fylltust allir Heilögum Anda og tóku að tala öðrum tungum, eins og Andinn gaf þeim að mæla.”*; Postulasöguna 2:38: *“Gjörð iðrun og látið skírast hver og einn í nafni Jesú Krists til fyrirgefningar synda yðar; þá munið þér öðlast að gjöf Heilagan Anda.”* Og Postulasöguna 10:44,46: *“Meðan Pétur var enn að mæla þessi orð, kom Heilagur Andi yfir alla þá, er orðið heyrðu...því þeir heyrðu þá tala tungum og mikla Guð.”*

“Þetta er hluti af Biblíunni,” hugsaði Billy. “Ég hef bara aldrei séð þetta á þennan hátt fyrr. Ef til vill er eitthvað til í þessu eftir allt saman.” Því lengur sem hann hlustaði, þeim mun betur líkaði honum það sem hann fékk að heyra. “Ég hef eitt að segja um þetta fólk. Það skammast sín ekki fyrir trú sína”, var það sem hann hugsaði þegar leið að lokum samkomunnar. “Ég held ég komi aftur í kvöld.”

Billy langaði virkilega til að dvelja lengur og komast að því hvað þessi “skírnl í Heilögum Anda” snerist eiginlega um, svo hann fór út í bíl sinn til að telja aurana sína. Hann átti eftir 1 dollar og 75 sent. Þar sem hann vissi um það bil hve mikið bensín hann þyrfti til að komast heim, þá reiknaðist honum til að hann ætti aðeins um 20 sent eftir sem hann gæti eytt. Það nægði ekki til að leigja herbergi yfir nóttina, en það skipti ekki máli, hann gæti látið sér nægja að sofa úti á akri. Hann ók niður í bæinn og keypti rúnnstykki fyrir 5 sent og áætlaði að hann gæti lifað á þeim í tvo daga. Hann borðaði eitt rúnnstykki, setti afganginn í aftursætið og ók til kirkjunnar til að taka þátt í kvöldsamkomunni.

Áður en samkoman hófst gekk maður upp á sviðið og sagði: “Í kvöld óskum við eftir því að allir prédikarar, sama hvaða kirkjudeild þeir tilheyra, komi hingað upp á svið og setjist niður. Yfir tvö hundruð prédikarar ruddu sér leið upp á sviðið, þar á meðal Billy. Þeir settust í stóla kringum ræðupúltið og sneru að áheyrendum. Þegar allir höfðu fengið sér sæti, sagði maðurinn á bak við púltið: “Það er ekki nægur tími til að þið getið allir prédikað, þannig að við ætlum að biðja hvern og einn að ganga framhjá hljóðnemanum og segja hverjir þið eruð og hvaðan þið komið.”

Hljóðneminn hékk í snúru niður úr loftinu, nokkrum metrum fyrir ofan púltið. Billy hafði aldrei áður séð hljóðnema. Hann virti hann forvitnislega fyrir sér, meðan hann gekk framhjá og sagði: “William Branham, prédikari, Jeffersonville í Indiana.”

Þetta kvöld sá Billy undursamlega og áhugavekjandi hluti sem hann átti eftir að muna alla sína ævi. Það voru tveir menn, sem sátu meðal áheyrenda, sem Guð virtist nota á svipaðan hátt. Annar þeirra stóð upp og talaði á óþekktu tungumáli eins og

skotið væri úr vélbyssu, síðan stóð hinn upp og þýddi á ensku það sem hinn hafði sagt á óþekktu máli. Eftir stutta stund gerðu þeir aftur það sama, aðeins öfugt. Billy, sem dáðist að því hve andlegir þeir hlytu að vera, ákvað að hann yrði að tala við þá áður en hann héldi heimleiðis næsta dag.

Þegar kominn var tími fyrir prédikunina, stökk gamall svartur maður upp á sviðið. Á höfði hans var hvítur hákragi. Hann leit út fyrir að vera mjög máttfarinn og veikburða. Billy furðaði sig á þessu. “Þeir ætla þó ekki að láta þennan vesalings gamla náunga prédika, eða hvað?”

En það var nákvæmlega það sem þeir ætluðu að gera. Gamli maðurinn gekk að hljóðnemanum og sagði: “Kæru börn. Í dag er ritningastaður minn úr Jobsbók 38:4-7.” Hann opnaði Biblíuna sína og las: “*Hvar varst þú, þegar ég grundvallaði jörðina?... Þá er morgunstjörnurnar sungu gleðisöng allar saman og allir Guðssynir fögnuðu?*” Þegar hér var komið, í stað þess að halda sig við jörðina, þá fór þessi gamli prédikari tíu milljón ár aftur í tímann og tók að lýsa því sem gerðist á himni þegar jörðin var aðeins hugsun í huga Guðs. Síðan hélt hann í gegnum tímann, gegnum aldirnar alla leið til Þúsundarárísins og nýs himins og nýrrar jarðar. Þegar hér var komið sögu, var hann svo fylltur fögnuði, að hann hrópaði: “Dýrð sé Guði! Haldið þið að ég sé að boða nýja trú? Nei, bræður, ég boða gamla trú á nýjan hátt!” Hoppasasa, hann hoppaði í loft upp, skelti saman hælum og hrópaði: “Hallelújah! Það er ekki nóg pláss fyrir mig hér til að prédika.” Og hann stökk niður af pallinum, lipur sem barn.

Billy starði gagntekinn á hann. Hann hugsaði með sér: “Ef skírn Heilags Anda fær gamlan mann til að hegða sér á þennan hátt, hvað myndi hún þá gera ef hún kæmi yfir mig?”

Eftir samkomuna stansaði Billy við vatnshana til að fá sér vatn að drekka, borðaði rúnnstykki, keyrði síðan upp í sveitina og lagði bílnum við kornakur. Betri buxurnar hans voru orðnar mjög krumpaðar, svo hann reyndi að slétta úr grófu hversdagsbuxunum sínum. Hann lagði þær í framsætið, losaði um aftursætið og lagði það ofan á og vonaði að þungi sætisins myndi slétta úr verstu krumpunum. Síðan lagðist hann niður í grasið undir kirsuberjatré og bað: “Drottinn, hvað er þetta sem ég hef rekist á hér? Er þetta það sem John Ryan kallaði ‘hvítasunnureynsluna?’ Drottinn, hjálpaðu mér til að komast að því um hvað þetta snýst allt saman. Ég hef aldrei séð eins trúað fólk á ævi minni. Ég veit ekki nákvæmlega hvað það er sem þau hafa eignast, en ég finn að það er þetta sem mitt hungraða hjarta hefur verið að leita að. Drottinn, megi ég einhvernvegin öðlast náð hjá þessu fólki.”

Einhvern tíma eftir miðnætti, rúllaði hann skyrtnuni sinni saman til að nota fyrir kotta og blundaði.

Næsta morgun rannsakaði Billy buxurnar sínar. Þær litu ekki mikið betur út en áður, en voru samt skárri en hinar buxurnar hans. Hvað betri skyrtna hans varðaði, þá var hún í slæmu ásigkomulagi. Baptistauppfræðsla Billy hafði kennt honum að maður ætti alltaf að búast sínum bestu fötum áður en maður gengi í hús Guðs. Hann velti því fyrir sér hvort hann gæti fengið það af sér að ganga í Guðshús í hversdagsbuxum og stuttermabol. Síðan hugsaði hann: “Hvers vegna ekki? Hér þekkir mig enginn. Þetta verður allt í lagi.”

Hann kom snemma til kirkju. Meðan helgidómurinn fylltist af fólki, settist blökkumaður honum til annarrar handar og hvít kona til hinnar. Eftir lofgjörðarþjónustuna, steig maður upp á pallinn, gekk að hljóðnemanum og sagði: “Hér var í gær yngsti prédikarinn sem hjá okkur er, William Branham frá Jeffersonville í Indíana. Við viljum að hann komi hér fram og flytji okkur morgunboðskapinn”.

Billy trúði varla sínum eigin eyrum. Hann leit á ósnyrtileg föt sín og beygði sig síðan ósjálfrátt aðeins niður í sætinu.

Maðurinn endurtók: “Veit einhver hér hvar William Branham er staddur, prédikari frá Jeffersonville? Hann var hér á pallinum í gærkvöldi. Við viljum að hann tali til okkar orð Guðs.”

Billy seig enn lengra niður í sæti sitt. Blökkumaðurinn við hlið hans sagði: “Heyrðu, þekkirðu hann?”

Hann vildi ekki ljúga, svo hann hvíslaði að manninum: “Já, ég kannast við hann.”

“Er hann hérna einhversstaðar?”

“Ah, já, hann er hérna, en...”

“Farðu þá og náðu í hann.”

Þetta stillti Billy upp við vegg. “Nú, sjáðu til, ég skal segja þér nokkuð, ég... er hann sjálfur.”

Blökkumaðurinn brosti og kinkaði kolla. “Mér fannst þú eitthvað niðurdreginn yfir einhverju. Nú, komdu þér þá upp á pall og prédikaðu.”

“Nei, ég get ekki farið fram í þessum fötum.” Billy klappaði á hvíta stuttermabolinn sinn.

“Fólkinu hér er alveg sama hvernig þú ert klæddur. Drífðu þig upp.”

“Nei, ég get það ekki.”

Það heyrðist aftur í hljóðnemanum. “Er einhver búinn að finna William Branham?”

Blökkumaðurinn lyfti hendi og benti á Billy og kallaði: “Hér er hann! Hér er hann!”

Billy stóð hægt á fætur. Augu allra í byggingunni einblíndu á hann. Hann roðnaði svo að það var eins og kveikt væri í eyrum hans. Með Biblíuna undir hendinni, gekk hann inn ganginn og upp á pallinn. Hann gekk sauðslega að púltinu. Mannfjöldinn stressaði hann, jafnvel hljóðneminn gerði hann taugaóstyrkan. En aðallega var hann taugaóstyrkur vegna þess að honum datt ekkert í hug til að prédika.

Þannig að hann byrjaði bara að tala: “Nú, gott fólk. Ég veit ekki mikið um það hvernig þið prédikið, ég var bara á leið eftir veginum og...” Hann lagði Biblíuna sína á púltið og lét hana opnast tilviljanakennt. Meðan hann var að tala, renndi hann yfir fyrsta versíð á blaðsíðunni. Það var Lúkasarguðspjall 16:23: “*Og í helju, þar sem hann var í kvölum, hóf hann upp augu sín...þá kallaði hann.*” Billy þekkti undireins söguna um ríka manninn sem hunsaði betlara að nafni Lasarus. Síðan dó ríki maðurinn og fór til helvítis.

Billy vissi nú hvað hann ætti að prédika. Hann las söguna fyrir áheyrendur og hóf síðan prédikunina. “Þarna er ríki maðurinn í víti. Af hverju var hann í kvölum? Hann sá að það voru engin blóm, þá kallaði hann. Hann sá engin börn, þá kallaði hann. Hann heyrði engan söng, þá kallaði hann.” Billy hélt áfram á þessum nótum og sýndi fram á harmleik lífs sem hefur hafnað fagnaðarerindinu. Því lengur sem hann prédikaði, því dýpra lifðu hvítasunnumennirnir sig inn í efnið, þar til mannfjöldinn titraði af innlifun. “Það var enginn friður þar, þá kallaði hann. Það var enginn kærleikur þar, þá kallaði hann. Það voru engir kristnir þar, þá kallaði hann. Það var enginn Guð þar, þá kallaði hann.” Að lokum kallaði Billy.

Mannfjöldinn reis á fætur og hrópaði til Guðs um miskunn. Þegar hér var komið sögu varð samkoman þokukennð í huga Billy og hann týndi sjálfum sér einhvers staðar í tilfinningaróti iðandi mannfjöldans. Næst þegar hann vissi af sér var hann kominn út á kirkjutröppurnar. Stór, þrekvaxinn maður kom til hans og sagði: “Þú ert prédikari, segir þú?”

“Já, það er ég.”

“Ég er Johnson, safnaðaröldungur frá Texas. Hvað segirðu um að koma til Texas og halda vakningasamkomu?”

Billy leit á háhæluð kúrekastígvél mannsins og barðastóran hatt. “Ert þú prédikari?”  
“Það er ég sannarlega.”

Í því kom annar maður til þeirra, klæddur í föt eins og golfarar klæðast. “Ég er séra Smith frá Miami í Flórída. Það eru fimm hundruð heilagir í söfnuði mínum. Ég vil líka að þú komir og haldir vakningasamkomu fyrir mig.”

Billy lyfti brúnum og hugsaði: “Ég býst við að buxurnar mínar og stuttermabolurinn hafi ekki verið svo fjarri lagi eftir allt saman.”

Kona steig fram og sagði. “Ég stunda trúboð meðal indíána í norðvestur Michigan. Meðan þú varst að prédika sagði Drottinn mér að biðja þig að koma og hjálpa mér með indíánana.”

“Bíðið augnablik”, sagði Billy, “ég ætla að ná í blað.” Meðan hann skrifaði niður nöfn og heimilisföng komu fleiri prédikarar til hans með sömu óskir, þar til Billy hafði fengið svo mörg heimboð, að hann hefði getað ferðast um í heilt ár. Billy var í sjöunda himni. Líf hans myndi umbreytast. Hann gat varla beðið eftir því að komast heim og segja Hope frá þessu.

En áður en hann héldi heimleiðis langaði Billy að hitta tvo menn. Hann leitaði í mannfjöldanum þar til hann fann annan mannanna sem höfðu hrifið hann með máttugu tungutali og útlekkingu. Billy bandaði sér leið þangað og kynnti sig.

“Þú ert ungi maðurinn sem prédikaði áðan,” sagði aldraði maðurinn. “Hefur þú verið skírður í Heilögum Anda?”

“Ég er Baptisti.”

“En hefur þú öðlast Heilagan Anda eftir að þú tókst trú?”

“Nú, bróðir, ég hef ekki það sem þið hafið, ég veit það.”

“Hefur þú einhvern tíman talað í tungum?”

“Nei, það hef ég ekki.”

“Ég get þá sagt þér það undireins, að þú hefur ekki öðlast Heilagan Anda.”

Billy yppti öxlum. “Nú, ef það er það sem þarf, til að hafa Heilagan Anda, þá hef ég hann ekki.”

Meðan þeir töluðu saman, fylgdist Billy vandlega með manninum og leitaði anda hans. Jafnvel þótt Billy skildi ekki einstakan hæfileika sinn, þá var hann smátt og smátt að læra að nýta sér hann sér til framdráttar. Hann hafði komist að því að ef hann virkilega langaði til að vita eitthvað um einhvern, þá gat hann venjulega komist að því, með því að tala nógu lengi við manneskjuna til að ná andanum. Nú virtist hinn eldri kristni maður skynja að eitthvað var um að vera, vegna þess að augu hans hvörfluðu órólega til og frá. Billy lét samræðurnar snúast um samkomurnar og fljótlega kom sýnin. Billy var ánægður, þessi maður var ósvikinn, sannkristinn maður.

Sannfærður um að hann væri á réttri leið, brann sál Billy af þrá eftir að öðlast meira af Guði. Á leiðinni að bíl sínum, rakst hann á hinn manninn sem hafði hrifið hann á samkomunni. Billy kynnti sig.

Maðurinn spurði: “Hvaða kirkju tilheyrir þú?”

“Ég er Baptisti.”

“Þú hefur ekki öðlast Heilagan Anda enn sem komið er, er það?”

“Nú, ég veit það ekki. Ég hef ekki það sem þið hafið, það veit ég.”

“Hefur þú einhvern tíma talað í tungum?”

“Nei, það hef ég ekki.”

“Þá átt þú Hann ekki.”

Allan tímann sem þeir voru að tala reyndi Billy einnig að ná til anda hans. Þegar sýnin loks kom, þá opnaðist líf þessa manns eins og fúlegg. Billy sá að þessi maður var giftur dökkhærðri konu, en bjó nú með ljóshærðri konu og átti með henni tvö börn. Sýnin hélt áfram í þvílíkum smáatriðum að honum var brugðið. Hér var hinn

fullkomni hræsnari ljóslifandi kominn. Þessi maður var ekki “Aðeins Jesús”, hann var “Aðeins á sunnudögum”. Í sýninni sá Billy hann sitja á kránni, hann drakk og bölvaði, síðan sá Billy hann sitja í kirkju á sunnudegi, tala í tungum og flytja spádómsorð! Billy fylltist hrolli. “Fyrirgefðu mér, Drottinn minn. Þessi andi, sem þetta fólk hefur, hlýtur að vera rangur, hvernig gæti þessi hræsnari annars staðið í kirkjunni og spáð?”

Billy afsakaði sig og flýtti sér að bíl sínum. Þegar hann ók burt frá Mishawaka, þá hringsnérust hugsanirnar í kollinum á honum, eins mikið og gamli Fordinn hoppaði upp og niður á veginum. “Drottinn, ég fæ ekki skilið þetta. Hvernig getur hinn sanni Heilagi Andi komið yfir þennan ekta kristna mann og síðan þennan hræsnara? Það getur ekki verið. Ef til vill er þetta rangt hjá mér, en ég fæ ekki séð að þetta sé samkvæmt Biblíunni. Ég held ég ætti bara að láta þetta ‘tungu- og spádómslið’ eiga sig.”

Þá minntist Billy þess sem stendur í Markúsi 16: “*Sá sem trúir og lætur skírast, mun hólpinn verða, en sá sem trúir ekki, mun fyrirdæmdur verða. en þessi tákn munu fylgja þeim er trúá “Í mínu nafni munu þeir reka út illa anda, tala nýjum tungum...”*” Billy hugsaði: “Þetta er ritningin. Hvað á ég að gera við hana?”

Honum tókst ekki að púsla þessu saman, svo hann sneri sér í staðinn að öllum tilboðunum sem hann hafði stungið í rassvasa sinn. Andi hans tók að lifna við, draumur hans breiddi út vængi sína eins og örninn og flaug skýjum ofar og leit með eftirvæntingu niður á framtíðarbraut sína. Hann minntist þess sem Drottinn hafði sagt við hann, daginn sem hann lagði hornsteininn að kirkju sinni: “*Gjör verk trúboða....*” Það virtist svo sem Drottinn væri nú að ryðja brautina fyrir hann, til að gera einmitt það.

Þegar Billy ók upp að húsi sínu, var hann svo spenntur, að hann var þess reiðubúinn að pakka niður og fara burt næsta dag. Hope kom út til að taka á móti honum, dökkt hár hennar blakti í golunni. Um leið og þau föðmuðust fann Hope hve hann var upprifinn.

“Billy, yfir hverju ert þú svona glaður?”

“Elskan, ég fann bestu kirkju í heimi!”

“Hvar ertu búinn að vera?”

“Ég var í Mishawaka. Ástin, hvílík kirkja! Þetta fólk kallar og hrópar. Þau skammast sín ekki fyrir trú sína.”

Hope hnyklaði brýrnar, full efasemda. “Þetta eru ekki ofstækismenn, eða hvað?”

“Ég veit ekki hvernig menn þeir eru, en þeir eiga eitthvað sem ég þarfnast. Ég sá níræðan mann yngjast upp. Sumir tala í óþekktum tungum og aðrir útleggja það sem þeir segja. Og prédikunin! Þeir prédika þar til þeir ná varla andanum, beygja kné sín niður á gólf, upp aftur, anda og byrja aftur. Og sjáðu bara hérna.” Billy veifaði blaðinu með nöfnunum og heimilisföngum. “Allir þessir forstöðumenn vilja að ég komi og prédiki fyrir þá, allt frá Michigan til Texas. Ég ætla að hætta í vinnunni, yfirgefa kirkjuna mína og fara í fullt starf við að prédika á meðal þessa fólks. Ég er með næg tilboð til að prédika í heilt ár. Vilt þú koma með mér?”

Án þess að hugsa sig um eitt andartak, svaraði Hope: “Billy, þegar ég giftist þér lofaði ég að standa með þér þar til dauðinn aðskilur okkur. Auðvitað fer ég með þér. Þar að auki, ef þetta fólk er eins hamingjusamt og þú segir að þau séu, þá vil ég einnig öðlast þessa reynslu. Hvað kalla þau þetta?”

“Þau kalla það “skírn í Heilögum Anda”.” Förum og finnum Jesú á þann hátt.”

Næsta skref var að segja foreldrum þeirra frá þessu. Þegar Billy fór til móður sinnar, sagði Ella: “Billy, ég man eftir draumi sem mig dreymdi, fljótlega eftir að þú frelsaðist. Ég sá þig standa á hvítu skýi og prédika yfir öllum heiminum.”

Óljóst mundi Billy eftir því að hún hafði sagt honum frá þessum draumi, fyrir mörgum árum. Billy yppti öxlum: “Nú, ég veit ekki með allan heiminn, en ég mun vissulega prédika út um öll Bandaríkin. Og mamma, þú ættir að sjá hve hrifið þetta fólk er af Jesú. Þau skammast sín alls ekki fyrir að hrópa nafn hans.”

“Fyrir löngu síðan, í Kentucky, þá voru þeir til sem kallaðir voru gamaldags Baptistar. Þeir létu svona, kölluðu og hrópuðu. Það er trú sem kemur frá hjartanu, Billy.”

“Ég trú á þá trú sem kemur frá hjartanu, mamma.”

Hún klappaði honum á öxlina. “Ég veit þú gerir það, Billy. Ég treysti því að Guð muni blessa þig.”

Það var annað upp á teningnum þegar þau töluðu við móður Hope. Þegar hér var komið sögu voru foreldrar hennar skilin. Charlie Brumbach var fluttur til Fort Wayne í Indíana. Frú Brumbach bjó enn á heimili sínu í Jeffersonville. Þegar hann sat ásamt Hope og frú Brumbach á veröndinni, sagði Billy:

“Frú Brumbach, ég hef fundið yndislegan hóp af fólki. Hope og ég höfum hugsað okkur að fara og ferðast um á meðal þeirra.”

Síðan sagði hann henni frá því sem gerst hafði í Mishawaka.

Frú Brumbach gretti sig. “William, ég vil að þú skiljir það að ég mun aldrei gefa dóttur minni leyfi til að fara út á meðal slíkra öfgamanna.”

“En frú Brumbach, þetta er það hamingjusamasta fólk sem til er í heiminum. Þau skammast sín ekki fyrir trú sína. Það líkar mér.”

“Skítalýður”, hélt hún fram. “Þau eru ekkert nema skítalýður. Gerirðu þér ekki grein fyrir að þetta er bara fólk sem hinar kirkjurnar hafa hent út? Ég mun aldrei gefa þér leyfi til að draga dóttur mína út á meðal slíks fólks. Er það nú hugdetta?”

“En frú Brumbach, ég finn það í hjarta mínu að Drottinn vill að ég sé meðal þessa fólks.”

“Skítalýður”, endurtók hún. “William, af hverju ert þú ekki um kyrrt hjá kirkju þinni, þar til búið er að borga hana, nærð þér síðan í prestsbústað og hegðar þér eins og viti borinn maður. Heldurðu að ég geti verið ánægð með að vita af því að verið sé að draga dóttur mína fram og til baka um landið, í dag fær hún að borða, ekki á morgun, aldrei hrein föt til að fara í eða almennilegan kjól?”

“Frú Brumbach, þetta er ekki tískusýning. Aðalatriðið er að mér finnst þetta vera Guðs vilji.”

“Nei, ég mun sannarlega aldrei leyfa dóttur minni slíka vitleysu.” Hérna sneri frú Brumbach sér við og leit ásakandi á Hope. “Og ef hún fer samt sem áður, þá mun móðir hennar lenda í gröfinni með brostið hjarta.”

Hope greip andann á lofti. “Mamma, meinarðu þetta?”

“Þetta er nákvæmlega það sem mér finnst.”

Hope fór að gráta. Billy tók utan um hana. “En frú Brumbach, hún er konan mín.”

“En hún er dóttir mín.”

Billy sagði. “Já, frú.” Hann stóð upp og gekk út af veröndinni í áttina að bílnum.

Hope kom hlaupandi á eftir honum. “Billy, ég stend með þér hvað sem mamma segir.”

“Ó, þetta er allt í lagi. Gleymum þessu bara.”

“En, Billy, ef þér finnst að Guð vilji að þú farir, þá ættirðu að fara.”

Billy andvarpaði. “Ég held að mér finnist þetta málum blandið. Ég vil ekki særa tilfinningar móður þinnar. Hvað ef eitthvað kæmi nú fyrir hana meðan við værum á ferðalagi. Þú myndir velja því fyrir þér það sem eftir væri ævi þinnar, hvort þú hefðir orðið völd að dauða hennar. Við skulum bara fresta þessu um óákveðinn tíma.”

Þannig hunsaði Billy fyrstu köllun Guðs til að boða trúna um allt land. Þetta reyndust vera verstu mistök sem hann gerði á ævi sinni. Mistök sem áttu fljótlega eftir að verða hörmulega afdrifarík.

## 19. kafli.

### Svart tjald fellur. 1936

**Eins og til að róa** samvisku sína, þá jók Billy mjög umsvif sín í trúboði á svæðunum kringum Jeffersonville. Honum fannst að ævisaga sín gæti mögulega vakið aðra til trúar á Krist. Hann ritaði sumar af upplifunum sínum niður og lét prenta þær í 15 blaðsíðna bæklingi.<sup>2</sup> Hann fékk titilinn lánaðan úr Hebreabréfinu 13:8: “*Jesús Kristur er í gær og í dag hinn sami og um aldir.*” Og hann undirritaði bæklinginn: “Eftir William (Billy) Branham.”

Í formálanum ritar hann:

“Þessi bók er rituð til þess að allir sem lesa hana, megi vita að Drottinn Jesús frelsar og lækna fólki enn í dag. Það er trú mín að hann muni fljótlega birtast aftur.

Þessi bók segir frá því hvernig hann útvaldi fátækan dreng og kallaði hann til þjónustu við sig, hvernig drengurinn flúði Hann og sneri sér síðan til Hans af öllu hjarta.”

Billy hélt áfram á næstu blaðsíðu með bæn:

“Ó, himneski Faðir, ég bið þig að blessa hvern þann sem les þessa bók. Láttu þá vita af því að þú ætlar fljótlega að kalla saman mikinn söfnuð, á þann hátt sem við höfum aldrei fyrr séð. Við trúum ennþá á þig.

Skapaðu þrá í hverju hjarta og ó, Þú, hinn Réttláti, hjálpaðu þínum auðmjúka þjóni að boða þitt orð.

Ég veit að þú faldir mig í eyðimörkinni, eins og þú gerðir við Móse, í einhverjum tilgangi.

Himneski Faðir, hjálpaðu mér að vegsama nafn þitt, því ég bið þess í Jesú nafni.  
Amen.”

Næstu sjö blaðsíður vörpuðu ljósi á óvenjulegt líf Billy. Sagan hófst á því hvernig hann og móðir hans hefðu látið lífið í hríðarbyl, ef nágranni hefði ekki skorist í leikinn. Hann greindi frá röddinni sem talaði til hans úr greinum trés þegar hann var sjö ára gamall og sagði: “*Aldrei drekka eða reykja eða skaða líkama þinn á nokkurn hátt. Þú hefur verk að vinna þegar þú verður eldri.*” Síðan sagði hann frá ferð sinni til Arizona árið 1927 og hvernig lát Edward, bróður hans, leiddi hann aftur heim og neyddi hann til að velta því fyrir sér hvað fyrir liggur eftir þetta líf. Hann skrifaði um það hvernig hann varð fyrir gaseitrun þegar hann var að vinna fyrir hið opinbera, uppskurðinn sem fylgdi í kjölfarið og sýnina af ljóskrossinum sem sneri huga hans til

<sup>2</sup> Upphaflega útgáfan var 15 blaðsíður. Síðari útgáfa var stækkuð upp í 24 blaðsíður.



Guðs. Síðan lýsti hann því þegar hann fyrir kraftaverk læknaðist af magaveiki, köllun sinni til að prédika og að lokum eldhnettinum sem birtist yfir höfði hans þegar hann var að skíra í Ohíoánni árið 1933. (Hann minntist samt ekki á röddina sem sagði, “Eins og Jóhannes skírari var kallaður til að boða fyrri komu Krists, eins ert þú kallaður til að boða seinni komu hans.”)

Þessi orð voru lokaorð bæklingisins:

Kæri lesandi.

Ef það aðeins væri pláss í þessari bók fyrir alla þá mörgu hluti sem hafa gerst. Hvernig kirkjan okkar var byggð og allar kraftmiklu vakningasamkomurnar sem hafa verið haldnar. Fólkhafur þyrpst að, nær og fjær, til að fá lækningu. En ég verð að hafa þessa bók nógu stutta, til þess að hún sé nægilega ódýr, til að allir geti nálgast hana. Þessir hlutir eru til þess gerðir að allir megi vita að Jesús Kristur er hinn sami í gær og í dag og um aldir og að þú ættir að trúa honum og láta frelsast. Ef þú hefur tækifæri til að koma á einhverja af vakningasamkomum okkar, þá vertu svo vænn að koma.”

Tvær blaðsíður af vitnisburðum frá fólki sem hafði læknað fyrir kraftaverk, fylgdu með. Þar á meðal einn frá herra Merrill og annar frá frú Der Ohanion, sem voru fyrst til að lækna í gegnum yfirnáttúrulega sýn eftir að Billy varð kristinn.

Hr. Merrill skrifaði:

“Ég var á sjúkrahúsi í New Albany í Indíanafylki, þegar ég heyrði um bróður Branham. Bíll hafði keyrt á mig. Næstum því öll rifbein voru brotin í mér. Ég hafði tognað í baki. Ég var vonlaust tilfelli hvað læknishjálp varðaði.

Bróðir Branham bað fyrir mér og samstundis hrukku rifbein mín í skorður og bak mitt einnig. Læknirinn gat ekki skilið þetta. Ég stóð upp, fór í fötin, fór heim og í vinnuna.

Lofaður sé Guð fyrir sinn læknaði kraft.”

William H. Merrill  
1034 Clarc Street  
New Albany, Indíana

Frú Der Ohanion skrifaði:

“Ég hafði verið örkumla í mörg ár. Verið rúmleggjandi um tíma. Límur mínir voru krepptir þannig að ég gat ekki gengið. Læknirinn sagði að ég myndi aldrei ganga á ný. Ég heyrði af bróður Branham og að Guð svaraði bænum hans. Svo ég kallaði á hann. Hann og ungur maður, DeArc að nafni, komu og báðu fyrir mér. Samstundis

læknuðust limir mínir. Ég gat gengið. Ég er enn á fótum. Það eru komin fjögur ár síðan þetta gerðist. Ég lofa Guð fyrir sinn undursamlega kraft.”

Frú Der Ohanion  
2223 East Oak Street  
New Albany, Indíana.

Bæklingurinn endaði á tveggja blaðsíðna prédikun um kraft Jesú Krists til að lækna í dag. Billy skrifaði:

“Margir sem lesa Biblíuna segja: “ ‘Ef ég hefði aðeins verið uppi á Biblíulegum tíma. Þá myndi ég fara til Jesú og Hann myndi hjálpa mér.’ Vinur, Hann er hér í dag til að hjálpa þér, sá sami og hann var á þeim dögum. Trú þú aðeins Heilögum Anda. Hann er vitni Jesú. Vertu svo vænn að trúa Honum, þar sem þú ert staddur og þú munt fá lækningu.”

Meðlimir í söfnuði Billy dreifðu eintökum af “*Jesús Kristur er í dag og í gær, hinn sami og um aldir*” til vina sinna og kunningja, sem gáfu hann síðan sínum vinum og nágrönnum. Þessi sannorði bæklingur átti eftir að fara víða um afskekkt staði og orsaka ótrúleg kraftaverk.

**Seinna um sumarið** 1936 voru Billy og Hope á leið til Fort Wayne í Indíanafylki, að heimsækja föður Hope. Billy vildi komast sem fyrst af stað, vegna þess að ef þau kæmu þangað tímanlega, gætu þau náð laugardagskvöldguðþjónustunni í Redigarkirkjunni, kirkju sem hann hafði unun af að heimsækja í hvert skipti sem hann kom til Fort Wayne.

“Hope, ætlarðu nokkuð að fara í bað áður en við förum?” Billy leit taugaóstyrkur á úrið sitt.

“Ég verð ekki lengi. En, Billy, ef við förum í kirkju í kvöld, þá vantar mig nýja sokka. Viltu fara í J.C. Penney og kaupa sokka fyrir mig?”

“Allt í lagi. Ef það flýtir fyrir þér.”

“Jú, það myndi flýta fyrir mér. Hérna eru 60 sent. Passaðu þig nú að kaupa sokka úr chiffon, ekki rayon. Og athugaðu hvort þeir séu heilir. Geturðu munað þetta?”

“Vissulega, heilir chiffonsokkar.”

Chiffonsokkar voru úr ekta silki, mjúkir og munaðarfullir. Þrátt fyrir að þeir voru þrisvar sinnum dýrari, kusu konur, sem vildu vera glæsilegar og nýtiskulegar, þá fram yfir hina. Rayonsokkar, voru á hinn bóginn, teknir fram yfir af eldri konum, sem settu hagkvæmni og verð ofar útlitinu. Billy vissi lítið um kventísku og átti erfitt með að halda rayon og chiffon aðskildu í huga sér. Til að vera nú viss um að gleyma þessu ekki, þá endurtók hann stöðugt það rétta í hugarum, meðan hann var á leiðinni:

“Chiffon, chiffon, chiffon...” Einhver heilsaði honum þegar hann gekk framhjá.

“Halló”, svaraði hann og hélt áfram að muldra: “chiffon..chiffon..chiffon.”

Þegar hann gekk framhjá Orville Spon, sagði gamall veiðivinur, Orville: “Billy, veistu að aborrarnir bíta á hinu megin við síðasta stólpann. Sumir þeirra eru svona stórir.” Orville sýndi lengdina með höndunum.

Billy blístraði, áhugi hans vakinn. Mennirnir tveir ræddu síðan veiðiaðferðir næstu mínúturnar. Þegar Billy hélt leiðar sinnar, hafði hann algerlega gleymt hvernig sokka hann átti að kaupa.

Hvað átti hann nú að taka til bragðs? Hann myndi fyrirverða sig fyrir að fara aftur heim og segja Hope að hann hefði gleymt hvað tegund af sokkum hann átti að kaupa. Allt í einu varð honum hugsað til Thelmu Ford, vinkonu sinnar, sem vann í nálægri verslun. Hún gæti sjálfsagt sagt honum hvaða tegund hann átti að kaupa.

Þegar hann kom í stórmarkaðinn, staðnæmdist Billy í sportvörudeildinni til að dást að uppáhalds 22 kalíbera rifflinum sínum. Þetta var fallett skotvopn, tilvalið til smáfuglaveiða. Billy hafði langað að kaupa hann í meira en ár. En hann kostaði 17 dollara og hann gat ekki einu sinni skrapað saman þremur dollurum upp í afborgunina. Jæja, ef til vill einhverntíma.

Thelma Ford kom til hans. “Sæll Billy, get ég aðstoðað þig?”

“Sæl Thelma. Hope vill að ég kaupi sokka handa henni.”

Thelma fitjaði upp á nefið. “Veistu hvað Billy. Hope vill ekki sokka.”

“Jú, víst vill hún það. Hún vill að þeir séu heilir.”

“Ó, meinarðu kvensokka? Hvaða tegund vill hún?”

Billy fannst hann asnægur og vildi ekki opinbera meira af vanþekkingu sinni, svo hann ákvað að fara auðveldari leið. “Hvaða tegundir eigið þið til?”

“Við höfum margar gerðir. Allt frá rayon til...”

“Það er það sem hún vill, rayon. Hvað kosta þeir?”

“Þeir kosta 20 sent parið.”

“Þá ætla ég að fá tvö pör.”

Billy fannst hann hafa verið glúrin. Þegar hann kom heim stríddi hann Hope. “Þið konur eruð alltaf að tala um það hversu góðar þið eruð í að versla. Þið farið yfir ána til Louisville og eyðið heilum degi í að leita að tilboðum, meðan ég rétt skrepp niður í bæinn hér í Jeffersonville og kaupi tvenna sokka með peningunum sem þú lést mig fá fyrir einum og ég á meira að segja afgang.”

“Keyptirðu chiffonsokka?”

“Já, ég fékk þá.” Chiffon, rayon, það hljómaði alveg eins í hans eyrum.

Hope tók pokann og leit á innihaldið. Hún brosti. “Já, Billy, þú ert sannur tilboðskaupandi.”

Þegar þau komu til Fort Wayne seint um kvöldið varð Billy pirraður þegar Hope vildi stansa við stórverslun áður en þau færu í kirkju. Nokkrum mínútum seinna kom hún tilbaka og hélt á litlum pappírspoka. Hún sagði ekki hvað hún hefði keypt og þar sem Billy var með allan hugann við að komast til Redigarkirkjunnar eins fljótt og mögulegt var, þá spurði hann heldur ekki. Ekki hefði Billy getað ímyndað sér hve fljótt þessi litli sakleysislegi atburður ætti eftir að ásækja hann.

**Sólargeisli** lýsti upp líf Billy þegar dóttir hans fæddist, 27. október 1936. Þau kölluðu hana Sharon Rose, eftir skáldlegu heiti yfir Jesú Krist, “Rósin af Sharon”. Sharon Rose var fallett barn og Billy elskaði hana meira en sólina á heiðskírnum haustdegi. Hann vissi ekki að fæðing hennar yrði síðasti hamingjuvotturinn sem snerta myndi líf hans um margra ára skeið.

Svört ský byrjuðu að hrannast upp í nóvember. Fyrst dó mágkona Billy. Síðan lést einn af bræðrum hans, hinn sautján ára gamli Charles Edward Branham, yngri. Sunnudagskvöld eitt, húkkaði hann sér far á palli vörubíls, sem var ekið af drukknum öikumanni. Bíllinn keyrði á ljósastaur og Charles hentist af og hálsbrotnaði. Billy var að prédika í kirkju sinni þegar þessi atburður átti sér stað. Annar bræðra hans færði

honum fréttina. Billy aflýsti undireins samkomunni, en þegar hann kom til sjúkrahússins var Charles bróðir hans þegar látinn.

Dauði hins unga Charles hafði djúp áhrif á föður Billy. Hann var enn heilsulaus og mjög fátækur. Charles tók nú að ígrunda líf sitt, bæði fortíð sína og framtíð. Morgun einn sá Billy hann sitja á plóginum og gráta. Billy spurði: “Hvað er að, pabbi?”

“Þú skilur það ekki, Billy, en einhvern daginn munt þú skilja. Mig langar að líta gömlu heimaslóðirnar augum. Ég er 52 ára gamall og ég hef ekki komið þangað í um það bil 25 ár.”

“Ef þig langar að fara þangað pabbi, þá skal ég borga ferðina.”

“Einu sinni enn heimsótti Charles staðinn, nálægt Burkesville í Kentuckyfylki, þar sem hann fæddist. Þegar hann kom aftur til Jeffersonville, sat hann á barnum og velti því fyrir sér, hvernig hann hefði eyðilagt líf sitt með áfengisdrykkju. Maður nokkur bauðst til að kaupa drykk fyrir hann. Hann fylltist sektarkennd, en hafði ekki stjórn á sér og þáði þetta. Meðan glasið fylltist af ljósbrúnum vökvanum, sagði Charles: “Hlustið þið piltar. Ég á dreng sem mun standa í ræðupúlti í kvöld. Þessi drengur hefur rétt fyrir sér og ég hef rangt fyrir mér. Látið ekki þennan drykk skaða drenginn minn.” Þegar hann bar glasið upp að vörum sér, skalf hönd hans svo mikið, að helmingurinn af viskíinu helltist niður. Mennirnir stríddu honum. Charles brotnaði niður og grét. Hann tók hatt sinn og gekk út.

Tveimur vikum seinna, 30. nóvember 1936, fékk Charles Branham hjartaáfall. Hann var enn á lífi þegar Billy kom að sjúkra-beði hans. Billy ruggaði höfði föður síns í kjöltu sér. Svörtu, krulluðu lokkarnir voru byrjaðir að grána í vöngum hans. Billy hugsaði: “Það er ég sem veld þessum gráu hárum. Hversu mörgum hjartasárum hef ég sært hann?” Hann leit á hendi föður síns. Þar vantaði einn fingur eftir slys í tætara. Og hann hugsaði um það hversu þessi maður hefði erfiðað við að koma tíu börnum á legg. Billy var alveg sama um það hvað annað fólk hugsaði um Charles Branham. Þessi maður var faðir hans og hann elskaði hann.

Charles leit í augu elsta sonar síns. “Billy”, sagði hann, “ég hef verið slæmur.”

“Pabbi, það er ekki of seint að snúa við.”

Og þarna við rúmstokkinn leiddi Billy föður sinn til Herra alls lífs og allrar vonar, Jesú Krists. Innan klukkutíma var Charles farinn á fund skapara síns. Á þeirri stundu sá Billy engil í hvítum klæðum standa fyrir framan sig. Að minnsta kosti vissi Billy það með fullvissu að sál föður hans hvíldi örugg í Kristi.

**Næsta ógæfa** hófst þremur vikum fyrir jól, þegar bæði börn Billy urðu kvefuð. Fljótlega var Hope farin að hnerra og hósta með þeim. Hitastigið úti var komið niður fyrir frostmark. Hope setti teppi við allar hurðir og gluggasýllur, til að forðast gegnumtrekk. Það hjálpaði svolítið upp á málin, en vegna þess hve illa húsið var einangrað, þá átti eldavélin í mesta basli með að halda hita á herbegjunum tveimur.

Árið 1936 bar jólin upp á föstudag. Á aðfangadag fór Hope ásamt vini sínum, yfir ána til Louisville í Kentucky, til að kaupa gjafir handa börnunum. Billy fór til vinnu sinnar eins og venjulega. Í hádegishléinu fór hann í bankann og opnaði sparireikning fyrir Sharon Rose og lagði 80 sent inn á hann, sem var jólagjöf hans til tveggja mánaða gamallrar dóttur sinnar. Síðan fór hann með jólagjafir til vinar síns, Sam Adair, sem var nýkominn heim úr læknskóla og hafði opnað læknastofu í Jeffersonville.

Seinna þennan dag fékk Billy áriðandi símtal. Það hafði liðið yfir Hope úti á götu, þar sem hún var að versla í Louisville. Nú var hún í rúminu heima og þarfnaðist sárlega umönnunar hans. Billy flýtti sér heim og fann Hope, vafða inn í teppi. Hún skalf óstjórnlega. Hann þreifaði á enni hennar. Það var brennandi heitt.

Billy hringdi í Sam Adair, sem kom samstundis heim til þeirra. Adair læknir smeygði munnmæli undir tungu Hope. Hann hlustaði hana með hlustunartæki sínu og gretti sig. Síðan athugaði hann hitann. “Almáttugur, hún er með yfir 40 stiga hita. Billy, þetta er alvarlegt. Hún er með lungnabólgu. Þú verður að gefa henni appelsínusafa í alla nótt. Láttu hana drekka að minnsta kosti sjö lítra í nótt til þess að lækka hitann.”

Billy sat við rúmstokk Hope alla nóttina og gaf henni safu að drekka á nokkurra mínútna fresti. Á jóladagsmorgun hafði hitinn lækkað töluvert.

Frú Brumbach kom við til að sjá dóttur sína og leist ekki á kalt herbergið, þar sem var dragsúgur. “William, þetta hús er ekki nógu heitt til að halda hita á Hope. Ég ætla að fara með hana heim til mín.”

Billy sagði: “Ég vil frekar spyrja Sam Adair hvort við eigum að færa hana.”

“Adair? Ég myndi ekki spyrja hann um neitt. Sá drengur hefur ekki einu sinni vit á að forða sér inn úr rigningu. Ég fæ Dr. Lawrence til að líta á hana.” Hún fór.

Billy hringdi í Sam Adair, sem ráðlagði honum. “Billy, alls ekki flytja hana. Ef Hope fer út í frostið, verður það hennar bani.”

“En læknir, móðir hennar mun gera það, samt sem áður.”

“Þá sinni ég ekki þessu tilfelli lengur. Billy, þú veist að ég elska þig sem bróður minn, en ég get ekki borið ábyrgð á Hope undir þessum kringumstæðum. Ég verð að hætta að stunda þetta tilfelli og afhenda það Lewis lækni.”

“Nú, læknir, þú veist hvað mér finnst um málið.”

Hugur Billy var í uppnámi. Hann gekk yfir til kapellunnar, kraup niður og bað: “Drottinn, ég elska konu mína. Vertu svo góður að miskunna þig yfir hana og lækna hana. Viltu gera það, Herra?”

Billy sá svart tjald falla niður fyrir framan hann, eins og leiktjald. Hann greip andann á lofti, í hryllingi yfir sýninni. Síðan komu svört ský og huldu sólina, meðan hann fylgdist með. Ofsafengið regn helltist yfir landsbyggðina og fengu Ohioána til að svella, þar til flæddi yfir skurðina sem vernduðu Jeffersonville og það varð flóð í þeim hlutum bæjarins sem lægst stóðu. Hann sá mann koma og mæla flóðið með stiku og vatnið á Springstræti mældist 20 fet á dýpt.

Þessi sýn olli Billy óróa. Hingað til hafði allt það, sem hann hafði fengið að sjá í svip inn í framtíðina, orðið að raunveruleika. Hann deildi sýninni með fólki víðsvegar um bæinn og vonaði að fólk myndi hlusta, vera reiðubúið og að fyrir það myndu mannlíf bjargast. En þeir sem hann sagði frá þessu annað hvort flissuðu, kímdu eða skellihlógu. Jafnvel fólk í hans eigin söfnuði var vantrúað, eins og Jim Wiseheart öldungur, sem sagði: “Billy, verstu flóð sem við höfum orðið fyrir urðu árið 1884 og þá var vatnið aðeins 15 sentimetra yfir Springstræti.”

Billy endurtók sýnina: “Ég sá mann stíga niður af himni, taka upp mælistiku, mæla vatnið á Springstræti og segja tutugu og tvö fet.”

Jim Wiseheart gerði grín að honum: “Æ, Billy, þú ert bara upprifinn.”

“Ég er ekki upprifinn. Þetta er. “Svo segir Drottinn!” Og það sem meira er. Sami Drottinn og sagði mér að það myndi verða flóð, sýndi mér svart tjald sem er fallið milli mín og hans. Eitthvað hefur aðskilið okkur. Hann heyrir mig ekki þegar ég bið fyrir konu minni. Ég er hræddur um að hún komist aldrei yfir þetta.”

## 20. kafli.

### Hið hörmulega flóð. 1937

**Jafnvel þótt** Billy Paul og Sharon Rose jöfnuðu sig fljótlega eftir kvefið, þá losnaði Hope ekki við lungabólguna. Hún eyddi janúarmánuði í rúminu heima hjá móður sinni, án þess að geta björg sér veitt. Billy hugsaði um börn sín eftir vinnu, en á daginn varð hann að skilja þau eftir hjá barnfóstru. Hann réði Medu Broy. Meda var nú næstum átján ára gömul. Hún hafði útskrifast úr framhaldsskóla í maí og ekki getað fundið vinnu, þannig að þetta var góð leið fyrir hana til að vinna sér inn svolítið af peningum og aðstoða forstöðumanninn sinn um leið.

Seinni hluta janúarmánaðar 1937, skall stormur á norðausturströnd Bandaríkjanna. Í tvær vikur steiptist kalt regnið yfir hið víða landsvæði vestur af Appalakkíafjöllum og Ohioáin drakk það í sig. Með hverjum deginum sem leið, hækkaði áin yfirborð vatnsins við stíflugarðana sem vernduðu Louisville og Jeffersonville. Og enn rigndi, stundum snjóaði, en oftar var slydda. Menn héldu stöðugan vörð um stíflugarðana. Ef einn þeirra brysti, myndi vatnið flæða yfir mörghundruð kílómetra af ræktuðu landi, sem og bæina á lægst liggjandi stöðunum á svæðinu. Flóðgarðarnir voru vel gerðir, en þeir voru bara mold. Þeir myndu ekki geta staðist stöðugan vatnsflaum í langan tíma. Eftir því sem dagarnir liðu veikluðust stíflurnar. Að lokum rann upp sá dagur í miðjum febrúar að yfirvöldin ákváðu að flytja burt alla sem bjuggu á hættusvæðum.

Allan þann dag voru vegirnir fullir af fólki, sem flutti sig á svæði sem lágu hærra. Hús Billy og hús frú Brumbach voru bæði staðsett á svæðum sem hættan vofði yfir, svo að Billy varð að finna einhvern stað til að flytja konu sína á. Fyrst athugaði hann sjúkrahúsin. Til allrar óhamingju reyndust þau öll vera full. Það þýddi að hann varð að flytja konu sína og börn á bráðabirgðasjúkrahús, sem reist hafði verið af yfirvöldunum. Síðan gekk hann í lið með þeim sem unnu að brottflutningnum.

Þrátt fyrir nægar viðvaranir, dokuðu sumir enn við heima hjá sér, oft vegna þess að þeir höfðu ekkert farartæki. Sjálfboðaliðar unnu af kappi langt fram á nótt við að staðsetja þannig fólk og ná því burt, áður en það yrði of seint. Um miðnætti brast loks einn flóðgarðurinn við þann hluta árinna, sem var Indíana megin og það sendi þéttan vegg af vatni í áttina að Jeffersonville. Allar viðvörunarbjöllur klingdu í einu, í síðustu viðvörun. Hið versta var skollið á.

Billy var hinu megin við ána þegar þetta gerðist. Hann var á eftirlitsferð á vörubílnum sem hann notaði við vinnu sína. Hann var með bátinn sinn aftur í, ef skeð gæti að hann þyrfti á honum að halda. Hann fékk skilaboð um talstöðina: “Billy, hún er komin í gegn okkar megin. Flýttu þér til Chestnutstrætis með bátinn þinn. Við munum þarfnast aðstoðar þinnar.”

Þegar Billy kom á þann stað sem skilaboðin sögðu til um, bentu menn út á ólgandi vatnið sem hringsnérist milli húsanna. “Það eru móðir og tvö börn strönduð þarna. Við náum ekki til þeirra. Heldurðu að þú getir komist til þeirra með vélbátinum þínum?”

Billy starði í slydduna og þokuna. Hann sá veru, sem stóð á verönd húss, sem stóð nálægt þeim stað þar sem vatnið hafði flætt í gegn. Straumurinn flæddi í gegnum gat á flóðveggnum og húsið hristist kröftuglega vegna vatnsflaumsins. Gegnum vindinn og

niðinn heyrði Billy einhvern hrópa veikum rómi á hjálp. Straumurinn var ekki árennilegur. “Ég mun gera mitt besta. Hjálpið mér að koma bátnum í vatnið.”

Billy ræsti vélina og reyndi að stefna beint til strönduðu konunnar, en straumurinn var of stríður og bar hann stöðugt af réttri leið. Hann beindi því stefni bátsins upp á við og braust áfram á móti meginstraumi flóðsins. Litli mótörinn hans og skrúfan börðust við að halda stefnunni. Þegar hann var kominn eins nálægt skarðinu í varnargarðinn og hann þorði, sneri hann bátnum og fór á hraðferð þvert á strauminn, þannig að straumurinn bar hann skáhallt að marki sínu.

Hann stýrði á hlið hússins og flýtti sér að binda bátinn við staur sem þar var. Það hafði liðið yfir móðurina. Hún var aumkunarverð, þar sem hún lá á hellaðri veröndinni, með slyddu á hárinu og fötin límd við líkamann. Bak við hana hnipruðu tvær litlar stúlkur sig saman, rétt fyrir innan dyrnar. Billy tókst án óhappa, að koma þeim öllum þremur af veröndinni og upp í bátinn.

Hann beindi bát sínum beint að þeim stað þar sem hann hafði lagt vörubílum, en hinn stríði straumur neyddi hann til að lenda um það bil 1.6 kílómetra neðan við þann stað sem hann hafði lagt upp frá. Hópur af björgunarsveitarfólki hjálpaði börnunum fyrst upp úr bátnum. Þegar þeir lyftu hinni meðvitundarlausu móður upp, komst hún til meðvitundar og byrjaði að öskra móðursýkislega: “Litla barnið mitt!, litla barnið mitt! Ó, skiljið ekki barnið mitt eftir!”

Undrandi, leit Billy á litlu stúlkurnar tvær sem hann hafði bjargað. Ískaldur hrollur fór um hann, kaldari en slyddan sem barði andlit hans. Hann hafði ekki leitað inni í húsinu! Hann hlaut að hafa skilið lítið barn eftir inni í þessu húsi, sem dómurinn vofði yfir! Billy hrópaði til hinna björgunarmannanna: “Ég ætla að fara til baka og bjarga litla barninu hennar.” Mennirnir kinkuðu kalli.

Billy hringsneri bát sínum og barðist gegn straumnum, í áttina að brotna varnargarðinum. Þegar hann kom að markinu, var hluti af veröndinni þegar horfinn og það leit út fyrir að það sem eftir var af húsinu myndi fljótlega fylgja í kjölfarið. Billy batt bát sinn við staur og hljóp inn í húsið. Hann leitaði örvæntingarfullt í öllum herbergjum. Þar var ekkert ungbarn. Hvað gat þetta þýtt? Síðan áttaði hann sig á því að móðirin hafði verið meðvitundarlaus allan tímann meðan á björguninni stóð. Hún vissi ekki að börnin hennar voru örugg. Hún hlaut að hafa átt við yngri dóttur sína þegar hún öskraði: “Litla barnið mitt!”

Í kringum hann brakaði í húsinu, eins og verið væri að kremja það til dauða. Það ringdi þússningu úr þakinu og hrundi úr veggjum eins og poppkorn. Hátt brak bergmálaði í stofunni. Gólfið nötraði þegar húsið hreyfðist, svo að Billy hentist upp að einum veggnum. Annað brak heyrðist fljótlega á eftir hinu og það heyrðist hljóð eins og þegar tré brotnar. Byggingin var að rifna af grunninum.

Billy hljóp niður ganginn, hentist út um útidyrnar og vissi ekki að veröndin var horfin. Hann lenti í ísköldu vatninu. Fyrir Guðs mildi náði hann að grípa í hluta af veröndinni þar sem hún flaut hjá. Hann lyfti sér upp úr vatninu og klifraði yfir fjalir til báts síns. Með dofnum fingrum leysti hann bátinn. Augnabliki síðar losnaði húsið af grunninum og steptist með straumnum inn í nóttina.

Billy vissi að enn var hann ekki úr allri hættu. Vélin hafði slökkt á sér meðan hann leitaði í húsinu og nú flaut litli báturinn hans stefnulaust eftir götunum. Á hverri stundu gæti alda hvolfst honum, eða hann rekist á tré. Billy greip í bandið sem ræsir vélina. Það var ísað. Hann togaði. Ekkert gerðist. Hann sleppti og togaði aftur, enn vildi hann ekki fara í gang. Þegar hér var komið sögu hafði flætt inn á vélina. Billy togaði og reif í bandið. Vélin neitaði að fara í gang.

Meðan á þessu stóð, hafði hann borið að Marketstræti, síðan hafði hann flotið í gegnum aðra holu á flóðveggnum, yfir á sjálfa Ohioána. Skelfingin gaf Billy aukið þor. Aðeins nokkrum metrum fyrir neðan hann dundi í Ohiofossunum!

Háar öldur fossuðu í kringum hann. Billy barðist við að halda jafnvægi meðan hann barðist við óhlýðinn mótörinn. Á milli átaka virtist honum hann heyra rödd segja við sig: *“Hvað finnst þér núna um þá ákvörðun þína, að fara ekki út á meðal hvítasunnumannanna?”* Billy rykkti einu sinni enn í bandið, ekkert gerðist.

Hann heyrði drunurnar í fossinum framundan. Billy kraup í ísköldu vatninu á botni bátsins, spennti greipar og bað örvæntingarfullt. “Drottinn, ég á veika konu og tvö veik börn á spítalanum. Eftir nokkrar mínútur mun ég hrapa í fossinn og sökka. Ó, Drottinn minn, hjálpaðu mér. Ég vil ekki deyja hér í ánni og skilja fjölskyldu mína eftir bjargarlausu.” Sundurleitir hugsun truflaði bæn hans. Það var sem hann heyrði tengdamóður sína segja: “Skítalýður”. “Þau eru ekkert nema skítur. Ég mun aldrei gefa þér leyfi til að draga dóttur mína út á meðal svona fólks.”

Billy titraði af sektarkennd og bað: “Kæri Guð. Ég veit að ég hef gert rangt, en vertu svo vænn að fyrirgefa mér. Jesús, miskunnaðu þig yfir mig. Gerðu það, komdu þessari vél í gang!”

Fossarnir náguðust óðfluga. Billy stóð upp og togaði enn í reipið. Í þetta skipti spýtti vélin, hnerraði tvisvar og hrökk svo í gang. Billy sneri bátinum og gaf eins mikið bensín og hann gat. Hægt bar bátinn upp á móti straumnum, þar til hann að lokum hafði fjarlægst fossinn það mikið að hann gat öruggur beint bátinum upp að strönd Indíana.

Hann lenti nálægt Howard garðinum, mörgum kílómetrum þaðan sem hann lagði upp frá. Hann var nálægt New Albany. Hann batt bátinn og hélt af stað fótgangandi til Jeffersonville.

Það var snemma morguns, þegar hann loks smeygði örþreyttum líkama sínum bak við stýri vörubíls síns. Án tafar hélt hann af stað, til að hitta konu sína og börn, en varð að snúa við þar sem vegurinn var rofinn af flóðinu. Hann reyndi aðra leið. Þar var einnig hindrun í veginum. Eftir að hafa gert árangurslausar tilraunir í klukkutíma, áttaði Billy sig á því að allar leiðir í þá áttina voru ófærar. Þá fyllti nýr ótti hjarta hans. Gat það verið að opinbera sjúkrahúsið væri komið undir vatn? Hann flýtti sér á skrifstofu ríkisins og fann vin sinn, Weekly hershöfðingja.

“Hershöfðingi, hefur sjúkrahúsið flætt í burtu?”

“Billy, vatnið er margra metra hátt á því svæði. Áttir þú einhvern að þarna?”

“Já, veika konu og tvö lítil börn.”

“Hafðu engar áhyggjur. Allir komust út. Þeir komu fólkinu um borð í lest og sendu það norður til Charlestown. Ekki mjög fínt, er ég hræddur um. Eina faratækið voru uxakerrur.”

Einhver annar sagði: “Ég heyrði að lestina hafi tekið út af teinunum við Lancassangevog. Ég held að allir hafi druknað.”

Allar síma og símskeytalínur milli Jeffersonville og Charlestown voru ónýtar, þannig að engin leið var að fá frekari fréttir, nema að fara á staðinn. Billy hoppaði upp í vörubíl sinn og hélt áleiðis til Charlestown, sem er um 19 kílómetra norður af Jeffersonville. Lancassangevogurinn stöðvaði ferð hans. Hann hafði flætt yfir bakka sína og þakti nú marga kílómetra af landi. Það hafði flætt yfir þjóðvegi og akrar voru orðnir að feni. Billy, hraðaði sér tilbaka til Jeffersonville, fyllti bát sinn af bensíni og hélt þangað sem vatnið hafði flætt yfir lestarteinana við Utica.

Slyddan hafði breyst í haglél og lamdi botn bátsins, meðan Billy dró hann út í vatnið. Hann reyndi að fylgja lestarteinunum eftir og gekk það ágætlega fyrsta einn og hálf kílómetrann, en eftir því sem hann nálgadist miðju vogarins, því sterkari varð



straumurinn, þar til hann bar algerlega af leið. Fljótlega var hann algerlega týndur milli skóglanda og fenja. Það var of hættulegt að halda áfram eða snúa við. Hversu mjög sem það stakk hann í hjartað, þá vissi Billy að hann yrði að sitja storminn af sér. Hann lenti bát sínum á lítilli eyju, bjó sér skjól úr trjábolum og kveikti eld. Síðan settist hann niður, til að bíða og til að hafa áhyggjur.

## 21. kafli.

### Hope deyr og vonin deyr. 1937

**Flóðið hélt Billy föngrum** á þessari litlu eyju í þrjá ömurlega daga. Hann kvaldist af hræðilegum hugsunum mest allan tímann. Ímyndaði sér konu sína og börn á floti í ánni, með höfuðið niðri í vatninu. Þessar hugsanir ætluðu að gera út af við hann. Í örvæntingu sinni bað hann Meistara sinn um hjálp. En það var alveg sama hvernig hann bað. Hann gat ekki fundið huggun í Drottni sínum. Það var eins og Guð hefði snúið við honum bakinu og neitaði að hlusta. Í hvert skipti sem Billy bað, hvarflaði hugur hans til hvítasunnmannanna sem hann hafði hitt í Mishawaka. Voru þeir raunverulega “úrhrök” úr öðrum kirkjum? Eða höfðu þeir yfirgefið þessar kirkjur vegna þess að þeir höfðu fundið eitthvað ósvikið? Þar sem hann sat klukkustund eftir klukkustund, fangelsaður á eyinni, hafði Billy nægan tíma til að velta því fyrir sér hvort þessir hvítasunnmenn væru “úrhrök” eða ekki og hvort hann hefði frekar átt að hlusta á skoðun tengdamóður sinnar heldur en leiðsögn Heilags Anda.

Á öðrum degi innilokunar hans, hætti loksins að rigna. Það létti til og einstaka sinnum skein sólin gegnum skýin. Flugmaður kom auga á hann og henti til hans matvælum. Á þriðja degi lögði vindinn og Billy ákvað að reyna aftur að komast yfir vatnið. Honum tókst að sigla bát sínum niður vatnið að litlu þorpi sem heitir Port Pulton. Þorpið lá það hátt að vatnið var ekki nema örfáir sentimetrar. Hann dvaldi í Port Pulton í sjö daga og þráði að vatnið myndi lækka og öldurnar lægja. Loks afbar hann ekki að bíða lengur. Hann reyndi aftur að komast til fjarlægari strandarinnar og í þetta sinn tókst það.

Hann batt bátinn við tré og hélt niður þjóðveginn í áttina að Charlestown. Þegar hann kom inn fyrir borgarmörkin, spurði hann alla sem hann hitti hvort þeir vissu eitthvað um lest, sem kom frá Jeffersonville til Charlestown, áður en flóðið sópaði teinunum burtu. Enginn sem hann spurði vissi neitt um það. Örvinglaður óð Billy upp strætið í átt að járnbrautarstöðinni.

Bíll ók upp að hlið hans og stöðvaði. “Sæll Billy Branham. Hvað kemur til að þú ert í Charlestown?” Þetta var Hayes liðsforingi, góðvinur fjölskyldunnar. Eftir að Billy hafði útskýrt aðstöðu sína, sagði Hayes liðsforingi: “Komdu inn í bílinn Billy. Ég ætla að hjálpa þér að finna þau.”

Brátt voru þeir staddir á skrifstofu járnbrautarfélagsins. Billy titraði þegar hann spurði: “Fyrir tíu dögum, nóttina sem flóðgarðarnir í Jeffersonville brustu, kom þá lest hingað, í kringum miðnætti? Þetta voru bara gripavagnar, en í þeim var fólk, veikt fólk.”

“Hvernig gæti ég gleymt þessari lest”, sagði afgreiðslumaðurinn. “Þetta var síðasta lestin sem kom áður en flæddi yfir teinana.”

Billy andaði léttar. “Hvað varð um allt fólkid?”, spurði hann ákafur.

“Það get ég ekki sagt þér. Hún stansaði ekki hér. Ég veit ekki hvert hún fór, en vélvirkinn sem var um borð kemur fljótlega. Bíddu eftir honum.”

Vélvirkinn gat aðstoðað frekar. “Móðir með tvö lítil börn? Já, ég man eftir þeirri lest. Þau voru öll fárveik. Við settum þau af í Columbus í Indíanafylki. Ungi maður, þú kemst þangað alls ekki. Engar lestir komast til Columbus vegna flóðsins og allir vegir eru líka lokaðir.”

Þegar Billy og liðsforinginn gengu út af stöðinni, var Billy eirðarlaus af áhyggjum, núði saman höndum og neri fingur sína. Hayes liðsforingi lagði styrka hönd á öxl Billy og sagði: “Ég kem þér þangað, Billy. Ég þekki bakleið, sem liggur um hálendi. Ég er viss um að vatnið hefur ekki náð þangað.”

“Höldum þá af stað.”

Columbus í Indíana, var 80 kílómetra í norðurátt. Þeir komust þangað þegar dimma tók og komust fljótlega að raun um það að allir sjúkir og særðir hefðu verið fluttir í kirkjubyggingu Baptista, sem hafði verið breytt í bráðabirgðasjúkrahús. Þegar þeir óku upp að framhlið byggingarinnar, hraðaði Billy sér upp þrepin og tók þrjú í einu. Salurinn var fullur af fólki. Bekkjunum hafði verið staflað upp við veggina og settir höfðu verið upp hermannabeddar, sem var raðað á gólfíð. Það ríkti hávaði og ókyrrð í stóru herberginu. Það var fólk sem gekk um gangana og talaði, sjúklingar hóstuðu og stundu. Billy hrópaði hamstola: “Hope! Hope! Hvar ertu?” Fólk horfði í áttina til hans. Billy var alveg sama. Hann hljóp milli beddanna og leitaði að andlitinu sem skipti hann meira máli en nokkur önnur. “Hope, hvar ertu elskan mín?”

Í fjarlægari enda herbergisins, sá Billy granna hönd á lofti. Hann hraðaði sér meðfram beddunum, þar til hann kom að rúmi hennar. Þegar hann fyrst leit ástkæra konu sína augum, byrjaði hann að titra. “Elsku Guð, vertu henni náðugur!,” hugsaði hann. Húð Hope var hvít sem nár. Handleggir hennar voru svo grannir, hún hlaut að hafa lést um 12 kíló. Augu hennar voru sokkin og hún var svo kinnfiskasogin að útlínur kjálka hennar sáust greinilega.

Hope einblíndi á hann og brosti máttvana brosi. “Billy, mér þykir leitt að ég skuli líta svona illa út.”

Billy fór niður á hnéin og faðmaði hana að sér. “Elskan, þú lítur ágætlega út. Mig tekur það sárt að þú skulir vera svona veik. Hvar eru Billy Paul og Sharon?”

“Einhver fór með þau í annað herbergi. Mér er ekki leyft að hitta þau.”

Hendi var lögð á öxl Billy. “Ert þú séra Branham?”

“Já”

“Ég er einn af læknum hér. Má ég ræða við þig einslega í örfáar mínútur?”

Um leið og þeir voru komnir úr sjónmáli Hope, sagði læknirinn: “Mér þykir leitt að verða til þess að segja þér þetta, séra Branham, en konan þín er með lungnabólgu vegna berklasykingar. Ég held að ekkert fái stöðvað hana úr þessu.”

Orð læknisins skáru Billy í hjartað eins og það hefði verið rist með hníf. “Nei, læknir. Þetta getur ekki verið. Guð getur bjargað henni.”

“Það getur vel verið, en hvað læknavísindin varðar er hún dauðans matur. Það er ekkert sem við getum gert fyrir hana. Ég annast líka börnin þín. Drengnum þínum líður nokkuð vel, en litla stúlkan þín er mjög mikið veik af lungnabólgu. Þú ert lukkunnar pampfíll ef hún lifir þetta af.”

Billy grét. “Ó, Guð, vertu miskunnsamur.”

“Ekki brotna niður fyrir framan konuna þína”, áminnti læknirinn. Það mun bara gera henni þetta erfiðara. Hún veit ekki að hún er að deyja.”

Billy barðist við að ná stjórn á örvæntingu sinni. “Hvenær má ég fara með hana og börnin heim til Jeffersonville?”

“Um leið og vegirnir verða opnaðir.”

Billy gekk aftur að bedda Hope og sagði, “Elskan, lækarnir segja að ég megi fara með þig heim til Jeffersonville eftir nokkra daga. Við fáum Sam Adair, lækni, til að annast þig.”

Varir Hope færðust upp á við í vesældarlegt brosi. “Það er gott Billy. Ef til vill verður Guð miskunnsamur og leyfir mér að lifa.”

Billy barðist við að hafa stjórn á rödd sinni þegar hann sagði: “Ég vona það af öllu hjarta, að Hann verði það.”

**Í fimm mánuði** lá Hope á sjúkrahúsinu í Jeffersonville. Adair læknir gerði allt sem í hans valdi stóð til að stöðva sjúkdómsferlið. Allt kom fyrir ekki.

Þegar Hope fór að hósta blóði varð Billy gersamlega frá sér af áhyggjum. Það var ekki mikið sem Adair læknir gat gert til uppörva hann, fyrir utan það að útskýra hvað væri að gerast. “Berklabakteríurnar hafa skemmt æð í lungnapípunum. Þaðan kemur blóðið.”

“Læknir, er ekkert fleira sem hægt er að reyna? Ég er úrkula vonar.”

“Ég þekki lækni sem heitir Miller. Hann vinnur á heilsuhæli í Louisville. Hann hefur mikla reynslu af að vinna með berklatilfelli, ef til vill getur hann lagt eitthvað til málanna. Ég hringi í hann.”

Miller læknir kom yfir ána til að rannsaka Hope, áður en hann léti skoðun sína í ljós. “Hún virðist langt leidd. Það eina sem gæti hjálpað er að ‘blása’.”

“Blása. Hvað er það?”

“Þá blásum við lofti, inn á milli lungnanna og rifjanna. Þetta eykur þrýstinginn á þessu svæði og veldur því að lungað fellur saman. Þetta gerist sjálfkrafa í sumum brjóstholssjúkdómum og er venjulega mjög slæmt. Í þessari meðferð, þá látum við viljandi, annað lungað falla saman. Vegna þess að bakterían sem veldur berklunum þarfnast mikils súrefnis til þess að geta lifað, þá getum við stundum kæft hana, með því að láta annað lungað í einu falla saman.”

“Þetta lofar góðu. Hvað felst í þessu?”

“Við stingum nál milli rifbeinanna og inn í brjóstholið. Síðan blásum við vissu magni af lofti og látum annað lungað í einu falla saman. Smátt og smátt taka lungun upp þetta loft, þannig að við verðum að blása meira lofti meðan á meðferðinni stendur.”

Nú var Billy ekki alveg eins viss. “Þetta virðist hættulegt.”

“Við lofum engu”, sagði Miller læknir.

Billy talaði um þetta við Hope og þau ákváðu að taka áhættuna. Sjúkrahúsið í Jeffersonville átti ekki það tæki sem til þurfti, þannig að Billy fékk lánaða peninga til að leigja þannig tæki frá spítalanum í Louisville. Hann hélt í hönd Hope meðan læknarnir deyfðu aðra hlið hennar og stungu nál á milli rifbeinanna og brjóstholins. Allan tíman meðan á þessu stóð, beit hún í varirnar og hélt svo fast í hendi Billy að hún hvítnaði upp. Hún þjáðist hræðilega mikið. Þegar Miller læknir hafði lokið meðferðinni varð Billy að losa fingur hennar úr hendi sér.

Eftir meðferðina vildi Miller læknir láta taka röntgenmyndir af lungunum. Hann skoðaði þær vandlega og kallaði síðan á Billy inn í viðtalsherbergið. “Herra Branham. Ég er hræddur um að okkur hafi mistekist. Lungu konu þinnar eru þegar of illa farin. Það er alls ekkert sem við getum gert fyrir hana núna. Almáttugur Guð er að kalla á hana. Ég er hræddur um að hún geti aðeins lifað nokkra daga í viðbót.”

Billy, sem var ólýsanlega hrjáður, fór aftur til herbegis Hope. Hún var svo föl og brothætt, eins og kínabruða, þar sem hún lá í rúminu. Hve hann elskaði hana. Hvað átti hann að gera án hennar? Og börnin. Billy Paul var ekki einu sinni orðinn tveggja ára og Sharon Rose var tæplega níu mánaða. Hvað myndi verða um þau án móður?

Hope spurði. “Sagði þessi læknir þér eitthvað?”

Billy hristi höfuðið. “Ekki spyrja mig, elskan. Ég verð að fara í vinnuna núna. En ég kem á nokkra tíma fresti, til að fylgjast með þér.” Hann vildi ekki víkja frá henni, en reikningarnir vegna læknskostnaðar höfðu hlaðist upp og hann skuldaði eitt hundrað dollara og hann varð að vinna fyrir því.

Fimmtudaginn, 22. júlí var Billy á eftirlitsferð, um 40 kílómetra í norðri, nálægt Scottsburg í Indíanafylki, þegar skilaboðin, sem hann óttaðist, komu yfir talstöðina. “Köllum á William Branham, köllum William Branham. Konan þín er að deyja. Ef þú vilt sjá hana á lífi, þá komdu fljótt.”

Billy beygði út af veginum og fór út. Hann tók byssubeltið af sér, lagði það á sætið. Síðan tók hann af sér hattinn og beygði kné sín á veginum. “Himneski Faðir. Ég hef gert allt sem í mínu valdi stendur. Þú veist að þú ert að rífa hjarta þjóns þíns úr brjósti hans, en ég skar þig eflaust í hjartað þegar ég hlustaði á tengdamóður mína í staðinn fyrir þig. Ég hef sagt þér áður að mér þykir þetta svo leitt. Drottinn, ekki láta Hope deyja, áður en ég get séð hana einu sinni enn.”

Hann klifraði aftur upp í bílinn, setti sírenurnar á og ók með hraði til spítalans, eins hratt og bíllinn komst. Hann hljóp upp tröppurnar og sá Sam Adair, lækni, ganga til móts við sig. Adair læknir leit á Billy, beygði höfuð sitt og fór inn um hliðardyr, til að þurfa ekki að horfast í augu við hann. Billy hljóp niður ganginn og reif hurðina opna. Sam lagði hendi um axlir hans og muldraði í samhyggð: “Kæri Billy.”

“Segðu mér, læknir, er hún enn á lífi?”

“Ég held það Billy, en ekki lengi.”

“Læknir, viltu koma með mér inn til hennar?”

Adair læknir laut höfði. “Ó, Billy. Ekki biðja mig að koma með þér. Hope og ég höfum átt svo mikið saman að sælda. Hún er mér sem systir. Ég gæti ekki afborið að fara aftur inn á stofu hennar.”

Hjúkrunarkona opnaði hurðina og steig inn í herbergið. “Séra Branham. Ég vil að þú takir þetta meðal. Það mun róa taugar þínar.”

Billy ýtti henni til hliðar og fór inn í herbergi Hope. Hjúkrunarkonan sagði: “Ég ætla að koma með þér.” Hún elti.

Adair læknir kallaði á eftir honum: “Billy, hún er meðvitundarlaus.”

Hope lá í rúminu með lak yfir andlitinu. Augu hennar voru lokuð og munnurinn opinn. Líkami hennar vó ekki nema um 50 kíló. Billy setti hendi sína á enni hennar. Það var kalt og þvalt. Hann tók um öxl hennar, hristi hana blítt. “Hope, elskan, svaraðu mér. Ég elska þig af öllu hjarta. Viltu tala við mig einu sinni enn?” Hann fékk ekkert svar, engin hreyfing. Billy bað upphátt: “Guð, ég veit að ég hef gert rangt, en gerðu það, láttu hana tala við mig bara einu...”

Áður en hann hafði lokið bæn sinni, bærðust augnalok Hope, síðan opnuðust augu hennar. Hún reyndi að lyfta handleggjunum, en var of máttfarin. Varir hennar hreyfðust, hún talaði af veikum mætti: “Það er svo auðvelt”, sagði hún. “Af hverju varstu að kalla á mig?”

Billy beygði sig yfir hana til að heyra betur. “Hvað meinarðu, elskan?”

“Billy, þú hefur talað um það, þú hefur prédikað um það, en þú hefur enga hugmynd um hve fagurt það er.”

“Um hvað ertu að tala?”

“Ég var á leiðinni heim. Það voru tvær mannverur í hvítum klæðum, sitt hvoru megin við mig. Við gengum niður stíg, þar sem voru hin fegustu blóm og virðuleg pálmatré. Fallegir fuglar voru alls staðar og flugu milli trjána og sungu. Það var svo friðsælt. Síðan heyrði ég þig kalla og sneri við til að sjá þig.” Hope tók eftir hjúkrunarfræðingnum sem stóð bak við mann sinn. “Louise, þegar þú giftir þig, vona ég að þú eignist eins indælan mann og ég. Hann hefur verið mér svo góður, svo skilningsríkur.”

Hjúkrunarkonan huldí andlit sitt með vasaklútnum sínum og flýtti sér út.

“Nei, ástin mín”, sagði Billy. “Ég hef ekki verið þér það sem ég hefði viljað.”

“Þú gerðir þitt besta, Billy og ég elska þig fyrir það. En ég verð að flýta mér. Þeir eru að bíða eftir mér. Áður en ég fer þarf ég að segja þér ýmislegt. Þú veist af hverju ég er að fara, er það ekki?”

Hann reyndi að segja já, en orðið komst ekki út úr munni hans, svo hann kinkaði kolli.

“Við hefðum aldrei átt að hlusta á mömmu”, hvíslaði Hope. “Hvítasunnumennirnir hafa rétt fyrir sér. Lofaðu mér að þú farir til þeirra einhvern daginn. Að þú alir börnin okkar upp á þann hátt.”

“Ég veit að ég hefði aldrei átt að hlusta á móður þína. Ó, ef ég aðeins gæti lifað það í annað sinn. Þá myndi ég breyta öðruvísi. Ég mun einhvern tíma bæta fyrir það.”

“Billy, manstu eftir rífflinum sem þig langaði til að kaupa, en við áttum ekki nægan pening upp í útborgunina?”

“Já, elskan, ég man eftir honum.”

“Ég veit hvað þig langaði mikið í þennan ríffil. Ég hef verið að spara af þeim peningum sem þú hefur látið mig hafa fyrir fötum. Þegar þú kemur heim, leitaðu þá ofan á rúminu. Þú munt finna umslag með peningum í. Lofaðu mér því að kaupa ríffilinn.”

Hann kyngdi og lofaði: “Þín vegna, þá lofa ég að kaupa ríffilinn.”

“Það er eitt annað. Ég vil biðjast afsökunar vegna þess að ég leyndi þig svolitlu. Manstu þegar við vorum að fara til Fort Wayne og þú keyptir sokkana fyrir mig?”

“Já, ég man eftir því.”

“Billy, þú keyptir vitlausa sort. Þeir voru fyrir gamlar konur. Ég gaf mömmu þinni þá. Ég vildi ekki segja þér frá því, vegna þess að ég vildi ekki særa þig.”

Allt í einu fann Billy öðruvísi sársauka nísta sig inn að beini. Með kæruleysi sínu þann dag, hafði hann gert lítið úr þörfum Hope. Hvernig gat hann hafa verið svona kærulaus, svona harðbrjósta? Þjáning hans var nú orðin óbærileg.

Friður færðist yfir andlit Hope. “Þeir eru komnir aftur. Ég finn þá nálgast. Billy, það er auðvelt. Hinn dýrmæti Heilagi Andi, sem við öðluðumst fer með mig yfirum. Lofaðu mér því að prédika skírn Heilags Anda þar til þú deyrð. Hann er raunverulegur og undursamlegur í dauðanum.”

“Ég lofa þér því, að ég mun gera það.”

Hope tókst að brosa af veikum mætti. “Ég vil líka að þú lofir mér því að lifa ekki einsamall.”

“Ó, Hope. Ég get ekki lofað þér því. Ég elska þig of mikið.”

“Billy, við eigum tvö börn. Ég vil ekki að þau verði flutt stanslaust, úr einum stað í annan. Finndu einhverja góða kristna stúlku og gifstu henni. Einhverja sem mun elska börnin okkar og búa þeim heimili.”

“Ó, Hope. Ekki biðja mig að lofa þér þessu.”

“Gerðu það, Billy. Þú vilt ekki að ég deyji óhamingjusöm, er það?”

Þrátt fyrir að það skæri í hjartað í brjósti hans, muldraði Billy: “Ég lofa að gera mitt besta.”

Síðustu orð hennar voru. “Billy, haltu þig á akrinum.”

Billy sagði: “Elskan, ég gref þig á Walnut Ridge. Og þegar ég sofna, leggst ég við hlið þér. Ef Jesús kemur áður en ég dey, þá verð ég einhversstaðar á vígvellinum að prédika fagnaðareringi Heilags Anda. Á þeim mikla degi, þegar Jesús kemur og himnarnir opnast og hin nýja Jerúsalem stígur niður af himni, þá tek ég Billy Paul og Sharon og við hittumst við Austurhliðið áður en við göngum inn.”

Hope brosti síðasta brosi sínu og þrýsti hönd hans. Síðan lokaði hún augunum til að fara og ganga meðal pálmatrjáanna í átt að borg Guðs. Í huga Billy átti hún alltaf eftir að vera 24 ára.

## 22. kafli.

### Varasamasta augnablik ævi hans. 1937

**Ella Branham** hvatti son sinn til að gista hjá sér fyrstu nóttina eftir að Hope dó. Hún vissi að ungfrú Broy var að gæta barnanna hans og Ella vildi ekki að Billy væri einn. En Billy sagði nei. Hann vildi fara heim. Þótt það væri ekki mikið þar. Allt innanstokks kostaði um tíu dollara. Samt sem áður, þá var þetta þeirra hús. Hope hafði haldið því hreinu, hún hafði snert við því með ást sinni og umbreytt því úr þröngu leiguhúsnæði í hlýtt, fallett heimili.

En um leið og Billy gekk inn um útidyrnar, vissi hann að hann hefði gert vitleysu. Það var ekkert á heimilinu til að bjóða hann velkominn. Það var ekkert líf, enginn til að heilsa. Hann gekk inn í svefnherbergið og leit ofan á rúmið. Þar, undir dagblaði, var umslagið sem Hope hafði minnst á. Billy setti peningana á rúmteppið og taldi þá. Þetta voru tveir dollarar og áttatíu sent. Það vantaði aðeins tuttugu sent upp í útborgunina í þennan 22 kalíbera riffil sem hann hafði langað til að eignast í meira en ár. Billy ákvað í hjarta sínu að nota þessa peninga fyrir riffilinn, þrátt fyrir það hve hann skuldaði mikið í læknskostnað. Hann myndi gera þetta í minningu sinnar trúu konu.

Hann fór í rúmið og þræði að hverfa á vit svefnsins. Mús hafði komist inn í eldhússkápinn og lét nú pappír skjáfá milli lappa sér. Billy fannst þetta hljóma alveg eins og þegar Hope tók utan af sælgæti, sem hún hafði geymt upp á eldhússkápnunum. Hann stóð upp og lokaði eldhúsdyrnunum með fætinum. Þarna hékk japanski náttloppurinn hennar Hope á snaga bak við dyrnar. Nú áttaði hann sig á því að hann hefði átt að gista heima hjá móður sinni, allt hér minnti hann á konu hans sem lá flöt á útfararstofunni. Billy faldi vott andlit sitt í ábreiðunni og sorgin fékk útrás.

Einhver bankaði ákveðið á dyrnar. Billy hoppaði fram úr og hleypti Frank Broy og syni hans inn fyrir. Frank sagði: “Billy, ég hef slæmar fréttir að færa.”

“Ég veit það Frank. ég var hjá Hope þegar hún dó.”

“Já, en það er ekki allt. Litla barnið þitt er líka að deyja.”

“Sharon”, stundi Billy, “það getur ekki verið!”

Jú. Adair læknir fór með hana á sjúkrahúsið. Hún er með heilahimnubólgu. Læknirinn segir að það séu engir möguleikar á að hún lifi. Komdu, ég skal keyra þig þangað.”

Í stað þess að hreyfa sig, hneig Billy niður á gólfið. Frank og Fletcher hjálpuðu honum að standa á fætur og út í vörubíl Frank.

Þegar Billy kom á sjúkrahúsið, fór Sam Adair með hann inn á tilraunastofuna og leyfði honum að skoða vökvann sem dreginn hafði verið úr mænu Sharon í smásjá.

“Þetta er heilahimnubólga af völdum berklabakteríu” sagði Sam Adair, leiður. Hún hefur fengið þetta frá móður sinni. Oftast eru berklabakteríurnar bundnar við lungun, en stundum komast þær inn í blóðið og upp til heilans og í heilahimnuna. Þetta er það sem komið hefur fyrir dóttur þína. Mér þykir það leitt, Billy, en það er ekkert sem við getum gert fyrir hana, á þessu stigi málsins.”

“Hvar er hún, læknir? Mig langar að sjá hana.”

“Hún er niðri í einangrun, svo að þú getur ekki fengið að sjá hana. Hún er smitandi.”

“Mér er sama þótt ég deyi. Ég vil sjá Sharon einu sinni enn.”

Adair læknir hélt ró sinni með erfiðismunum. “Þú getur ekki gert það, Billy. Þetta er heilahimnubólga. Þú gætir borið hana á fötum þínum og smitað Billy Paul.”

Billy settist niður og huldi andlit sitt í greipum sér. “Komdu bara með klóróform og leyfðu mér að deyja með henni. Hvað er lífið mér núna? Allt sem ég átti er horfið.”

“Billy, bíddu hérna. Ég skal láta hjúkrunarkonuna gefa þér eitthvað til að lina sársaukann.”

Um leið og Adair læknir var farinn út úr herberginu, smeygði Billy sér út um aðrar dyr og fór niður í kjallarann. Sharon Rose lá í vöggu. Hún kjökraði og líkami hennar rykkist til vegna vöðvakrampa. Klútur hafði verið lagður yfir andlit hennar til varnar flugunum, en vegna þess að hún hreyfði sig í sífellu, hafði hann hreyfst til og flugurnar sugu vökvann í kringum augun. Billy bandaði flugunum í burtu og setti klútinn á sinn stað.

“Sharon”, sagði hann blíðlega.

Þegar hún sneri sér við til að horfa á hann, byrjuðu varir hennar að skjálfa. Hún hafði þjáðst svo mikið að hún var orðin rangeygð.

Billy féll niður á hnén, lokaði augunum og spennti fast greipar. “Ó, kæri Guð,” grét hann. “Þú tókst elsku konuna mína frá mér og núna ertu líka að taka litla barnið mitt! Gerðu það, ekki taka litlu stúlkuna mína. Það er ég sem gerði rangt, þú ættir að taka mig. Mér þykir það svo leitt að ég skyldi hlusta á einhvern annan en þig. Ég skal aldrei gera það aftur. Drottinn, ég skal fara til þessa fólks sem hún kallaði “skítalýð” og “úrhrök” og mér er alveg sama þótt einhver kalli mig ofstækismann. Ég skal gera hvað sem þú vilt, ef þú aðeins lætur ekki barnið mitt deyja.”

Þegar hann leit upp, sá hann í svip svart tjald, koma niður á milli sín og Sharon. Hann hafði séð það sama, þegar hann bað fyrir Hope um síðustu jól. Hann vissi að Guð hafði neitað bæn hans.

Þetta augnablik var varasamasta og erfiðasta augnablik lífs hans. Þar sem hann kraup á gólfinu, í einangrunarstofunni, með níu mánaða dóttur sína deyjandi fyrir augum sínum, þá kom freistarinn og hvíslaði að honum: “*Þú segir að Guð sé kærleikur. Er þetta kærleikur? Hversu hefur þú ekki erfiðað við að prédika orð hans, hve mikið hefur þú ekki lagt á þig til að lifa fyrir hann og nú þegar líf barns þíns er í hættu, þá bregst hann þér! Hvers kyns Guði þjónar þú eiginlega!*”

Í nokkrar mínútur velti Billy fyrir sér persónu Almættisins. Síðan kom svarið, einhvers staðar frá lind styrkleikans djúpt í sálarfylgsnum hans: “Eins og Job í gamla daga þá mun ég segja: “*‘Drottinn gaf og Drottinn tók, lofað sé nafn Drottins.*”<sup>3</sup> Ó, Guð, ég veit ekki hvers vegna þú ert að reyna mig svona, en það breytir ekki trausti mínu til þín. Jafnvel þótt þú vegir mig, mun ég samt treysta þér. Ég trú á þig.”

Hann stóð upp og beygði sig í síðasta skipti yfir vöggu dóttur sinnar. “Sharon, eftir að englarnir hafa náð í sál þína til að fara á fund móður þinnar, þá mun ég grafa þig í faðmi móður þinnar.”

Amelía Hope Branham var grafin laugardaginn, 24. júlí 1937, í Walnut Ridge kirkjugarðinum, á stað sem faðir hennar hafði keypt fyrir sig og móður hennar. Sharon Rose dó daginn eftir. Á mánudagsmorgninum opnaði útfararstjórinn gröf Hope og litla kistan var látin síga ofan á hina. Billy hafði haldið loforð sitt. Hann hafði grafið Sharon Rose í örmum móður sinnar.

**Næstu vikur** lifði Billy í flæði óbærilegs sársauka. Dagarnir virtust endalausir, næturnar voru oft svefnvana hryllingur. Á hverjum morgni varð hann að neyða sig til að fara í vinnuna. Hann vissi að honum bar skylda til að borga skuldir sínar vegna

---

<sup>3</sup> Job. 1:21



lækniskostnaðarins og það gaf honum ástæðu til að halda áfram að lifa. Um eftirmiðdaginn náði hann í Billy Paul frá Broy heimilinu, eldaði kvöldmat og gekk síðan um göturnar í marga klukkutíma, með son sinn á öxl sér.

Dag einn, eftir vinnu, setti Billy son sinn niður hjá útidyrnum og gekk inn í garðinn til að athuga með veiðihundinn, sem var bundinn við eikartré, bak við hús. Billy Paul sagði: “Pabbi, hvar er mamma?”

Billy hafði þegar svarað þeirri spurningu hundrað sinnum, en hinn tveggja ára gamli Billy Paul var einfaldlega ekki nógu gamall til að skilja.

“Hún er á himnum. Hún fór til að hitta Jesú.”

“Hvenær kemur hún aftur. Ég vil fá hana.”

“Hún kemur ekki aftur Billy, en þú og ég munum sjá hana einhvern tíman.”

Billy hélt af stað niður stíginn að húsinu.

Billy Paul benti með litla kubbótta fingrinum sínum upp í loftið, “Pabbi, sjáðu! Ég sé mömmu á skýinu þarna.”

Þetta var of mikið fyrir Billy. Hann féll niður á stíginn, lá þar í klukkutíma, sem dauður væri, meðan Billy Paul sat í tröppunni og grét eftir móður sinni. Þegar Billy hafði loks safnað kröftum til að standa upp, fór hann með Billy Paul aftur heim til heimilis Broy fólksins og fór sjálfur í göngutúr að Walnut Ridge. Áður en hann var kominn til kirkjugarðsins, ók bíll upp að honum og stöðvaði. Hr. Isler, öldungardeildarþingmaður fyrir Indíanafylki, sem bjó þarna á staðnum, steig út úr bílnum. “Hvert eru að fara Billy? Í kirkjugarðinn?”

“Jamm.”

“Þetta er ekki í fyrsta skipti sem ég sé þig ganga upp hæðina? Hvað ertu að gera þarna?”

“Ég sit við gröf konu minnar og barns og hlusta á vindinn syngja í greinunum.”

“Hvað syngur hann?”

Billy fór með fyrstu hendingarnar úr sálmi:

“Innan skamms mun opnast perluhlíðið, inn ég geng og lít hans auglit undurlítt. Hann sem Kristur Jesú kallast, komu Hans ég þá mun minnast, er á Golgata Hann gaf upp andann sinn, svo að gætum ég og þú séð himininn.”

Isler, öldungardeildarþingmaður tók báðar hendur Billy í sínar. “Billy, mig langar að spyrja þig að svolitlu. Ég hef séð þig prédika, þar til þú varst að niðurlotum kominn. Ég hef séð þig fara í heimsóknir til sjúkra, á hvaða tíma sólarhrings sem er. En eftir öll þessi vandræði sem þú ert lentur í. Hvað er Kristur þér núna?”

“Ég á ekkert eftir nema hann. Hann er eini fasti punkturinn í lífi mínu. Hann er líf mitt. Hann er mér allt og eitt, takmark lífs míns. Hann er það eina sem ég get haldið í.”

Hr. Isler hristi höfuð sitt. “Eftir að hann tók barnið þitt og konuna þína frá þér, þá vilt þú samt sem áður þjóna Honum?”

“Jafnvel þótt Hann myrti mig, myndi ég samt treysta honum.”

Snemma næsta morgun, var Billy falið það verkefni að laga rafmagnslínu meðfram þjóðvegi 150, nálægt New Albany. Hann setti á sig öryggisbeltið og stauraskóna, klífraði upp staurinn og staðnæmdist rétt fyrir neðan línuna. Hope og Sharon Rose hvíldu þungt á huga hans. Hann gat skilið það, að Guð tæki konu hans, en barnið? Af hverju tók Guð litlu stúlkuna hans?

Meðan hann vann söng hann gamla lofsönginn: “Á hæð langt í fjarska stóð gamall hrjúfur kross, táknmynd upp á þjáningu og skömm, á þeim gamla krossi dó Jesús og kvaldist og var slátrað fyrir syndir síns lýðs.” Í þann mund reis sólin yfir trjátoppa og baðaði hann í ljósi sínu og varpaði skugga á fjallshlíðina næst honum, skuggamynd af manni hangandi á krossi.

“Það er rétt,” grét hann. “Það voru mínar syndir sem komu þér þangað, Jesús. Ég er eins sekur og hver annar.” Allt í einu kom ruglingsleg hugmynd upp í huga hans. Djöfullinn notfærði sér það og hvatti hann til að taka sitt eigið líf. Billy varð litið á gúmmíhanska sína, síðan á 2300 volta rafmagnslínuna, sem lá fyrir ofan hina minni. Hann íhugaði möguleika sína. Það var rangt, mjög rangt, en einhvern veginn, þar sem hugur hans var í þoku vegna örvæntingar hans, þá virtist hið ranga rétt. Hann mjakaði öðrum hanskanum fram af hendinni og sagði: “Guð, ég vil ekki gera þetta, en ég er raggeit. Ég get bara ekki haldið áfram að lifa án þeirra.” Hann teygði bera höndina til móts við aðallínuna og vissi að þegar hann tæki um hana, myndi straumurinn fá blóðið til að soðna og brjóta bein hans. “Sharon, pabbi er að koma til að hitta þig og mömmu.”

Hann vissi aldrei hvað gerðist næst. Þegar hann kom til sjálfs sín, sat hann á jörðinni, með öryggisbeltið ennþá spennu um staurinn. Líkami hans var alþakinn svita og hann skalf óstjórnlega. Hann var ófær um að vinna meira þann daginn, svo hann henti tækjum sínum aftur í bílinn og ók heim.

Nokkur bréf voru í póstkassanum á veröndinni framan við húsið. Billy tók þau, hélt á þeim inn og breiddi úr bunkanum á eldhúsbordinu. Fyrir utan hina venjulegu mánaðarlegu reikninga, var eitt bréf sem var óvænt. Það kom frá bankanum hans og bar áritunina: “Ungfrú Sharon Rose Branham.” Hendur hans titruðu þegar hann opnaði umslagið. Síðan skildi hann. Bankinn var að skila 80 sentunum hennar. Billy hafði gleymt sparireikningnum, sem hann hafði opnað fyrir Sharon, nokkrum dögum fyrir jól. Það var rétt áður en...

Andlegt jafnvægi hans brast og hugur hans fylltist af þessum hræðilegu minningum. Hann bað: “Jesús, þegar ég var barn, var ég oft hungraður og klæðlaus. Allir hlógu að mér og kölluðu mig skræfu. Ég var svo einmana. Eftir að ég snerist til trúar, gafstu mér lítið heimili og eigin fjölskyldu. Ég reyndi að lifa eins og ber. Nú hefur þú tekið það allt frá mér. Ég er svo þjakaður. Ég get ekki haldið svona áfram. Ó, Guð, hvers vegna tekur þú mig ekki líka?”

Aftur kom djöfullinn, sem í þoku og tók í burtu alla rökhyggju og skynsemi. Stutta stund missti Billy sjónar á leiðandi hendi Guðs. Á því varasama augnabliki ýtti Satan honum út í þá verstu ákvörðun sem hann gat tekið. Billy geymdi skógavarðarbyssuna sína á snaga bak við hurð. Hann tók byssuna, kraup á gólfinu nálægt sófanum við eldstæðið. Hann lagði hlaupið að enni sér og tók í gikkinn, meðan hann bað upphátt: “Faðir vor, þú sem ert á himnum. Helgist þitt nafn, til komi þitt ríki. Verði þinn vilji, svo á jörðu sem á himni...” Hann tók fastar í hinn vel smurða gikk, en ekkert gekk. Hann beitti öllum kröftum, en samt hreyfðist þessi litli stálbiti ekki. Á endanum gafst hann upp og lagði byssuna til hliðar. Þegar hún nam við gólfið, hljóp hún af og skot stakkst í vegginn.

Billy féll flatur á sófann. “Ó, Guð, þú ert að rífa mig sundur og saman. Þú leyfir mér ekki einu sinni að deyja.”

Að lokum grét hann sig í svefn, alveg úrvinda og hann dreymdi. Þetta var ekki venjulegur draumur, þar sem var lítil meðvitund og þokukenndar sýnir. Þetta var allt saman greinilegt og hann mundi það eins nákvæmlega og hefði hann verið staddur þarna.

Hann dreymdi að hann væri staddur á gresjunni, í vestrinu og gekk eftir eyðimerkurvegi, syngjandi vinsæla kúrekaballöðu: “Eitt hjól á vagninum er brotið og skilti á býlinu segir ‘selt’.” Billy var á gangi við hliðina á gömlum yfirbreiddum vagni, þá tegund sem fyrstu landnemarnir kölluðu “gresjuskonnortu”. Eitt hjólið á vagninum var brotið, þannig að vagninn hallaði í þá átt, þar til öxullinn nam við veginn. Við hliðina á vagninum, þar sem hjólið var af, gekk ung stúlka og fylgdist

með honum. Vindurinn lék í síðu, ljósu hári hennar. Blá augu hennar lýstu í sólskininu. Þegar Billy gekk framhjá henni, tók hann ofan kúrekahattinn og heilsaði henni glaðlega: “Góðan daginn, ungrú.”

Hún svaraði: “Góðan dag, pabbi.”

Billy stansaði og starði á þessa fallegu, hvítklæddu konu. Hún leit út fyrir að vera að minnsta kosti tvítug. “Heyrðu mig nú ungrú. Hvernig get ég verið pabbi þinn þegar þú ert á svipuðum aldri og ég sjálfur?”

Hún brosti breiðu brosi og sýndi fallegar tennur sínar. “Pabbi, þú veist bara ekki hvar þú ert. Á jörðinni var ég hún litla Sharon Rose þín.”

“Sharon? En þú varst bara ungbarn.”

“Hér eru engin lítil börn, pabbi. Við erum öll á sama aldri. Við erum ódauðleg. Hvar er bróðir minn, Billy Paul?”

“Ég skildi hann eftir hjá ungrú Broy, fyrir örfáum mínútum.”

Sharon sagði: “Ég ætla að biðja hérna eftir Billy Paul. Af hverju ferð þú ekki og heilsar upp á mömmu? Hún biður eftir þér við nýja heimilið þitt.”

“Nýja heimilið? Branhamfólkið hefur aldrei átt heimili, við höfum alltaf verið flækingar.”

“Þú átt heimili hér, pabbi, sjáðu.”

Hún benti upp veginn. Þar, við enda slóðans, stóð fögur höll, uppi á hárrí hæð. Sólin var að setjast bak við þak byggingarinnar og nú flæddu sólargeislarnir í allar áttir, eins og ljós frá vita, sem lýsir þreyttum ferðamönnum í örugga höfn. Billy gekk áfram veginn með hendur á lofti og söng: “*Ég er kominn heim í heiðardalinn...*” Langur stigi lá frá dalnum og upp að fordyrunum. Hope beið í opinni gættinni, klædd í hvít klæði og sítt svart hárið laust í golunni. Billy hraðaði sér upp tröppurnar og tók þrjú þrep í einu. Þegar hann kom alla leið, féll hann að fótum hennar. Hope hvatti hann blíðlega til að standa upp. Billy sagði: “Hope, ég hitti Sharon niðri á veginum. Hún er orðin að gullfallegru ungrí stúlku.”

“Já, það er hún orðin. Billy, þú verður að hætta að hafa áhyggjur af mér og Sharon.”

“Elskan, ég ræð ekki við það. Ég sakna ykkar beggja svo mikið og Billy Paul grætur stöðugt af þrá eftir þér. Ég veit ekki hvað ég á að gera við hann.”

“Okkur Sharon líður miklu betur en ykkur. Lofaðu mér því að hafa ekki áhyggjur af okkur lengur.” Hope lagði aðra hendina á öxl hans og klappaði honum á bakið, alveg eins og hún hafði gert á jörðinni. “Billy, þú ert svo þreytulegur. Þú ert að ofkeyra þér við að biðja fyrir sjúkum. Komdu inn með mér. Núna getur þú sest niður og hvílt þig.”

Hann gekk með henni inn í stórhýsið og þar var stór hægindastóll, nákvæmlega eins og sá sem hann hafði glatað vegna þess að hann gat ekki borgað afborganirnar.

Hope sagði: “Manstu eftir þessum stól?”

Það var kökkur í hálsi Billy: “Hvort ég man.”

“Þessi verður ekki tekinn”, fullyrti hún. “Hann er þegar að fullu greiddur.”

“Ég skil ekki.”

“Núna ferð þú til baka, Billy. Lofaðu mér að þú munir ekki lengur hafa áhyggjur af mér eða Sharon.”

“Hope, ég get ekki lofað því.”

En Hope var þegar horfin og Billy var að vakna. Hann lá ennþá á beddanum í myrkrinu í eldhúsinu sínu. Honum fannst hann finna hendi á öxl sér. “Hope, ert þetta þú?” Það var sem honum fyndist hún klappa honum á bakið. “Hope, ertu hérna í herberginu?” Var hann að ímynda sér það, eða heyrði hann hana hvísla: “Lofaðu mér að þú munir ekki hafa áhyggjur.”

Billy sagði: “Hope, ég lofa því.”

## 23. kafli.

### Snúið aftur til lífsins. 1937-1939.

**Ohioáin** hafði svo sannarlega verið 22 fet fyrir ofan Springstræti, alveg eins og engillinn hafði sýnt William Branham að myndi verða. Branhamtjaldbúðin, sem var ekki langt frá, hafði einnig hlotið vatnsskír. Öldurnar höfðu brotið gluggana og allt sem inni var fór á flot, nema það sem var skrúfað niður, þar með talið bekkirnir og púltið. Þegar vatnið sjatnaði komu bekkirnir niður sitt á hvað, en púltið kom niður á nákvæmlega sama stað og það hafði verið, upprétt og í áttina að söfnuðinum. Nóttina fyrir flóðið, hafði Billy skilið Biblíuna sína eftir, opna á púltinu. Þegar hann loks komst til að athuga skemmdirnar, fann hann Biblíuna þar sem hann hafði skilið hana eftir, enn opna á sama stað. Billy tók þetta sem merki frá Guði, að jafnvel þótt ytri aðstæður hans væru í uppnámi, þá varir orð Guðs, sem hann prédikaði, að eilífu og er sannleikur.

Þetta var uppörvandi og Billy þarfnaðist allrar þeirrar hvatningar sem hann gat fengið, til að halda áfram að lifa lífinu. Hann gat bara alls ekki komist yfir missi konu sinnar og dóttur. Honum fannst eins og hann væri í fangelsi og engin von væri um náðun. Sorgin hélt honum föngrum eins og rimlar, einmanaleikinn fylgdist með honum eins og fangavörður og vonleysið sem harðstjóri og þetta elti hann hvert skref. Dómurinn virtist svo þungur að óbærilegt var.

Stundum fékk hann huggun við tilhugsunina um drauminn um Hope og Sharon í Himnaríki. Hann vissi að þetta var draumur, vegna þess að hann hafði sofnað. (Sýnirnar áttu sér stað þegar hann var glaðvakandi.) Þetta hafði verið sérlega minnstæður draumur, svo lifandi, jafnvel fótsporin í sandinum hjá eyðimerkurskonnortunni. Hann virtist einnig vera mjög þýðingarmikill, eins og Guð vildi segja honum margt. Sumt var augljóst. Brotna hjólið táknaði örugglega hina niðurbrotnu fjölskyldu hans og það var satt að Hope og Sharon voru nú staddar á betri stað en jörðinni. En önnur tákni voru ekki eins skýr. Af hverju gerðist draumurinn í vestrinu? Táknaði sólarlagið eitthvað? Það sem var undarlegast af öllu, hvað átti Hope við þegar hún sagði að hann væri að útkeyra sig við að biðja fyrir sjúkum? Við þessum spurningum tókst honum ekki að finna viðeigandi svör.

Billy fékk mestan styrk við lestur Biblíunnar. Hann las í Rómverjabréfinu 8:28 þar sem postulinn Páll segir: *“Vér vitum, að þeim, sem Guð elska, samverkar allt til góðs, þeim sem kallaðir eru samkvæmt ákvörðun Guðs.”* Billy barðist við að trúa þessu, en það var erfitt að koma auga á svar. Hvað gott gæti mögulega komið út úr því að missa konu sína og barn? Hann merkti við í fjórtánda kafla Jóhannesar, þar sem Jesús segir: *“Hjarta yðar skelfist ekki. Trúið á Guð og trúið á mig. Í húsi föður míns eru margar vistaverur. Væri ekki svo, hefði ég þá sagt yður að ég færi burt til að búa yður stað?...kem ég aftur og tek yður til mín, svo að þér séuð einnig þar sem ég er...Hjarta yðar skelfist ekki né hræðist.”*

Billy reyndi að fylgja þessum ráðum, en hjarta hans skalf samt sem áður. Þótt hann héldi áfram að prédika í kirkju sinni, hafði hann glatað sumu af sínum fyrri styrk og dugnaði. Honum var eins umhugað um fólkið, en einhvern veginn var samband hans við Drottin ekki á réttu róli. Þegar hann bað, gat hann ekki snert hásæti Drottins á sama hátt og áður. Honum leið illa.

Móðir hans bjó enn bara nokkra metra í burtu. Eftir að Charles eldri dó, hafði hún breytt heimili sínu í gistihús, sem sá henni örugglega fyrir nauðsynjum sínum, þótt í litlum mæli væri. Á hverjum degi eldaði Ella morgunmat og kvöldmat fyrir gesti sína. Billy kom oft við á kvöldin og borðaði kvöldmat. Eitt kvöldið, þegar hann var að hjálpa móður sinni að taka af borðinu, spurði Ella hann hvað honum fyndist um nýju brúna, sem verið var að byggja yfir Ohioána milli Louisville í Kentucky og Jeffersonville í Indíana. “Kannast þú ekki eitthvað við þetta?” spurði hún.

“Skrytið, en einhvern veginn, þá geri ég það, eins og ég minnst þessa einhvers staðar frá.”

Ella kinkaði kolli. “Dag einn, fyrir mörgum árum, þá komst þú hlaupandi inn, ákaflega spenntur og talaðir um að sjá brú, þar sem engin brú var til staðar. Fyrst hélt ég að þetta hlyti að vera algjör vitleysa. Síðan var ég ekki eins viss, þannig að ég skrifaði þetta niður og geymdi það.”

Hún hélt á gulnuðum bréfmiða í hendinni. Billy vissi hvað stóð á honum, áður en hann las hann. Minningin frá barnæskunni kom til hans. Hann mundi eftir eplatrénu, leiknum að kúlunum, þessari furðulegu tilfinningu sem yfir hann kom. Hann mundi hvernig áin hafði allt í einu virst nær honum, hvernig brúin hafði myndast yfir ána í skyndi, stykki fyrir stykki, þar til hún hafði allt í einu farið í sundur í miðjunni. Hann fletti gamla, snjáða miðanum í sundur og las hrafl móður sinnar. Síðan hugsaði hann um brúna sem nú var verið að byggja. Þarna var það komið. Það hafði gerst alveg eins og hann hafði séð, þegar hann var drengur. “Mamma, hvað heldur þú að þetta þýði?”

Hún yppti öxlum. “Hvernig á ég að vita það? En, Billy, ég hef oft velt því fyrir mér hvort þú hafir ekki fæðst í sérstökum *tilgangi*. Ég held enn að það geti verið svo.”

Hann mundi eftir þessari æskusýn, fyrstu sýn sinni og nú sá hann að hún hafði ræst. Hann velti því sama fyrir sér. Gat verið að líf hans væri að berast í áttina að einstökum *tilgangi*? Sem stóð var líf hans svo þurrt, svo tilgangslaust, að það var erfitt að ímynda sér að Guð ætlaði að nota hann til einhvers sérstaks. En hann gleymdi aldrei sjö ára drengnum, sem hlustaði óttasleginn á djúpu röddina, sem talaði til hans úr litlum hvirfilbyl í tré og sagði við hann: “*Aldrei, reykja eða drekka, eða skaða líkama þinn á nokkurn hátt. Þú hefur verk að vinna þegar þú eldist.*” Var það þess vegna sem Guð leyfði honum ekki að deyja á þessum tíma. Var eitthvað sem hann átti eftir að gera?

Örlítill vonarneisti kviknaði í brjósti hans.

**1. september 1939** skipaði Adolf Hitler hersveitum sínum að ráðast inn í Pólland. Tveimur dögum seinna lýstu Frakkland og Stóra Bretland yfir stríði á hendur Þýskalandi. Frakkarnir réðust undireins yfir ána Rín meðfram sameiginlegum landamærum þeirra og Þýskalands, en áttu í erfiðleikum með að brjótast í gegnum sterka vörn Þjóðverja. Meðan á því stóð, voru hersveitir Póllands gersigraðar af skipulögðum járnsvetum Þýskalands. Eftir aðeins 18 daga af hrikalegum hernaðaráttökum, flýði ríkisstjórn Póllands og herstjórn, yfir landamærin til Rúmeníu. Eftir það hrundi pólska vörnin algerlega og Þýskaland gat einbeitt sér að frönsku innrásinni. Jafnvel þótt Frakkland yfirgæfi þýska jörð í flýti, þá var það augljóst flestum stjórnsmálaskýrendum í Evrópu að þetta var aðeins upphafið, en ekki endirinn.

Líkt og allir, sem höfðu aðgang að útvarpi eða dagblöðum, fylgdist William Branham með þessari evrópsku leiksýningu af miklum áhuga. Samt sem áður var áhugi hans sprottinn upp af öðru sjónarhorni. Þetta var það sem hann hafði séð árið 1933, þegar hann féll í leiðslu og sá atburðina eiga sér stað í yfirgripsmikilli framtíðarsýn. Þetta var óþægilegt. Hvaða afl var það, sem sýndi honum atburði áður en þeir gerðust? Og í hvaða *tilgangi*? Enn kom þetta orð, *tilgangur*. Ef til vill hafði

Guð einhvern *tilgang* með lífi hans. Ef svo var, af hverju kom það þá ekki berlegar í ljós?

Þegar hann kom að þeim punkti í vangaveltum sínum, þá hvarflaði hugur Billy óhjákvæmilega að því þegar hann hitti hvítasunnufólkið í Mishawaka í Indíanafylki, tveimur árum áður. Billy vissi að hann hafði misst af áætlun Guðs fyrir líf sitt, þegar hann neitaði boðum hvítasunnuprédikaranna um að koma og prédika í söfnuðum þeirra. En hvernig gat hann komist aftur inn í vilja Guðs? Auðvitað gæti hann einfaldlega farið að heimsækja hvítasunnukirkjur, í þeirri von að einhvers staðar yrði honum boðið að prédika. En það var enn spurning í huga hans, eins og vegartálmi, sem hindraði hann í að fylgja slíkri beinni braut. Það var spurningin um gjafir Heilags Anda. Sérstaklega var þetta spurning um tungutal og útlekkingu þess.

Þegar hér var komið, var Billy sannfærður um að tungutal og útlekking séu hvort tveggja ósviknar gjafir Anda Guðs. Biblían virtist segja það skýrum stöfum.<sup>4</sup> Það sem olli Billy óróleika var reynsla hans í Mishawaka með mennina tvo, sem höfðu verið mjög virkir í að tjá gjöf tungutals og útlekkingar. Báðir höfðu verið farvegur fyrir sömu kröftugu birtingu Guðs Anda á samkomunni. En seinna, þegar Billy talaði persónulega við hvorn fyrir sig, þá hafði hann séð beint inn í persónulegt líf þeirra. Þrátt fyrir að annar væri greinilega einlægur kristinn maður, þá var hinn algjör hræsnari. Billy vissi að það var sannleikur. Sýnirnar voru aldrei rangar. Þetta var það sem olli honum óróleika í sambandi við þá hugmynd hvítasunnnumanna að leyfa gjöfum Andans að flæða óhindrað á samkomunum. Ef þetta var raunverulega Andi Guðs sem flæddi þarna á hvítasunnusamkomunni í Mishawaka, hvernig gat þá Andi Guðs blessað þennan blygðunarlausu hræsnara? Það hljómaði ekki sannfærandi. En gæti andi Satans framkallað verk Guðs? Það var sömuleiðis ólíklegt. Gat það þá verið að báðir andarnir væru að verki á sömu samkomu? Þannig hugmynd bjó til enn eitt vandamál til úrlausnar. Ef andi Satans og Andi Guðs framkölluðu sömu fyrirbæri, hvernig var þá hægt að vita hvað væri hvað?

Þessi spurning hafði margoft truflað hann síðastliðin tvö ár. En nú, þegar hann sá sýn sína um Evrópustríðið verða að raunveruleika, þá fann Billy nýja hvatningu til að finna svar við þessu, til þess að hann gæti gleymt mistökunum og haldið áfram veginn, þangað sem Guð hafði fyrirhugað.

Hann tók sér frí frá vinnu í nokkra daga og keyrði þjóðveg 62 í norður, þar til hann kom að Tunnel Mill svæðinu. Hann lagði bíl sínum utan vegar og fór fótgangandi yfir 14 Mílnalæk og hélt inn í skóginn. Haustið var með fegursta móti. Appelsínugul, brún og rauð laufblöð bærðust fyrir ofan hann og það skjáfaði í þeim undir fótum hans, þar sem hann gekk. Fuglasöngur fyllti loftið. Loks kom Billy að staðnum, þar sem hið 25 metra háa gljúfur hafði myndast í kalksteinshæðinni. Hann fetaði sig áfram, þar til hann kom að hellismunnanum. Það var steinn sem skagaði upp eins og strýta fyrir framan hellinn. Hann kveikti á kertinu og smeygði sér síðan inn um opið með fæturna á undan. Hann fetaði sig inn göngin 8 metra inn í fjallið. Þar staðnæmdist hann til að horfa á steininn sem skagaði niður, eins og pýramídi á hvolfi beint yfir ferkantaða kalksteinsborðinu. Hann furðaði sig á því, í hvert skipti sem hann sá það. Hann lagði úlpuna sína og nokkur auka kerti á steininn sem hann notaði fyrir rúm. Síðan tók hann Biblíuna sína og fór aftur út, til að leita Guðs í hlýrri haustsólinni.

Fallið eikartré lá á jörðinni, ekki langt frá innganginum að hellinum. Staðurinn, þar sem gamla eikartréð lá, myndaði nú einskonar stól. Billy hvíldist á þeim stað allan daginn og las Biblíuna sína og bað. Að endingu, dimmdi og það varð stjörnuþjart á himni. Léttur en kaldur haustandvari neyddi hann til að leita skjóls inni í hellinum.

---

<sup>4</sup> 1. Korintubrэф 12:1-12 og 14:1-33

Næsta morgun hreyfði hann sig ekki fyrr en sólin var komin nógu hátt á loft til að ylja staðinn hans. Hann hafði skilið Biblíuna eftir opna á trénu og vindurinn hafði feykt blöðunum opnum á Hebreabréfinu 6. kafla. Billy settist niður og hóf lesturinn:

*“Ef menn eru einu sinni orðnir upplýstir og hafa smakkað hina himnesku gjöf, fengið hlutdeild í Heilögum Anda og reynt Guðs góða orð og krafta komandi aldar, en hafa síðan fallið frá, þá er ógerlegt að endurnýja þá til afturhvarfs. Þeir eru að krossfesta Guðs son að nýju og smána hann.*

*Jörð sú, er drukkið hefur í sig regnið, sem á hana fellur hvað eftir annað og ber gróður til gagns fyrir þá, sem yrkja hana, fær blessun frá Guði. En beri hún þyrna og þistla, er hún ónýt. Yfir henni vofir bölvun og hennar bíður að lokum að verða brennd.”*

Hann skildi þetta ekki alveg. Hann fletti blaðsíðunum að vissum ritningastað í öðru Tímóteusarbréfi, sem hann hafði verið að velta fyrir sér. Þegar hann lagði Biblíuna niður, flettust blöðin aftur að Hebreabréfinu, 6. kafla. Hann hugsaði, “En skrytið. Var Guð að reyna að segja honum eitthvað með þessari ritningagrein?” Hann las 6. kaflann aftur, en var ennþá engu nær.

Hann fór aftur inn í hellinn, klifraði niður göngin þangað sem steinninn og borðið voru. Billy kraup niður og bað: “Drottinn, hvað þýðir Hebreabréfið 6. kafla? Hvað ertu að reyna að segja mér?”

Allt í einu dofnuðu fingur hans, ekki vegna kuldans í hellinum, þetta var hin deyfandi tilfinning sem hann fann oft fyrir áður en hann sá sýnir. Handleggir hans og fótleggir urðu þungir og varir hans dofna, eins og tannlæknirinn hefði sprautað hann með Novocaini. Þegar hann opnaði augun, sá hann jörðina snúast um öxul sinn. Jörðin leit út eins og akur, sem nýbúið var að plægja. Maður í hvítum klæðum birtist, sem hélt á stórum poka við hlið sér. Maðurinn tók sæði úr pokanum, á nokkurra skrefa fresti og henti þeim yfir öxl sér. Um leið og hann hvarf úr auglýsni, sá Billy annan mann, svartklæddan, sem kom á eftir hinum. Sá bar líka poka sér við hlið og sáði sæði, meðan hann læddist á tánum yfir akurinn. En hann leit stöðugt til beggja hliða, eins og hann væri að gera eitthvað rangt og væri hræddur um að vera staðinn að verki.

Eftir að þessi svartklæddi maður var kominn úr auglýsni, sá Billy fræin spíra og skjóta rótum og vaxa þar til þau voru fullvaxta plöntur. Nú var greinilegt hver fræin voru, sum voru hveiti og önnur voru illgresi, njóli og þistlar. Upp kom sólin, hún vermdi akurinn og þurrkaði upp allan raka úr jörðinni. Bæði hveiti og illgresi hengdu höfuðin niður og báðu og þráðu regn. Plönturnar lutu nær og nær hinni skrælnuðu jörð. Næst sá Billy stórt svart ský birtast á himni. Þegar tók að hellirigna, reisti hveitið sig við og hrópaði, “Dýrð sé Guði! Dýrð sé Guði!” Á sama tíma réttu njólinn og illgresið sig við og hrópuðu: “Dýrð! Hallelúja! Lofið Drottin!” Öll veröldin var allt í einu lifandi af plöntum sem nutu regnsins og hrópuðu hið sama: “Lof sé Guði!” Síðan hvarf honum sýnin.

Billy var yfir sig glaður. Nú skildi hann Hebreabréfið 6. kafla. *“Ef menn eru einu sinni orðnir upplýstir..., þá er ógerlegt að endurnýja þá til afturhvarfs...Jörð sú, er drukkið hefur í sig regnið...fær blessun frá Guði...en beri hún þistla er hún ónýt.”*

Þetta var svarið: Sama regnið og fær hveitið til að vaxa, vökvar einnig illgresið. Sami Heilagi Andi og blessar og fæðir hinn kristna, getur líka blessað hræsnaarann, en hræsnaarinn mun bera öðruvísi ávöxt. Það fer allt eftir sæðinu sem var sáð.

Billy hugsaði um nokkuð sem Jesús hafði sagt: *“Elskið óvini yðar og biðjið fyrir þeim, sem ofsækja yður, svo að þér séuð börn föður yðar á himnum, er lætur sól sína renna upp yfir vonda sem góða og rigna yfir réttláta sem rangláta.”*<sup>5</sup> Eins og er í hinu

---

<sup>5</sup> Matt. 5:44-45



náttúrulega, svo er einnig í hinu andlega. Það útskýrir hvers vegna Jesús lýsti því yfir að: *“Margir munu segja við mig á þeim degi. “Herra, herra, höfum vér ekki kennt í þínu nafni, rekið út illa anda í þínu nafni og gjört í þínu nafni mörg kraftaverk? Þá mun ég votta þetta: ‘Aldrei þekkti ég yður. Farið frá mér, illgjörðamenn.’ ”*<sup>6</sup>

Jafnvel þótt þetta fólk hafi sýnt ytri merki um kraft Guðs, þá var tilgangur þeirra rangur eða spilltur.

Billy yfirgaf hellinn sinn og skildi loks að það voru tveir andar að verki innan kirkjunnar. Báðir öðluðust líf fyrir sama kraft, en stefndu sitt í hvora áttina. Eins og greinar græddar á sama tré mundu draga næringu úr sama stofni. Appelsínutré gæti þess vegna nært greinar sítrónutrés eða eplatrés. Allar greinarnar líta ef til vill út fyrir að tilheyra appelsínutrénu, en þegar þær bæru ávöxt, myndi sítrónugreinin bera sítrónur og eplagreinin epli. Á sama hátt er til fólk innan kirkjunnar, sem nærast á sama meiði Heilags Anda, en ávöxtur þeirra verður eiginhagsmunir eða pólitík, sjálfánægjuleg bókstafstrú, eða hræsni. Allt nema ávöxtur Heilags Anda. Samt sem áður, ef ný grein kynni að vaxa út úr sama stofni, þá myndu ávextir hennar verða appelsínur. Jesús sagði í Jóhannesi 15. kafla: *“Ég er vínviðurinn, þér eruð greinarnar. Sá ber mikinn ávöxt sem er í mér og ég í honum, en án mín getið þér alls ekkert gjört.”* Páll skrifaði: *“En ávöxtur Andans er: Kærleiki, gleði, friður, langlyndi, gæska, góðvild, trúmennska, hógværð og bindindi.”*<sup>7</sup> Jesús staðhæfði. *“Af ávöxtum þeirra skuluð þér þekkja þá.”*<sup>8</sup>

Núna, þegar hann skildi muninn á þessum tveimur mönnum frá Mishawaka, sem höfðu sýnt tungutalið og útlekkinguna á svo dramatískan hátt, tók Billy að slaka á afstöðu sinni gagnvart gjöfum Andans og ytri tjáningu tilfinninga. Hinn 31. desember árið 1939, hélt hann næturvökusamkomu í kirkjunni sinni til að bjóða árið 1940 velkomið. Hann var með töflu upp við púltið og var að setja upp Biblíulega tímasetningu fyrir endurkomu Krists, sem best hann gat. Hópur af hvítasunnufólki hafði komið yfir ána frá Louisville, til að taka þátt í samkomunni. Þegar Billy tók sér hlé frá kennslunni, vildu nokkrar konur úr hópnum fá að syngja valda söngva. Þetta varð mikill gleðisöngur og fögnuður. Ein kona lék á málmgjöll, önnur sló á dósir, ein kona lék á þvottabretti og sú þriðja á píanó. Söngurinn var hraður og söfnuðurinn tók undir. *“Það verður fundur uppi í skýjunum, í hinu ljúfa, yndislega, fagra. Það verður dásamlegt, það segi ég og sonur Guðs mun sjálfur leiða þennan fund uppi í himninum.”* Ljósærð unglingsstúlka stóð upp og tók að dilla sér og dansa eftir tónlistinni.

Billy var gagnrýninn, fann að henni í hjarta sínu og hugsaði: *“Það er ekkert í orði Guðs um þetta. Hún er bara að halda sýningu. Vill láta taka eftir sér. Hún gerir kirkjuna mína að krá.”*

Önnur stúlka tók að dansa, síðan enn ein. Billy hugsaði: *“Bíðum nú aðeins við. Ef til vill er til ritningagrein um að dansa.”* Hann minntist þess hvenig Miriam, þegar hún sá her faraós drukkna í Rauðahafinu, tók upp tambúrínu og dansaði eftir flæðamálinu og gladdist yfir sigrinum og dætur Ísrael fylgdu dansandi á eftir.<sup>9</sup> Síðan mundi Billy eftir því hvernig Davíð konungur hafði dansað frammi fyrir Guði sínum af öllum mætti, þegar örsk Guðs var flutt aftur til Jerúsalem.<sup>10</sup> Billy hugsaði: *“Ef til vill er ég ekki enn nógu mikill sigurvegari.”* Þar sem hann sat uppi á pallinum tók hann að stappa með fætinum í takt við tónlistina. Fljótlega stappaði hann með fætinum og

<sup>6</sup> Matt. 7:22-23

<sup>7</sup> Galatabréfið. 5:22-23

<sup>8</sup> Matt. 7:15-20

<sup>9</sup> 2. Mós. 15:20-21

<sup>10</sup> 2.Sam. 6:12-15

klappaði með höndunum. Áður en söngnum var lokið var hann kominn út á gólf og söng ásamt hinum.

Billy lærði af reynslunni og bað: “Guð, láttu mig ekki lengur gagnrýna aðra. Láttu mig skoða allt vandlega og skynsamlega héðan í frá, áður en ég felli dóm.”

Þetta var einföld bæn, en bæn sem átti eftir að hafa afdrifaríkar afleiðingar. Hann var aftur kominn fram á veginn, í áttina að hlutskipti sínu.

## 24. kafli.

### Rétt úr beygðum fótleggjum. 1940

**Eitt sunnudagskvöld** snemma vors 1940, kom William Branham við hjá móður sinni eftir guðsþjónustu. Hann sat við eldhúsborðið ásamt henni og talaði fram á nótt. Meda Broy ætlaði að gæta hins fjögurra ára gamla Billy Paul um nóttina, svo Billy lá ekki á heim til sín. Þegar hann loks stóð upp til að fara, sagði Ella: “Það lítur út fyrir að það sé mjög kalt úti, af hverju gistirðu ekki bara hér?”

Úti feykti vindurinn élinu á gluggahlerana. Billy varð hugsað til köldu herbergjanna tveggja, sem biðu hans heima. “Auðvitað, mamma, ég gisti bara,” sagði hann glaðlega.

Þegar hann var kominn inn í gestaherbegi móður sinnar, lagðist Billy flatur yfir rúmið og tók að biðja. Allan daginn hafði hann fundið fyrir ósegjanlegri byrði í hjarta sér og nú var tækifæri til að tala um það við sinn himneska Föður. Eftir klukkutíma sofnaði hann.

Um klukkan tvö um nóttina vaknaði hann og fann ennþá fyrir þessum þunga, sem á honum hvíldi. Endurnærður eftir blundinn, kraup hann niður við rúmið og hélt áfram að biðja. Það var svo dimmt í herberginu, að hann þurfti ekki að loka augunum til að einbeita sér. Eftir stutta stund tók hann eftir einhverju hvítu, sem lýsti af daufrí birtu, í einu horni herbergisins. Fyrst hélt hann að þetta væri þvottur móður sinnar í bunka á stól. En þegar hann fylgdist með, leit þetta út fyrir að hreyfast og stefna upp á við. Núna leit þetta frekar út fyrir að vera hvítt ský og það stefndi í áttina til hans.

Eftir augnablik var hann umvafinn hvítri, skínandi, þoku. Allt í einu var Billy alls ekki lengur í svefnherberginu, heldur einhvers staðar úti við. Fyrir framan hann stóð lítið, mjótt hús. Hann gekk inn um útidyrnar og var þá staddur í herbergi, sem var sameiginlegt svefnherbergi og stofa. Veggirnir voru veggfóðraðir með rauðröndóttu veggfóðri. Beint fyrir framan hann opnaðist hurð inn í eldhúsið, sem var eina herbergið í húsinu, að hinu frátöldu. Dökkhærð kona, svona rúmlega tvítug, stóð og hvíldi höfuð sitt upp við eldhúshurðina og grét. Billy til vinstri handar, sat eldri kona í rauðum, fóðruðum stól og grét. Hún hafði tekið af sér gleraugun og var að fægja þau með vasaklútnum sínum. Billy leit til hægri og sá þá ungan mann sitja í rauðum, sófa. Þessi ungi maður sneri andlitinu að glugganum, svo það eina sem Billy sá af honum, voru ljósir, lokkar aftan á kollinum. Lengra til vinstri handar Billy lá drengur í bláum samfesting á maganum, í járn Rúmi. Drengurinn var mjög vanskapaður. Fótleggir hans voru bognir eins skrúfur og sveigðust aftur upp að mjöðmum hans. Hár, dökkhærður maður, sem Billy gerði ráð fyrir að væri faðirinn, stóð við rúmið og horfði á drenginn.

“Er þetta ekki undarlegt?,” hugsaði Billy. “Fyrir augnabliki var ég heima hjá mömmu og núna er ég hér í þessu húsi.”

Fljótlega fann hann fyrir lotningarfullri nærveru, sem var beint fyrir aftan hægri öxl hans. Síðan heyrði hann sömu röddina og svo oft talaði til hans í sýnum.

Engillinn spurði: “*Getur þetta barn lifað?*”

“Herra, ég veit það ekki,” svaraði Billy.

Engillinn sagði: “*Láttu föðurinn koma með drenginn til þín, svo að þú getir beðið fyrir honum og hann mun lifa.*”

Faðirinn tók barnið í arma sína og hélt á honum til Billy, sem lagði hendur á maga hans og tók að biðja. Þótt undarlegt megi virðast, þá féll drengurinn úr örmum föður

síns. Hann lenti á vinstri fætinum og það réttist úr honum og hann varð eðlilegur. Hann steig strax annað skref og þegar hann gerði það, þá réttist einnig úr hinum fætinum. Þegar hann steig þriðja skrefið, þá réttist úr handleggjum hans. Síðan lagði drengurinn hendur sínar í hendur Billy og leit upp til hans. Drengurinn var með mjólkurskegg á efrivörinni. Hann sagði: “Bróðir Billy, ég er fullkomlega heill heilsu.”

“Nú, lof sé Guði,” svaraði Billy.

Engillinn, sem enn stóð úr sjónmáli fyrir aftan Billy sagði: “*Nú ætla ég að fara með þig á annan stað.*”

Hann tók Billy upp, bar hann langa leið og setti hann niður í kirkjugarði, nálægt sveitakirkju. Engillinn benti á einn af legsteinunum og sagði: “*Mundu nafnið og dagsetninguna á þessum. Það mun vísa þér leið.*” Síðan hreif hann Billy með sér, þangað sem tvær búðir, bensínstöð og nokkur hús stóðu saman í hóp, á krossgötum. Ein búðin var máluð gul að framanverðu. Út úr búðinni kom maður sem var í bláum samfesting og með gula derhúfu. Hann var með hvítt yfirvaraskegg. Engillinn sagði: “*Hann mun vísa þér veginn.*”

Einu sinni enn var Billy hrifinn burt af staðnum. Þegar fætur hans námu aftur við jörðu var hann að fylgja eftir ungri þéttvaxinni konu inn í hús. Billy var kominn inn í herbergi með gulu veggfóðri með rauðu mynstri. Yfir hurðinni hékk skilti þar sem á var letrað: “Drottinn blessi heimilið.” Við vegginn á móti stóð eldavél og upp við vegginn var rúm. Unglingur í náttfötum, lá ofan á rúmfötunum og þjáðist af eftirstöðvum einhvers, sem gæti hafa verið lömunarveiki. Báðir fótleggir voru krepptir undir líkamann og annar handleggurinn var svo visinn, að ólæknandi virtist. Billy gat ekki sagt til um hvort þetta væri drengur eða stúlka. Andlitið var á vissan hátt karlmannlegt, en sítt hárið og hjartalaga varir bentu til annars.

Engillinn sagði: “*Getur þessi manneskja gengið?*”

Billy svaraði: “Herra, ég veit það ekki.”

Engillinn gaf fyrirskipun: “*Farðu og legðu hendur þínar yfir maga þessarar manneskju og biddu yfir henni.*”

Þegar Billy gerði eins og honum hafði verið sagt, hrópaði manneskjan í rúminu: “Lof sé Guði!,” þegar réttist úr visnum handleggnum og fótleggirnir urðu styrkir og teinréttir. Unglingurinn settist upp í rúminu og annar fótleggurinn kom í ljós og það sást í hné. Nú var Billy viss um kynið. Þetta var ekki beinabert hné pilts, heldur mjúkt, kringlótt stúlkuné. Billy heyrði einhvern nálægt sér kalla: “Ó, Guði sé lof og dýrð!”

Sem í fjarska heyrði hann einhvern kalla: “Bróðir Branham! Ó, bróðir Branham!” Skyndilega var Billy aftur staddur í húsi móður sinnar, standandi á miðju svefnherbergisgólfinu. Hann hristi höfuð sitt og fannst hann vera ringlaður og áttavilltur. Móðir hans kallaði til hans úr næsta herbergi: “Billy, það er einhver að banka á hurðina og kalla á þig.”

“Ég heyr þu, mamma.” Hann staulaðist eftir ganginum og að útidyrnum. Ungur maður, í mjög mikilli vanlíðan stóð í dyragættinni, rauðeygður og þrúttinn. Billy þekkti hann undireins aftur sem manninn í sýninni sem hafði misst litla drenginn. “Komdu inn,” sagði Billy. “Hvað er að?”

Maðurinn steig inn fyrir, til að komast úr köldum vindinum. “Bróðir Branham, manstu eftir mér?”

“Nei, ég held ekki.”

“Ég er John Himmel. Fyrir um það bil fjórum árum skírðir þú mig og fjölskyldu mína uppi í Powder Plains.”

“Nú man ég eftir þér,” sagði Billy, þegar veik minning styrktist. “Þú varðst manni að bana fyrir nokkrum árum, er það ekki?”

“Jú, herra. Sló hann með hnefunum og braut á honum hálsinn. Ég flýði frá lögunum og einnig frá Guði. Á síðasta ári dó elsti drengurinn minn úr lungnabólgu. Ég á annan son og nú er hann líka að deyja, með lungnabólgu í báðum lungum. Læknirinn var að fara frá okkur, vegna þess að hann segist ekki geta neitt meira. Allt í einu datt mér þú í hug. Viltu koma og biðja fyrir syni mínum?”

“Já, ég skal gera það. Ég þarf bara að klæða mig og koma bílnum í gang.”

“Þú þarft ekki að fara á þínum bíl, þú getur komið með mér. Ég keyri þig aftur heim til þín. Ég bý aðeins 5 kílómetra héðan, aðeins nokkra kílómetra frá Utica. Meðan þú klæðir þig, ætla ég að fara og ná í Graham Snelling. Hann er frændi minn og ég vil að hann biðji líka fyrir syni mínum.”

Þegar Billy var á leiðinni aftur inn í herbergi sitt til að skipta um föt, kallaði Ella á hann, þegar hann fór framhjá herbergishurð hennar. “Billy, hvað var að þessum manni?”

“Mamma, eitthvað gerðist, ég sá sýn áðan.”

“Ó, var það,” sagði hún, eins og það væri hversdagslegur hlutur. “Er það eitthvað gott?”

“Já, litli drengurinn sem maðurinn á mun fá lækningu. Ég segi þér meira þegar ég kem aftur.”

Eftir tíu mínútur ók John Himmel upp að húsinu ásamt frænda sínum. Billy þekkti Graham Snelling, ungan mann, á sama aldri og hann sjálfur, sem hafði nýverið snúist til kristinnar trúar. Um leið og Billy steig upp í bílinn, áttaði hann sig á því að Graham var ljóshærði maðurinn í sýninni, sá sem sat í rauða sófanum og horfði út um gluggann. Billy brann af eftirvæntingu innra með sér og vissi að Guð ætlaði að gera kraftaverk.

Þeir óku norðureftir Utica Pike. Billy sagði: “Herra Himmel, þú býrð í hvítu húsi, er það ekki?”

“Jú, það geri ég.”

“Húsið þitt er staðsett uppi á hæð og framhliðin snýr í suður.”

“Það er rétt.”

Það eru tvö herbergi. Annað er með rauðum viði upp hálfan vegginn. Þar er rauður sófi og járnúrú. Veiki drengurinn þinn er um það bil ...ég myndi segja, þriggja ára gamall. Hann er með brúnt hár og er í bláum smekkbuxum. Móðir hans er dökkhærð.”

John Himmel starði opinmynntur á farþega sinn. “Hefur þú einhvern tíma komið heim til mín, bróðir Branham?”

“Þegar þú bankaðir á dyrnar var ég nýkominn þaðan.”

Á andlit mannsins kom furðusvipur. “Það er skrýtið. Ég sá þig aldrei þar.”

“Ég var þar andlega. Herra Himmel, ef ég skírði þig, þá hefur þú ef til vill heyrt mig segja frá því hvernig ég sé stundum hluti áður en þeir gerast.”

“Já, ég man. Gerðist eitthvað því líkt núna?”

“Þannig var það. Og hvað sem það er, sem segir mér þessa hluti, þá hefur það aldrei logið að mér. Himmel, sonur þinn mun lækna þegar ég kem heim til þín.”

Við þessi orð, bremsaði herra Himmel, stöðvaði bílinn, henti sér yfir stýrið, haldi andlit sitt í höndum sér og sagði: “Guð, ég skammast mín fyrir sjálfan mig. Ef þú vilt fyrirgefa mér, lofa ég að lifa fyrir þig það sem eftir er lífs míns.”

Þegar þeir komu á leiðarenda, leit húsið nákvæmlega eins út og Billy hafði séð í sýninni. Fylltur sjálfstrausti, gekk hann inn um dyrnar. Þar var rauði sófinn og stóllinn, svarthærða móðirin, járnúrúmið og litli veiki drengurinn.

John spurði konu sína: “Andar hann ennþá?”

Lungu drengsins bærðust ekki nóg til að það væri sjánlegt, þannig að móðirin hélt bréfmiða fyrir framan nasir hans til að athuga með andardráttinn. “Jú, hann lifir enn,” sagði hún, “en naumlega.”

Nú vissi Billy að handleggirnir og fæturnir, sem höfðu verið svo bognir og snúnir, táknuðu lungnabólguna, sem var að drepa litla drenginn. “Komdu með barnið til mín,” skipaði hann.

Faðirinn kom með son sinn og hélt á honum meðan Billy bað. En í stað þess að piltinum liði betur, þá varð hann samstundis veikari. Hreyfingin hafði vakið skynfæri hans. Nú svelgdist honum á slíminu í hálsinum og hætti alveg að anda. Foreldrarnir gripu son sinn í óðagoti og slógu á bak hans, þar til hann náði aftur andanum. En það leit út fyrir, að hver andardráttur myndi verða hans síðasti. Hann hóstaði og spýtti, barðist um og grét stundum, hálfum hljóðum, milli andsoganna.

“Eitthvað er að,” hugsaði Billy. Þegar hann leit í kringum sig í herberginu, áttaði hann sig á því hvað það var. Aðstaðan var ekki nákvæmlega eins og hann hafði séð í sýninni. Móðirin hallaði sér ekki að eldhúshurðinni, Graham Snelling sat ekki á sófanum og horfði út um gluggann og það átti að vera gömul kona sitjandi í rauða stólnum, að fægja gleraugun sín.

Meðan móðirin, full örvæntingar, nuddaði meðali undir nef sonar síns, settist Billy á bekkinn, í algerri niðurlægingu. Í spennungi sínum hafði hann athafnað sig á undan sýninni og með því að gera það, hafði hann misst af Guði. Hann gat ekki einu sinni sagt Himmelfólkinu hvað væri að. Það eina sem hann gat gert var að sitja og bíða og vona að náð Guðs myndi yfirtaka mistök hans.

Í fjóra og hálfan tíma sat Billy hljóður og bað, meðan barnið barðist í örvæntingu fyrir lífi sínu. Þegar fyrsta dagsbirtan litaði sjóndeildarhringinn, sagði Graham Snelling: “Ég verð að fara núna, vegna þess að ég þarfa að vera kominn í vinnu klukkan átta.”

“Allt í lagi,” sagði John Himmel, “ég keyri þig heim. Bróðir Branham vilt þú koma með?”

“Nei, ég ætla bara að vera hérna.”

Hjarta Billy kvaldist, þegar hann horfði á mennina tvo fara í jakkana við útidyrnar. Hann vissi að Graham Snelling var ljóshærði maðurinn í sýninni. Ef hann færi núna, hvenær myndi hann þá koma aftur? Í kvöld?

Samkvæmt sýninni gat barnið ekki læknað nema Graham væri þarna. Billy velti því fyrir sér hvernig þessi litli, veiki drengur gæti lifað daginn af.

Billy leit út um gluggann og sá eldri konu sem kom upp stúginn í áttina að húsinu. Allt í einu gerði hann sér grein fyrir því að hún var með gleraugu! Billy hugsaði: “Ó, Guð, ég þakka þér. Ef aðeins þessir tveir menn fara nú ekki alveg strax.”

John Himmel hneppti síðustu tölunni á frakkanum sínum, sneri sér síðan að konu sinni og sagði: “Ég kem strax heim. Ég fer ekki í vinnuna í dag.”

Graham var að setja hattinn á höfuðið þegar heyrðist bankað á dyrnar. Móðirin hljóp í gegnum eldhúsið til að opna bakdyrnar. Gamla konan hraðaði sér skjálfandi inn úr kuldanum.

“Hver er kominn?,” spurði John.

“Það er mamma,” svaraði unga móðirin og lokaði bakdyrunum. “Mamma, gastu sofið eitthvað?”

“Í tvo tíma” sagði gamla konan. “Hvernig líður drengnum? Er einhver breyting síðan ég fór?”

“Nei,” svaraði unga móðirin og rödd hennar skalf. “Mamma, hann er að deyja.” Síðan fór hún að gráta. Hún huldi andlit sitt með höndunum og hallaði sér upp að eldhúshurðinni.

“Hér kemur það!, hugsaði Billy og spenningur hans jókst. Þetta var alveg eins og í sýninni.” Nú verður gamla konan að sitja í þessum stól og fægja gleraugun sín og bróðir Snelling að sitja þar sem ég er.”

Billy stóð upp til að stóllinn yrði til reiðu. Graham Snelling tók af sér hattinn, settist niður nákvæmlega þar sem Billy hafði setið og horfði út um gluggann.

“Ó, Guð,” hugsaði Billy. “Aðeins eitt þarf enn að gerast.”

Amman kom inn í herbergið og settist í rauða stólinn. Það var móða á gleraugunum hennar, þar sem hún kom inn úr kuldanum inn í hlýtt, rakt herbergi, svo að hún tók þau af sér og fægði þau, alveg eins og hún hafði gert í sýninni.

Um leið og allt var eins og það átti að vera, fann Billy þessa undarlegu tilfinningu, eins og eitthvað eða einhver kraftmikil vera stæði hjá honum. Billy sagði: “Bróðir Himmel, treystirðu mér enn sem þjóni Krists?”

“Vissulega geri ég það, bróðir Branham.”

“Komdu þá með barnið til mín.”

Foreldrarir höfðu látið barnið liggja, vegna þess að í hvert skipti sem þau tóku hann upp, tók hann að hósta og gat ekki náð andanum. Núna tók faðirinn barnið upp og án nokkurs ótta eða efa, fór hann með drenginn til Billy.

Billy lagði hendur á bláa húð barnsins og bað: “Himneski Faðir, fyrirgefðu heimsku þjóns þíns að hafa farið af stað á undan sýninni. Læknaðu þetta litla barn, í nafni Jesú Krists.”

Barnið tók að hreyfa sig. Bláar kinnar hans urðu bleikar, líflaus augun tóku að hreyfast og opnuðust síðan. “Pabbi!,” kallaði hann. “Ó, pabbi, pabbi!” og hann fleygði sér um háls föður síns.

Athygli allra í herberginu beindist undireins að barninu. Allir spurðu sömu spurningar: “Er allt í lagi með hann?” Drengurinn sagði að sér liði vel, en Billy sagði: “Herra Himmel, það munu líða þrjú dagar þar til hann verður fullkomlega heilbrigður, vegna þess að í sýninni tók hann þrjú skref áður en limir hans urðu fullkomlega beinir.”

John Himmel ók Billy og Graham til Jeffersonville, í tæka tíð fyrir þá að fara í vinnuna.

Á miðvikudagskvöldinu sagði Billy söfnuði sínum frá sýninni og lækningunni og sagði: “Annað kvöld vil ég að þið komið öll með mér og horfið inn um gluggana. Bíðið bara og sjáið hvort litli drengurinn kemur ekki labbandi yfir gólfið, með mjólkurskegg á efri vörinni. Hann mun taka hendur mínar í sínar og segja: “Bróðir Billy, ég er fullkomlega heill heilsu.” Á fimmtudagskvöldinu fylgdi allur söfnuðurinn Billy heim að litla húsinu í sveitinni. Fólkið stóð í hóp við gluggana og sumir eltu Billy, þegar hann bankaði á framdyrnar. Móðirin var að vinna í eldhúsinu, baka til í húsinu. Billy heyrði hana hlaupa yfir trégólfið til að svara.

“Nei, er það ekki bróðir Billy. Komdu inn og sjáðu breytinguna á syni okkar núna.”

Billy gekk inn án þess að segja eitt orð. Gegnum eldhúsgættina sá hann drenginn sitja úti í horni og leika sér að kubbum. Barnið stóð upp og gekk vaggandi gangi yfir gólfið. Efri vör hans var þakin súkkulaðimjólkurskeggi. Hann setti litlu lófana sína í hendi Billy og sagði: “Bróðir Billy, ég er fullkomlega heill heilsu.”

Á næsta safnaðarfundi sagði Billy frá hinum hluta sýnarinnar, um stúlkuna með visna handlegginn og krepptu fótleggina, sem myndi fá lækningu. Hann undirstrikaði: “Ég veit ekki hvað þessir hlutir þýða. Ég get bara sagt ykkur frá því sem ég sé.”

Tveimur vikum seinna, þegar Billy kom til vinnu sinnar um morguninn, sagði hr. Scott, verkstjórinn hans. “Það kom bréf til þín, Billy. Ég setti það í kassann þinn.”

Þegar Billy var að safna saman verkefnum dagsins, varð honum litið á heimilisfang sendandans á þessu bréfi. Það kom frá frú Harold Nale í Suður-Boston í Indíanafylki.

Billy reif upp umslagið og braut bréfið í sundur. Þar stóð:

“Kæri Herra Branham.

Ég heiti Frú Harold Nale. Ég á heima í Suður-Boston í Indíanafylki. Ég á fatlaða unglingsstúlku sem er rúmfast vegna fötlunar sinnar. Gigt er komin í liðamótin og nú grætur hún af verkjum dag og nótt. Ég er Meþódisti. Á bænastund fyrir nokkrum vikum... (Billy hlýnaði innra með sér þegar hann las dagsetninguna. Þetta var sama kvöldið og hann hafði séð sýnina um fötluðu stúlkuna sem læknaðist.)...gaf einhver mér bókina þína: “*Jesús Kristur er í dag og í gær, hinn sami og um aldir.*” Eftir að ég var búin að lesa bókina þína, þá snerti eitthvað við hjarta mínu að skrifa þér og biðja þig að biðja fyrir dóttur minni.

Þín einlæg,  
Frú Harold Nale”

Í kirkjunni, þetta kvöld, eftir að hafa minnt fólkið á sýnina, las Billy bréfið. “Ég er viss um að þetta er stúlkan sem ég sá í sýninni, en ég hef aldrei heyrt um þennan stað. Veit einhver hér hvar Suður Boston er?”

“Bróðir Branham, ég held að það sé suður af New Albany.”

Allmargir vildu fara með Billy, til að sjá sýnina verða að raunveruleika: Jim Wiseheart, fullorðinn djákni, sem vann með Billy. Einnig hin 21 árs gamla Meda Broy og Herra og frú Brace, hjón sem nýlega höfðu flutt á staðinn, til að búa nær kirkjunni, eftir að frú Brace hafði fyrir kraftaverk læknað af berklum, þegar Billy hafði beðið fyrir henni. Þá helgi, eftir að allir höfðu flykkst inn í bíl Billy, rétti hann frú Brace miða, með nafni og tveimur dagsetningum.

“Til hvers er þetta?”

“Einhvers staðar á leiðinni munum við aka framhjá grafreit. Þú munt finna þetta skrifað á einn legsteininn.”

“Sagðir þú ekki að þú hefðir aldrei komið til Suður-Boston?”

“Ég hef aldrei komið þangað. Engill Drottins lét mig hafa þessar dagsetningar. Þegar við sjáum þær, vitum við að við erum á réttri leið.”

Þau héldu í suðurátt, aðeins til að komast að því að George Wright hafði haft aðra borg í huga, sem hét Nýja Boston, ekki Suður-Boston. Þau spurðust fyrir á pósthúsinu og fengu að vita, að Suður-Boston var lítið þorp, norður af Jeffersonville, rétt fyrir ofan Henryville. Þau spurðust aftur fyrir í Henryville og var bent í áttina. Þau óku í um það bil tíu kílómetra, eftir hlykkjóttum moldarvegi, framhjá bóndabýlum, maísökum, skógivöxnum hæðum og skógarþykknunum. Hliðargötur (eða voru það aðalgötur?) skáru hvarvetna leið þeirra, þannig að erfitt var að átta sig á því hvort þau voru á réttri leið. Allt í einu greip eitthvað í Billy, innra með honum, þannig að hann náði varla andanum. Hann beygði út af veginum og stansaði.

“Hvað er að?” spurði Jim Wiseheart.

Billy titraði ofurlítið og kaldur sviti spratt fram á enni hans. “Ég veit það ekki. Eitthvað er að. Ég þarf að vera einn í svolitla stund.”

Hann fór út og gekk bak við bílinn. Hann setti annan fótinn upp á afturstuðarann og bað: “Himneski faðir, hvað er það sem þú vilt tala til þjóns þíns?” Svalandi vorblærinn var endurnærandi og brátt hvarf þessi óþægilega tilfinning í lungunum. Þegar hann leit við, tók hann eftir kirkju, sem var staðsett langt í burtu frá veginum. Bak við kirkjuna var lítill sveitakirkjugarður. “Bróðir Brace,” sagði hann, spenntur, “réttu mér miðann.”



Allir fóru út úr bílnum og eltu Billy inn í kirkjugarðinn. Rétt innan við hliðið var lítill legsteinn úr marmara. Nafnið og dagsetningarnar, sem grafnar voru í steininn, voru þær sömu og á miðanum í hendi Hr. Brace.

“Ég hef aldrei komið hingað áður,” sagði Billy, “En ég veit að við erum á réttri leið. Það var engill Drottins sem stöðvaði mig. Hann vildi ekki að ég missti af þessu leiðarmerki.”

Eftir ellefu kílómetra komu þau að hlykk á veginum og horfðu niður á lítið þorp á krossgötum.

“Þetta er staðurinn,” sagði Billy og þarna er gula búðarhurðin. Takið nú eftir, þegar við keyrum að búðinni, mun maður með grátt yfirvaraskegg koma út og vísa okkur veginn. Hann verður í bláum smekkbuxum og með gula skyggnishúfu. Sjáið þið bara til.”

Frú Brace sagði: “Bróðir Branham, ég næ þessu ekki almennilega með legsteininn þarna. Ég hef aldrei áður orðið vitni að neinu slíku. Ef þessi maður birtist, eins og þú segir að hann muni gera, þá veit ég ekki hvað ég geri.”

“Ef hann birtist ekki,” sagði Billy, “þá er ég bara að spinna sögur.”

Þegar bíllinn hægði á sér, til að nema staðar við krossgöturnar, opnuðust búðardyrnar og út kom maðurinn, hvítt yfirvaraskegg, bláar smekkbuxur, gul skyggnishúfa og allt saman. Það leið yfir frú Brace, í fangi eiginmannsins.

Billy sagði: “Fylgist þið nú með. Hann mun hegða sér furðulega, vegna þess að kraftur Guðs er nærri.” Hann skrúfaði rúðuna niður og sagði: “Herra minn, þú átt að segja mér hvar Harold Nale á heima.”

Fyrst leit maðurinn út fyrir að vera hissa. Síðan hvörfluðu augu hans fram og aftur, meðan hann talaði. “Akið um það bil kílómetra eftir þessum vegi og beygið fyrsta veg til vinstri. Það er annað hús til vinstri. Þið munið sjá rauða hlöðu upp á hæð. Af hverju?”

“Hann á veika dóttur, er það ekki?”

“Jú, það á hann. Hvað með það?”

“Drottinn Jesús ætlar að lækna hana.”

Billy fylgdi leiðbeiningum mannsins til að komast út úr Suður-Boston, meðan herra Brace nuddaði andlit konu sinnar í aftursætinu. Frú Brace lifnaði við í þann mund sem þau óku upp innkeyrslu Nale fólksins. Billy lagði bílnum á lóðinni og allir stigu út. Frekar feitlagin kona opnaði dyr húss síns.

“Góðan daginn. Ég er bróðir Branham.”

“Einmitt það sem ég hélt. Ég er frú Harold Nale, sem sendi þér bréfið.”

“Gleður mig að hitta þig frú Nale. Þetta fólk kom með mér til að biðja fyrir dóttur þinni. Hún mun fá lækningu.”

“Hvað þá?” Konan opnaði dyrnar upp á gátt. “Komið þið endilega inn fyrir.”

Þegar hann var kominn inn, beið Billy ekki eftir því að frú Nale vísaði veginn, heldur gekk öruggum skrefum inn ganginn að svefnherbergi stúlkunnar. Hinir fylgdu fast á hæla honum. Herbergið sem þau komu inn í var alveg eins og í sýninni. Þarna var viðareldavélin, gula veggfóðrið með rauðu mynstri, skiltið yfir hurðinni þar sem á stóð: “Drottinn blessi heimilið,” rúmið og þar lá stúlkan, með drengjalega andlitið. Annar handleggurinn var visinn svo og voru fæturnir bognir undir henni.

Þegar frú Brace sá herbergið og stúlkuna, nákvæmlega eins og Billy hafði lýst því, leið yfir hana í annað sinn.

Nú gerðist svolítið sem Billy gat aldrei skýrt. Það var sem andi hans skildi sig frá líkamanum og svifi fyrir ofan fólkið. Úr þessari stöðu, sá hann sjálfan sig, (eða að minnsta kosti líkama sinn), ganga yfir gólfið að rúminu og segja: “Systir, svo segir Drottinn. Þú munt verða heilbrigð”. Hann horfði á sjálfan sig leggja hendur yfir maga

stúlkunnar, alveg eins og hann hafði gert í sýninni. Síðan sameinaðist andi hans aftur líkamanum. Augu hans voru lokuð og hann bað: “Drottinn, ég trúi því að ég geri þetta samkvæmt boði þínu.”

Stúlkan hrópaði upp yfir sig. Billy opnaði augun og sá að handleggur hennar var nú eðlilegur. Í spennungi sínum notaði stúlkan hinn nýja handlegg sinn til að lyfta sér upp í rúminu. Það réttist úr fótleggjum hennar og þegar það gerðist, brettist upp á aðra buxnaskálmina og það sást í kringlótt hné og þar með var sýnin fullkomnuð.

Hr. Brace hafði tekist að vekja konu sína nægilega, til að hún gæti staðið á fætur. Rúmfasta stúlkan æpti: “Mamma!, mamma!” þegar hún sveiflaði fótleggjunum yfir rúmstokkinn og stóð upp. Frú Brace leit eitt andartak á kraftaverkið og leið svo aftur út af í arma eiginmannsins.

Stuttu seinna, kom unglingsstúlkan inn í herbergið þar sem þau biðu, klædd í kjól, gangandi á tveimur fótum og var að bursta á sér hárið með handlegg sem hafði verið visinn og gagnslaus í mörg ár. Í þetta skipti tókst frú Brace að halda meðvitund.

## 25. kafli.

### Kraftaverkið í Milltown.

1940

**Nokkrum vikum** eftir að dóttir frú Nale læknaðist, gisti William Branham aftur í húsi móður sinnar. Þrátt fyrir að klukkan væri orðin margt, gat hann ekki sofð, svo hann fór fram úr, gekk um gólfið í gestaherberginu og fann þunga byrði hvíla á hjarta sér. Hann hugsaði með sér: “Ef til vill er einhver veikur og þarfnast fyrirbænar.”

Billy kraup niður við hliðina á rúminu og bað lengi án þess að fá neina lausn. Hann leit upp og tók eftir einhverju hvítu í einu horninu, þar sem móðir hans var með taubunka liggjandi á stól. Þótt undarlegt megi virðast, virtist þetta glitra í myrkrinu. Þegar þetta hvíta færðist nær honum, vissi Billy að þetta var engill Drottins. Hann leit út eins og lítið, skínandi ský. Hvíta skýið sveif inn í hann og allt í einu var hann á gangi í skuggalegu eyðilandi. Einhvers staðar í fjarska heyrði hann lamb jarma. “Me-e-e-e-e-.” Það virtist svo hjálparvana. Billy sagði: “Veslingurinn litli. Ég ætla að reyna að finna það.” Hann gekk í áttina að þessu aumkunarverða hljóði og leitaði bak við tré og undir runna að skjálfandi ullarhnoðra. Eftir því sem hann nálgast hljóðið, hækkaði jarmið og virtist breyta um tóntegund, þar til það var allt að því mannlegt. Billy stansaði og hlustaði vandlega. Lambið virtist vera að jarma: “Mi í i-lltown.” Síðan hvarf honum sýnin.

Billy hafði aldrei heyrt um stað er hétu Milltown. Í kirkjunni, næsta kvöld, spurði hann söfnuðinn hvort einhver vissi hvar staðurinn væri.

George Wright sagði: “Ég veit það, bróðir Branham. Þetta er lítill bær um það bil 56 kílómetra í vestur, ekki langt þaðan sem ég bý.”

“Ég ætla að fara þangað næsta laugardag,” útskýrði Billy. “Einhver þar á í vandræðum.” Og hann sagði söfnuðinum frá sýninni.

“Ég skal keyra þig þangað”, bauð George Wright.

Milltown reyndist vera venjulegt sveitasamfélag í Indíana. Á laugardagssíðdegi var mest um að vera í nýlenduöruversluninni, þar sem allir bændurnir komu, til að gera vikuinnkaupin. Billy ók niður aðalgötuna og velti fyrir sér: “Hvað ætli Drottinn vilji að ég geri?” Þar sem ekkert betra bauðst, ákvað hann að prédika á horninu hjá markaðinum. Hann fór inn í búðina, keypti trékassa, setti hann á hvolf á götuhorninu og ætlaði að prédika yfir þeim sem leið áttu framhjá. En þrátt fyrir það, að hann hefði prédikað mörg hundruð sinnum á þennan hátt í Jeffersonville, þá datt honum af einhverri ástæðu, ekkert efni í hug til að prédika. Það varð brátt augljóst að fólkið myndi ekki stansa til að hlusta á hina stamandi, óviðeigandi ræðu hans.

George Wright sagði: “Bróðir Branham, ég ætla að fara upp á hæðina og selja manni sem ég þekki egg. Viltu koma með mér?”

“Ég get alveg eins gert það. Þetta gengur ekkert hérna.”

Upp á hæðinni fóru þeir framhjá hvítu kirkju. Billy kom með athugasemd: “En hve þetta er fögur bygging.”

“Já,” svaraði George. “Veistu, að það er synd með þennan stað. Þetta var einu sinni Baptistakirkja, en síðasti presturinn þarna lenti í vandræðum. Allur söfnuðurinn yfirgaf hann og fór í hinar kirkjurnar í bænum og bærinn tók kirkjuna í sína vörslu.”

“Bróðir George, af hverju stöðvarðu ekki hér og hleypir mér út. Mér finnst eitthvað draga mig að þessari kirkju.”

“Allt í lagi bróðir Billy. Ég næ í þig í bakleiðinni.”

Eftir að bíllinn ók í burtu, klifraði Billy upp stigann og prófaði að opna hurðina. Hún var læst. Hann settist á þrepin, spennti greipar og bað: “Drottinn, ef þú vilt að ég fari inn í þessa kirkju, vertu þá svo vænn að opna fyrir mig.”

Bráðlega gekk maður til hans og sagði: “Halló, ég sá þig sitja hérna og datt í hug hvort þig vantaði einhverja hjálp.”

“Nú, ég er prédikari,” útskýrði Billy “og mig langaði til að skoða þessa kirkju, en hún er læst.”

Maðurinn sagði: “Ég er með lykilinn.”

“Þakka þér Drottinn,” hvíslaði Billy.

Ókunnugi maðurinn opnaði hurðina og vísaði honum gegnum lítið anddyri inn í salinn, þar sem sæti voru fyrir nærri því fjögur hundruð manns.

“Hver á bygginguna?,” spurði Billy.

“Borgin á hana. Ég er bara eftirlitsmaður. Hún er aðeins notuð við giftingar og jarðarfarir.”

“Væri mögulegt fyrir mig að halda hér vakningasamkomur?”

“Þú verður að tala við starfsfólk borgarinnar um það.”

Þegar George Wright kom aftur, leituðu þeir borgarstjórnann uppi. Hann sagði: “Allt í lagi, ef þið setjið upp mæli í kirkjunni. Það er ekkert rafmagn í húsinu eins og er.”

“Það verður ekkert vandamál” sagði Billy. “Ég vinn fyrir orkustofnunina í Jeffersonville. Ég set bara upp minn eigin mæli.”

Næsta laugardagsmorgun setti Billy mælinn upp í kirkjunni og fór svo að heimsækja fólk á svæðinu í kring, til að segja því frá vakningasamkomunum sem áttu að hefjast næsta miðvikudagskvöld. Sá fyrsti sem hann hafði samband við, lofaði ekki góðu um framhaldið. “Góðan daginn herra minn. Ég heiti Billy Branham.”

“Daginn, ég heiti J...”

“Herra J..., við ætlum að halda vakningasamkomu næsta miðvikudagskvöld í hvítu kirkjunni á hæðinni. Getur þú komið?”

Herra J... reyndist þrjóskur náungi. “Ég er að ala kjúklinga. Ég hef engan tíma til að fara í kirkju.”

“Gætir þú ekki sleppt hendinni af kjúklingunum um tíma og komið á samkomu?,” hélt Billy áfram.

“Heyrðu góði”, hreytti maðurinn út úr sér. “Hugsa þú um þitt og láttu mig bara vera.”

“Ég ætlaði ekki að særa tilfinningar þínar, herra.”

Þannig gekk þetta það sem eftir var dagsins. Flestir voru kurteisari en herra J..., en enginn sem hann talaði við þekktist hugmyndina um vakningasamkomu. Billy hefði getað misst móðinn, ef hann hefði ekki vitað að hann var þarna vegna orðs frá Drottni. Einhvers staðar í Milltown var eitt af lömbum Guðs að kalla á hjálp. Þar sem sýnin hafði aðeins látið honum eitt smáatriði í té, nafnið á borginni, þá vissi Billy að hann yrði að halda áfram að reyna þar til þetta þurfandi lamb birtist á sjónarsviðinu.

George Wright setti smáuglýsingu í dagblað staðarins. Þar auglýsti hann forstöðumanninn sinn sem annan “Billy Sunday” og líkti honum þar með við þennan fræga hornboltaleikmann sem gerðist vakningarmaður og dó árið 1935. Það kænskubragð hefði mögulega virkað og dregið að sér lítinn en forvitinn hóp, nema fyrir það að einnig var minnst á Guðlega lækningu og sagt frá því að Billy Branham, forstöðumaður, myndi biðja fyrir sjúkum. Hinar íhaldssömu skoðanir Milltownfólksins áttu enga samleið með svo róttækum hugmyndum. Þennan sunnudag ráðlögðu prédikararnir söfnuðunum að halda sér frá slíkri vitleysu. Kirkja Krists á staðnum gekk jafnvel svo langt að hóta félögum sínum brottrekstri ef þeir færu á vakningasamkomuna. Það kom því ekki á óvart, í ljósi slíkrar mótstöðu, að á

miðvikudagskvöldinu sátu aðeins fjórar mannverur á kirkjubekkjum hinnar gömlu Baptistakirkju í Milltown, George Wright, kona hans, sonur hans og dóttir. Billy flutti samt boðskapinn eins og kirkjan hefði verið fullsetin.

Á fimmtudagskvöldinu leit út fyrir að sagan ætlaði að endurtaka sig. En fimm mínútum áður en guðsþjónustan átti að hefjast gekk maður, með pípu í munnum, upp tröppurnar og leit inn um opnar dyrnar.

George, sem sá manninn standa þarna, flýtti sér að bjóða honum inn fyrir. “Nú, nú, herra Hall, það er gaman að sjá þig,” heilsaði George.

Hár mannsins var ógreitt, föt hans voru skítug og það vantaði nokkrar tennur í munn hans. Hann hvolfði pípunni sinni, sló henni létt í vegginn og lét öskuna falla á þrepin.

“Hvar er þessi litli “Billy Sunday,” sem þú ert að monta þig af? Mig langar að kíkja á hann.”

Herra Hall smeygði sér inn á fyrsta bekkinn sem hann kom að þegar hann gekk inn gólfið, á meðan George Wright gekk fram að ræðupúltinu, til að vara forstöðumanninn sinn við. “Bróðir Billy, harðasti naglinn í sveitinni var að ganga inn um dyrnar. Hann heitir William Hall. Hann rekur grjótnámuna þarna upp á hæðinni. Hann er algjör göslari.”

Billy sat í stól á bak við púltið og las í Biblíunni sinni. Hann setti bókamerkið inn í hana og stóð upp. “Ef til vill er það hann sem Drottinn vill finna.”

Þegar Billy byrjaði að prédika, fór George Wright til William Hall og bauð honum að færa sig nær.

“Nei takk. Ég skal sjá um hlutina hér og þú getur séð um þá þar.”

En þegar Billy hafði lokið ræðu sinni, hafði herra Hall ekki aðeins gengið fram ganginn, hann kraup fyrir framan altarið og hrópaði til Drottins að miskunna sál sinni.

Á föstudaginn hafði William Hall sannfært um sex nágranna og starfsmenn sína um að koma með sér á vakningasamkomuna. Þegar samkomunni lauk bauðst Billy til að biðja fyrir þeim sem voru veikir. Nokkrir komu fram til fyrirbæna og fengu lækningu.

Á eftir sagði herra Hall: “Veistu hvað, bróðir Branham. Þegar ég var að tala um samkomuna og bjóða fólki að koma, þá komst ég að því að stúlka hefur verið að spyrja um þig. Hún heitir Georgie Carter og hún er með berkla, hefur verið með þá í mörg ár. Georgie er næstum því 27 ára gömul og ef ég man rétt, þá sagði fólkið að hún hefði verið rúmliggjandi í níu ár og átta mánuði. Hún er í mjög slæmu ásigkomulagi nú orðið, ekkert nema skinn og bein. Hún er svo slæm að það er ekki einu sinni hægt að reisa hana við til að koma undir hana kopp. Lítur út fyrir að hún hafi verið að lesa litla bók sem þú skrifaðir um að Jesús Kristus sé hinn sami í dag og í gær og hún hefur verið að grátbiðja um að þú kæmir til að biðja fyrir sér.”

Innsæi Billy sagði honum að þetta væri jarmandi lambið í sýninni. “Eftir hverju erum við að bíða? Förum og biðjum fyrir henni.”

“Ég er hræddur um að þetta sé ekki svo einfalt. Foreldrar hennar tilheyra kirkju sem kallast Kirkja Krists og vilja því ekki hafa neitt saman við þig að sælda. Þau halda að þú sért svikari.”

“Fyrst þessu er þannig farið,” sagði Billy, “Þá legg ég þetta fram fyrir Drottin í bæn.”

Lækningarnar, sem áttu sér stað á föstudagskvöldinu, sköpuðu harðar umræður í samfélaginu. Reiði kom upp á yfirborðið og margir gerðu gys, en aðrir urðu forvitnir. Á laugardagskvöldinu sátu 30 ný andlit á kirkjubekkjunum í litlu hvítu kirkjunni og sex lækningar í viðbót hrærðu rækilega upp í umræðunni á staðnum.

Eftir samkomuna hafði herra Hall góðar fréttir að færa Billy. Carterfólkið hefur breytt um skoðun og mun leyfa þér að biðja fyrir dóttur þeirra í kvöld, svo framarlega

sem hvorugt foreldranna þarf að vera heima þegar þú kemur. Ég held að Georgie hafi grátið svo mikið eftir þér að þau voni að þetta muni nægja henni.”

“Ætli þau hafi ekki þurft að fá leyfi hjá forstöðumanninum sínum, áður en þau gátu leyft mér koma,” var athugasemd Billy. “Hvað sem öðru líður, þá skulum við drífa okkur.”

Það sem Billy sá, þegar hann kom inn í herbergi ungu konunnar, snerti dýpstu hjartarætur hans. Á þeim nú árum sem Georgie Carter hafði verið veik, hafði hún rýrnað svo, að hún var nú eins og beinagrind. Handleggir hennar voru eins og kústskaft. Hún gat ekki verið meira en 25 kíló. Á lakinu við hlið hennar var eintak af litlu bókinni hans Billy: “Jesús Kristur er í dag og í gær, hinn sami og um aldir.”

Varir Georgie bærðust, en Billy heyrði ekki hvað hún sagði. Hann gekk að rúminu og beygði sig nær henni. Hún hvíslaði: “Bróðir Branham, ég bara trúði því að þú myndir koma og Jesús myndi lækna mig.”

“Systir, ef Hann gerir það, viltu þá þjóna Honum af öllu hjarta?”

Hún kinkaði veikt kolli og endurtók: “Af öllu hjarta.” Síðan tók hún að hósta. Hjúkrunarkonan hennar hélt bolla upp að munni hennar, en veslings stúlkan var svo veikburða, að hún hafði ekki einu sinni krafta til að spýta.

Til að ýta undir trú hennar, sagði Billy Georgie frá lækningu dóttur frú Nale. Georgie spurði: “Getur þú ekki gert það sama fyrir mig og þú gerðir fyrir Nale stúlkuna?”

“Systir, það var sýn. Ég verð að fá sýnina fyrst. Eftir tvær vikur mun ég aftur halda fjögurra daga vakningasamkomur í þessari borg. Ef til vill mun Guð þá sýna mér eitthvað ákveðið. Núna get ég aðeins beðið fyrir þér, það er allt sem ég veit. Ef Drottinn sýnir mér eitthvað meira, kem ég aftur. En ég trúi því samt að þú munir verða heilbrigð eftir að við biðjum saman.”

Tveimur vikum seinna opnuðust dyr gömlu Milltown Baptistakirkjunnar aftur. Billy prédikaði um hina endurleysandi náð og læknandi kraft Jesú Krists fyrir tvisvar sinnum fleiri sálum en áður. Á hverju kvöldi fjölgaði í hópnum og fleiri snérist til trúar. Þetta ýtti á Billy að taka laugardagskvöldið frá fyrir skírnarþjónustu.

Laugardaginn 1. júní 1940, hittust þau við Totemvað á Blue River. Billy furðaði á því að miklu fleira fólk stóð á árbakkanum en tekið hafði þátt í nokkurri samkomu. Þegar hann minntist á þetta við William Hall, sagði hann frá því að einn af forstöðumönnum hefði hvatt allan söfnuð sinn til að mæta og fylgjast með.

Billy óð út í kalt, straumhart vatnið upp að mitti og bauð hinum nýlega trúuðu að koma út í og innsigla trú sína með því að láta skírast. Næstum því fimmtíu manns svöruðu kallinu. Þegar Billy kom að síðustu manneskjuni í röðinni, bað hann: “Guð, eins og þú sendir Jóhannes til að skíra Jesús, eins sagði Jesús við okkur: *“Farið út um allan heim og prédikið fagnaðarerindið öllu mannkyni. Sá sem trúir og skírist, mun hólpinn verða, en sá sem trúir ekki, mun fyrirdæmdur verða. En þessi tákn munu fylgja þeim sem trúá: Í mínu nafni munu þeir reka út illa anda, tala nýjum tungum, taka upp höggorma og þó að þeir drekki eitthvað banvænt, mun þeim ekki verða meint af. Yfir sjúka munu þeir leggja hendur og þeir verða heilir.”*<sup>11</sup>

Þegar hér var komið sögu, tók mannfjöldinn að hrópa og kalla og klappa saman höndum, eins og Andi Guðs flytti sig frá einum til annars. Næstum hver einasta manneskja, sem enn var í þurrum fötum, vildi nú láta skírast, þar á meðal forstöðumaðurinn, sem hafði komið með allan söfnuðinn sinn. Eitt í einu hélt þetta fólk út í vatnið. Karlmenn í jakkafötum og með bindi, konurnar í silkikjólum, foreldrar ásamt börnum sínum. Billy hélt áfram að skíra fólk þar til seint um daginn.

---

<sup>11</sup> Markús 16:15-18

Þegar hann loks hafði lokið verkinu voru fótleggir hans svo kaldir og dofdir, að tveir menn urðu að bera hann upp úr vatninu.

George Wright ók Billy heim til sín, til að gefa honum að borða og leyfa honum að hvíla sig fyrir samkomuna um kvöldið. Þegar þeir komu þangað, var enn klukktími þar til maturinn yrði tilbúinn. Billy sagði við vin sinn: “Ég ætla að fara út í skóg að biðja. Eitthvað liggur mér þungt á hjarta.”

“Allt í lagi”, sagði George, “en komdu strax og ég hringi bjöllunni, vegna þess að við verðum að flýta okkur, ef við ætlum að koma í tæka tíð til kirkjunnar.”

Billy mjakaði sér gegnum skóginn og kraup niður við einn runnann. Sólin var að setjast, skuggarnir lengdust. Þrátt fyrir byrðina í hjarta sér, átti hann erfitt með að fyllast bænaranda. Loftið var kalt og hann gat ekki komið sér þægilega fyrir. Þynnar stungu hann og hann hafði áhyggjur af að koma of seint til kirkjunnar. En hann þrjóskaðist við, þar til vængir bæna hans báru hann á vindum Guðs Anda og lyftu Billy hátt yfir öll lítilmótleig óþægindi, eins og þynna og kulda. Matarbjallan hringdi, en Billy var í allt of djúpri bæn, til að heyra í henni. Bjallan hringdi og hringdi án þess að fá nokkur viðbrögð. Brátt var Wrightfólkið farið að leita með vasaljósum í skóginum og kalla á forstöðumanninn sinn.

Billy opnaði augun og brá við að sjá, gulgrænt ljós sem skein á hann, rétt ofan við runnann þar sem hann kraup. Djúp rödd þrumaði í skóginum, sem sagði: “*Komdu við hjá Carterfólkinu og mun þá Georgie lækna.*”

Billy hrópaði upp yfir sig af gleði, spratt á fætur og tók til fótanna heim að bæ Wrightfólksins. Þegar hann fór yfir akur, hljóp hann fyrir horn og beint í fangið á George Wright.

“Bróðir Billy, hvar hefur þú verið? Það er fólk að leita að þér út um allar hæðir. Mamma hefur beðið með kvöldmatinn í meira en klukktíma.”

Bróðir Wright, ég ætla ekki að borða í kvöld. Georgie Carter mun lækna fullkomlega. Þetta er “svo segir Drottinn.”

Augabryr George Wright lyftust eins hátt og þær komust. “Meinar þú, að hún muni rísa á fætur?”

“Hún mun verða eðlileg og heilbrigð á næstu mínútum, um leið og ég kemst þangað.”

“Komdu þá,” sagði George. “Ég næ í bílinn, meðan þú ferð og segir mömmu, að þú sért fundinn. Hún getur sagt hinum frá.”

Herra Brace var inni í bænum. Þegar Billy sagði honum góðu fréttirnar, trúði hann þeim ekki. “Meinar þú þessa beinahrúgu? Get ég komið með þér og séð það?”

“Auðvitað.”

George ók upp að húsinu á bílnum sínum og þeir þrír óku hratt, þá þrettán kílómetra eftir moldarvegum, sem það tók að komast til Milltown.

**Á sama tíma** gekk frú Carter óánægð um gólf heimilis síns. Fyrr um daginn hafði hún setið við rúmstokk dóttur sinnar, meðan Georgie hafði þrútt að við Guð. Hún hafði lofað Guði því, að ef hún fengi lækningu þennan dag, myndi hún fara til árinna og láta skírast með hinum. Þegar síðdegisdagið leið, án þess að kraftaverk gerðist hafði Georgie fyllst tilfinningasemi og grátið þar til hún var alveg uppgefin. Nú var frú Carter óróleg yfir öllu saman. Hún gekk inn í eldhúsið, kraup niður og bað. “Góði Guð, miskunnaðu þig yfir Georgie. Veslings litla stúlkan, sem er nærri dauðanum og nú er þessi svikahrappur kominn og segist vera eitthvað sem hann er ekki og barnið mitt er ringlað og upprifið. Drottinn, miskunna þú okkur.”

Hún rétti úr höfðinu og þurrkaði sér um augun. Sólarlagið kastaði rauðri birtu inn um eldhúsgluggann og á vegginn. Frú Carter sá skuggann af manni hreyfast meðfram

veggnum. Fyrst hélt hún að þetta væri eiginmaður sinn að koma heim. En þegar útlínur skuggans nálguðust, leit þetta út eins og skugginn af Jesú Kristi.

Hún sagði stamandi: “Hver, hver ert þú?”

Skugginn sneri sér við og leit í áttina að hurðinni. Frú Carter sneri sér líka við og brá heiftarlega, við að sjá þennan prédikara, Billy Branham, ganga inn um útidyr hennar, án þess svo mikið sem banka. Hún vissi að þetta var Branham, vegna þess að hún hafði séð mynd af honum í litlu bókinni, sem hafði snert svo við dóttur hennar. Branham hélt Biblíu sér við hjartastað og tveir menn voru í fylgd með honum. Annar var frá staðnum, George Wright, hinn var maður sem hún þekkti ekki. Þessir þrír menn gengu framhjá henni í áttina að svefnherbergi Georgie, en áður en þeir komu þangað, hurfu þeir.

Frú Carter setti hendina upp fyrir munn sér og hrópaði upp yfir sig: “Hamingjan góða! Ég hlýt að vera sofandi!” Hún hljóp inn í herbergi Georgie og sagði óðamála: “Georgie! Georgie! Þú getur aldrei ímyndað þér hvað var að gerast. Ég var í eldhúsinu að biðja og...”

Hún heyrði bíl aka upp að húsinu. Bílhurðum var skellt. Frú Carter leit í gegnum opna svefnherbegishurðina inn í eldhúsið og sá hinn unga prédikara, Branham, koma inn um dyrnar með Biblíu sér við brjóst. Tveir menn komu á eftir honum. Þetta var ofar hennar skilningi. Augu hennar ranghvolfdust og það leið yfir hana. Hún hneig niður eins og hveitipoki sem rennur út af stól.

**Þegar Billy** fór út úr bílnum við hús Carterhjónanna, fann hann yfirþyrmandi gleði og fullvissu fara um allan líkama sinn. Nú fengi ekkert stöðvað hann. Hann hafði sýnina. Hann vissi hvar hann stóð. Þegar hann gekk upp tröppurnar, upp á veröndina, var sem andi hans aðskildi sig frá líkamanum. Hann fylgdist með sjálfum sér opna dyrnar og ganga inn, án þess að banka. Þarna í rúminu, lá þessi aumkunarverða unga kona, Georgie Carter, grönn og skorpnuð eins og egypsk múmía. Móðir hennar, sem kraup við rúm hennar, leit á þá eitt augnablik og leið svo út af. Billy fylgdist með sjálfum sér ganga að rúminu. Síðan sneri andi hans aftur í líkamann.

Hann horfði á veikburða stúlkuna undir teppunum og sagði: “Systir Georgie, Drottinn Jesús Kristus, sem þú hefur elskað og treyst, allan þennan tíma, þessi sami Jesús mætti mér í skóginum í kvöld og sagði mér í sýn að þú myndir verða heil. Þess vegna tek ég nú í hönd þína og segi: “Í nafni Jesú Krists, statt þú á fætur og vertu heil.”

Hann tók beinabera hendi hennar í sína og togaði varfærnislega í hana. En hann þurfti ekki að vera varkár. Georgie æpti, þegar yfirnáttúrulegur kraftur fór um líkama hennar. Hún henti af sér ábreiðunum og hoppaði út úr fangelsi sínu, eins léttilega og skólástúlka á jóladagsmorgni.

Yngri systir Georgie kom hlaupandi úr öðru herbergi, til að athuga hvað væri um að vera. Hún sá eldri systur sína, sem hafði verið rúmliggjandi eins lengi og hún mundi eftir sér, dansa um herbergið eins og lítil beinagrind. Áfallið ruglaði ungu stúlkuna tímabundið í ríminu. Hún hrópaði og togaði í hár sitt og hljóp út kallandi: “Eitthvað hefur komið fyrir, eitthvað hefur komið fyrir!”

Herra Carter var að koma út úr hlöðunni og hélt á mjólkurfötu. Hann heyrði hrópin og óttaðist hið versta. Hann sleppti fötunni og hljóp heim að húsinu, aðeins til að nema staðar í dyragættinni og stara undrandi á dóttur sína Georgie, sem sat við píanóið og lék lag sem hún hafði lært að spila þegar hún var lítil stúlka.



Jesús, haltu mér að krossi þínum.  
hinni yndislegu uppsprettu.  
Öllum er frjáls sú heilsulind,  
sem flæðir frá Golgatahæð.

Seinna ók George Wright upp hæðina að kirkjunni, til að láta söfnuðinn vita, hvers vegna Branham, prédikari, hafði ekki komið á réttum tíma til kirkjunnar. Allir þar vildu fá að sjá kaftaverkið með eigin augum. Þegar þau komu þangað, skreið Georgie á höndum og fótum og var að kyssa grasið og blómin.<sup>12</sup>

William Hall spurði: “Hvað ætlar þú að gera næst, bróðir Branham?”

Ég er ekki viss. Ég hafði ekki hugsað lengra en að finna þetta týnda lamb í sýninni.”

George Wright varð að orði: “Það væri synd að láta þetta fólk halda svona áfram, án þess að gefa því nóg af kjarnyrtri Biblíufræðslu.”

Billy samþykkti. “Ætli ég geti ekki komið reglulega þar til Guð lyftir einhvejum upp til að vinna verkið.”

Herra Hall, sem seinna varð forstöðumaður Baptistakirkju Milltown, lýsti yfir samþykki sínu. “Það verður gott að nýta þessa gömlu fallegu kirkju í eitthvað annað en jarðarfari. Það eru samt allt of margar af þeim. Við höfum eina á mánudaginn.

“Ó, er það einhver sem ég þekki?,” spurði George.

“Ég býst við að þú þekkir herra J...”

George og Billy litu hvor á annan. George sagði: “Ég býst við því, að hann ali ekki upp fleiri kjúklinga.”

Billy bætti við: “Það er slæmt að hann skyldi ekki finna sér tíma til að líta eftir sál sinni.”

---

<sup>12</sup> Georgie Carter lifði við góða heilsu, þar til árið 1954, þegar hún var greind með brjóstakrabba. Þegar þetta uppgötvaðist, var krabbameinið útbreitt og engin von um lækningu. Í örvæntingu sinni bað hún William Branham að biðja fyrir sér. Hann gerði það og Georgie Carter læknaðist í annað sinn. Hún lifði í 44 ár í viðbót og dó 22. mars 1998, 84 ára að aldri.

## 26. kafli.

### Týndur á Hvirfilbylsfjalli. 1941

**Söngnum lauk.** Billy Paul stillti sér spennur upp fyrir framan kökuna sína, fyllti lungu sín lofti og blés þar til slökknaði á öllum sex kertunum. Hann henti sér svo yfir gjafirnar, yfir sig ánægður.

William Branham brosti, glaður að sonur hans skyldi njóta afmælisdagsins, þökk sé hugulsemi Medu Broy. Hún hafði bakað afmælistertuna og skipulagt afmælið vandlega. Hún vildi gera þennan dag 13. september 1941, minnstæðan hinum unga skjólstæðingi sínum.

Þegar hér var komið hafði Meda passað Billy Paul hvern einasta virka dag í nærri því fimm ár. Fyrir hana var það bara eðlilegt að halda afmælisveislu fyrir hann. Samt sem áður litu ekki allir á aðstæður Billy og Medu sem sakleysislegar. Margar illar tungur breiddu út illgjarnt slúður um, “unga prédikarann og ráðskonuna hans.”

Billy reiddist þessum óvinsamlegu dylgjum um hinn góða karakter Medu. En hann gat skilið það að fólk talaði. Hér var falleg ung kona, á giftingaraldri, sem gerði ekkert við líf sitt, nema þvo af honum fötin, þrifa hús hans og líta eftir syni hans. Það var ekki rétt gagnvart Medu að hann skyldi taka svona mikið af tíma hennar. Billy ákvað að hann ætti að stöðva ráðningu hennar, Medu vegna. Hann ætlaði að segja henni þetta, eitthvert kvöldið, þegar hann næði í Billy Paul eftir vinnu. En í hvert sinn sem tækifæri gafst, gat hann ekki komið því frá sér. Hvernig gat hann sagt þessari blíðlyndu stúlku, sem hafði litið eftir syni hans í fimm ár, að nú ætlaði hann að finna nýja barnfóstru? Hann gat ekki fengið það af sér. En hennar vegna fann hann að þetta yrði að gerast, einhvern veginn. Meda þurfti að losna úr hinum tímabundnu böndum við hann, til þess að hún gæti myndað ævilangt samband við einhvern annan.

Að lokum gerði Billy áætlun sem fór í kringum þetta. Hann hélt að ef hann byði annarri konu á stefnumót, yrði Meda svo reið, að hún myndi einfaldlega hætta sjálf. Þetta gekk ekki þannig til. Meda varð alls ekki reið, hún varð særð á hjarta. Hún grét í marga daga.

Billy leið einnig hræðilega illa. Hann mat Medu svo mikils og var að reyna að gera hið rétta fyrir hana, en þess í stað var allt í ólagi. Hann skuldaði henni að minnsta kosti það að útskýra málin. “Meda, skilurðu ekki? Ég tek of mikið af tíma þínum. Þú ert allt of góð stúlka, til að eyða tíma þínum í mig.”

“En Billy, ég elska þig. Ég hef alltaf elskað þig og það sem meira er, þú ert eini maðurinn sem ég mun nokkurn tíma elska.”

“Ég kann að meta það, Meda. Ég elska þig líka. En, þú veist að ég ætla alltaf að lifa sem einsetumaður. Ég ætla aldrei að gifta mig aftur, aldrei, svo hvernig get ég réttlætt það að eyða tíma þínum?”

Þetta voru rök sem Meda gat bara alls ekki viðurkennt. Þegar hún var orðin ein, lagði hún lokaða Biblíuna í fang sér og bað: “Drottinn, ef þetta er það sem þú vilt, þá vil ég ekki óhlýðnast þér. Samt elska ég Billy. Ég veit ekki hvað ég á að gera. Drottinn Jesús, viltu hjálpa mér? Ég hef aldrei áður beðið þig svona, aldrei í lífinu, Drottinn og ég vona að ég þurfi aldrei aftur að biðja þig en ég bið þig núna. Þegar ég opna þessa Biblíu, viltu þá gefa mér ritningagrein til leiðsagnar og huggunar?”

Hún lokaði augunum, opnaði Biblíuna fyrir miðju og fingur hennar var á miðri blaðsíðunni. Síðan opnaði hún augun og horfði. Fingur hennar benti á vers í Malakí

fjórða kafla: “Sjá, ég sendi yður Elía spámann, áður en hinn mikli og ógurlegi dagur Drottins kemur.”

“Þetta er furðuleg ritningagrein til huggunar,” hugsaði hún. Af hverju ætli Drottinn? Svo mundi hún allt í einu eftir því... Fyrir mörgum árum stóð hún á árbakkanum og Billy var úti í vatninu að skíra, þegar stjarna hafði birst um miðjan dag. Hún hafði ekki séð eldhnöttinn, af því hún hafði haft augun lokað í bæn, en hún gleymdi aldrei röddinni sem lýsti yfir: “Eins og Jóhannes skírari var sendur til að boða fyrri komu Krists, eins ert þú sendur með boðskap sem verður fyrirboði seinni komu hans.” Núna skildi hún hvers vegna Drottinn hafði gefið henni þennan sérstaka ritningastað til huggunar. “Sjá, ég sendi yður Elía spámann.” Meda reis upp og hélt sína leið, sannfærð um að hún og Billy myndu giftast.

Billy var ekki langt frá því að komast að þeirri niðurstöðu sjálfur. Dag einn, eftir vinnu, stansaði hann til að ná í son sinn hjá Broy fólkinu. Billy Paul var að leika sér í sandinum. Billy sagði: “Billy, komdu heim með pabba.”

Billy Paul sneri sér við, leit á hann og spurði: “Pabbi, hvar á ég heima?”

Billy brá mikið. Hann bjó um þessar mundir í litlum húsbát, sem maraði í vatninu, vegna þess að hann þoldi ekki að vera í leiguhúsnæði sínu. Það var svo autt án Hope. Nú leit hann á sex ára gamlan son sinn og hugsaði með sér: “Ef hann lendir einhvern tíma í rafmagnsstólnum, þá getur verið að hann snúi sér við á leiðinni þangað og segi: “Pabbi, ef þú hefðir gert það sem mamma sagði og gift þig aftur, í stað þess að draga mig út um allt, þá hefði þetta ekki farið svona.” Þegar Billy dustaði sandinn af buxum sonar síns, hugsaði hann: “Ef til vill hafði Hope rétt fyrir sér á dauðastundinni.”

Þessa nótt vakti eitthvað Billy af værum svefni. Hann lá rólegur í myrkrinu og hlustaði á öldurnar vaggja bátnum. Og það var eitthvað annað. Stóð einhver rétt fyrir innan dyrnar? Hann fékk gæsa húð af hræðslu. Síðan heyrði Billy djúpa rödd segja: “Farðu og náðu í Medu Broy og gifstu henni 23. október næstkomandi.”

**William Branham** og Meda Broy gengu í hjónaband 23. október 1941. Billy stakk upp á því að þau færu í brúðkaupsferð til Niagarafossanna og héldu síðan áfram austur með norðurströnd Bandaríkjanna til Adirondackfjallanna ofarlega í New York fylki. Billy hafði nokkrum sinnum komið á þennan stað og þekkti einn skógarvörðinn þar. Fyrir tveimur árum höfðu hann og Denton, skógarvörður skotið þrjá birni, nálægt Hvirfilbylsfjalli, nærri landamærum Kanada. Ef Billy gæti farið í veiði um haustið, þá gæti hann vonandi skotið björn, sem gæfi nægilegt kjöt til að borða allan veturinn.

Þetta fannst Medu hljóma skynsamlega. Hún vissi hve fátæklega þau voru í stakk búin til að hefja búskap sinn. Hún hafði hjálpað Billy að tína ber á kvöldin, til að eiga peninga fyrir kolum um veturinn. Kjötbirgðir væru kærkomin búbot fyrir þeirra fátæka fjárhag.

Billy skrifaði: “Herra Denton. Ég ætla að koma í haust. Mig langar til að veiða birni með þér í annað sinn.”

Herra Denton skrifaði aftur: “Allt í lagi, Billy, komdu bara. Ég verð í kofanum við enda Hurricanevegar.” Og hann gaf dagsetningu í nóvember. “Þú getur hjálpað mér að taka niður símalínurnar, sem við lögðum í vor og svo förum við á bjarnaveiðar.”

Yfirlitsturn var efst á Hvirfilbylsfjalli. Síðastliðið vor hafði Billy hjálpað verðinum að leggja símalínu frá turninum að kofanum við enda vegarins. Það tæki að minnsta kosti einn dag að taka saman línurnar fyrir veturinn, en Billy fannst það bara sanngjarnt, miðað við þau forréttindi að fara til veiða með jafn ágætum leiðsögumanni.

Billy, Meda og Billy Paul komu þangað nokkrum dögum fyrr. Kofi varðarins var þéttlokaður, en viðbygging við vegginn veitti skjól fyrir vindinum. Þótt enn hefði ekki

snjóað, leit veðrið þannig út að það gæti komið el hvenær sem var. Þessa nótt fór hitinn niður fyrir frostmark. Til að forða Billy Paul frá því að frjósa í hel, höfðu Meda og Billy drenginn á milli sín meðan þau sváfu.

Næsta dag sagði Billy: “Veistu það elskan, það væri gaman ef ég veiddi líka hjört til að fara með heim, jafnframt birninum. Ef ég gæti veitt eitthvað í dag, fengjum við örugglega eitthvað vetrarkjöt í búið.”

Meda leit á skýjaðan himininn og spurði: “Heldurðu að það sé allt í lagi að fara án varðarins? Hvað ef þú týnist nú?”

“Ég? Týndur?” Billy hafði gaman að þessu. “Ekki möguleiki. Þú gætir ekki týnt mér neins staðar. Móðir mín er hálfur indíáni, manstu? Ég hef nægilega eðlishvöt, til að vita alltaf hvar ég er, það bregst ekki. Ég er eins og Harvey, afi. Fyrir utan það að vera kennari, var hann besti veiðimaður og gildrumaður í Suðurríkjunum.”

Meda leit á hann með augnaráði sem sagði: “Ég er ekki alveg viss um það, en ég gefst upp.” “Jæja, en ekki fara of langt Billy. Mundu að ég hef aldrei áður verið úti í skóginum. Ég veit ekkert um útiveru í skógi.”

“Ég verð kominn aftur klukkan tvö,” lofaði hann.

Hann setti ríffilinn á öxl sér, fetaði veginn þar til hann kom að stað þar sem hafði verið skógarhögg fyrir tveimur árum. Inn á milli trjástubba og greinahrúga, uxu ný tré sem höfðu þegar náð töluverðri hæð. Þetta leit út fyrir að vera tilvalinn bústaður fyrir hirti, ríkulegt fæði og gott skjól. Billy fór út af veginum og hélt inn í skóginn. Næsta klukkutímamann sá hann nóg af hjartarsporum, en þau voru öll eftir dýr með hvassan fót, sem þýddi að þetta voru kvendýr. Hann vildi karldýr.

Þegar hann fór yfir fjallshrygg og niður í næsta gil, heyrði hann eitthvað hreyfa sig inni í runnunum. Hann stansaði og stóð kyrr eins og trjádrumbur og hlustaði. Hann heyrði fætur ganga á greni, ekki hófa, þetta voru þófar. Einmitt þá kom dýrið fram. Billy sá stórt fjallaljón hverfa inn í þykkið. Hann setti ríffilinn á öxlina til að skjóta, en risakötturinn var of fljótur. Billy hafði ekki tíma til að skjóta, áður en hann hvarf úr auglýn.

Billy elti fjallaljónið um það bil kílómetra niður eftir gilinu. En fljótlega var kötturinn kominn of langt í burtu og Billy varð að nýta sér hæfileika sinn til að rekja slóðir og fylgdist með sporum og brotnum greinum. Að endingu flýði ljónið lengst inn í skóginn og tók að hlaupa inn á milli trjáanna. Billy tapaði slóðinni og gafst upp.

Hann sneri við í áttina að gilinu, en stansaði þegar hann fann lyktina af karlbirni í loftinu. Spenntur klifraði hann upp brattan stíginn, fór yfir hrygginn og niður hinum megin. Nokkrum sinnum missti hann af lyktinni, en gat fundið hana aftur. Jörðin varð að flatneskju. Billy hélt áfram að ganga, leitaði að ummerkjum, svo sem maurapúfu sem velt var um koll, eða merki eftir klær á trjám. Hann fór yfir fjallshrygg og niður mjótt gljúfur. Þegar hann kom að botninum, sagði lyktin honum að bráð hans væri nærri. Billy leitaði meðal steinanna og sprungnanna þar til hann fann helli bjarnarins. Það hlaut að vera þarna. Ólyktin kom tárunum fram í augum hans. Varlega nálgadist hann svartan munnann, með ríffilinn hlaðinn og reiðubúinn. Þröngur hellirinn var tómur.

Billy leit á úrið sitt. Vísarnir sýndu hálf eitt. Hann yrði að snúa við fljótlega, til að halda loforð sitt við Medu. Honum stóð á sama, þótt hann hætti veiðunum núna. Hann vissi hvar björninn hélt sig og gæti farið þangað aftur um leið og hann og herra Denton lykju verkinu við að taka saman símalínuna, sem lá upp Hvirfilbylsfjall.

Hann byrjaði að feta sig upp gljúfrið, en var ekki kominn langt, þegar hann sá eitthvað hreyfast í runna hinu megin við gjána. “Þarna er hann,” hugsaði Billy. Hann henti skel inn í runnann og stóð grafkyrr. Í staðinn fyrir björn, kom tígulegur hjörtur í

ljós. Billy miðaði rifflinum sínum og tók í gikkinn. Hjartartarfurinn féll niður þar sem hann stóð.

Þegar Billy hafði lokið við að gera að bráð sinni, var klukkan orðin meira en eitt. Hann hengdi tarfinn upp á trjágrein, á afturfótunum og tók til fótanna upp eftir gljúfrinu, eins hratt og aðstæður leyfðu. Hann tók eftir því að ský voru að hrannast upp. Hvirfilbylsfjall var þegar þakið skýjum. Hann hugsaði: “Ég verð að flýta mér. Stormurinn er að nálgast.” Hann vissi að ef það kæmi þoka, gæti hann ekki séð kennileiti sín.

Í 30 mínútur hélt hann áfram og leitaði stanslaust að staðnum þar sem hann hafði komið inn í þetta ákveðna gil. Hann stansaði til að hvíla sig, tók vasaklútinn upp úr vasanum og þurrkaði svitann af andlitinu. “Úff, þetta var löng leið,” hugsaði hann. “Ég hélt ekki að ég væri kominn þetta langt.”

Aftur skokkaði hann af stað. Eftir nokkrar mínútur stansaði hann, alveg steinhissa. Þarna hékk hjörturinn hans.

“Hvað hef ég eiginlega gert?” muldraði hann. “Einhvers staðar hef ég misst af beygjuni, en hvernig sneri ég við og komst aftur hingað?”

Hann hélt aftur af stað og hugsaði með sér: “Mér tekst þetta í þetta skiptið. Athyglin var bara ekki í lagi.” Hann gekk hratt og leitaði að staðnum þar sem hann hafði haldið niður brattan stíginn. Skýin voru nú rétt fyrir ofan trén. Það varð erfiðara að kannast við nokkurn hlut. Eftir 40 mínútur kom hann að stað sem var kunnuglegur. Eftir stutta stund vissi hann hvers vegna. Þarna hékk hjörturinn, uppi í trénu.

Þegar Billy hélt af stað í þriðja skipti, hugsaði hann: “Ég get ekki gert sömu mistökina þrisvar í röð.” En eftir klukkutíma var hann aftur kominn til hjartarins síns.

Preyttur og pirraður settist hann niður til að hvíla sig og endurheimta ró sína. Hann vissi hvað var að gerast. Indíanarnir kölluðu það dauðagönguna. Einhver týnist í skóginum og gengur hring eftir hring, þar til hann að lokum hnígur niður og deyr af ofreynslu. Ef Billy hefði verið einn þarna uppi í fjöllumum, þá hefði hann ekki haft áhyggjur. Hann hefði bara farið til bjarnarhellisins og beðið þar, þar til storminn lægði og það létti til. Þegar kennimerkin kæmu aftur í ljós, yrði það létt mál að rata aftur heim í kofann. En við þessar kringumstæður, var það óhugsandi. Með hafði aldrei verið í skóginum á ævi sinni. Hún vissi ekki einu sinni hvernig átti að kveikja eld. Ef Billy kæmi ekki aftur til þeirra, gætu hún og Billy Paul auðveldlega króknað úr kulda um nóttina. Þar fyrir utan yrði hún dauðhrædd við myrkrið. Hvað ef hún heyrði öskur í dýri? Hún gæti haldið að það væri hann, farið út til að leita að honum og týnst sjálf. Síðan hvarflaði hugur Billy að fjallaljóninu, sem stikaði um skóginn nærri kofanum...

Hamstola af örvæntingu, stökk Billy upp og barðist gegnum þykknið. Áður en langt var um liðið, stöðvaði hann sjálfan sig og hugsaði: “Bíddu aðeins við, William Branham. Hvað er eiginlega að þér? Ertu að bilast?” Hann hafði verið skógarmaður allt sitt líf og hann vissi hvað var það hættulegasta í svona aðstöðu. Einhver verður æstur og ráfar um skóginn án umhugsunar, síðan finna menn bein hans fyrir neðan klett, einhvern tíman um vorið. Hann andaði djúpt að sér til að róa æstar taugarnar. “Ég verð að hafa stjórn á mér,” hugsaði hann. “Ég er ekki algerlega týndur, ég er bara svolítið áttavilltur. Ég þarf aðeins að róa mig niður.”

Núna var þokan sest algerlega að og allt var óþekktanlegt. Til að gera hlutina enn erfiðari, þá byrjaði að snjóa. Það sem var verst af öllu, sólin var að setjast og myrkrið helltist óðfluga yfir. Ef hann finndi ekki réttu leiðina fljótlega, þá myndi hann alls ekki finna neina leið. Þá myndu þau öll þrjú farast um nóttina.

Billy barðist við að halda ró sinni. Hann hugsaði. “Ég get ekki verið týndur. Ég er allt of góður skógarmaður til að vera týndur. Hugsaðu nú aðeins. Þegar ég kom

hingað, þá var vindurinn framan í mig. Þarna kom það. Ég þarf aðeins að hafa vindinn í bakið og þá kemst ég út.”

Billy hélt í öfuga átt við vindinn. Það eina sem hann sá voru skuggarnir af nálægum trjám og runnum, sem bærðust í vindinum og snjónum. Nokkrum sinnum breyttist vindáttin. Fljótlega varð það augljóst, að vindurinn, sem hringsólaði um fjallstindana, myndi ekki gagnast honum sem áttaviti.

Til að byggja upp hugrekki sitt og halda ró sinni, sagði Billy upphátt: “Þú ert ekki týndur. Þú veist hvar þú ert.” En rödd samviskunnar sagði: “Billy, þú veist að þú ert týndur.”

Hann svaraði sjálfum sér: “Ég? Ekki ég. Ég get ekki týnst.” Þá kom hann að stórum trédrumb sem hann hafði ekki séð áður. Hann tók að skjálfa. Sviti rann niður enni hans. “Þú þarft ekki að blekkja sjálfan þig lengur,” hugsaði hann. “Þú ert týndur. Viðurkenndu það.”

Það var ekki málið að stolt hans væri sært, það var angistin út af konu hans og syni. “Ég er raunverulega týndur,” sagði hann við sjálfan sig. “Ég er algerlega áttavilltur og veit ekki hvað er í austur eða í vestur. Ég verð að velja mér átt og fara svo beint í þá átt, vegna þess að eins og er, þá geng ég í hringi.”

Hann valdi átt af handahófi og byrjaði gönguna og tók sérstaklega vel eftir trjánum sem hann gat séð og reyndi að ganga beina línu frá tré til trés. Meðan hann gekk heyrði hann rödd hvísla: “*Guð er oss hæli og styrkur, örugg hjálp í nauðum.*”<sup>13</sup>

Billy hugsaði: “Nú er ég alveg að bilast. Ég er farinn að heyra raddir.”

Hann hélt áfram göngunni og einbeitti sér að verkefni sínu. Brátt heyrði hann það aftur, ofurlítið herra en áður: “*Guð er oss hæli og styrkur, örugg hjálp í nauðum.*” Billy hélt áfram göngunni og dró byssuna á eftir sér, hann var svo þreyttur. Röddin sagði enn með þrautsegju: “*Guð er oss hæli og styrkur...*”

Billy stansaði og sagði upphátt: “Drottinn Jesús, ég er týndur. Ég hef engan áttavita eða kennileiti, en ég á þig ennþá að. Drottinn, ég er ekki verður þess að lifa, en ekki láta konu mína og son deyja.”

Þá heyrði hann röddina aftur. Þetta var ekki ímyndun, heldur greinileg rödd í eyrum hans: “*Guð er oss hæli og styrkur, örugg hjálp í nauðum.*”

Billy lagði ríffilinn sinn upp að tré, tók ofan hattinn, henti honum í snjóinn og kraup niður ofan á honum. Hann leit til himins og bað: “Himneski Faðir, ég hélt ég vissi allt um skóginn, en ég hafði rangt fyrir mér. Ég veit að ég er á rangri leið, en ég veit ekki hvaða leið ég á að fara. Ég hef verið svo stoltur, ég á skilið að vera týndur. Ég ætti skilið að vera hérna í marga daga og hafa puntsvín mér til lífsviðurværis. En Drottinn, veslings konan mín er saklaus. Hún og sonur minn deyja í nótt ef ég kemst ekki héðan. Faðir, það er næstum komið myrkur og ég er týndur, algerlega týndur. Vertu áttaviti minn og leiðsögumaður.”

Hann stóð aftur upp, hristi snjóinn af derhúfunni sinni og sagði síðan: “Drottinn, ég trúi því að það hafi verið þín rödd, sem hvíslaði áðan. Ég trúi því að engill Drottins sé einhvers staðar og fylgi mér í gegnum skóginn. Drottinn, ég hef beðið þig að leiða mig. Ég get ekki meira. Nú fer ég í þessa átt.”

Hann hélt í sömu átt og hann hafði gengið áður. Allt í einu fann hann hendi lagða á öxl sér, sem togaði í hann, eins og til að stöðva hann. Þótt undarlegt mætti virðast, þá var þar enginn. En jafnvel á meðan hann var að athuga málið, létti þokunni eitt augnablik og hann sá Hvirfilbylsfjall fyrir framan sig. Það var leiðin í öryggið. Og hann hafði verið á þveröfugri leið! Nú hafði hann rétt tíma til að snúa við og stefna á fjallið, áður en þokan skall aftur á.

---

<sup>13</sup> Sálmur 46:1

Billy rétti úr höfðinu og hrópaði: “Ó, mikli Jehóvah Guð, þú stendur mér svo nærri, að þú getur lagt hönd þína á öxl mér. Þú ert svo sannarlega örugg hjálp í nauðum.”

Billy klifraði í rökkrinu, eins beint og hann gat í áttina að Hvirfilbylsfjalli og hélt athygli sinni vakandi, til að beygja ekki af rétttri leið. Brátt var myrkrið ríkjandi í skóginum. Billy gekk með annan handlegginn á lofti og leitaði að símalínunni. Ef hann gæti aðeins fest hendi á öðrum af vírunum tveimur, þá gæti hann fylgt þeim eftir alveg niður að kofanum. Ef hann finndi þá ekki, myndu hann, kona hans og sonur öll farast.

Næstu þrjár klukkustundirnar hélt hann sömu stefnu og þurfti stundum að fara upp grjótipaktar hæðir. Snjókoman var orðin að hríð. Vindurinn nauðaði og feykti trjánnum til. Billy hélt á rifflinum í annari hendi og hinn hendi fyrir ofan sig, þangað til hann var eins þungur og fata með steinum. Síðan skipti hann um hendi og steig aðeins aftur fyrir sig, til að vera viss um að missa nú ekki af símalínunni, meðan hann skipti um hendi. Stundum straukst handleggur hans við eitthvað og hann hrópaði upp yfir sig: “Þarna er hún.” En hann hafði aðeins gripið um trjágrein. Fingur hans dofnuðu upp. Að endingu gat hann varla haldið handleggnum á lofti. En hann varð að gera það. Þjú manslíf voru í veði.

Nú var svo dimmt, að hann gat varla séð snjóinn sem blés framan í hann. Hann var að missa móðinn. Hvað ef hann hafði farið um láglandi, þar sem símalínan hékk fyrir ofan hann, of hátt til að hann gæti fundið fyrir henni? Ef það gerðist voru þau öll dauðadæmd.

Handleggur hans tók um eitthvað mjótt. Hann lét hendina síga þar til fingur hans gripu um mjóan vír. Hann hafði fundið það! Þau voru hólpin!

Billy sleppti rifflinum, tók ofan hattinn og færði Guði þakkir: “Ó, Guð. Hve dásamlegt er ekki að vera fundinn, þegar maður hefur verið týndur. Hvernig fæ ég nógsamlega þakkað þér? Við enda þessarar línu, er allt sem mér þykir vænt um, kona mín og sonur. Þessi lína mun leiða mig niður af fjallinu. Ég mun ekki sleppa henni, hvað sem á reynir. En Drottinn Jesús, þú ert minn leiðtogi. Og ég ætla að halda fast í þig það sem eftir er lífs míns, vegna þess að ég veit að þegar því lýkur, bíður mín hlýja og hvíld.”

## 27. kafli.

### Mannýgt naut 1945

**Hinni eyðandi** styrjöld í Evrópu var að ljúka og þýski herinn var aðþrengdur á báða bóga af Bandamönnum. Í janúar 1945 fór rússneski herinn, undir forustu Zhukov hershöfðingja, yfir ána Oder, aðeins 65 kílómetra austur af Berlín. En fljótlega varð hann fyrir töfum, af völdum vorrigninga sem gerðu jörðina að einu foraði og einnig vegna harðrar mótstöðu þýska hersins. Á sama tíma voru bandamenn á leið inn í Þýskaland og Holland og Bandaríkjamenn voru komnir lengst inn á svæði sem hernumið hafði verið af Þjóðverjum. Snemma í mars kom þriðja herdeild Patton hershöfðingja, að ánni Rín við Koblenz. Nokkrum dögum seinna tók fyrsta herdeild Hodges liðsforingja brú, lengra niður með ánni við Remagen. Amerísku hershöfðingjarnir þráðu að halda áfram, til að verða á undan Rússunum til Berlínar, en þeim var fyrirskipað að bíða þangað til hin breska 25. herdeild Montgomery hershöfðingja sameinaðist þeim.

25. apríl höfðu Rússarnir ekki einungis umkringgt Berlín, heldur einnig hitt amerísku herdeildina við ána Elbu, 72 kílómetrum vestar. Á sama tíma hrundu varnir Þýskalands á Ítalíu og gafst Bandamönnum færi á að halda hratt upp með landamærum Ítalíu. Hinn 28. apríl var hinn ítalski einræðisherra, Mússólíní, handtekinn og tekinn af lífi af sinni eigin þjóð, þegar hann reyndi að flýja frá hinum framsæknu bandamönnum. Fasisminn var nú dauður sem stjórnómálegi afl og nasisminn var að syngja sitt síðasta. Kommúnisminn, á hinn bóginn, var að breiðast út og éta upp allt í kringum sig. Þegar kommúnistar og nasistar börðust um Berlín, setti Hitler einn af aðstoðarmönnum sínum, Karl Dönitz, sem höfuð ríkisins. Síðan hvarf Adolf Hitler hljóðlega af sjónarsviðinu, hinn þrítugasta apríl. Dönitz hóf þegar að undirbúa algera uppgjöf, sem var opinberlega lokið hinn 8. maí 1945. Stríðinu í Evrópu var lokið.

**Í ljósi** þessara sögulegu atburða, þá gat William Branham aðeins fylgst með og undrast stórlega, vegna þess að þeir þýddu, að af hinum sjö sýnum hans um atburði framtíðarinnar, höfðu þrír þegar ræst, í bókstaflegri merkingu. Mússólíní var dáinn óvirðulegum dauðdaga, endalok Hitlers voru dularfull og kommúnisminn var að eflast sem stjórnómálafl. Án nokkurs vafa myndu hinar sýnirnar einnig eiga sér stað á tilsettum tíma Guðs. Þetta gaf Billy ástæðu til að vera vongóður um sína eigin framtíð. Vissulega hlaut Drottinn að hafa vissan *tilgang* með lífi hans. Hvers vegna ætti Almættið annars að gefa honum svo óvenjulega náðargjöf?

Billy þurfti allt það eldsneyti sem hann gat fengið, til að halda við hinum litla eldi bjartsýni sinnar, vegna þess að í hinu náttúrulega, gat hann alls ekki séð, hvernig hann gæti nokkru sinni losnað úr böndum fátæktarinnar og gert eitthvað mikið í Guðsríki. Hann stundaði enn þrjú störf, tvö án nokkurra launa. Jafnvel þótt hann vantaði ávallt peninga, þá íhugaði hann aldrei að taka nein laun fyrir starf sitt sem forstöðumaður. Hann hafði ýmsar ástæður fyrir þessu. Sú fyrsta var, að út frá Biblíunni og með því að gefa gaum að lífi prédikara í kringum sig, gerði hann sér fljótlega í þjónustu sinni, grein fyrir því, að ást á peningum gæti orðið ein sú lífshættulegasta gildra, sem nokkur prédikari þyrfti að horfast í augu við og Billy ætlaði sér að forðast hana. Önnur ástæða var sú, að þrátt fyrir það að sumir safnaðarmeðlimir þénuðu allt að þremur dollurum á



tímanna, voru flestir jafnfátækir, eða fátækari, en hann og Billy gat ekki fengið sig til að biðja þetta fátæka fólk að fórna meiru en það gerði þegar. Hann prédikaði hið Biblíulega lögmál um tíund og sérhver meðlimur lét einn tíunda af innkomu sinni í kassa, sem geymdur var baka til í kirkjunni, sérstaklega í þeim tilgangi. En Billy notaði aldrei neitt af þessum peningum fyrir sjálfan sig. Þeir fóru allir í afborgun af mánaðarlegum lánnum og það sem eftir var, rétt nægði til viðhalds byggingarinnar. Þriðja ástæðan bar merki stolts og sjálfstæðis. Fyrst hann var sterkur og gat unnið, hugsaði hann, “hvers vegna ætti hann þá ekki að vinna?”

Eitt síðdegi, á útborgunardegi, voru Billy og Meda að gera áætlun um nýtingu launa hans, 28 dollara, sem hann fékk frá hinu opinbera. Fyrst kom hans eigin tíund. Síðan tók Meda til þá reikninga, sem varð að borga. Það var alveg sama hvernig þau deildu niður þessum 25 dollurum og tuttugu sentum, þeir dugðu ekki fyrir því sem þurfti að borga. Það vantaði tíu dollara upp á. Billy hélt á blaði og sagði: “Elskan, við getum ekki einu sinni byrjað að borga af þessum.”

“En við verðum að borga hann,” sagði hún. “Ó, Billy, hvað eigum við að gera?”

Billy fékk hugmynd. “Veistu hvað, ég ætla að taka fórn í kirkjunni í kvöld.”

Meda varð fyrst hissa, en síðan varð henni skemmt. “Ég mun skemmta mér vel við að fylgjast með þér reyna það.”

Þetta kvöld, eftir lofgjörðarþjónustuna og áður en hann byrjaði að prédika, sagði Billy: “Jæja vinir, í kvöld, nú, mér leiðist að biðja ykkur um þetta...” Meda leit á hann, kímín og vissi hvað honum leið óþægilega. Billy reyndi að horfa ekki á hana meðan hann leitaði að orðum. “Ég hef aldrei gert þetta áður...þetta eru erfiðir tímar, skiljið þið og...get ekki látið enda náð saman,...ef þið ættuð 5 sent eða tíu sent til að láta í hattinn minn, sem mun ganga á milli. Bróðir Wiseheart, myndirðu koma og taka hattinn minn.”

Wiseheart, djákni, kom fram og var alveg eins hissa og aðrir, ekki af því að hann elskaði ekki forstöðumanninn sinn, hann gerði það, það gerðu þau öll og þau voru reiðubúin að hjálpa Billy á allan hátt. Þau voru hissa vegna þess að á síðast liðnum 12 árum, hafði þetta aldrei gerst áður.

Bróðir Wiseheart lét hattinn ganga niður fyrstu bekkjaröðina. Billy fylgdist með þegar frú Weber fór í vasann á köflóttu kápunni sinni og dró upp buddu. Þegar hún tók upp smápening, varð hjarta Billy þungt eins og járnsockk á veiðistöng, sem látin var sökkva í poll. Hann vissi að þetta voru erfiðir tímar fyrir næstum því alla, ekki bara hann. Hann gat ekki gert þetta. “Bíddu aðeins, systir Weber. Þú þarft ekki að láta þennan pening þarna. Ég meinti þetta ekki. Ég var bara að stríða ykkur, til að sjá hvað þið mynduð gera.”

Nú var Wiseheart djákni meira undrandi en nokkru sinni fyrr. Hann spurði: “Bróðir Branham, hvað á ég að gera?”

“Komdu bara með hattinn minn. Við höldum áfram með samkomuna.”

Meda hélt fyrir munninn með hendinni og hristi höfuðið. Billy sá á augum hennar að hún var að hlæja.

John Ryan, gamall vinur Billy að norðan, hafði verið í Jeffersonville alla vikuna, að heimsækja fólk. Þessi hugaði, gamli maður hafði hjólað á úr sér gengnu hjóli, alla leiðina frá Michigan, um það bil 400 kílómetra. Hann hafði lent í svo miklum erfiðleikum með hjólið á leiðinni, að hann ákvað að selja það og fara á puttanum til baka. Í gjafmildi sinni gaf John Ryan Billy hjólið. Billy gerði við það og lakkaði það. Hann þurfti ekki á hjóli að halda, en hugsaði með sér að ef til vill gæti hann selt það til að fá þann aukapening sem hann vantaði.

Hin ólaunaða vinna Billy, sem skógarvörður í Indíana, passaði svo vel við vinnu hans fyrir hið opinbera, að honum fannst það varla neitt. Þetta var heppilegt, vegna

Þess að vinnu hans sem línumaður fylgdi erfiði á við tvöfalda vinnu. Eitt aðalstarf hans fyrir orkuveituna var að hafa eftirlit með háspennulínunum, sem lágu mörg hundruð kílómetra um skóglendi Indíana. Stór hluti þessa svæðis var án vega, svo Billy var oft fótgangandi u.þ.b. 50 kílómetra á dag, sex daga vikunnar, fyrir aðeins 60 sent á tímann. Þetta innifól samt önnur laun en peninga. Vinnan kom honum út úr borginni og út í óbyggðirnar sem hann elskaði. Stundum gat hann, í gegnum starf sitt sem veiðivörður, leitt veiðipjóf til iðrunar og þar með verndað dýralífið. Hann stansaði líka alltaf og talaði við bændurna, sem voru að vinna á ökrum sínum. Að endingu barst talið alltaf að Guði og Billy gat deilt með þeim kærleika sínum til Jesú Krists. Stundum mildaðist hjarta bóndans og hann gaf líf sitt Jesú Kristi. Billy fór þá undireins með hann niður að næsta vatni og skírði hann í nafni Drottins. Síðan sneru báðir aftur til starfa sinna, hæstánægðir, í rennandi blautum fötum.

Kvöld eitt var Billy staddur nálægt Henryville í Indíanafylki og var að sleppa fiskum út í læk fyrir veiði- og leikjadeildina. Hann var staddur nálægt bæ eins vinar síns, sem hann vissi að var veikur. Billy hugsaði því með sér að það væri indælt að fara og biðja fyrir manninum. Þar sem bærinn var rétt handan við nokkrar girðingar, þá hirti Billy ekki um að keyra eftir veginum. Hann tók af sér byssuhulstrið og setti byssuna í framsætið á vörubílnum, lokaði hurðinni, klifraði yfir fyrstu girðinguna og gleymdi skiltunum, sem voru í hverju horni og á stóð: **“HÆTTA! VARID YKKUR Á NAUTINU.”**

Billy sönglaði kristilegt lag meðan hann rölti yfir grasflötina. Á miðri ræktinni stóðu eikartré í hnapp saman, lítil tré, aðeins nokkrir metrar á hæð. Billy var að nálgast þennan stað, þegar risastórt nautið stóð upp og öskraði. Það hafði legið í ró, úr sjónmáli á bak við Eikartren. Billy gerði sér undireins grein fyrir hættunni, vegna þess að þetta sérstaka Guernsey naut var alþekkt. Það hafði unnið verðlaun á bóndabæ nálægt Jeffersonville, en hafði alltaf haft skæðan persónuleika og hafði að lokum stungið þann er annaðist það til bana og neytt eigandann til að losa sig við það. Þar sem þetta var verðlaunanaut hafði Burk selt það manni í Henryville og vonaðist til að einagrunin myndi forða því frá að valda meiri skaða.

Billy vissi allt um þetta, en hafði gleymt því. Nú athugaði hann möguleika sína í örvæntingu sinni. Eikurnar voru of dreifðar og í vitlausri átt. Girðingin var of langt í burtu. Þá var byssan ein eftir. Hann gæti þurft að skjóta dýrið og bæta síðan bóndanum skaðann. Mannýga nautið setti hausinn undir sig, öskraði og jós upp mold. Hin löngu horn þess litu vissulega út fyrir að vera banvæn vopn. Billy teygði sig eftir byssunni sinni. Hún var ekki á sínum stað. Þá mundi hann. Hann hafði skilið byssubeltið eftir í framsætinu á bílnum sínum!

“Jæja, Drottinn minn, ef það er kominn tími fyrir mig að deyja, þá ætla ég að horfast í augu við það eins og maður.” Hann rétti úr sér og leit kuldalega á andstæðing sinn. Á þeirri stundu gerðist eitthvað undarlegt innra með honum. Allur ótti gufaði upp og í staðinn kom kærleikur og skilningur, ólíkur öllu sem hann hafði upplifað áður. Hann hugsaði: “Þessi vesalings boli lá þarna úti á túni og svo kem ég og trufla hann. Hann veit ekki betur en að reyna að verja sig.”

Nautið öskraði hærra og hærra, spændi upp jörðina með fótunum og henti mold bak við sig, eins og naut gera, áður en þau ráðast til atlögu. Billy sagði upphátt: “Naut, mér þykir leytt að ég skildi trufla þig. Ég vil ekki að þú drepir mig. Ég er þjónn Guðs og er á leiðinni að biðja fyrir veikum manni. Ég gleymdi öllu um skiltin.”

Nautið lagði til atlögu, hausinn niðri og með hvöss hornin í beinni stefnu á bráðina. Á einhvern óskiljanlegan hátt, fann Billy ekki til ótta, aðeins kærleika. Hann sagði: “Í nafni Jesú Krists, farðu og leggstu þarna undir trjánunum.”

Nautið hélt árásinni áfram af öllum krafti. Þegar það var aðeins nokkra metra frá, setti það fætuna fyrir sig og snarstansaði í moldarskýi. Hinn undarlegasti svipur kom á það, þegar það sneri höfðinu til vinstri og síðan til hægri. Dýrið sneri sér við og sýndi Billy afturendann. Það gekk hægt að eikartrjánnum, lagðist niður og fylgdist með Billy meðan hann hélt leiðar sinnar yfir túnið.

Það sem eftir var dagsins og marga daga á eftir, furðaði Billy sig á því sem hafði gerst milli hans og nautsins á túninu. Þar sem hann horfðist í augu við opinn dauðann, hafði hann einhvern veginn yfirstigið eigin kvíða og fundið fyrir hjartslætti annars lífs. Einhvern veginn hafði hann skilið líðan nautsins og haft samúð með því. Sem forstöðumaður, rétti hann oft hendi til annarra og auðsýndi umhyggju og veitti hjálp hvar sem hann gat. En þessi reynsla var öðruvísi, dýpri. Þessar mínútur lífs hans hafði allur ótti horfið og hann hafði fundið fyrir fullkomnum kærleika.

Á þessu tímabili komst Billy að því, að nágranni hans, frú Reed, sem bjó rétt hjá, var að deyja úr berklum. Hún hafði verið flutt á heilsuhælið í Louisville til að forða börnum hennar frá þessum smitandi sjúkdómi. Vegna þess að berklar voru sjúkdómurinn sem dró Hope til dauða, fann Billy þunga byrði hvíla á sér vegna frú Reed. Hann gat einfaldlega ekki hætt að hugsa um hana. Svona ung móðir, sem þjáðist svona mikið og þurfti að yfirgefa þessi þurfandi litlu börn.

Kvöld eitt ók Billy til heilsuhælisins og bað fyrir henni. Tveimur dögum seinna, þegar Billy sat á veröndinni heima hjá sér, sýndi Drottinn honum í sýn, frú Reed, þar sem hún var gráhærð amma sem tók í hendurnar á fullorðnum börnum sínum. Billy fór aftur til heilsuhælisins og sagði við hana: “Svo segir Drottinn, þú munt lifa.”

Frú Reed hrópaði upp yfir sig: “Ó, Guði sé lof!”

Billy spurði: “Vilt þú rísa upp og láta skírast til nafns Drottins Jesú Krists og ákalla hann um að þvo allar syndir þínar burtu?”

Hún svaraði: “Ég geri allt sem Drottinn býður mér að gera.”

Nokkrum dögum seinna var Billy staddur á hliðargötunni fyrir utan húsið sitt og var að búa sig undir að hjóla á nýfengnu hjóli sínu út í búð. Hann var rétt í þann mund að hjóla af stað þegar nágranninn í næsta húsi kallaði á hann: “Halló, bíddu aðeins við, prédikari. Hvert ert þú að fara?”

“Góðan daginn, herra Andrews, ég er að fara út í búð. Get ég keypt eitthvað fyrir þig?”

“Nei, mig langaði bara að spyrja þig að svolitlu.” Það kom ásökunarhljómur í rödd hans. “Skammast þú þín ekki?”

“Hvað meinar þú?”

“Þú sagðir þessari vesalings móður að hún myndi lifa og vaktir falskar vonir með fjölskyldunni.”

Nú skildi Billy um hvað þetta snerist allt saman. Herra Andrews var yfirleitt mjög þægilegur nágranni í samskiptum, en hann hafði alltaf verið gagnrýninn á trú Billy á Guð. Herra Andrews vann með herra Reed í birgðageymslu ríkisins og hlaut að hafa heyrt um sýnina. “Nú, herra Andrews. Hún *mun* lifa,” staðhæfði Billy.

“Mörg þúsund manns deyja úr berklum árlega. Af hverju heldur þú að frú Reed muni lifa?”

Billy gaf einu skýringuna sem hann gat gefið: “Af því Jesús sagði það. Hann sýndi mér það í sýn.”

Herra Andrews hreytti út úr sér í viðbjóði. “Ég myndi skammast mín fyrir sjálfan mig, ef ég væri þú. Að ganga svona um og blekkja fólk. Ég veit að ég er harður, en.”

“Það er allt í lagi herra Andrews. Þú hefur þínar skoðanir og ég hef mínar.” Billy steig á hjól sitt og hjólaði burt.

Meðan á þessu stóð, hafði ástand frú Reed batnað það mikið að lækarnir vildu taka nýjar röntgenmyndir af lungum hennar. Sér til mikillar undrunar fundu þeir ekki snefil af sjúkdómnum í líkama hennar. Það var ekki lengur nein ástæða til að halda henni á heilsuhælinu. Í mikilli gleði og fögnuði sneri hún aftur heim til fjölskyldu sinnar.

Tveimur dögum seinna sagði Meda: “Billy, ég var að fréttu það í dag, að frú Andrews væri mikið veik. Þú ættir að fara yfir í næsta hús og heimsækja hana.”

“Allt í lagi. Ég fer. En ég verð að fara varlega í samskiptum við eiginmann hennar. Hann metur mig ekki mikils.”

Billy fór í næsta hús og bankaði á dyrnar. Herra Andrews opnaði dyrnar. “Halló, herra Andrews. Ég heyrði að kona þín sé veik. Er eitthvað sem ég get gert fyrir þig?”

“Sjáðu til,” sagði nágranni hans fýlulega. “Við höfum góðan lækni og þurfum ekki neina hjálp frá þér. Hún er bara með botnlangabólgu. Við látum taka hann og það mun sjá fyrir því máli. Við þörfnumst engra bæna hér.”

“Herra Andrews, ég spurði þig ekki hvort ég ætti að biðja fyrir konu þinni. Ég vildi bara bjóða fram aðstoð mína. Ég gæti farið út í búð eftir mat, eða hvað annað sem ég gæti gert til að hjálpa.”

“Þakka þér fyrir, en nei takk,” sagði herra Andrews. “Allt er í góðu lagi.”

“Ég vona það svo sannarlega,” sagði Billy. “Ef ég get orðið að einhverju liði, þá láttu mig vita.”

Nágranni hans rumdi og skellti hurðinni.

Næsta dag fór Billy að vinna eins og venjulega og var í eftirlitsferð meðfram háspennulínunum fyrir hið opinbera. Hann steig út úr bíl sínum, tók af sér byssubeltið sem hann notaði sem skógarvörður og hóf göngu sína eftir veginum. Hann hafði ekki gengið lengi, þegar hann fann hjá sér hvöt til að snúa við og fara aftur heim. Dropar féllu af himni, en ekki nóg til að stöðva hann frá því að vinna, svo hann hristi af sér þessa þörf og hélt áfram göngu sinni. Tilfinningin kom aftur yfir hann, meira krefjandi en áður. Billy sneri aftur að bílnum og sendi skilaboð í gegnum talstöðina, til yfirmanns síns, að hann myndi ekki vinna þann dag. Síðan ók hann heim.

Það kom Medu stórlega á óvart að sjá eiginmann sinn ganga inn um dyrnar um miðjan morgun. “Hvað ertu að gera hér?,” spurði Meda.

“Ég veit það ekki alveg. Drottinn sagði mér að snúa við, svo ég gerði það.”

Hann lagði byssu sína á eldhúsbordið, tók hana í sundur og tók að bera olíu á byssuhlutana og pússa hana. Í gegnum gluggann sá hann herra Andrews ganga umhverfis húsið. Eftir stutta stund var barið á dyrnar og herra Andrews kallaði: “Frú Branham, er prédikarinn hérna?”

Meda sem var að vinna við eldhúsbordið, þerraði hendurnar á svuntunni og sagði: “Já, komdu inn herra Andrews.”

Nágranni þeirra kom inn um dyrnar og leit út eins og barinn hundur. Hann var rauðeygður, það lak úr nefi hans og hatturinn sneri öfugt á höfði hans.

“Halló, prédikari” sagði hann.

“Halló, herra Andrews. Fáðu þér sæti.”

Herra Andrews settist við hliðina á Billy. Tilfinningauppnámið var augljóst á svip hans. “Hefur þú heyrt um frú Andrews?”

“Nei. Hvað er að?”

“Nú, prédikari,” rödd hans skalf, “Hún er að deyja.”

“Mér þykir leitt að heyra það herra Andrews. Ég veit samt að þið hafið góðan lækni.”

“Já”, sagði hann og snýtti sér, “en þetta var ekki botnlangabólga eftir allt saman. Þetta var blóðtappi, sem verður kominn að hjarta hennar eftir tvo tíma. Það er

sérfræðingur frá Louisville á spítalanum núna. Hann segir að þegar blóðtappinn nái til hjartans, muni hún deyja.”

“Það var leitt að heyra,” sagði Billy. “En það er gott að það eru góðir lækningar að meðhöndla hana.”

Herra Andrews stamaði og átti erfitt með að koma frá sér næstu orðum. “Æ, sjáðu til, ó, hún er mjög veik, sjáðu og ég var að velta fyrir mér, eh, gætir þú hjálpað henni?”

“Ég?” Billy lagði hendi sína á brjóst sér. “Ég er ekki læknir. Hvernig ætti ég að vita hvað gera skal?”

“Eh, ah, þú veist, ég hélt þú gætir kannski hjálpað henni ofurlítið, eins og þú hjálpaðir konunni þarna hinu megin við hornið, frú Reed.”

“Það var ekki ég,” útskýrði Billy. “Það var Drottinn Jesús sem hjálpaði frú Reed. Ég hélt að þú tryðir ekki á hann.”

Herra Andrews yppti öxlum. “Veistu. Ein af frænkum mínum var kristin og átti heima uppi í fjöllum. Dag einn lofaði hún Drottinni að hún myndi borga farandprédikara 5 dollara við lok ársins. Hún þvoði föt af öðrum og reyndi að spara peninga, en þegar áramótin nálguðust, átti hún einfaldlega ekki nægilegt fé. Daginn áður en prédikarinn kom keypti hún sápu fyrir 5 sent. Hún stóð yfir vaskafatinu sínu og grét, vegna þess að henni hafði ekki tekist að uppfylla loforð sitt. Hún þurrkaði sér um augun á svuntunni og nuddaði sápuþykkinu á þvottabrettið til að það freyddi. Það var skrítið hljóð í sápunni. Þegar hún aðgætti nánar, þá var fimm dollara gullpeningur fastur við sápu. Svo hún gat haldið loforð sitt við Drottin eftir allt saman.

“Hvernig komst þessi gullpeningur þangað?,” spurði Billy, þrátt fyrir að hann vissi svarið.

Herra Andrews hristi höfuðið. “Ég veit það ekki. Ég hef oft furðað mig á því sjálfur.”

“Ég skal segja þér hvernig. Hinn upprisni Jesús gerði það. Konan lofaði þessu í góðri trú og af einlægu hjarta. Hún hélt að hún myndi geta þetta. Guð opnaði einfaldlega leið fyrir hana til að halda loforð sitt.”

Herra Andrews kinkaði kolli. “Ég hef oft hugsað út í það. Það hefur jafnvel fengið mig til að velta því fyrir mér hvort Guð sé til.”

“Herra Andrews, Guð *er* til.”

Maðurinn kinkaði kolli. “Heldur þú að hann geti hjálpað konunni minni?”

“Vissulega, ég veit að hann getur það.”

“Vilt þú biðja fyrir henni?,” grátbað herra Andrews.

“Fyrst skal vera fyrst. Hvað segirðu um að við krjúpum hér niður og biðjum saman?”

“Jæja, ég veit ekki hvað ég á að segja.”

“Ég mun hjálpa þér.”

Svo að þeir ýttu stólunum frá borðinu, krupu niður og hvíldu olnbogana á stólsætunum. Billy leiddi: “Segðu af öllu hjarta: “Guð vertu mér syndugum líknsamur.”

Þeir héldu áfram að biðja þar til þessi harði Guðleysingi fór að gráta og eignaðist trú á Jesú Krist. Þá þerraði herra Andrews augun og sagði: “Jæja, prédikari. Getur þú núna farið á spítalann?”

“Já, ég skal fara.”

Meda fór með honum. Þegar þau komu á spítalann var frú Andrews svo langt leidd, að augu hennar voru litlaus. Andlit hennar var svo bólgið að hún leit varla út fyrir að vera sama manneskjan og hafði búið í næsta húsi í mörg ár. Meda grét þegar hún sá hana. Billy kraup við rúmið og sagði: “Góði Guð, hjálpaðu frú Andrews. Við erum svo hjálparvana. Læknirinn hefur gert það sem hann getur, en hún er samt að deyja. Jesús, við vitum að þú reist upp frá dauðum og lifir okkar á meðal og hefur vald til að

gera hvað sem er. Við biðjum þig um að miskunna þig yfir þessa konu og leyfa henni að lifa.”

Billy stóð kyrr um stund og hélt um bóligna hendi frú Andrews.

Meda spurði: “Sérð þú eitthvað?”

“Nei, elskan, ekki neitt.”

Þau fóru út úr herberginu og niður ganginn að fæðingardeildinni og skoðuðu nýfæddu börnin gegnum rúðuna. Síðan fóru þau aftur til herbergis frú Andrews. Einmitt í þann mund sem Billy steig yfir þröskuldinn, sá hann frú Andrews, í eldhúsinu sínu, að taka eplaböku út úr ofninum. Síðan sá hann sjálfan sig sitja á verönd húss síns. Frú Andrews kom síðan fyrir hornið og bauð honum alla eplabökuna. Eftir að hafa skorið bökuna, tók Billy sneið af henni og át hana. Síðan var hann aftur staddur í sjúkrastofunni, eins snögglega og hann hafði farið þaðan. Hann sneri sér að Medu og sagði: “Elskan, þetta verður allt í lagi. Hafðu engar áhyggjur, Guð hefur heyrt bænir okkar.”

Hjúkrunarkona heyrði þessa yfirlýsingu. Hún spurði: “Séra Branham, Hvað átt þú við.”

Billy úrskýrði: “Frú Andrews mun baka eplaböku handa mér, eftir þrjá daga. Ef þetta er ekki svo, mun ég yfirgefa þjónustuna.”

Hann sneri aftur til heimilis herra Andrews. Billy sagði við hann: “Svo segir Drottinn, kona þín mun verða heil heilsu. Hafðu engar áhyggjur, herra Andrews.”

“Hvernig getur þú verið svona viss?”

Guð er búinn að tala, með samskonar sýn og hann sagði frú Reed, að hún myndi lifa og hún er komin heim og líður vel.”

Billy minntist hins vegar ekki á eplabökuna.

Billy og Meda fóru heim. Tveimur tímum seinna bankaði herra Andrews aftur upp á hjá Billy. “Prédikari, lækarnir segja að hún sé að deyja á þessari stundu. Það er komin dauðahrygla í hana.”

“En Drottinn Jesús sagði að hún myndi lifa,” svaraði Billy og reyndi að uppörva hann. “Trúir þú ekki því sem ég sagði þér?”

“Nú, prédikari, mig langar til þess, en lækarnir segja að hún lifi ekki af aðra klukkustund.”

“Það skiptir nákvæmlega engu máli hvað lækarnir segja. Þegar Guð segir eitthvað, þá mun svo verða.”

Taugaveiklaður og alls ekki sannfærður, fór herra Andrews af stað á spítalann. Meda, sem mundi hve hræðilega útlítandi frú Andrews hafði verið, spurði eiginmann sinn: “Billy, hvað heldurðu raunverulega um þetta?”

“Nú, hafðu engar áhyggjur af þessu. Guð hefur sagt það og það gerir út um málið. Þessi kona mun baka eplaböku handa mér eftir þrjá daga og ég mun sitja á veröndinni þegar ég borða fyrstu sneiðina. Ef þetta gerist ekki, þá talar Guð ekki til mín.”

Eftir klukkutíma kom herra Andrews aftur, mjög spenntur og hrópaði. “Prédikari, veist þú hvað hefur gerst?”

Billy var að enda við að setja byssuna sína aftur saman. Hann lokaði henni og setti hana í hulstrið. “Hvað hefur gerst, herra Andrews?”

Hún hefur losað sig við allan vökvann. Hún reis upp í rúminu og sagði: “Ég er að deyja úr hungri.” Þegar ein hjúkrunarkonan kom með kjúklingaseyði handa henni sagði hún: “Ég vil ekki seyði. Ég vil steik og súrkál. Prédikari, þeir segja að hún geti farið heim eftir tvo daga!”

Eftir þrjá daga, sat Billy á veröndinni. Frú Andrews kom fyrir hornið með eplaböku í hendinni. Billy setti fætuna upp í loft og naut þess að borða bestu eplaböku sem hann hafði nokkru sinni bragðað.

Næsta dag seldi Billy nýuppgert hjól sitt fyrir tíu dollara, sem var einmitt það sem vantaði upp á til að hann gæti staðið við skuldbindingar sínar þann mánuðinn. Hann vissi að Drottinn myndi sjá vel fyrir honum.

## 28. kafli.

### Engillinn og hellirinn. 1946

Í marga klukkutíma gekk William Branham fram og aftur í biðstofu sjúkrahússins. Í nærliggjandi herbergi lá kona hans Meda og var að fæða fyrsta barn þeirra. Að endingu tók læknirinn barnið með keisaraskurði. Þetta var 21. mars 1946, fimm dögum fyrir 27 ára afmæli Medu.

Seinna þann dag, ráðlagði læknirinn Billy, að eignast ekki fleiri börn. Samkvæmt sérfræðilegu álitinu hans, gæti líkami Medu ekki staðist álagið af annarri fæðingu. Billy tók þessu ráði heimspekilega. Hann var næstum því 37 ára gamall. Fyrir nokkrum árum hafði hann haldið, að sonur hans, Billy Paul, væri eina fjölskyldan sem hann myndi eignast. Nú hlúði hann ekki einungis að eiginkonu, heldur vagggaði hann lítilli stúlku. Ef Guð hafði ákveðið, að þennan fjölda barna skyldi hann eignast, þá hafði hann ekki yfir neinu að kvarta.

Meda og Billy nefndu litlu stúlkuna sína Rebekku. Jafnvel þótt það þrengdi að þeim í tveggja herbergja íbúðinni við komu hennar, þá bætti Rebekka það upp, með því að láta fersku regni rigna inn í líf Billy, sem hefði annars orðið yfirfullt af efasemdum um sjálfan hann og vonleysi.

Punglyndi Billy átti sér djúpar rætur. Alveg síðan hann hafði hafnað því að prédika meðal hvítasunnumannanna fyrir næstum því tíu árum, hafði Billy varla verið ánægður með samband sitt við Guð. Eins mikið og Billy hafði beðið og lært og prédikað og vitnað í gegnum árin, þá virtist hann samt ekki komast neitt áfram. Vissulega höfðu einstaka sýnir komið og nokkrar lækningar átt sér stað, sumar alveg einstakar. En á hinn bóginn höfðu þessar sýnir truflað Billy og gert hann ruglaðri en áður, vegna þess að þær voru gagnrýndar harðlega, af næstum því öllum prédikurum á svæðinu. Hinir harðari dæmdu Billy sem falsara haldinn illum öndum, sem og óumbetranlegan svikahrapp. Þeir góðviljaðri álitu hann velmeinandandi mann sem væri undir blekkingu. Þeir voru samt allir sammála um það að sýnirnar sem Billy sá og kraftaverkin sem fylgdu í kjölfarið væru öll komin frá djöfullegum öflum. Guð gerði einfaldlega ekki lengur svona hluti.

Þegar Billy gerðist fyrst kristinn, hafði hann ekki skilið þetta ásakandi álit slíkra Guðs þjóna. Þessar sýnir sem hann sá um framtíðina, rættust alltaf, eftir allt saman og þær voru einnig gefandi og sýndu hvernig einhver gæti fengið kraftaverkalækningu inn í líf sitt. Hvernig gat eitthvað, sem hafði svo góðar afleiðingar í för með sér, verið innblásið af myrkrähöfðingjanum? En stöðug gagnrýni af hendi jafningja hans, hafði smátt og smátt beint hugsun Billy í aðra átt. Ef svona margir menn, sem höfðu þekkingu, samverkamenn hans í fagnaðarerindi Jesú Krists, voru sammála um að sýnirnar væru innblásnar af djöflinum, þá hlutu þær að koma frá rangri uppsprettu. Þetta olli Billy hræðilegri sálarangist. Vegna þess að hann elskaði Jesú Krist af öllu hjarta, þá var sú tilhugsun, að djöfullinn hefði eitthvað furðulegt, óútskýranlegt vald yfir lífi hans, alveg óbærileg. Í langan tíma hafði hann nú beðið um að losna við að slíkir hlutir ættu sér stað. Hann bað: “Góði Guð, taktu þetta frá mér. Ég vil þetta ekki lengur, aldrei aftur. Himneski Faðir, ég er kristinn núna. Ég tilheyri ekki Satan, ég tilheyri þér. Gerðu það, ekki láta þessa hluti koma fyrir mig aftur. Ég vil ekki halda



svona áfram. Ég vil vera eins og aðrir boðendur orðsins, bara rannsaka orðið þitt, eins og ég hef lært að gera.”

Bænum hans á þessum nótum var ekki svarað. Fljótlega eftir fæðingu dóttur sinnar Rebekku, sá hann aðra sýn, þar sem hann var á gangi á vegi og hélt í norðaustur. Þá kom Andi Guðs yfir hann og beindi honum í vestur. Billy sá mikla sléttu. Síðan sá hann fjall rísa upp af sléttunni, fjall með kirkjuturni efst uppi.

Engill stóð á bak við Billy, honum til hægri handar, rétt úr augsýn. Engillinn skipaði.” *Farðu í vesturátt, í áttina að þessu fjalli.*” Billy hlýddi. Þegar hann nálgæðist, sá hann hurð á fjallinu, við rætur þess. Hann fór inn og sá fagra konu klædda í giftingarkjól. Hinn vandaði kjóll, sem hafði örugglega einhvern tíman verið hvítur sem snjór, var nú blettóttur og kámaður. Konan sagði: “Halló. Ég er frú Meþódisti. Ert þú bróðir Billy Branham?”

“Það er ég. Segðu mér hvers vegna kjóllinn þinn er svona blettóttur.”

“Ó það,” sagði hún, hélt hendinni á lofti og bandaði henni svo frá sér, til að sýna hve henni var sama. “Ég hef haft svo mikið að gera.”

“Það er rétt hjá þér,” samþykkti Billy. “Þið meþódistar hafið svo margar hreyfingar og samtök í kirkjunni ykkar, að þið hafið ekki haft tíma fyrir Drottin.”

Frú Meþódisti sagði: “Mér var sagt að þú yrðir sendur til mín. Kannski ætti ég að fara og vekja eiginmann minn.” Hún flýtti sér niður hliðargang og kom ekki til baka.

Billy leit til vinstri og sá hvíta brauðhleifa og í kringum þá var hópur af hvítum kjúklingum. Hinir klakandi kjúklingar sveigðu höfuð sín til hliðar, til að sjá veisluna, sumir nörtuðu aðeins í brauðið, en að mestu leyti var það látið óhreyft.

Engillinn spurði: “*Þekkir þú þá?*”

Billy svaraði: “Nei.”

“*Þetta er kirkjan þín og þeir munu ekki eta af þínu brauði mikið lengur. Ég sendi þig lengra vestur.*”

Billy hélt áfram í vesturátt, yfirgaf fjallið og kom að víðáttumikilli eyðimörk þar sem hann sá eitthvað sem líktist tjaldi eða dómkirkjuhvelvingu. Billy gekk inn um opið á hliðinni, fór upp á ræðupallinn og stansaði að lokum fyrir framan stórt tjald.

Engillinn skipaði: “*Dragðu tjaldið frá.*”

Þegar Billy togaði í band, sem hékk þarna, opnaðist tjaldið án nokkurrar fyrirstöðu og Billy sá stóran bunka af brauði lífsins.

Engillinn sagði: “*Gefðu fólkinu þetta að eta.*”

Billy sneri sér við og fylgdist með, þegar fólk í hvítum kuflum kom hlaupandi úr öllum áttum, safnaðist saman undir pallinum og úr varð stór áheyrendaskari. Síðan hvarf sýnin.

Þessi sýn truflaði Billy meira en venjulega. Hann hafði verið að biðja svo heitt undanfarið, að hann yrði leystur frá þessum truflunum, sem hann vildi ekki og samt kom hérna ein í viðbót. Af hverju leyfði Guð Satan að þjaka hann svona? Til að gera þetta enn verra, þá virtist þessi sýn svo andleg, en samt eftirlét hún honum ekkert nema spurningar. Af hverju var áttin í vestur? Af hverju var þetta fjall af brauði lífsins svona stórt? Hvaðan kom allt þetta fólk? Og að lokum, hvernig gat hann fætt allt þetta fólk á brauði lífsins? Hann var þrátt fyrir allt bara fátækur, ómenntaður smábæjarprédikari. Af hverju ættu svona margir að koma til að hlusta á hann prédika fagnaðarerindið? Samt höfðu sýnirnar aldrei verið rangar fram að þessu. Það var að öllum líkindum stærsta spurningin í huga Billy. Hvers vegna ætti djöfullinn að gefa honum sýnir sem reyndust svo vera sannar? Af hverju? Af hverju? Af hverju? Þetta var allt ákaflega ruglingslegt.

Á hádegi þriðjudaginn 7. maí, lagði Billy vörubílnum sínum fyrir framan hús sitt við númer 922 East 8. stræti, hinu megin götunnar frá Branhamtjaldubúðinni. Þegar

hann var að stíga út, kom Roger Gibbs, sem var safnaðarmeðlimur og lagði bíl sínum bak við hans.

Roger sagði “Billy, vilt þú aka með mér til Madison í kvöld?”

“Því miður, bróðir Roger, en ég get það ekki. Ég verð að fara til Henryville í kvöld, í eftirlitsferð. Komdu inn fyrir í smástund. Konan er tilbúin með matinn.

“Nei, það er best að ég flýti mér. Sjáumst í kirkjunni á sunnudaginn.”

“Allt í lagi. Sjáumst á sunnudaginn.”

Billy bretti upp á ermarnar og þvoði hendurnar undir útikrananum í garðinum framan við húsið. Síðan gekk hann umhverfis húsið og tók af sér beltið meðan hann gekk, til þess að hann gæti lagt það á veröndina. Stór hlynur varpaði skugga sínum á svæðið. Billy hafði rétt gengið undir greinar hans þegar hann heyrði vind blása fyrir ofan sig. Hann leit upp og brá við að sjá mikinn hvirfilbyl stefna beint á sig. Hann leit út fyrir að ætla að rífa þakið af húsinu og toppinn af trénu og senda hvert laufblað og hverja grein beint í fangið á honum. Billy skjögraði og datt aftur fyrir sig og það leið næstum því yfir hann.

Roger Gibbs hoppaði út úr bílnum og hraðaði sér að hlið forstöðumanns síns.

“Bróðir Billy, hvað er að?”

Billy leit hægt á hann og skildi ekki hvað hafði gerst. Hvirfilbylurinn var farinn. Dagurinn var hlýr og ró hvíldi yfir. Hann leit á topp hlynsins og síðan upp á húspakið. Hvort tveggja var enn á sínum stað og óskemmt. Síðan áttaði hann sig á því hvað þetta var. “Það er allt í lagi með mig” sagði hann, fjarlægri röddu. “Bróðir Roger, farðu bara. Það verður allt í lagi með mig.”

Meda kom hlaupandi út úr húsinu með vatnskönnu. “Billy, leið yfir þig?”

Billy ýtti vatninu frá sér og sagði: “Nei, það er allt í lagi með mig.”

Eftir að Roger hafði ekið á brott, ýtti Meda á hann að segja sér smáatriðin. “Hvað gerðist raunverulega, Billy. Leið yfir þig?”

“Nei, elskan, það er aftur þetta sama.”

Hún hjálpaði honum að standa upp. “Komdu inn. Maturinn er tilbúinn.”

“Meda, ástin mín, ég er þreyttur á þessu.” Rödd hans var þvinguð af kvöl innri efasemda og þunglyndi. “Ég veit í hjarta mínu að ég elska Jesú Krist. Ég vil ekki hafa neitt saman við djöfulinn að sælda. Ég hef beðið og grátbeðið Guð um að láta þetta ekki gerast aftur og samt kemur það. Ég get ekki haldið svona áfram. Allir segja mér að ég sé haldinn af illum anda og ég er að reyna að lifa kristnu lífi. Ég er fangi.”

“Billy, þú ættir ekki að hlusta á það sem þetta fólk segir.”

“En, elskan, sjáðu hina prédikarana. Þeir eru ekki kvaldir með svona hlutum.”

Meda gat séð í hinum djúpu augum eiginmanns síns koma upp áform og það hræddi hana. “Hvað ætlarðu að gera?”

“Ég vil að þú hringir í yfirmann minn og segir honum að ég muni ekki vinna eftir hádegi í dag. Kannski kem ég aftur á morgun, kannski aldrei. Segðu honum að ef ég komi ekki aftur á föstudag, þá skuli hann finna einhvern í staðinn fyrir mig. Meda, ég á 17 dollara í bankanum. Það er nóg fyrir þig til að lifa á meðan ég er í burtu.”

“Billy, hvert ertu að fara? Hvað ætlar þú að gera?”

“Ég ætla í hellinn minn við Tunnel Mill, til að eiga uppgjör við Guð. Ég veit ekki hvenær ég kem heim, kannski eftir tvo daga eða tvær vikur. Meda, ég mun ekki koma út úr þessum skógi, þangað til Guð lofar að taka þetta frá mér og láta það aldrei gerast aftur.”

Hann keyrði til Tunnel Mill svæðisins og lagði bílnum þar sem vegurinn beygði skarpt í gegnum dæld. Hann teygði sundur víra í gaddavírsgirðingu, klifraði á milli þeirra og hélt í áttina að felustaðnum sínum og bað alla leiðina. Þegar hann kom að

hellinum, settist hann á flata trjabolinn fyrir framan hellinn og opnaði Biblíuna sína. Hann las og bað það sem eftir var kvöldsins.

Í fyrsta Korintubréfi, festist einn hluti 14. kaflans í huga hans. Vers 32 og 33 sögðu svo: “*Andar spámanna eru spámönnum undirgefnir, því að Guð er ekki Guð truflunarinnar, heldur friðarins.*” Þetta var það sem Billy þráði í hjarta sitt, frið. Alveg frá því hann var lítill drengur, frá fyrstu sýn hans, hafði hann verið fullur uppnáms og óreiðu. Þegar hann gerðist kristinn hafði svolítið dregið úr óreiðunni, en hún hafði ekki horfið algerlega. Hvar var friðurinn sem Guð hafði lofað? Og hvað meinti Biblían með því að segja: “*Andar spámanna eru spámönnum undirgefnir?*”

Eftir sólsetur flutti hann sig inn í hellinn. Þar gekk hann fram og aftur mjóan ganginn og hélt áfram hinni örvæntingarfullu leit sinni að svari. “Faðir, af hverju lætur þú þessa undarlegu hluti koma fyrir mig? Þú veist að ég elska þig. Ég vil ekki vera haldinn af djöflinum. Ég vil ekki að þessir hlutir komi fyrir mig. Gerðu það Guð, ekki láta þetta gerast aftur. Ég vil ekki fara til helvítis. Hvaða gagn gerir það að ég prédiki af öllum krafti, ef ég hef rangt fyrir mér. Þá fer ég ekki bara sjálfur til helvítis, ég væri einnig að leiða mörg hundruð manns afvega.”

Klukkustund eftir klukkustund úthellti hann angst sinni fyrir Drottni. Hann bað með innlifun, grátbað og grét þar til augu hans voru þrútin og háls hans sár. Síðan sat hann í myrkrinu og hugleiddi almáttugan Guð og beindi hugsunum sínum handan tungls og stjarna, tíma og rúms og leitaði þess staðar sem hann gæti loks hitt Skapara sinn. Eftir nokkra stund stóð hann upp og gekk um gólf og lét rödd sína hrópa úr djúpi örvæntingar sinnar.

Einhvern tíma seint þetta kvöld, settist hann niður á klettinn sem hann notaði fyrir rúm. En svefn var fjarlægur huga hans. “Guð, leystu mig. Þú þekkir hjarta mitt. Þú veist að ég elska þig. Allir þessir prestar segja mér stöðugt að andinn sem hreyfist í kringum mig sé djöfullinn. Af hverju leyfir þú þessu að hrjá líf mitt? Hvers vegna losarðu mig ekki við þetta? Guð, ég verð hérna þar til ég dey, ef þú mætir mér ekki og leysir mig úr fangelsi mínu. Af hverju leysir þú mig ekki frá þessu svo að ég geti verið eins og aðrir prédikarar?”

Hann fann aftur fyrir þessum þrýstingi, eins og eitthvert óséð afl hefði komið inn í myrkvaðan hellinn. Hann fékk gæsaþing og hárið stóð á höfði hans. Kannski var Drottinn í þann mund að svara honum. Hann sat hljóður í niðamykrinu og beið eftir að heyra raust Guðs. Meðan hann beið kom ný hugsun upp í huga hans: “Hvað ef allir þessir prédikarar hefðu rangt fyrir sér?” Billy hafði aldrei áður velt þeim möguleika fyrir sér. Hvað ef það var samt sem áður þannig? Hvað ef Guð, ekki Satan, væri uppsprettan að þessum yfirnáttúrulegu fyrirbærum? En ef það var svo, hvernig stóð þá á því að fólk haldið illum öndum, svo sem spákonur, miðlar og stjörnuspámennt, gátu séð gjöfina í lífi hans og þessir kristnu prédikarar vissu ekkert um hana?

Um leið og þessi spurning hafði orðið til í huga hans, þá kom svarið til hans eins og flóðgátt hefði opnast. Þegar Jesús fæddist, sáu aðeins stjörnuskoðendur, sem voru stjörnuspámennt, stjörnuna í austri og fylgdu henni til Betlehem. Ekki einn helgur maður í Palestínu sá hana. Gat það hafa verið sama stjarnan og birtist yfir Ohioánni árið 1933, þegar hann var að skíra fólk eftir fyrstu vakningasamkomuna sína? Hann mundi þann dag svo greinilega, kristalstært vatnið, heiðbláan himininn, hnöttinn, sem hringsnérist fyrir ofan hann, röddin sem lýsti yfir: “*Eins og Jóhannes skírari var sendur til að boða fyrri komu Krists, eins ert þú sendur með boðskap til að boða seinni komu hans.*” Billy mundi hvernig hópur af kaupsýslumönnum hafði komið til hans seinna um daginn og spurt hann hvað þetta þýddi. Hann vissi það ekki þá, öll þessi ár hafði hann ekki vitað það. En núna, núna, í kyrrlátri nóttinni, eftir að hafa grátið úr sér augun. Núna eftir að hafa beðið þar til hann var sár í hálsinum. Núna,

eftir að hafa beðið Guð að taka þessar sýnir frá sér og láta þær aldrei koma aftur. Núna, í fyrsta skipti á ævinni, velti hann því fyrir sér hvort hann hefði ef til vill verið að biðja um rangan hlut!

Myndin, sem svo lengi hafði verið dimm og ógreinileg, var núna að verða merkilega skýr. Billy datt í hug að þegar Jesús gekk um á jörðinni, var mikið af trúræknum mönnum í Ísrael, faríseum, fræðimönnum, lögvitringum, prestum og rabbíum. Margir af þeim voru lærðir, vel upplýstir um ritningarnar. Það furðulega var að þegar Jesús hóf starf sitt, þá höfðu þessir menn honum flestir. Þeir kölluðu Jesús djöful, Beelsebub, höfðingja spámanna, besta miðilinn af öllum.<sup>14</sup> Enn furðulegri var sú staðreynd að fólk haldið illum öndum bar kennsl á Jesú og sagði: “Hann er sonur Guðs.”<sup>15</sup>

Billy titraði meðan ritningagreinar sameinuðust skilningi hans. Prédikararnir sögðu að Jesús væri djöfull, djöflarnir sögðu að hann væri hinn Heilagi í Ísrael. Gæti þetta mynstur einnig átt við lífi Billy? Jú, jú, það gæti það, vegna þess að þetta mynstur var ekki aðeins bundið við líf Krists. Þegar Páll og Sílas voru að prédika fagnaðarerindið í Litlu-Asíu, lýstu heilagir menn þá lygara og svikara. Samt sem áður, þá lýsti andahaldin spákona því yfir í Filippí, að þeir vísuðu veg til hjálpræðis.<sup>16</sup> Síðan mundi Billy eftir því hvernig Jesús og Páll höfðu skammað þessa djöfla og skipað þeim að þegja. Þeir þurftu ekki hjálp djöfulsins. Jesús og Páll vissu hverjir þeir voru.

“Ef til vill hef ég haft rangt fyrir mér allan tímann,” hugsaði Billy. Kannski hefði ég átt að taka við því, í staðinn fyrir að berjast gegn því. Hann bað upphátt: “Guð, ef ég hef haft rangt fyrir mér og hef hafnað einhverju frá þér, vegna þess að ég skildi það ekki, ef ég hef haft rangt fyrir mér, viltu þá fyrirgefa mér.”

Um leið og hann sagði þessi orð, sá Billy ljósglampa. Honum brá við þetta. Hvað var þetta? Var einhver að koma með vasaljós? Nei, þetta kom ekki að utan. Það var inni í hellinum, lítill ljóspunktur sem hékk í loftinu og titraði af lífi, stækkaði og stækkaði, þar til hann var orðinn hvítglóandi eldhnöttur, sem hringsnérist og kastaði ljóma sínum á veggina og gólfið. Billy sá glitta í beran fót og hvítan kyrtil. Síðan steig maður út úr þessu ljósi.

Þetta var slíkur maður, sem Billy hafði aldrei áður augum litið. Hann var stór, næstum því 2 metrar á hæð og vó ef til vill eitt hundrað kíló. Hann hafði þéttbyggða handleggi, sem hann krosslagði að framanverðu. Svart hár hans féll niður á axlir honum. Hann leit út fyrir að vera um það bil þrítugur. Skegglaust andlit hans bar dökkleitan, allt að því ólívugrænan blæ. Augu hans voru dökk og stingandi.

Maðurinn hélt áfram að ganga í áttina til Billy. Gulgræna ljósið minnkaði þar til það sveif upp fyrir ofan höfuð gestsins og hringsnérist enn og var lifandi. Billy langaði til að flýja, en hann gat sig hvergi hreyft. Þessi maður stóð í vegi fyrir mjóa ganginum sem lá í áttina út. Billy beið óttasleginn og beit sig svo fast í einn fingurinn að það byrjaði að blæða.

Þegar maðurinn var aðeins örfá metra frá honum, stansaði hann og leit á Billy með vingjarnlegu augnaráði. Billy átti alltaf eftir að muna eftir þessu andliti, þótt hann gæti aldrei lýst því fullkomlega, svo blíðlegt, svo fullt af friði og samt var eitthvað vald og kraftur sem bjó undir niðri, sem fyllti Billy lotningarfullum ótta.

Með lágri, djúpri röddu, sagði maðurinn: “Óttast þú ekki.”

Um leið og Billy heyrði þessa rödd, hvarf honum allur ótti. Þetta var hann! Það hlaut að vera. Þetta var sama röddin og hafði talað til hans úr eikinni þegar hann var drengur og sagt við hann: “Aldrei reykja, drekka, eða skaða líkama þinn á nokkurn

<sup>14</sup> Matt. 9:32-34, 10:25 og 12:22-28; Mark. 3:22-26, Lúk. 11:15-20

<sup>15</sup> Matt. 8:28-29; Mark. 1:22-24

<sup>16</sup> Post. 16:16-18

*hátt. Þú hefur verk að vinna, þegar þú eldist.*” Billy gæti aldrei gleymt þessari rödd. Hann hafði heyrt hana svo oft í gegnum árin. Þessi maður hlaut að vera sami engillinn og hafði talað við Billy í öllum þessum sýnum. Billy hafði aldrei getað séð hann almennilega fyrr en nú. Stundum hafði engillinn staðið bak við Billy og honum til hægri handar, úr sjónmáli. Í öðrum tilfellum, þegar engillinn sýndi sig í sýnum, hafði mynd hans alltaf verið óskýr, svo Billy hafði ekki getað greint útlínur hans. En núna sá Billy hann greinilega. Og þetta var engin sýn! Maðurinn birtist skynfærum Billy eins greinilega og blóðið sem vætlaði úr fingri Billy, þegar hann beit í fingur sinn í skelfingu sinni.

Engillinn hélt áfram: *“Ég er sendur frá nærveru Almáttugs Guðs, til að segja þér að hin einstaka fæðing þín og þitt misskilda líf hefur allt átt sér stað til þess að benda á, að þú átt að fara með gjöf Guðlegrar lækningar til þjóða heimsins. Ef þú ert einlægur þegar þú biður og getur fengið fólkið til að trúá þér, mun ekkert standa í vegi fyrir bænum þínum, ekki einu sinni krabbamein. Þú munt fara í marga heimshluta, biðja fyrir konungum og ráðamönnum og háttsettu fólki. Þú munt prédika fyrir fjölda fólks út um allan heim og þúsundir munu koma til þín til að fá ráðgjöf. Þú verður að segja þeim að hugsanir þeirra tala sterkar á hinnum en orð þeirra.”*

Billy heyrði skilaboð engilsins eins greinilega og ef hann væri að hlusta á yfirmann sinn gefa sér leiðbeiningar á skrifstofu hins opinbera, en hann gat ekki ímyndað sér hvernig hann gæti nokkurn tíma uppfyllt svo háfleyga tilskipun. “Herra, ég er fátækur maður og ég dvel meðal fátæks fólks. Hvernig get ég farið kringum hnöttinn? Og hvernig ætti ég að gera mig skiljanlegan? Ég er bara með barnaskólamenntun. Ef til vill ætti einhver með meiri menntun að tala til fólksins. Það mun ekki hlusta á mig.”

Svipur engilsins varð strangur. *“Eins og spámanninum Móse voru gefin tvö tákni til að sanna það að hann væri sendur af Guði, eins munu þér verða gefin tvö tákni.<sup>17</sup> Hið fyrra: Þegar þú tekur hægri hönd manneskju í vinstri hönd þína, þá munt þú geta greint alla sjúkdóma sem orsakast af sýklum, af bylgjunum í hendi þinni. Síðan verður þú að biðja fyrir manneskjunnni. Ef hönd þín verður aftur eðlileg, getur þú lýst manneskjuna heilbrigða. Ef ekki, biðdu henni þá bara blessunar og farðu burt. Reyndu ekki að hugsa þínar eigin hugsanir undir smurningu Guðs. Þér mun verða gefið hvað þú átt að segja.”*

“En hvað ef þeir trúá mér samt ekki?” spurði Billy.

*“Annað táknið er meira hinu fyrra. Ef þú verður auðmjúkur og einlægur, þá mun það verða, að þú getir sagt fólkinu, leyndarmál hjartna þeirra í gegnum sýn. Þá verður fólkið að trúá þér. Þetta mun innleiða fagnaðarerindi í krafti, sem mun leiða til seinni komu Krists.”*

Þessi orð hittu hann, eins og slegið væri á taug, sem var sjúk eftir margra mánaða, já ára, þjáningu, þunglyndi og efa. Örvænting hans blossaði upp, heit og sársaukafull í brjósti hans. “Herra, þetta er einmitt ástæðan fyrir því, að ég er að biðja herna í kvöld. Klerkarnir segja mér að þessar sýnir komi frá illum anda.”

“Skilur þú ekki,” sagði engillinn, “að þannig var það líka á tímum Drottins vors, Jesú Krists.”

Skilningur Billy á andlega heiminum var að breytast svo hratt, að hann átti erfitt með að halda jafnvægi sínu. “Nú, hvernig andi er það þá sem veldur þessum sýnum?”

*“Það er Heilagur Andi Guðs og héðan í frá munu þessar sýnir margfaldast í lífi þínu.”*

---

<sup>17</sup> 2 M 4:1-8

Að heyra þessi orð umbreytti skynjun Billy að eilífu. Hann hafði látið skoðanir annarra teyma sig hingað og þangað, allt of lengi. Nú skildi hann hversu persónuleg ganga manns með Jesú Kristi raunverulega er.

Handleggir engilsins voru enn krosslagðir og andlit hans sviplaust. Hann leiðbeindi Billy á King James ensku í hvert sinn sem hann vitnaði í Biblíuna og vissi að Billy myndi auðveldlega þekkja orðin, úr Heilagri Ritningu. Engillinn sagði: “Íhugaðu líf Jesú Krists. Þegar Nathaniel kom fyrst í nærveru hans, sagði Jesús: “Hér er sannur Ísraelíti, sem engin svik eru í! Nathaniel spyr: “Hvaðan þekkir þú mig?” Og Drottinn vor svaraði: “Ég sá þig undir fíkjutrénu, áður en Filippus kallaði á þig.”<sup>18</sup> Hvernig ‘sá’ Drottinn okkar Nathaniel? Hann sá hann í sýn. Mundu hvernig sonur Guðs lýsti yfir: “Ekkert getur sonurinn gert af sjálfum sér, nema það sem hann sér Föðurinn gera. Því hvað sem Faðirinn gjörir, það gjörir sonurinn einnig.”<sup>19</sup> Hefur þú einhvern tíma velt því fyrir þér hvað hann átti við? Þetta þýðir að Faðirinn sýndi Syninum sýnir af því, hvað hann átti að gera. Hann sýndi þetta, þegar hann gekk í gegnum stóran hóp af veiku og þurfandi fólki, við laugina við Betsáida, til að lækna einn ákveðinn mann.”

Sýnirnar sýndu Drottni Jesú fyrirfram hvað Hann átti að gera. Manstu hvernig Hann vissi að Pétur myndi finna pening í munnni fisks? <sup>20</sup> Og íhugaðu hvernig Drottinn vor Jesús, sagði við lærisveina sína þegar hann nálgadist Jerúsalem: “Farið í þorpið hér framundan ykkur og jafnskjótt munið þið finna ösnu bundna og fola hjá henni. Leysið þau og færið mér. Ef einhver hefur orð um, þá svarið: “Herrann þarf þeirra við og mun hann jafnskjótt senda þau.”<sup>21</sup> Varð ekki nákvæmlega svo sem Drottinn hafði lýst? Hann vissi að þetta myndi verða, vegna þess að Hann sá það fyrst í sýn frá Föðurnum.

Og það sem meira er, þeir tímar munu koma í þjónustu þinni að sýnirnar munu opinbera þér leyndarmál, falin í hjarta fólksins, sem hindra það að það læknist. Íhugaðu konuna við brunninn í Samariú. Jesús talaði við hana, þar til Hann tengdist anda hennar og sá í sýn, hvar vandamál hennar lá. Hann sagði: “Farðu, kallaðu á manninn þinn og komdu hingað. Þegar konan svaraði: “Ég á engan mann,” svaraði Jesús: “Rétt er það, að þú eigir engan mann, því að þú hefur átt fimm menn og sá sem þú átt nú, er ekki þinn maður. Þetta sagðir þú satt.” Þetta fékk konuna til að segja: “Herra, nú sé ég, að þú ert spámaður.”<sup>22</sup>

Eins mun verða í þinni þjónustu, ef þú ert einlægur.”

Hér stansaði engillinn og gaf Billy tækifæri til að endurtaka efasemdir sínar. “Herra, ég veit ekki hvernig þetta ætti allt eftir að gerast í lífi mínu. Ég er fátækur og ómenntaður og...”

Engillinn greip fram í fyrir honum. “Gleymdu því aldrei að Jesús Kristur er í gær og í dag, hinn sami og um aldir, eins og Ritningin hefur lýst yfir.<sup>23</sup> Það verður ekki þú, sem gerir neitt af þessu, það verður Drottinn Jesús Kristur. Mundu að Jesús lofaði lærisveinum sínum: “Sá sem trúir á mig, mun einnig gjöra þau verk, sem ég gjöri og hann mun gjöra meiri verk en þau, því ég fer til Föðurins....Innan skamms mun heimurinn ekki sjá mig framar. Þér munuð sjá mig, því ég lifi og þér munuð lifa. Á þeim degi munuð þér skilja, að ég er í Föður mínum og þér í mér og ég í yður.”<sup>24</sup>

<sup>18</sup> Jh 1:43-51

<sup>19</sup> Jh 5:19

<sup>20</sup> Mt 17:24-27

<sup>21</sup> Mt 21:1-7, Mk 11:1-7, Lk 19:28-35

<sup>22</sup> Jh 4: 6-19

<sup>23</sup> Heb 13:8

<sup>24</sup> Jh 14:12, 19-20

Hvað gat Billy sagt meira? Fyrir framan hann stóð sendiboði Guðs með undursamlega tilskipan, að hann, Billy Branham, ætti að fara með gjöf Guðlegrar lækningar til þjóða heimsins. Þetta virtist allt að því ómögulegt. Þetta var svo yfirþyrmandi og samt hrærðist hjarta hans við umhugsunina, um allar þær ritningagreinar sem engillinn hafði notað til útskýringar, ritningagreinar sem tókst að gera eitthvað vit úr hinu einstaka lífi Billy. Samt hikaði hann.

“Ég verð með þér,” sagði engillinn.

Það fékk Billy til að taka ákvörðun. “Ég skal fara.”

Englinum stökk ekki bros. Hann kinkaði bara einu sinni kolli og sagði, “*Hvenær sem þú upplifir sömu tilfinningu og núna í nærveru minni, þá munt þú vita að ég stend hjá þér.*”

Eldhnötturinn yfir höfði engilsins tók nú að stækka og það brakaði og brast í honum og eldneistar spruttu frá honum. Það var eins og engillinn hyrfi í móðu inn í þetta ljós. Síðan hvarf eldstólpinn upp um þakið.

Allt í einu varð niðamyrkur í hellinum og hljótt eins í kirkjugarði. Taugar Billy spenntust. Hann fann löngun til að efast um geðheilbrigði sína. Hann setti fingurinn upp í munninn og beit í hann, til að vera viss um að sig væri ekki að dreyma. Það þýddi að engillinn, sem hann hafði séð, var eins raunverulegur og blóðbragðið á fingurbroddi hans. Nei, hann myndi ekki efast um eitt einasta orð af því sem engillinn hafði sagt.

Billy kraup á gólfinu, spennti greipar og sagði: “Himneski Faðir, þakka þér fyrir að senda engil þinn til að útskýra hlutina fyrir mér. Það virðist ótrúlegt að þessir hlutir skuli eiga eftir að koma fyrir mig, að ég eigi að prédika fyrir fjölda manns út um allan heim og biðja fyrir konungum og ráðamönnum og svo framvegis. Ég er svo fátækur. Hvernig gæti ég nokkru sinni haft efni á að gera þetta? Ég veit að í eigin mætti, get ég það ekki en ég veit líka að þú megnar allt. Drottinn, ég skal fara. Og ég lofa þér, að ég mun vera á akrinum, svo framarlega sem þú sérð fyrir þörfum mínum, þannig að ég þurfi aldrei að betla peninga.”

Þennan miðvikudagsmorgun fór William Branham heim gjörbreyttur maður.

## 29. kafli.

### Merkið í hendi hans.

1946

Eftir að William Branham hafði sagt konu sinni frá tilskipan engilsins, hringdi hann undireins í fyrrverandi forstöðumann sinn. Dr. Roy Davis var nú orðinn biskup yfir öllum Baptistatrúboðskirkjum í þessum hluta Indíana. Þótt Billy og Roy Davis hefði greint á um hluti í fortíðinni, þá virti Billy dómgreind eldri mannsins og leit á hann sem umsjónarmann sinn. Og núna, meira en nokkru sinni áður á ævi sinni, þarfnadist Billy góðra ráðlegginga. Engillinn hafði málað fyrir hann ótrúlega mynd af alheimslegri þjónustu, en hafði ekki gefið honum neina ábendingu um það hvar hann ætti að hefjast handa eða í hvaða átt hann ætti að ferðast. Ef til vill óskaði Drottinn eftir því að hann byrjaði innan veggja Trúboðskirkju Babtista. Ef það væri svo, gæti Dr. Davis hjálpað honum að komast af stað.

Þar sem hann sat í vinnustofu biskupsins, lýsti Billy sinni fyrri angist og efasemdum og þunglyndi, vegna þeirrar tilhugsunar að djöfullinn hefði einhver áhrif í lífi hans. Hann sagði frá því, hvernig tré hafði virst ætla að falla á hann, daginn áður og hvernig hann hafði ákveðið að fara út í skóginn og koma aldrei til baka fyrr en Guð mætti honum og leysti hann frá angist sinni. Hann sagði Dr. Davis frá eldhnetinum, sem hringsnérist í hellinum og englinum sem kom í ljós. Hann lýsti andliti engilsins og tók svo að deila því, sem engillinn hafði sagt við hann, hvernig hann myndi biðja fyrir konungum og ráðamönnum og einnig hvernig fólk myndi koma til hans, alls staðar að úr heiminum til að fá ráðleggingar og hjálp.

Þegar hér var komið sögu greip Dr. Davis frammí fyrir honum og gaf snögglega dóm sinn: “Billy, hvað borðaðir þú það kvöld? Þú fékkst greinilega martröð.”

Billy fannst eins og hann hefði verið löðrungaður: “Dr. Davis, ég kann alls ekki að meta þetta viðhorf.”

Eldri maðurinn rétti upp hendina og veifaði athugasemdinni til hliðar: “Ó, farðu heim og gleymdu þessu, Billy. Þetta er bara enn ein af þessum blekkingum, sem þú sérð. Þú hefur allt of sterkt ímyndunarafl.”

“Dr. Davis, þú getur sagt mér að gleyma þessu, en Guð hefur fest eitthvað í hjarta mitt. Og ef þú vilt ekki fá mig, þá eru aðrir þarna úti, sem munu vilja mig. Ég er undir skyldukvöð frá Guði, að prédika fyrir allan heiminn.”

Þegar hann sá hve ákveðið þessi ungi maður tók sögu sinni um vitjun engilsins, reyndi Dr. Davis að rökræða við hann: “Billy, ætlaðu virkilega að segja mér, að þú munir fara um heiminn og vinna þúsundir fyrir Krist? Þú með þína barnaskólamenntun?”

“Það er það sem hann sagði mér og ég trúí því.”

“Hvernig ætlar þú að fara að því?”

“Ég veit það ekki. Ég hafði vonast til að þú gætir komið með einhverja gagnlega uppástungu.”

Dr. Davis kímði. “Uppástunga mín er sú, að þú farir heim og leggir þig. Kannski verður þú skynsamari, þegar þú vaknar. Heldur þú virkilega að þú getir mætt menntuðum heimi með slíka guðfræði um Guðlega lækningu?”

“Það er ekki mín Guðlega lækning,” mómaelti Billy. “Það er loforð Guðs. Það er Hann sem gaf mér tilskipunina.”

Þetta hafði ekki áhrif á Dr. Davis. “Heldur þú virkilega, að fólkíð muni trúa þér?”



“Það er ekki mitt vandamál, sagði Billy,” ókúgaður. “Ég verð að standa á orðinu.”

“Billy, ef þú prédikar þannig, þá munt þú prédika yfir stólpunum, sem halda uppi kirkjubyggingunni þinni.”

“Þá mun ég prédika orð Guðs yfir stólpunum, vegna þess að Guð er megnugur að vekja Abraham börn af stólpunum. Ef Guð er að senda mig, þá verður örugglega einhver þarna úti, sem mun trú á því.”

Billy yfirgaf hús Dr. Davis, ennþá ákveðinn í að fylgja boði engilsins þrátt fyrir afleiðingarnar eða erfiðleikana. Samt sem áður hafði háð biskupsins sáð ofurlitlum efa í hjarta hans, sem nagaði hann það sem eftir var vikunnar. Þetta leit, þrátt fyrir allt, út fyrir að vera bara fáránlegur draumur. Hvernig gat hinn lágt setti Billy Branham tekið gjöf Guðlegrar lækningar til þjóða heimsins? Ef litið var rökrænt á það, þá var það ólíklegt.

Föstudagssíðdegildið gekk Billy niður að nýlenduvörverslun Mason við Springstræti, til að ná í vikukaupið sitt upp á 28 dollara og kaupa pela og túttur, svo að hin sex mánaða gamla Rebekka gæti farið að drekka úr pela. Billy var nýkominn úr vinnunni og var ennþá íklæddur skógarvarðarbúningi sínum. Þegar hann nálgadist búðina, stansaði rúta frá Louisville á horninu til að hleypa út farþegum. Flest fólkið steig út af ákveðni og hraðaði sér í burtu, en einn maður gerði það ekki. Þessi maður setti ferðatöskuna sína niður á gangstéttina og skoðaði umhverfi sitt, eins og hann væri hissa á að vera þarna. Þegar hann kom auga á Billy, starði maðurinn á hann, með undirfurðulegum svip.

Billy fór inn í verslunina til að gera innkaupin og gleymdi öllu um manninn fyrir utan. Þegar hann kom aftur út, sá hann að maðurinn hafði tekið upp töskuna sína og gengið í áttina að verslun Mason. Maðurinn sá Billy aftur og stansaði. Hann starði aftur á Billy, með sama undirfurðulega svipnum. Eitt augnablik hélt Billy að maðurinn ætlaði að ræna hann. Síðan áttaði hann sig á því að það væri fáránlegt, vegna þess að það var bjartur dagur á fjölförnum vegi og Billy bar byssuna sína og beltið þannig að þau blöstu við.

Billy sneri við til að halda upp götuna. Allt í einu fann hann hendi á öxl sér. Hann sneri sér við og sá að þetta var dularfulli, ókunnugi maðurinn.

“Afsakaðu mig,” sagði hann. “Ert þú herforingi?”

“Ég er skógarvörður,” svaraði Billy. “Ég vinn fyrir Indíanafylki, í veiðideildinni.”

Maðurinn talaði hægt, eins og hann væri óviss um sjálfan sig. “Ég er að leita að...ah... vonast til að finna vissan einstakling. Ef til vill getur þú hjálpað mér. Ert þú kunnugur hér?”

“Ég hef búið hér mest alla ævi mína,” svaraði Billy. “Hver er það sem þú vonast til að finna?”

Nú kom undirfurðulegi svipurinn aftur á manninn. “Ég er ekki alveg viss. Þú heldur ef til vill að ég sé vitlaus, en leyfðu mér að segja þér sögu mína. Ég bý í Paducah í Kentuckyfylki, um það bil 150 kílómetra héðan. Í næstum því tvö ár hefur heilsu minni farið hrakandi. Snemma í þessari viku dreymdi mig draum. Ég sá stóran og bjartan engil koma frá himni og segja mér að fara til Jeffersonville í Indíana og biðja einhvern að nafni Branham að biðja fyrir mér. Þekkir þú einhvern hér að nafni Branham?”

Hjarta Billy sló svo hratt af spenningi, að það var eins og það ætlaði út úr brjósti hans. Hann sagði: “Móðir mín rekur gistihús rétt handan við hornið. Hún heitir Branham”

“Ó, heitir hún Branham. Er það einnig þitt nafn?”

“Bróðir,” sagði Billy og setti handlegg sinn um öxl hins ókunnuga. “Snemma í þessari viku stóð ég í helli, þegar grænt skínandi ljós birtist og engill sagði mér að fara og biðja fyrir sjúkum.”

Maðurinn brotnaði niður og fór að gráta. Billy tók af sér hattinn og þeir krupu saman á götuhorninu og báðu Guð að gefa mannum heilsu. Þegar Billy var búinn að biðja og opnaði augun, sá hann hvernig vegfarendur höfðu stansað og tekið ofan hattinn í virðingu og konur bönnuðu börnunum að hlaupa um. Bil fannst eins og nál Guðs hefði stungið hann ofurvarlega og fjarlæggt allan efa að eilífu. Nú var hann viss um að Guð væri að senda hann og ef Guð var að senda hann, myndi Guð sjá honum fyrir vegi til að fara.

**Þegar Billy** kom til kirkju næsta sunnudag, var það fyrsta sem hann heyrði, nýtt sönglag, sem söfnuðurinn var að syngja. Honum líkaði vel það sem hann heyrði. (Þetta átti eftir að verða þemasönglag hans.) Takturinn var einfaldur en fagur. Þegar Billy hlustaði á fólkið endurtaka kórinn með sínum mörgu útgáfum, fann hann nærveru engils Drottins nálgast, eins og engillinn væri líka hrifinn af þessum söng.

Trú aðeins trú  
Trú aðeins trú  
Allt er nú mögulegt,  
trú aðeins trú.

Jesús er hér.  
Jesús er hér.  
Allt er nú mögulegt,  
Jesús er hér.

Drottinn, ég trúi.  
Drottinn, ég trúi.  
Allt er nú mögulegt,  
Drottinn, ég trúi.

Þennan sunnudag horfðist Billy í augu við söfnuðinn sinn og deildi með söfnuðinum, án nokkurra efasemda, öllu sem engillinn hafði sagt við hann. Hann sagði: “Mörg þúsund manns munu koma hingað hvaðanæva að úr landinu. Þau munu bola ykkur út. Þið munið ekki finna sæti nema þið séuð einlæg gagnvart Guði og mætið snemma.”

Söfnuðurinn hans trúði honum, þar á meðal maður að nafni Charlie McDowell. Á mánudag, í vinnunni, brenndi hann augu sín þegar hann var að logsjóða. Læknir hans fullvissaði hann um að blindan væri aðeins tímabundin og myndi vara í 8–10 daga. Charlie hringdi samt í Billy og bað hann að koma og biðja fyrir sér. Næsta morgun sá Charlie nógu vel til að snúa aftur til vinnu sinnar.

Yfirmaður hans, herra Morgan, sem furðaði sig á því að sjá Charlie svo fljótt aftur í vinnu, spurði hann út í það. Charlie útskýrði að Jesús hefði svarað bænum forstöðumanns síns.

Herra Morgan sagði: “Ætli bænir forstöðumanns þíns myndu virka fyrir konuna mína? Hún er á Baptistaspítalanum að deyja úr krabbameini.”

Charlie svaraði: “Ég veit það ekki. Af hverju kemur þú ekki með hana með þér í kirkjuna á miðvikudaginn og kemst að því?”

Kona Morgans, Margie, sem hafði unnið sem hjúkrunarfræðingur í 21 ár, hafði verið að deyja úr krabbameini í marga mánuði. Hún hafði gengið í gegnum margar þjáningafullar geislameðferðir, en allt án árangurs. Læknarnir skáru hana upp og fundu krabbamein um allan líkama hennar, frá brjóstum og niður. Krabbameinið var svo illkynja að það hafði vafið sig utan um líffæri hennar eins og trjárætur um pípulögn. Þeir saumuðu hana aftur saman og gáfu einu skýrsluna, sem þeir gátu gefið: “Það væri alls engin von fyrir hana.”

Á kvöldsamkomunni á miðvikudeginum, lét herra Morgan bera konu sína inn á börum. Hún var vart með meðvitund. Billy leit á hina samanskroppnu konu með meðaumkvun. Hún muldraði eitthvað í óráði og engdist af verkjum. Billy tók hægri hönd hennar í sína, alveg eins og engillinn hafði sagt að hann ætti að gera. Únliður hans og framhandleggur tóku að titra. Hönd hans bólgnaði upp og varð eldrauð á litinn. Litlir hvítir blettir birtust í mynstri á handarbaki hans. Hann fann bylgjur fara um handlegg sinn, sem komu í gegnum öxlina og bárust alla leið til hjartans.

Billy leit á eiginmanninn og spurði: “Hvað er að þessari konu?”

“Hún er að deyja úr krabbameini,” sagði herra Morgan. “Getur þú hjálpað henni?”

Billy hugleiddi orð engilsins: “Ef þú ert einlægur, mun ekkert standa í vegi fyrir bænum þínum, ekki einu sinni krabbamein.” Hann leit í augu herra Morgan. “Herra, ég trúi því að Guð geti læknað hana. Spurningin er, trúir þú því?”

“Já,” var svar herra Morgan.

Billy lokaði augunum og bað um lækningu konunnar í nafni Jesú Krists. Allt í einu hætti titringurinn í vinstri hendi hans. Billy opnaði augun og varð undrandi á að sjá að vinstri hönd hans var nú eins eðlileg og hin hægri. Á þeirri stundu sá hann sýn af frú Morgan íklæddri búningi hjúkrunarkonu, að sinna sjúklingum á sjúkrahúsi. Billy stóð upp og lýsti yfir: “Herra, hafðu engar áhyggjur, því svo segir Drottinn. “Kona þín mun lifa.”

Læknir Margie Morgan, sem hafði fylgt henni til kirkju, mótmælti. “Afsakaðu, séra Branham, en þetta krabbamein étur svo upp líkama hennar, að við getum ekki einu sinni hreinsað hana út með stólpípu.”

“Mér er alveg sama hvaða vandmál hún á við að etja. Ég sá hana í sýn, að hjúkra sjúklingum á spítala á nýjan leik. Og maðurinn sagði við mig, að ég ætti að lýsa því yfir sem ég sæi, á þann hátt sem ég sæi það og svo myndi verða. Og ég trúi honum!”

Næsta dag var Margie Morgan með fullri meðvitund og réttu ráði. Á föstudeginum kom matarlystin aftur og eitthvað af kröftum hennar. Á laugardeginum, læknum hennar til mikillrar undrunar, gekk hún um gangana og þrabað um að fá að fara heim.

## 30. kafli.

### **Bandingjarnir leystir.** **1946**

**Fréttirnar um** lækningu Margie Morgan bárust eins og eldur í sinu, frá vini til nágranna og beygðust og bárust á dularfullan hátt, þar til þær fóru yfir Mississippi ána. Fljótlega eftir þetta, fékk William Branham bréf frá St. Louis, í Missouri. Séra Robert Dougherty vildi að Billy kæmi og bæði fyrir dóttur sinni, Betty, sem þjáðist af óþekktum sjúkdómi. Billy sá að hönd Drottins var í þessu og sagði söfnuðinum að hann myndi fara um leið og hann fengi næga peninga til fararinnar. Söfnuði hans fannst líka að þetta væri leitt af Guði. Þau söfnuðu undireins saman ellefu dollurum, sem nægði fyrir miða fram og til baka með lest. Billy fékk lánuð jakkaföt hjá einum bræðra sinna og tók næturlest til Missouri.

Þegar lestin renndi upp að brautarpallinum í St. Louis næsta morgun, beið Robert Dougherty á stöðinni. Hann var þreytulegur. “Bróðir Branham, hefur þú heyrt eitthvað frá Drottni?”

“Nei, bróðir Dougherty. Hvernig líður litlu stúlkunni þinni?”

Axlir hans sigu og það var sorgartónn í rödd hans. “Hún er mjög slæm. Komdu, ég fer með þig til hennar.” Á leiðinni heim til hans útskýrði hann. “Dóttir mín hefur þjáðst af þessu í þrjá mánuði. Læknarnir eru ráðþrota. Hún titrar stöðugt og þeir héldu að þeir vissu hvað þetta væri, en önnur einkenni komu ekki heim og saman við það. Ekkert hefur gagnað, sem læknarnir hafa reynt. Ég hef beðið og beðið fyrir henni. Fjölskylda mín hefur beðið og aðrir prédikarar hérna í borginni hafa fastað og beðið fyrir henni. En henni líður ennþá ekkert betur.”

Þegar þeir komu til heimilis þeirra, hitti Billy frú Dougherty. Hún leit illa út, augu hennar voru þrútin og munnvikin sigin. Viku eftir viku hafði móðirin setið við rúmstokk veikrar dóttur sinnar. Hvað litlu, krullinhærðu, Betty Dougherty varðaði, þá þjáðist hún óstjórnlega. Hún leit svo vesældarlega út. Neðri vör hennar var bólgin og rauð og það blæddi úr henni, þar sem hún hafði bitið í hana, þegar hún fékk kvalir. Veslings barnið hafði grátið og kveinað svo mikið, að hún hafði enga rödd lengur, samt reyndi hún að gráta.

Billy kraup við rúmið, tók hægri hönd stúlkunnar í vinstri hönd sína. Hann varð undrandi yfir því að engar bylgjur komu. Engillinn hafði sagt að hann myndi finna sjúkdóminn í vinstri hendi sinni og það var einmitt það, sem hafði gerst með Margie Morgan. Hvers vegna fann hann ekki fyrir þeim hér? Síðan mundi Billy að engillinn hafði sagt að hann myndi finna bylgjurnar í hendinni, ef djöfulleg vera, eins og baktería, ylli sjúkdómnum. Þetta þýddi að Betty Dougherty var ekki með þannig sjúkdóm. Hvað var það þá sem hrjáði hana?

Billy bað fyrir þjáðri stúlkunni, en engin skyndileg breyting átti sér stað. Billy vissi ekki hvað hann átti að taka til bragðs, svo hann stakk upp á því við séra Dougherty, að þeir færu til kirkju hans og héldu áfram bæn sinni til Guðs. Þar, í hinum hljóða helgidómi, erfiðuðu þessir tveir menn í bæn og grátbændu almáttugan Guð að miskunna sig yfir Betty Dougherty. Áður en þeir hættu, sagði Billy: “Himneski Faðir, ef þú læknar þessa litlu stúlku, þá lofa ég þér að ég muni halda inn í þá þjónustu, sem þú hefur kallað mig til. Og ég lofa þér aftur, að ég muni vera á akrinum meðan þú sérð fyrir þörfum mínum, vegna þess að ég vil aldrei þurfa að betla peninga af fólki.”

Þegar þeir komu aftur heim í húsið, var líðan Betty Dougherty óbreytt. Billy sat í sófanum í dagstofunni og bað í hljóði. Fólk kom og fór án afláts. Eftir nokkra klukkutíma fór Billy út til að teygja úr sér og hélt áfram að biðja, meðan hann gekk.

Afi Dougherty mætti honum á veröndinni þegar hann kom til baka og spurði hann “Hefur Drottinn sýnt þér eitthvað, bróðir Branham?”

Billy svaraði leiður: “Ekki enn.” Hann fór aftur inn og settist í sófann. Meðan hann horfði út um gluggann, breyttist herbergið. Hann sá rúm stúlkunnar, sá fólk umkringja rúmið, sá sjálfan sig gera eitthvað við barnið. Hvað var það? Fyrir en varði var sýninni lokið á augabragði og hann sat aftur í sófanum í stofunni. Þá gerði Billy sér grein fyrir því hvað hefði gerst. Afinn hafði komið inn í húsið og endað sýnina of snemma.

Afinn spurði: “Get ég náð í eitthvað handa þér, bróðir Branham?”

“Nei, takk.” Billy stóð upp og gekk að útidyrnum. Afsakaðu mig, en ég þarf að vera einn um stund.” Hann gekk út og sat í bíl Robert Dougherty og bað Guð að láta sýnina koma aftur. Fljótlega barst eyrum hans hið taktfasta, hvirflandi hljóð hvirfilbylsins. Hann leit upp og sá sama eldstólpann og hafði hvarflað um fyrir ofan engilinn í hellinum. Núna hringsnérist hann rétt fyrir ofan húddið á bílnum.

Sýnin kom hratt: Billy sá litla stúlku leika sér fyrir utan hús Dougherty fólksins, að renna sér á hurð. Sá hana hoppa upp og niður þar sem hurðin lá hæst. Sá hana renna og lenda illa. Síðan sá Billy hvar vandi hennar lá og hvað hann yrði að gera til að hjálpa henni.

Hann hratt bílhurðinni opinni, hraðaði sé upp innkeyrsluna og inn í húsið. “Bróðir Dougherty, treystir þú mér sem þjóni Guðs?”

“Já, bróðir Branham.”

“Ég hef svo segir Drottinn fyrir litlu stúlkuna þína. En þú verður að gera nákvæmlega það sem ég segi þér. Fyrst vil ég að allir nema fjölskyldan yfirgefi húsið.” Eftir að allir vinirnir voru farnir, sagði Billy við móðurina: “Systir Dougherty, fyrir tveimur dögum keyptir þú hvíta fötu og settir hana undir vaskinn í búrinu þínu. Þú hefur ekki enn sett vatn í hana.”

“Bróðir Branham, þetta er satt. Hvernig vissir þú þetta?”

“Farðu og náðu í hana, fylltu hana af vatni og komdu með hana hingað, ásamt hvítri tusku.”

Þegar hún kom aftur, kraup Billy við rúm barnsins og sagði: “Ég vil að afi krjúpi við aðra hlið mér og pabbi við hina. Þegar ég fer með Faðirvorið, vil ég að móðirin bleyti tuskuna, vindi hana, strjúki með henni yfir andlit barnsins, síðan hendur og að endingu yfir fæturna þegar ég lýk bæninni.” Billy hneygði höfuð sitt og byrjaði: “Faðir vor, þú sem ert á himnum, helgist þitt nafn, til komi þitt ríki, verði þinn vilji, svo á jörðu sem á himni...” Um leið og hann hafði lokið bæninni, sagði hann með valdi: “Svo segir Drottinn: Betty Dougherty mun fá lækningu. Hún datt af kjallarahurðinni og bein í baki hennar fór úr lið. Setjið beinið aftur á sinn stað og hún mun verða heil.”

Robert Dougherty sneri dóttur sinni á magann og þreifaði eftir hryggjarliðum hennar. Svo sannarlega, einn liðurinn stóð óeðlilega mikið út. Með öruggu handtaki ýtti hann á staðinn og liðurinn hrökk á sinn stað. Undireins hætti Betty að veina og bylta sér. Fljótlega sat hún brosandí uppi í rúmi sínu. Seinna þann dag gengu hún og Billy niður að sælgætisbúðinni og deildu með sér mjólkurhristingi með maltbragði.

**Nokkrum vikum seinna** sat Billy á veröndinni framan við hús sitt, seint einn eftirmiðdag, þegar Dougherty fjölskyldan keyrði heim að húsinu. Betty hoppaði fyrst út úr bílnum. Gullnir lokkar hennar hristust þegar hún hljóp upp að Billy og faðmaði hann að sér. Robert Dougherty settist niður á veröndinni og spurði Billy hvort hann

gætu hugsað sér að koma aftur til St. Louis til að halda vakningasamkomur í heila viku.

Billy þurfti ekki að hugsa sig lengi um hvort hann ætti að taka tilboðinu. Hann hugsaði um sýnina sem hann hafði séð í mars, þar sem hann stóð í vestrinu og var að deila út risastóru fjalli af lífsins brauði. St. Louis var vestur af Jeffersonville. Ef til vill yrðu þessar vakningasamkomur uppfylling þeirrar sýnar. En jafnvel þótt þær væru það það ekki, þá fannst Billy að hann yrði að halda loforð sín við Guð og fara út í hina nýju þjónustu sem sína einu atvinnu.

Næsta dag hætti hann í vinnu sinni hjá hinu opinbera og einnig í vinnu sinni sem skógarvörður. Í kirkjunni á sunnudeginum, sagði Billy söfnuðinum frá fyrirhuguðum vakningasamkomum í St. Louis. Hann útskýrði einnig loforð sitt við Guð, að ef Betty Dougherty fengi lækningu, myndi hann fara út á trúboðsakurinn og vera þar svo lengi sem Guð mætti fjárhagslegum þörfum hans, svo hann þyrfti aldrei að betla peninga af fólki. Síðan flutti Billy síðustu ræðuna, sem hann átti eftir að halda í Branhamtjaldbúðinni, í mörg ár.

Hann tók upp umræðuefnið um litla Davíð, sem sigraði Filistearisann og bardagamanninn, Golíat. Þetta virtist texti við hæfi, vegna þess, að alveg eins og hinn ungi Davíð, var Billy ekki í sanngjarni hlutfallsstöðu miðað við óvini sína. Hann átti ekki krónu í eigu sinni, prédikari úr litlu þorpi sem steig fram til að berjast við suma af mestu illvættum heimsins, veikindi, sársauka og andlega vanþekkingu. En hann hafði ekki áhyggjur af vöntun sinni á hæfileikum og auðlindum, vegna þess að hann vissi að Guð var með honum. Og fyrir Guði er allt mögulegt. (Eins og sagan um Davíð og Golíat sannar.)<sup>25</sup>

Margie Morgan fór með Billy og Medu til St. Louis ásamt nokkrum öðrum safnaðarmeðlimum úr kirkjunni hans. Robert Dougherty leigði tjald á stærð við sirkustjald og auglýsti vakningasamkomurnar víðsvegar um borgina.

Aðeins nokkrir tugir manna komu á fyrstu vakningasamkomuna. Billy sagði þeim frá því hvernig engillinn hefði mætt honum og gefið honum tilskipun frá Guði að fara með gjöf Guðlegrar lækningar til þjóða heimsins. Næst lét hann Margie Morgan koma upp á svið og gefa vitnisburð sinn. Og hvílíkur vitnisburður sem það var! Fyrir einum og hálfum mánuði hafði Margie bylt sér í rúminu, með óráði af verkjum. Dagar hennar virtust taldir. Krabbameinið hafði étið hana og öll von var úti. Núna var hún heilbrigðari og styrkari, en hún hafði nokkru sinni verið. Eftir þetta, kom Betty Dougherty fram. Hún leit einnig út fyrir að vera eins heilbrigð og hver önnur sjö ára stúlka. Með þessa tvo vitnisburði sem bakgrunn, prédikaði Billy stutta prédikun, þar sem hann hvatti fólkið til að hafa fullkomið traust á loforðum Guðs um að lækna. Síðan kallaði hann þá, sem veikir voru, að koma fram. Átján manns komu fram til að fá fyrirbæn.

Ein af fyrstu manneskjunum, sem Billy bað fyrir, var sjötug kona, sem var með sárabindi um höfuðið. Hún var einnig með æxli, á stærð við golfkúlu, hangandi niður úr nefinu. Þegar hann tók hægri hendi konunnar í vinstri hendi sína, varð hendi Billy rauð og tók að bólgnu. Hann fann bylgjurnar koma frá konunni, fara um hendi sína, upp handlegginn og allt til hjartans. Hann rannsakaði blettina, sem mynduðust á eldrauðu og bólgnu handarbaki sínu. Mynstrið var svipað og þegar hann snerti hönd Margie Morgan. “Það er krabbamein, er ekki svo?,” sagði hann.

Konan sagði að það væri svo. Eftir að Billy hafði beðið fyrir lækningu hennar í nafni Jesú Krists, hætti titringurinn í hendi hans undireins, bólgnan hjaðnaði og

---

<sup>25</sup> 1. Sam. 17.

handleggurinn varð aftur eðlilegur. Billy lýsti hana læknaða, jafnvel þótt æxlið væri enn sjánlegt á nefi hennar.

Næst færði Billy sig að gömlum manni sem haltraði áfram og studdist við staf. Maðurinn sagði Billy að hann hefði verið bæklaður í mörg ár. Þegar Billy tók í hönd mannsins, voru engar bylgjur. Þannig að Billy krafðist loforðs Guðs í Jakobsbréfinu 5:14-15. *“Sé einhver sjúkur yðar á meðal, þá kalli hann til sín öldunga safnaðarins og þeir skulu smyrja hann með olíu í nafni Drottins og biðjast fyrir yfir honum. Trúarbænin mun gera hinn sjúka heilan og Drottinn mun reisa hann á fætur. Þær syndir, sem hann kann að hafa drýgt, munu honum verða fyrirgefna.”* Billy snerti enni mannsins með dropa af ólífuolíu og bað Jesú Krist að lækna hann. Áður en Billy hafði lokið bæninni, henti maðurinn stafnum og gekk á brott eins og hann væri tuttugu árum yngri. Billy tók upp hinn yfirgefna staf og hengdi hann á krosstréð yfir pallinum.

Svona gekk þetta fyrir sig allt kvöldið, ein lækningin á fætur annarri. Þetta kvöld fengu tveir heyrnarlausir heyrnina og blindur maður fékk sjónina. Auðvitað var ekki sérhver lækning sýnileg, en allir sem komu fram til fyrirbæna staðhæfðu að eitthvað yfirmáttúrulegt gerðist eftir að Billy hafði beðið fyrir þeim. Mannfjöldinn fór heim til sín, ákaflega uppveðraður.

Fréttir af svona einstökum kraftaverkum fóru sem eldur í sinu um nágrennið og næsta kvöld var hvert einasta sæti í tjaldinu setið. Fleiri stólum var raðað upp næsta kvöld og samt voru margir sem þurftu að standa. Svona var þetta það sem eftir var vakningasamkomanna, tjaldið var ekki nógu stórt til að hýsa alla þá, sem vildu komast inn. Samt fóru þeir sem fyrir utan voru ekki heim. Þeir þrýstu sér upp að tjaldopinunni til að heyra Billy prédika, í þeirri von að geta seinna komið fram til fyrirbæna.

Og allar lækningarnar! Billy hafði aldrei séð svona margar lækningar og kraftaverk á einni og sömu vikunni. Fólk leystist frá gigt, berklum, sykursýki, hjartabilun, barnalömunarveiki, æxlum, krabbameini, taugaveiklun, magaveiki og svo framvegis og framvegis.

Það fólk, sem var með sjúkdóma, greindi Billy með tákningu í hendinni. Hann var að fá grunnskilning á því, hvað táknin í hendinni gat gert. Það virtist vera þannig, að líf sérhvers örverusjúkdóms titraði á vissri bylgjulengd. Vinstri hendi hans brást útvortis við þessum bylgjum. Hann hafði mestan áhuga á hvítu blettunum, sem birtust á handarbaki hans. Mynstrið virtist vera mismunandi fyrir hvern sjúkdóm. Með því að læra þýðingu hvers mynsturs fyrir sig, ætti hann að geta greint sérhvern sjúkdóm, sem orsakaðist af djöfullegri nærveru, hvort sem það var vírus eða baktería. Hann fékk svo sannarlega næga æfingu.

Á laugardagskvöldinu báru menn 93 ára gamlan mann, með sítt hvítt skegg, fram. Hann var með staurfót og glerauga, en bæn hans var að fá heyrn sína aftur. Hann var algjörlega heyrnarlaus. Eftir að hann hafði verið smurður með olíu og beðið yfir honum í nafni Jesú Krists, þá gat hann meira að segja heyrt þótt hvíslað væri. Á sunnudagskvöldinu var 65 ára gamall, þeldökkur prédikari, leiddur fram. Þessi maður hafði verið blindur í 20 ár. Billy lýsti með vasaljósi í augu þessa manns, án þess að hann svo mikið sem deplaði auga. Hann bað fyrir manninum, smurði hann með olíu og ákallaði nafn Drottins. Síðan hélt Billy hönd sinni fyrir framan andlit mannsins og spurði: “Getur þú séð hönd mína?”

Maðurinn titraði af spenningi: “Já, já, ég sé eitthvað. Það er dimmt og ógreinilegt.”

“Það er hönd mín,” sagði Billy. “Festu augu þín á henni og segðu mér þegar þú sérð hana ekki lengur.” Billy gekk aftur á bak yfir pallinn og hélt hendinni í sömu stöðu, í augnhæð. Þegar Billy var kominn út á brún pallsins, nokkra metra frá, leit maðurinn allt í einu upp og kallaði: “Dýrð sé Guði! Ég get talið ljósin! Og ég sé fjalirnar sem þau hanga á.”

Á mánudagsmorgninum komu nokkrir prédikarar í bænum til hótélherbergis Billy og spurðu hann hvort hann vildi halda áfram með samkomurnar aðra viku. Billy sagðist myndu biðja yfir því og láta þá svo vita. Þegar þeir voru farnir, krupu Billy og Meda niður til að leita leiðsagnar Drottins. Eftir að þau höfðu beðið nokkra stund og raddir beggja höfðu þagnað, fann Meda sig leidda til að lesa í Biblíunni. Hún opnaði hana tilviljanakennt og byrjaði að lesa í Jesaja, 42. kaflanum:

*“Sjá þjón minn, sem ég leiði mér við hönd, minn útvalda, sem ég hefi þóknun á. Ég legg anda minn yfir hann, hann mun boða þjóðunum rétt.....Ég Drottinn, hefi kallað þig til réttlætis og held í hönd þína. Ég mun varðveita þig og gjöra þig að sáttmála fyrir lýðinn og að ljósi fyrir þjóðirnar, til að opna hin blindu augun, til að leiða út úr varðhaldinu þá, er bundnir eru og úr dýflissunni þá, er í myrkri sitja.”*

Billy fann að þetta var svarið. Höfðu ekki bandingjar verið leystir í síðustu viku, jafnvel allt til þess að blind augu opnuðust? Hann hringdi í prédikarana í St.Louis og sagði þeim að hann myndi halda áfram með samkomurnar næstu viku.

Þetta kvöld prédikaði hann fyrir fullu tjaldi og bað fyrir sjúkum til klukkan eitt um nóttina. Bandingjarnir héldu áfram að leysast frá gallsteinum, sjónskekkju, kirtlavandamálum, of háum blóðþrýstingi, gigt og krabbameini. Ekkert virtist geta staðið í gegn trú fólksins á kraft Jesú Krists. Einn maður hafði verið með lamaðan handlegg í 29 ár. Eftir fyrirbæn gat hann sveiflað honum yfir höfuð sér. Fötluð kona, sem þurfti að bera inn, gekk út aftur af eigin rammleik. Maður sem var með beinberkla í hægri fótlegg, gekk og stappaði niður veika fætinum án þess að finna til nokkurs sársauka. Kona, sem hélt á ungbarni, sagði Billy að barnið hefði aldrei opnað augun. Billy bað í Jesú nafni og augu barnsins opnuðust.

Eitt kvöldið kom ellefu ára stúlka, Evangeline Getty að nafni, með yngri dreng til fyrirbænar, sem var heyrnarlaus. Þegar Billy heyrði sögu hennar, lét hann stúlkuna endurtaka hana í míkrofóninn. Evangeline sagði að foreldrar Bobby tryðu ekki á Guð, en hún tryði. Hún hafði séð hvað Guð gat gert, svo hún hafði komið með vin sinn Bobby á samkomuna til að fá lækningu. Billy smurði Bobby með olíu og bað fyrir honum í Jesú nafni. Heyrn Bobby endurnýjaðist.

Þetta var ekki eina heyrnarlaus barnið sem læknaðist. Um klukkan 00:30 eina nóttina, þegar Billy var um það bil að ljúka samkomunni, kom maður þjótandi inn í tjaldið og hrópaði: “Bróðir Branham, bíddu, ekki hætta alveg strax. Maðurinn leiddi fram tólf ára stúlku. Hann útskýrði: “Ég er prédikari frá norður Illinois. Vinir mínir hringdu í mig og sögðu mér hvernig Drottinn Jesús svaraði bænum þínum. Ég keyrði í allan dag til að þú gætir beðið fyrir dóttur minni. Hún hefur aldrei heyrt nokkurt hljóð á ævi sinni. Hún er fædd heyrnarlaus.”

Billy smurði stúlkuna með dropa af ólífuolíu, beindi augum sínum til himins og bað hljóðlega: “Elsku Guð, gerðu það, gefðu þessu barni heyrnina í nafni Jesú Krists.”

Stúlkun hrökk við, eins og henni hefði brugðið. Hún setti hendurnar fyrir eyrun og hljóp til föður síns. Hún heyrði!

Við upphaf hversrar samkomu, kom sumt af fólkinu, sem beðið hafði verið fyrir áður, fram og sagði frá lækningu sinni. Eins og gamla konan, sem var með krabbamein á nefinu. Sama kvöld og beðið var fyrir henni, datt æxlið af og skildi eftir sig holu þar sem æxlið hafði verið. Önnur, eldri kona, sýndi hve vel hún gat notað hendur sínar og útskýrði að þær hefðu verið ónothæfar og bæklaðar í tvö ár, eftir misheppnaða aðgerð. Maður, sem áður gat varla hreyft sig, vegna gigtar, sýndi hversu vel hann gat núna notað útlimi sína. Ung kona sagði frá því, hvernig hún hafði slasað vinstri fót sinn og brotið bein sem stóð út í húðina. Læknarnir gátu ekkert fyrir hana



gert. En fimmtán mínútum eftir að Billy hafði beðið fyrir henni, fann hún fót sinn kólna. Hún leit niður og varð undrandi á að sjá að bólgan hafði hjaðnað og beinið var komið á sinn stað.

Á síðasta kvöldi vakningasamkomanna var svo margt fólk samankomið við pallinn, til fyrirbæna, að Billy gat varla komist á milli þeirra. Með miklum erfiðismunum tókst honum að biðja fyrir öllum, sem vildu fá fyrirbæn. Þetta þýddi samt það, að samkoman stóð yfir til klukkan tvö um nóttina. Þegar hann var búinn um nóttina, var hann svo þreyttur að séra Dougherty varð að hjálpa honum út í bílinn. Til að auka við vinnuálagið, þá fór séra Dougherty með hann í heimsóknir á daginn, til að biðja fyrir þeim, sem voru of veikir til að koma á samkomu á kvöldin.

Loks lauk þessum fyrstu lækningasamkomum hans og Billy var spenntur yfir framtíðinni. Hann var á leið út í sína nýju þjónustu og Guð var að blessa hann. Á síðastliðnum 11 dögum hafði Billy snert og beðið fyrir meira en eitt þúsund manns. Bandingjarnir voru leystir úr böndum, en það hafði verið dýru verði keypt. Líkamlega var Billy úrvinda. Samt var hann ánægður, vegna þess að hann vissi að hann hafði gert sitt besta til að Kristur næði fram að ganga. Til allrar óhamingju hafði hann búið sér til mynstur fyrir samkomur sínar, sem átti eftir að gera næstum því út af við hann á tveimur árum.

## Útskýringar höfundar.

Fyrir þá sem hafa áhuga á nákvæmni þessa texta, eru þessar persónulegu athugasemdir gagnlegar.

Eins og í fyrstu bókinni: “Uppvöxtur í örbirgð”, eru flest samtölin byggð á upptökum af persónulegum vitnisburði William Branham sjálfs, eins og hann sagði sögurnar á meira en 1000 ræðum sem til eru upptökur af frá árunum 1947 til 1965. Undantekning frá þessu er upphaf 23. kafla, þar sem móðir hans, Ella, minnir hann á sýn úr barnæskunni, þar sem hann sá 16 menn hrapa til bana í Ohioána. Þessi samræða er mínar vangaveltur. Ég setti hana þarna til að sýna hve mikil áhrif uppfylling þessarar sýnar hlýtur að hafa haft á hann á þessum erfiða tíma í lífi hans. Grunnurinn er nákvæmur. Ella rak gistihús á þessum tíma og elsti sonur hennar kom oft í kvöldmat. Ella hafði skrifað niður þessa sýn og geymt blaðið. Clark Memorial brúin, sem liggur yfir Ohioána milli Jeffersonville og Louisville, var byggð það ár. Þótt margar brýr séu yfir ána, benti William Branham vini sínum, Peary Green, á þessa brú og sagði honum að þetta væri brúin sem hann sá í sýn sinni sem drengur.

Um það þegar honum var gefin tilskipun sín, þá minntist William Branham oft á það, þau níttján ár sem hann var í þjónustu, hvernig engillinn kom til hans í hellinum í maí 1946 og talaði við hann í hálfu klukkustund. Samtalið við engilinn, sem ég hef skráð í 28. kafla, er samantekt á öllu því sem William Branham sagði um þessa vitjun engilsins öll þau ár sem hann prédikaði. Þess vegna finnst þessi samræða ekki í neinni einni ræðu.

Annað sem varðar þessa nótt er þetta. Í fyrstu ræðum sínum segir William Branham venjulega, að hann hafi verið að biðja yfirgefnum kofa, þegar hann hitti engilinn. En hann sagði Peary Green persónulega að þetta hefði gerst í helli nálægt kofanum. Hann hafði áhyggjur af því, að ef hann segði frá hellinum, myndi fólk fara að leita að honum, þar til það finndi hann. Þar sem hann notaði hellinn sem skjól til bæna, þá vildi hann halda staðsetningu hans leyndri. Eitt sinn kunnngjörði hann opinberlega að engillinn hefði fyrst hitt hann í þessum helli: “Kvöld eitt í Myllu Green í Indíana, þar sem ég var staddur í helli, birtist engill Drottins og sagði mér: “Þú átt að biðja fyrir sjúkum.” Síðan sagði hann mér hvað myndi eiga sér stað. Hann sagði: “Hafðu engar áhyggjur, ég verð með þér.” Ég fór af stað og sagði fólki það sem hann sagði að myndi gerast. Og þannig hefur það verið, sannað út um allan heim.”(William Branham, “Eldstólpinn”, ræða frá 9. maí 1953 í Arkansas.)

Að lokum eru hér hugsanir mínar um táknið í hendi hans. Þótt táknið væri yfirmáttúruleg gjöf, þá var náttúruleg hlið á því. Þegar vinstri hönd hans snerti hægri hendi einhvers með sjúkdóm, þá orsakaði vírusinn eða bakterían líkamleg viðbrögð í hendinni. Snertingin orsakaði þetta ekki. Bylgjurnar voru þegar til staðar í hinni manneskjunni, orsakaðar af djöfullegu lífi sjúkdómsins. Með gjöf sinni gat William Branham fundið þessar bylgjur og séð hvernig þær breyttu hendi sinni. Hver sjúkdómur var öðrum frábrugðinn. Í ræðu sinni: “Börn í óbyggðum,” 23. nóvember 1947, sagði hann að hendi sín yrði blóðrauð og hvítir blettir spryttu fram í samræmi við sjúkdóminn.

Í eðlisfræðinámi mínu hef ég lært að öll frumefni stafa frá sér bylgjum á vissri bylgjulengd. Elektrónurnar hreyfast stöðugt kringum miðju atóma. Þar sem það er samsetning atóma sem gefur efninu form, þá er hreyfing og efni sem eitt. Þar af leiðandi stafa örverur frá sér bylgjum á vissum bylgjulengdum og eru háðar eðlislægum lögum alheimsins.

Það eru tvær hliðar á lífinu, líkamleg og andleg. Þetta ætti að vera öllum augljóst, sem rannsaka dauða vefs. Allir eiginleikar efnisins eru til staðar, en lífið er horfið. Lífið í sinni hreinustu birtingu er andlegt. Djöfullegt líf sjúkdóms hefur einnig líkamlega og andlega hlið. Þótt fyrsta táknið gerði líkamlegu hliðina sýnilega, þá gat aðeins hinn andlegi kraftur Jesú Krists endað líf djöfulsins.

Um það hve mikið William Branham þurfti að læra til að geta notað gjöfina, þá veit ég að hann þurfti að læra, vegna þess að þegar hann tók hendi Margie Morgan í sína og fann bylgjurnar í fyrsta skipti, þá vissi hann ekki hvað þær þýddu og varð að spyrja manninn hennar hvað að henni væri. Ég veit ekki hve langt þetta námstímabil var. Það getur hafa verið stutt. Jafnvel meðan hann var að læra voru aldrei nein mistök í greiningunni. Þegar árið 1947 spurði hann ekki. Hann sagði fólkinu sjúkdóma þess og hann hafði aldrei rangt fyrir sér.

Það var líka andleg hlið á gjöfinni sem er ofar mannlegum skilningi. Þegar engillinn sagði honum frá fyrsta tákningu, þá sagði hann: “Reyndu aldrei að hugsa þínar eigin hugsanir undir smurningunni, þér mun verða gefið hvað þú átt að segja.” Þetta er ekki hægt að útskýra, en afleiðingarnar er hægt að heyra á upptökum af bænastundum hans.

William Branham lagði alltaf áherslu á að gjöf sín gæti engan læknað. Samt sem áður gat það að hlusta á hann lýsa sjúkdómnum með fullkominni nákvæmni fengið trúna til að vaxa þangað til fólk kom að þeim punkti að geta meðtekið lækningu frá Jesú Kristi. Trú er andlegt lögmál. Kraftur trúarinnar er hverjum kristnum manni til reiðu sem vill nota sér hann. Ég ætla að skilja við ykkur með þessari hugsun: Ekki halda að líf William Branham sé bara saga. Hugsaðu um hvernig það getur höfðað til þín. Guð hefur opinberað þessari kynslóð mátt sinn á ný. Leyfðu trú þinni að vaxa upp að þeim punkti að þú getir meðtekið hvað sem þú þarfnast frá Guði, endurlausn, frelsun, lækningu, hvað sem er. Jesús sagði: “Biðjið og yður mun gefast...”